


# Máttugar meyjar : íslensk fornþókmenntasaga / Helga Kress.

Helga Kress.

Reykjavík : Háskóli Íslands, 1993.

<http://hdl.handle.net/2027/uc1.b4097671>

# HathiTrust



[www.hathitrust.org](http://www.hathitrust.org)

## Creative Commons Attribution

[http://www.hathitrust.org/access\\_use#cc-by-4.0](http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-4.0)

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>.

UC-NRLF



B 4 097 671

# MATTUGAR MEYJAR

*Íslensk fornbókmenntasaga*

Helga Kress



þyndverkinu Sandar, 1985, eftir Hólmfríði Árnadóttur





# MÁTTUGAR MEYJAR



**Helga Kress**

# **Máttugar meyjar**

**Íslensk fornþómenntasaga**



Háskóli Íslands · Háskólaútgáfan  
Reykjavík 1993

MAIN

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
hvorki að hluta eða í heild, nema með  
skriflegu leyfi höfundar.

Bókin er sett með 11p Adobe Garamond letri á 14p fæti,  
og prentuð á 90g Kymexcote pappír.

ISBN 9979-54-057-5

© 1993 Helga Kress

Háskóli Íslands · Háskólaútgáfan  
Kápa: Hólmfríður Árnadóttir  
Prentun: Steindórsprent – Gutenberg

Hávamál

Íslensk

Íslensk

Íslensk

Meyjar orðum  
skyli manngi trúá  
né því er kveður kona

*Hávamál*



# Efnisyfirlit

Formáli ..... 9

I. Kvennamenning og karlveldi ..... 11

*Drifkraftur textans - Munnleg hefð kvenna og ritmenning  
karla - Pöggud menning - Uppskafningur - Orð munnnáms  
og verk handanna - Mansöngur - Móðurmál - Langamma  
- Ungu skáldin - Skáldamjöðurinn*

II. Skáldskapur og seiður ..... 34

*Eigi skammlaust karlmönum - Völur - Lítilvölan -  
Völvur og Þór - Völvuofsóknirnar - Aldin rýgur við skaldi -  
Fögur var sú kveðandi - Þar sem síst var manna vegur - Hún  
hafði fóstrað Egil - Völuspá - Kvenrödd úr gröf - Hvar þær  
staði áttu - Völugáfa móður hans i breyttri mynd*

III. Eddukvæði ..... 61

*Varðveisla - Hávamál - Óðinn og Þór - Sérðu pennan mæki,  
mær? - Sögn eða þögn - Grátur - Margar raddir -  
Guðrúnarkviða forna - Niðurþöggun kvenraddarinnar - Valda  
megir Gjúka - Mörg ill sköp - Kostum drepur kvenna - Vant  
er stafs vífi - Grátur og hvöt - Skal enginn maður angurljóð  
kveða*

IV. Máttugar meyjar ..... 95

*Vinnusöngurinn - Vindum, vindum - Úr hársíma  
gránu - Vögguvísa tröllkonunnar - Buslubæn - Völsi - Karl-  
konur - Sem þú son myndir - Að vera peirra nauð-  
kvon - Illt er að eiga gamlan mann*

V.	Bardaginn við tröllskessurnar .....	119
	<i>Goðsögnin - Litið fremdarverk að drepa ykkur - Og fellur á hjóltin - Brúðurin týnda - Hin glaða mær - Tver á báru - Sú raust var svo fögur - En konungurinn steig til visku - Njóttu nú fallsins, karlmaður - Í konulíking</i>	
VI.	Uppreisn kvenna í sagnahefð .....	136
	<i>Karlabókmennir - Laxdela saga: Guðrún Ósvífursdóttir - Þótti sinn veg hvoru þeirra - Mikil verða hér voðaverkin - Stigur hún af brúðarbekknum - Svarfdæla saga: Yngvildur fagurkinn - Og voru skapsmunir hennar hinir sömu - Hárið - Helgu saga Bárðardóttur - Ofiast fjarri mönnum - Skáldkonan</i>	
VII.	Konur í karlahefð dróttkvæða .....	161
	<i>Hirðkvæði kvenna - Gróteska og grátur - Ekki væn kona - Örlög karla - Hrýtur harðsnúinn hjálmstofn af bol</i>	
VIII.	Uppsprettu skáldskapar og verndari skálda .....	175
	<i>Slúður - Pögn - Mæður - Í augum kvenna - Konungur eða kona - Kvennaskemman - Hulðar sagan</i>	
	Athugasemdir og tilvísanir .....	189
	Rit sem vitnað er til .....	209
	Myndaskrá .....	217
	Nafna- og atriðisorðaskrá .....	218

## Formáli

Bók þessi hefur orðið til úr ýmsu efni og mörgum röddum. Er þar fyrst að nefna bókmenntirnar sjálfar, sem hafa verið að skapast, sagðar og ritaðar, í mörg hundruð ár og skiptast í margar tegundir. Um leið eru þær ein lífræn textaheild, og innan þessarar heildar gerist sú saga sem í bókinni er sögð. Þessi saga er margþætt, en rauði þráðurinn í henni er niðurþöggun kvenna í vaxandi karlveldi. Þau átök milli karla og kvenna sem af þessu skapast er eitt meginviðfangsefni íslenskra fornbókmennta og hreyfiafl í sögu þeirra. Í rannsóknasögunni má sjá framhald þeirrar niðurþöggunar á konum sem þessar bókmenntir lýsa. Allt frá fyrstu íslensku bókmenntastofnuninni á 13. öld og til dagsins í dag má sjá tilhneigingu fræðimanna til að ýta konum og skáldskap þeirra undir yfirborð bókmenntasögunnar. Fyrirbrigðið er mjög athyglisvert og væri ástæða til að gera því mun betri skil en hér er gert. Við greiningu og túlkun textanna hef ég stuðst við ýmsar kenningar og fræðileg hugrök, einkum á sviði mannfræði, tákñfræði og sálgreiningar. Ég er ekki að leita að sögulegum veruleika, hvað hafi í rauninni gerst, hvar og hvenær, heldur að uppsprettum og merkingum í texta, að sögunni sem hann verður til úr og knýr hann áfram. Þessi saga segir mikið um menningu og samfélag, og hún er algild, er til í karlveldissamfélögum um allan heim, þótt birtingarform hennar geti verið mismunandi.

Mikið af því sem hér birtist er byggt á fyrirlestrum sem ég hef haldið á undanförnum árum, ýmist í kennslu eða á ráðstefnum, innan lands og utan. Drög að kaflanum um skáldskap og seið flutti ég sem fyrirlestur á fornsagnaþingi á Ítalíu haustið 1988, og birtust þau undir nafninu „The Apocalypse of a Culture: Völuspá and the Myth of the Sources/Sorceress in Old Icelandic Literature“, í *Poetry in the Scandinavian Middle Ages*, Spoleto 1990. Kaflarnir um Skírnismál, Svarfdæla sögu og bardagann við tröllskessurnar eru að hluta til jómfrúarfyrirlestur sem ég hélt við Háskóla Íslands í

tilefni af prófessorsstöðu í október 1991. Þann fyrirlestur endurtók ég á norsku í boði háskólans í Björgvin í maí 1992, og birtist hann sem grein undir nafninu „Ser du dette sverdet, möy?“: Om undertrykkelsen av det kvinnelige og oppkomsten av et patriarkat i norrön litteratur“, *Edda* 3/1992. Kaflinn um Laxdælu birtist fyrst á norsku í *Historisk tidskrift* 3/1980, en síðan sem „Mjök mun þér samstaft þykkja“: Um sagnahefð og kvenlega reynslu í Laxdælasögu“ í *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*, Reykjavík 1980. Birtist hann hér endurskoðaður og með viðbótum. Kaflinn um Helgu Bárðardóttur hefur áður birst í greininni „Fyrir dyrum fóstru: Textafræðingar og konan í textanum út frá vísu eftir Helgu Bárðardóttur í Bárðarsögu Snæfellsáss“, *Tímarit Háskóla Íslands* 1989. Þá hefur hluti ritsins birst á dönsku í *Nordisk kvinde-litteraturhistorie I*, København 1993.

Um útgáfur og heimildir vísa ég til heimildaskrár. Oft hef ég valið að vísa til útgáfna sem eru aðgengilegar, fremur en þeirra sem fræðilegri mega teljast. Til að íþyngja ekki textanum hef ég látið nægja að vísa til blaðsíðutals heimilda í sviga fyrir aftan hverja tilvitnun, þar sem ljóst má vera við hvaða rit er átt. Stafsetningu hef ég fært til nútímahorfs, svo og einnig orðmyndir á stöku stað, jafnvel þótt það raski stundum hrynjandi. Í þessu er ekki að öllu leyti samræmi, margar orðmyndir eddukvæða eru t.a.m. ekki til í nútímamáli og ómögulegt að færa þær til nútímastafsetningar.

Vinir mírir og samstarfsmenn, Ragnhildur Richter og Ástráður Eysteinsson lásu yfir handritið á vinnslustigi, gáfu mér ábendingar og hugmyndir, og þakka ég þeim kærlega fyrir. Hólmfríði Árnadóttur, myndlistarmanni, þakka ég fyrir vináttu og uppörvun meðan á ritun verksins stóð. Dóttur minni þakka ég fyrir skilning á þörfum skrifandi móður.

„Heitir og móðir, amma, þriðja edda“. Með mæður mínar í huga vann ég þetta rit og er það þeim tileinkað.

Reykjavík, október 1993

# I KVENNAMENNING OG KARLVELDI

## Drifkraftur textans

Í eddukvæðinu *Grottasöng* segir frá því að miklar og sterkar konur úr náttúrunni eru teknar herfangi og fluttar til samfélagsins undir stjórn karlveldis. Danski konungurinn Fróði sem sagður er allra konunga ríkastur á Norðurlöndum hefur þær til að draga kvörnina Grotta sem enginn annar er svo sterkur að geti dregið, og biður hann þær að mala gull. Kvæðið byrjar á því að skilgreina þær og stöðu þeirra:

Nú eru komnar  
til konungs húsa  
framvísar tvær  
Fenja og Menja,  
þær eru að Fróða  
Friðleifssonar  
máttkar meyjar  
að mani hafðar.<sup>1</sup>

Kvæðið er harmljóð máttugra meyja sem eru orðnar að ambáttum. En það er einnig vinnusöngur og særing. Auk þess að vera sterkar eru tröllkonurnar nefnilega vitrar, eða framvísar, eins og í kvæðinu segir, og með söng sínum mala þær ekki einungis gull handa konunginum, heldur einnig dauða hans og tortímingu ríkisins. Kvæðið er dæmigert fyrir fjölda hliðstæðra frásagna í íslenskum fornþókmenntum sem sýna að máttugar meyjar er ekki hægt að kúga til fulls. Þær rísa alltaf upp og baráttan við þær er endalaus.

## Máttugar meyjar

Þessi baráttu karlveldisins við sterkar konur er eitt meginviðfangsefni íslenskra fornþókmenna. Í rannsóknasögu þessara bókmenna hefur fyrirferðarmíklum konum þeirra gjarnan verið lýst sem sterku og frjálsum, þar sem blandað hefur verið saman hugtökunum sterkur og frjáls. Þær máttugu meyjar sem koma fyrir í íslenskum fornþókmenntum eru ekki frjálsar, en þær eru sterkar, og styrkur þeirra felst einmitt í því að þær neita að láta kúga sig. Það gera þær að mestu án árangurs, en andóf þeirra má sjá alls staðar í textanum, og er það jafnframt einn helsti drifkraftur hans.

## Munnleg hefð kvenna og ritmenning karla

Íslenskar fornþókmenntir ná yfir um 500 ára tímabil (900–1400), og þeim tilheyra margar ólíkar bókmenntategundir. Eddukvæði og fornaldarsögur má telja elstu bókmenntategundirnar. Þær eru tíma-lausr og einkennast af fantasíu þar sem allt getur gerst. Eddukvæðum er skipt í goðakvæði, með efni úr heimi goða, og hetjukvæði sem fjalla um miðevrópskan og löngu horfinn hetjuheim. Yngri og raunsærri í stíl eru Íslendingasögur sem fjalla um fyrstu kynslóðir Íslendinga og byggja á sögulegum atburðum. Þessar þrjár bókmenntategundir eru „ófeðraðar“, þ.e. verkin eru án höfundarnafns. Það eru aftur á móti ekki dróttkvæðin, sem eru formföst og stöðluð kvæði, oft til erlendra höfðingja, ort og flutt af ákveðnum og nafngreindum skáldum. Til viðbótar koma síðan konungasögur, oftast samdar af ákveðnum höfundum, biskupasögur og sögur Sturlungu, margar eftir nafngreinda höfunda, auk ýmissa lærðómsrita, svo sem kennslubóka í skrift og mælskufræði. Þýddar bókmenntir eru riddarasögur og heilagra manna sögur.

Varðveisla bókmenntanna er bæði flókin og umdeild. Þær byggja að meira eða minna leyti á munnlegri skáldskaparhefð sem þær hafa unnið úr og aðlagð sínum skilningi og túlkun. Þær eru að mestu leyti skrifaðar niður á 13. öld, en mikið af þeim hefur varðveist í miklu yngri handritum. Handrit eddukvæða, *Codex Regius*, eða Kon-

## *Kvennamenning og karlveldi*

*ungsbók*, er talið vera frá um 1270, og sagnahandritin miklu *Möðruvallabók*, *Flateyjarbók* og *Hauksbók* frá tímabilinu 1300–1390.

Íslenskar fornbókmenntir eiga sér rætur langt aftur í norræna menningu fyrir ritöld. Í þeim má því oft sjá minningar um horfna menningu, þó ekki sé nema í leiftrum eða brotum. Sem heild spanna þessar bókmenntir þær breytingar sem verða frá heiðni til kristni, frá munnlegri hefð skáldskapar til ritmenningar. Samtímis má sjá breytingu frá tiltölulega sterki kvennamenningu til svo að segja allsráðandi karlamenningar.

Margt bendir til að það hafi einkum verið konur sem í upphafi stunduðu munnlega frásagnarlist og stóðu fyrir munnlegri hefð skáldskaparins. Þetta má greinilega sjá í mörgum eddukvæðum, einkum hetjukvæðunum, sem fjalla mjög um kvenlega reynslu og hafa oft kvenlegt sjónarhorn. Skáldskapnum tengdist spádómslistin seiður og einnig læknislistin, sem hvort tveggja heyrði kvennamenningu til.


Með eingyðistrúnni, og síðan kristninni, klaustrunum, skriftinni og skólunum, – og ekki síst fyrstu íslensku bókmenntastofnuninni á 13. öld, með ritstörfum Snorra Sturlusonar (1179–1241),<sup>2</sup> var menning kvennanna þurrkuð út, undirokuð eða tekin upp í menningu karla. Eins og oft hefur verið bent á, misstu konur mörg af mikilvægum hlutverkum sínum við heiðnar helgiathafnir, og þær lærðu ekki heldur að skrifa.<sup>3</sup> Þetta hafði í för með sér að munnleg skáldskaparhefð kvennanna var borin ofurliði af ritmenningu karla.

## **Pögguð menning**

Pessa undirokun, eða þöggun, kvennamenningar má sjá á mörgum stöðum í íslenskum fornbókmenntum, í goðsögnum þeirra, frásagnarhætti, myndmáli og táknum. Til að varpa ljósi á þetta ferli má tengja það kenningum mannfraðingsins Edwins Ardener um átök menninga, þar sem önnur er ríkjandi og hin þögguð.<sup>4</sup> Þetta sýnir hann á myndrænan hátt með líkani af tveimur hringjum sem

## Máttugar meyjar

skarast. Annar hringurinn er lokaður og heill, og sýnir hann karlamenninguna sem er ríkjandi og opinber, en hinn hefur brotnar línum og sýnir þaggaða menningu kvenna.



Hringirnir sýna mörk menninganna, og utan þeirra er óbundið eða „villt“ svæði sem ekki er bundið í neitt kerfi eða menningu. Hluti af kvennamenningunni, sá sem er skyggður á myndinni, er utan ríkjandi karlamenningar og því á vissan hátt úti á villta svæðinu. Það sem í

honum felst verður ekki bundið í tungumál og kemur einungis fram í helgiathöfnum, goðsögnum, lábragði og list.

Grundvallarhugtökin í kenningum Ardeners um átök menninga eru *þaggaður* og *ríkjandi*, og þau fela í sér spurningar um bæði *tungumál* og *vald*. Hin ríkjandi menning hefur tungumálið á valdi sínu og stjórnar því hvernig hugsanir og hugmyndir fá tjáningarfórm í orðum. Þess vegna verður þaggaði hópurinn að tjá sig með þeim formum og eftir þeim brautum sem ríkjandi hópurinn hefur mótað og lagt.

Hugtakið *pöggun* felur ekki í sér að hinn þaggaði hópur þegi, heldur að það sé eingöngu ríkjandi talsháttur sem *heyrist*, eða öllu heldur *er hlustað á*. Þessa *pöggun* þaggaða hópsins er því hægt að skilgreina sem ákveðið *heyrmareysí* hjá ríkjandi hópnum, á sama hátt og líta má á *ósýnileika* þaggaða hópsins sem ákveðna *blindu* hjá ríkjandi hópnum. Ef þaggaði hópurinn vill gera sig skiljanlegan verður hann að gera það á því tungumáli sem ríkjandi hópurinn heyrir, í stað þess tungumáls sem hann hefði getað myndað og þróað sjálfstætt.<sup>5</sup>

Pöggunin felur því í sér ákveðna afbökun tjáningarfórmála. Þetta getur komið fram á ýmsan hátt, t.a.m í mælgji eða miklum endurtekningum, sem koma af þeirri reynslu þaggaða hópsins að á hann er ekki hlustað. En afbökunin getur einnig komið fram í andhverfu þessa, þ.e. fámælgji eða þögn.

## Uppskafningur


Á sama hátt og kvennamenning er þögguð menning innan ríkjandi karlamenningar má líta á bókmenntir eftir konur sem þaggaðar bókmenntir innan hinnar ríkjandi og opinberu bókmenntahefðar. Til þess að heyrast verða bókmenntir kvenna að nota sama skáldskaparmál og ríkjandi karlahefð, samtímis því sem þær leitast stöðugt við að finna form fyrir sína eigin reynslu og sjálfsvitund. Þannig verða þær að takast á við tvær menningar í einu, sína eigin þöggudu menningu og ríkjandi bókmenntahefð karla.

Bókmenntir kvenna eru því ekki annaðhvort innan eða utan karlahefðarinnar, þær eru innan tveggja hefða samtímis. Þær eru tvíradda, innihalda bæði ríkjandi – þ.e. leyfilega – sögu og þaggaða sögu, þ.e. þá sem ekki heyrist en er undir yfirborði textans. Táknmynd þessarar tvíröddunar má sjá í fyrirbrigðinu „palimpsest“ sem á íslensku hefur verið kallað *uppskafningur*.<sup>6</sup> Í textafræðinni er orðið *uppskafningur* notað um skinn eða pergament þar sem upphafleg skrift hefur verið skafin burt og annað efni skráð í staðinn.<sup>7</sup> Það voru einkum trúarleg rit – rit með villukenningar – og klúr rit sem urðu fyrir slíkri uppskafningu, en einnig aðrir textar sem þóttu að einhverju leyti ótímabærir eða ómerkilegir. Þetta hugtak á því mjög vel við um norrænar fornþókmenntir sem að mestu hafa varðveisist án höfundarnafns, oft í mörgum mismunandi gerðum og meira eða minna afbókuðum. Það vísar einnig beint og í bókstaflegri merkingu til þess ferlis er ein menning verður annarri yfirsterkari og þaggar hana niður með því að skafa út skrift hennar.

## Orð munnnáms og verk handa

Höfundar nafngreindra verka í íslenskum fornþókmenntum eru svo til eingöngu karlar. Ekkert sagnarit er eignað konu, og af þeim um það bil 250 kvæðum sem varðveisist hafa eftir nafngreinda höfunda er aðeins lítið brot eignað konum. Telja má að mun meira hafi

*Máttugar meyjar*



Skegg, bók og skjöldur. Snorri Sturluson, bókmenntastofnun 13. aldar holdi klædd. Í Íslendinga sögu segir að Snorri fékk „skjöld, sverð og brynjú“ í skáldalaun frá Hákonni jarli galna. Slikt samband karlmennsku, ritmenningar og hernaðar má víða sjá í íslenskum fornþókmenntum.

## Kvennamenning og karlveldi

tapast af kvæðum kvenna en karla.<sup>8</sup> Þær eru settar hjá í gömlum skáldatöllum eða nöfn þeirra rituð utan máls. Á einum stað afsakar skrifarinn að hann skuli telja konur með skáldum.<sup>9</sup> Mikið af ritstörfum miðalda hefur farið fram í klastrunum. Á þessu tímabili voru tvö nunnuklaustur á Íslandi, annað stofnað 1186 og hitt 1296, og þar hefur að öllum líkindum verið unnið að ritstörfum eins og í munkaklastrunum og nunnuklastrum erlendis.<sup>10</sup> En um starf nunnuklastranna á Íslandi eru fáar heimildir.

Í samtímbókmenntum er nokkrum sinnum getið um lærðar konur. Í *Íslendingabók* vísar Ari fróði til Puríðar Snorradóttur goða „er bæði var margspök og óljúgfróð“ (4). Snorri Sturluson tekur þetta upp í formála *Heimskringlu* þar sem hann hrósar Puríði fyrir að hafa munað föður sinn: „Ari nam og marga fræði að Puríði, dóttur Snorra goða. Hún var spök að viti. Hún mundi Snorra, föður sinn“ (I, 5). Af þessu má einnig sjá hvaða heimildir Snorri metur mest. Konan á að muna karlinn og færa fram sögu hans.

Um Þorlák biskup segir í *Þorláks sögu helga* að í bernsku hafi hann verið „löngum að bóknámi, en að riti oftlega, á bænum þess í millum, en nam, þá er eigi dvaldi annað, það er móðir hans kunni kenna honum, ættvísí og mannfræði“ (39). Í *Jóns sögu helga* eftir Gunnlaug Leifsson segir frá skólanum á biskupssetrinu Hólum snemma á 12. öld, þar sem sérstaklega er tekið fram að meðal nemenda hafi verið kona, Ingunn að nafni. Petta er merkileg frásögn og sýnir að það hefur heyrt til undantekninga að konur væru í skóla. Er Ingunn nefnd á eftir skólapiltum og einungis með fornafni:

Þar var og í fræðinæmi hreinferðug jungfrú, er Ingunn hét. Engum þessum var hún lægri í sögðum bóklistum. Kenndi hún mörgum *grammaticam* og fræddi hvern, er nema vildi. Urðu því margir vel menntir undir hennar hendi. Hún rétti mjög latínubækur, svo að hún létt lesa fyrir sér, en hún sjálf saumaði, tefldi eða vann aðrar hannyrdír með heilagra manna sögum, kynnandi mönnum guðs dýrð eigi að eins með orðum munnnáms, heldur og með verkum handanna. (43–44)

## Máttugar meyjar

Ingunn lærir hvorki að lesa né skrifa, en hún er svo góð í *sögðum bóklistum og orðum munnnáms*, þ.e. munnlegum lærdómi, að hún kennir öðrum. Þannig færir hún lærdóm sinn yfir til ríkjandi menningar karla og styður hana án þess að fá nokkuð í staðinn. Í frásögninni er hún ekki að læra, hún er að kenna. En kona að kenna körlum er endurtekið minni í íslenskum fornþókmenntum, og er því aldrei öfugt farið. Vinnukraftur Ingunnar er nýttur til fullnustu. Á meðan hún talar saumar hún út og vefur dýrðarverk guðs í myndir.<sup>11</sup> Þannig festir hún þau á sinn hátt í skrift, en slíkur mynd-vefnaður kvenna kemur oft fyrir í skáldskap, m.a. í hetjukvæðum og fornaldarsögum. Ingunn gerir tvennt í einu. Hún hugsar, talar og kennir körlum, um leið og hún vinnur að kvenlegri listsköpun með höndunum. Í lýsingunni á henni er að finna það tvísæi, eða skiptu sjálfsvitund, sem einkennir konur í ríkjandi karlamenningu. Þær eru bæði innan hennar og utan. Frásögnin af Ingunni er einnig gott dæmi um „uppskafning“. Hana er nefnilega aðeins að finna í eldri gerð sögunnar, í þeirri yngri hefur henni verið sleppt.<sup>12</sup>

## Mansöngur

Á öðrum stað í *Jóns sögu helga* má sjá ritskoðun hinnar kristnu bókmenntastofnunar á skáldskap, og þá einkum skáldskap kvenna:

Leikur sá var kær mönnum, áður en hinn heilagi Jón varð biskup, að kveða skyldi karlmaður til konu í dans blautleg kvæði og regileg og kona til karlmanns mansöngsvísur. Pennan leik lét hann af taka og bannaði styrklega. Mansöngskvæði vildi hann eigi heyra né kveða láta, en þó fékk hann því eigi af komið með öllu. (38)

Hér tengjast dans, söngur og alþýðlegur, gróteskur skáldskapur, en allt eru þetta erótískar og villtar hvatir sem ógna samféluginu, og þar sem konur eru jafnar körlum.<sup>13</sup> Kveðskapur karlanna er klúr, en

## *Kvennamenning og karlveldi*

kvennanna erótískur, og það er einmitt hann sem biskupinn er mest á móti. „Mansönginn“ bannar hann nefnilega tvisvar, fyrst sem hluta af leiknum, *mansöngsvísur*, og síðan aftur sem tegund, *mansöngskvæði*. Honum tekst það þó ekki með öllu. Kveðskapur kvenna verður ekki dreppinn niður.

Frásögnin er í báðum gerðum sögunnar, en með nokkuð mismunandi orðalagi. Í yngri gerðinni fer mun meir fyrir hneyksluninni á leiknum. Hann er kallaður „ófagurlegur“, og vísurnar „klækkilegar“, „hæðilegar“ og „óáheyryilegar“ (97), þar sem eldri gerðin og sú upphaflega segir tiltölulega hlutlægt frá og af þó nokkurri samúð með gleðskapnum.

Síðar í sama kafla *Jóns sögu helga* er enn sagt frá því að biskup vill láta banna skáldskap. Hann stendur skólasvein að verki við að lesa „versabók þá, er heitir *Ovidius de arte*“ (38), þ.e. ljóð latneska skáldsins Ovidiusar:

En í þeirri bók talar meistari Ovidius um kvenna ástir og kennir með hverjum hætti menn skulu þær gilja og nálgast þeirra vilja. Sem hinn sæli Jóhannes sá og undir stóð, hvað hann las, fyrirbauð hann honum að heyra þess háttar bók og sagði að mannsins breyskleg náttúra væri nógu framfús til munuðlifs og holdurlegrar ástar, þó að maður tendraði eigi sinn hug upp með sauruglegum og syndsamlegum diktum. (38)

Í yngri gerð sögunnar er atvikið tengt beint við mansöngs- umræðuna á undan og þessu bætt við um kvæði Ovidiusar: „Í þeirri bók býr mansöngur mikill“ (97). Af frásögninni sést að það sem fer fyrir brjóstið á biskupi eru konur og þær hvatir sem þær vekja í líkama karla. Með þeim geta konur náð valdi á körlum og grafið undan samfélagi þeirra. Það er því ekki kveðskapurinn sem biskupinn vill láta banna, heldur konan.

Orðið *man* merkir upprunalega kona og er skylt orðinu *minne* í þýska orðinu *minnesang*, en „minnesang“ er gömul kveðskapartegund sem varð til hjá konum og var upphaflega flutt af þeim.<sup>14</sup> Í

## Máttugar meyjar

Jóns sögu helga merkir orðið *mansöngur* augljóslega kvennasöngur. Petta er eina íslenska heimildin um slíkan mansöng sem kynni að hafa verið til sem kvenleg skáldskapartegund en er horfin. Leifar þessa má ef til vill sjá í *Snorra-Eddu* (frá um 1230) þar sem sagt er um ástargyðjuna Freyju að „henni líkaði vel mansöngur“ (45). En það kemur ekki fram hvort henni líkar að heyra hann eða kveða.

Í íslenskum heimildum merkir orðið *man* bæði kona og ambátt, og er söngur oft tengdur ófrjálsum konum. Í *Grottasöng* syngja ambáttirnar við kvörnina, „máttkar meyjar / að mani hafðar“.<sup>15</sup> Önnur ambáttin heitir „Menja“, sem er komið af orðinu „man“. Söngur ambáttanna við kvörnina í *Grottasöng* er í senn seiðandi og hættulegur. Í *Morkinskinnu* segir frá konu sem syngur við vinnu sína þegar Sigurður konungur Haraldsson ríður hjá:

Svo er sagt, að þá er Sigurður konungur reið af veislu í Vík austur með hirð sína og reið um bæ þann, er ríkur maður átti, er Símon hét; og er konungur reið um bæinn, þá heyrði hann í hús nokkuð kveðandi svo fagra, að honum fannst mikið til um. Hann reið til hússins og sá, að þar stóð kona ein við kvern og kvað við ágæta vel. Konungur sté af hestinum og bað menn sína bíða úti, en hann gekk inn einn til konunnar. (442)<sup>16</sup>

Söngurinn er ekki nefndur mansöngur, en gæti verið það. Hann er seiðandi og erótískur og sungin af verkakonu, eða „mani“. Jafnframt er hann tengdur nauðgun og niðurþöggun. Konungurinn hrífst af söngnum en stöðvar hann um leið. Hann nauðgar konunni sem í fyllingu tímans fæðir Hákon herðibreið, síðar konung í Noregi. Pannig er söngur konunnar gerður að miðlun í endurframleiðslu karlveldisins.

Orðið *mansöngur* kemur oftast fyrir í samsetningum eins og „mansöngskvæði“, „mansöngsvísur“, „mansöngsdrápa“. Slík orð eiga við kvæði sem hafa aðeins þætti af mansöng og sýna hann því sem hverfandi skáldskapartegund. Pannig hefur mansöngurinn

## *Kvennamenning og karlveldi*

varðveist í brotum, innlimaður í aðrar tegundir. Í Íslendingasögum kemur orðið mansöngur nokkrum sinnum fyrir og alltaf sem ástar-kvæði karls til konu. Slíkur mansöngur var bannaður með lögum, og varðaði útlegð ef upp komst.<sup>17</sup> Þetta kann að vera skýringin á því að mansöngur er ekki hafður eftir í sögunum, heldur aðeins nefndur. Á það t.a.m. við um *Kolbrúnarvísur* eftir Þormóð Kol-brúnarskáld í *Fóstbræðra sögu* sem eru kallaðar „mansöngsvísur“ (170) í sögunni, en eru ekki sýndar þar eins og flest önnur kvæði Þormóðar sem nefnd eru. Í *Egils sögu* yrkir Ölvir hnúfa „mörg man-söngskvæði“ (6) um Sólveigu hina fögru Atladóttur, og gerir sér svo mikið um hana að hann lætur af herförum. Í *Vatnsdæla sögu* yrkir Ingólfur Þorsteinsson „mansöngsvísur“ (99) um Valgerði Óttars-dóttur, en faðir hennar, táknmynd karlveldisins, unir illa við „kveð-skapinn Ingólfss“ (99) og stefnir honum. „Ingólfur þótti konunum vænstur“ (100) segir í beinu framhaldi af þessu, og er kveðin um það vísa sem gefin er upp í sögunni: „Allar vildu meyjar / með Ing-ólfí ganga, / þær er vaxnar voru; / vesöl kvaðst hún æ til lítil“ (100). Sama frásögn er einnig í *Hallfreðar sögu*, þar sem Ingólfur yrkir „mansöngsdrápu“ (143) um Valgerði, en þar er ekki vísan um Ing-ólf. Í einu handriti *Hallfreðar sögu* kemur ritskoðun skrifara vel fram, þar sem segir að Hallfreður hafi eftir nót með Kolfinnu kveðið „nokkrar vísur, þær er eigi er þörf á að rita, bæði með mansöng til Kolfinnu og ósæmdarorðum við Grís“ (183–184 nm). Nokkrar af vísum Hallfreðar til Kolfinnu sem varðveist hafa í sög-unni gætu flokkast undir það sem þar kallast mansöngur. Þær líkjast þó meir þeim blautlegu og regilegu kvæðum sem sagt er frá í *Jóns sögu helga*, með mjög líkamlegum ástarjátningum. Einnig má vera að ýmis ástarkvæði Íslendingasagna séu mansöngvar þótt þau séu ekki tengd orðinu sjálfu. Nokkur skáld hafa fengið viðurnefni af kvæðum sínum til kvenna (mana), eins og t.a.m. Þormóður Kolbrúnarskáld og Bjarni Gullbrárskáld.<sup>18</sup>

Orðið „mansöngur“ hefur síðan fengið hina almennu merkingu ástarljóð, skilið sem ljóð sem karl kveður um eða til konu. Í rínum er merkingin orðin enn almennari, en þar er orðið mansöngur haft

## *Máttugar meyjar*

um ljóðrænar vísur sem fluttar eru í bland við sögukvæðin um hetjudáðir karla. Þar er mansöngurinn kvenlegur þáttur í karlahefð.

## Móðurmál

Í *Laxdæla sögu* segir frá írsku konungsdótturinni og ambáttinni Melkorku sem hefur gert uppreisn gegn kúgun sinni með því einfaldlega að þegja, láta sem hún sé mállaus. Einn morgun í sólarupprás þegar húsþóndi hennar og barnsfaðir gengur út að sjá um bæ sinn heyrir hann mannamál:

hann gekk þangað til, sem lækur fíll fyrir túnbrekkunni; sá hann þar two menn og kenndi; var þar Ólafur, sonur hans, og móðir hans; fær hann þá skilið, að hún var eigi mállaus, því að hún talaði þá margt við sveininn. (27)

Þessi frásögn af þöglu móðurinni sem talar við son sinn og kennir honum móðurmál sitt hefur verið túlkuð sem táknumynd hulinna en mikilla áhrifa kvenna á ritmenningu karlanna. Vegna sterkrar stöðu kvenna í munnlegri og þjóðlegri frásagnarhefð sem þær miðluðu af til sona sinna sömdu þeir og rituðu bókmenntir sínar á móðurmálinu í stað latínu sem var það tungumál sem bókmenntastofnanir notuðu annars staðar í Evrópu.<sup>19</sup>

Til samræmis við þessa kenningu má einnig sjá að það er í munnlegum skáldskap og þeim bókmenntum sem sækja mest til hans að reynsla kvenna, raddir þeirra og sjónarhorn koma skýrast fram.

## Langamma

Í þessu samhengi er nafnið *Edda* á bók Snorra allrar athygli vert. „Bók þessi heitir edda; hana hefir saman setta Snorri Sturlu sonur“ segir í elsta handriti bókarinnar, *Uppsalabók*.<sup>20</sup> Önnur handrit hafa engan titil, eða hafa sleppt honum. Orðið „edda“ kemur fyrir í

## *Kvennamenning og karlveldi*

*Snorra-Eddu* í lista yfir heiti á konum, þar sem það merkir formóðir eða langamma: „Heitir og móðir, amma, þriðja edda“ (261). Í þeirri merkingu kemur það einnig fyrir í *Rígsþulu*, þar sem hin gráhærða Edda eignast soninn Þræl með guðinum Heimdalli og verður móðir fyrstu kynslóðar manna, og þar með formóðir mannkyns.

Fraðimenn eru einnig sammála um að orðið merki langamma, en eru hins vegar tregir til að viðurkenna það sem merkingu nafnsins. Edda sem orð og edda sem nafn er fyrir þeim ekki það sama. Um mögulega merkingu nafnsins hefur mjög mikið verið ritað, og ýmsar skýringartilraunir hafa komið fram.<sup>21</sup> Eru þessar helstar:

- 1) Að nafnið merki það sama og orðið, þ.e. langamma, og vísi annaðhvort til að konur hafi varðveitt gamlar arfsagnir eða til efnisins í bókinni sem sé frá tínum langömmu.
- 2) Að nafnið sé dregið af nafnorðinu *óður* og merki skáldskapur eða skáldskaparfræði (*óðfræði*). Nafnorðið *óður* er skyldt nafnorðinu *æði* og lýsingarorðinu *óður* og gæti því vísað til innblástursins og leiðslu skáldsins. Samkvæmt því er skáldskapurinn tegund *æðis*.<sup>22</sup>
- 3) Að nafnið sé leitt af bæjarnafninu *Oddi*, og hafi Snorri með því viljað minnast þess staðar þar sem hann ólst upp og fékk fyrstu menntun sína.
- 4) Að nafnið sé búið til með hliðsjón af latnesku sögninni edo, og merki þá ýmist að safna saman, gefa út, eða yrkja.<sup>23</sup>

Fyrstu skýringarnar tvær ganga út frá sjónarmiði munnlegrar hefðar, en tvær þær síðustu tengja nafnið við menntun og bókmenntastofnun (lærdómssetur, latína). Þannig má í rannsóknasögunni sjá talsverðan mótfróa gegn þeirri hugmynd að tengja við konur svo merkan skáldskap sem *Snorra-Eddu* og eddukvæði.

Í þeim einu heimildum sem til eru um orðið *edda* merkir það langamma, og því er nærtækast að líta á það sem merkinguna í nafni bókarinnar. Þessa merkingu er auðvelt að tengja orðunum *óður* (skáldskapur) og *æði* (innblástur). Í norrænni goðafræði tilheyra skáldskapur og *æði* sama sviði, en það má t.a.m. greinilega sjá í lýsingunum á *seið*. Þannig felur nafnið *edda* í sér þættina *æði*,

## Máttugar meyjar

innblástur, skáldskap, konu og gamalt. Það gefur til kynna að gamlar konur hafi verið kallaðar „eddur“, einmitt vegna þess að þær ortu og kváðu „óði“. Þær voru sem sagt ekki aðeins „varðveitendur“ skáldskapar, heldur virkar í sköpun hans. Það er athyglisvert að þeim er lýst sem „gómlum“. Þær eru táknumynd glataðrar eða hverfandi kvennamenningar, sem aðeins er til í löngu horfinni fortíð eða í minningum gamalla kvenna.

Orðið *edda* var fyrst tengt eddukvæðum á 17. öld hjá Brynjólfvi biskupi Sveinssyni. Árið 1643 eignaðist hann eina handritið sem varðveisist hafði með þessum skáldskap og gaf það Danakonungi. Hefur það síðan gengið undir nafninu *Codex Regius*, eða *Konungsbók*. Áður en Brynjólfur eignaðist handritið hélt hann eins og aðrir að þessi gömlu kvæði væru alveg glötuð, og í bréfi til vinar síns í Danmörku kvartar hann undan skilningsleysi yngri kynslóða og eyðileggingu þeirra á fornum menningararfí. „Hvar,“ segir hann, „er að finna þá miklu fjársjóði mannlegrar visku sem Sæmundur fróði safnaði, og þá fyrst og fremst þá Eddu, sem við eignum varla nema einn þúsundasta hluta af; allt hefði glatast ef Snorri Sturluson hefði ekki gert útdrátt sem er þó ekki hægt að líkja við annað en skugga.“<sup>24</sup> Þau gömlu kvæði sem hann hugsar sér að Sæmundur fróði (1056–1133) hafi upphaflega safnað tengir hann Snorra Sturlusyni og nafninu á bók hans. Í vitund Brynjólfss er því samband á milli þessara kvæða og sagnanna í Eddu. Þegar hann eignaðist handritið lét hann afrita það, og á fyrstu síðu afskriftarinnar setti hann fyrirsögnina: „Edda Sæmundi multisci“, Edda Sæmundar fróða. Þetta nafn festist síðan við kvæðin. Jón Helgason skýrir það með misskilningi biskupsins og „fabulering“.<sup>25</sup>

## Ungu skáldin

*Snorra-Edda* er kennslubók í skáldskap. Þar er Snorri að eigin sögn að kenna ungum skáldum hvernig „þeir“ megi heyja sér orðaforða úr gömlu efni, sögnum og kvæðum, til að nota í dróttkvæði sín:

## *Kvennamenning og karlveldi*

En þetta er nú að segja ungum skáldum, þeim er girnast að nema mál skáldskapar og heyja sér orðfjölda með fornum heitum eða girnast þeir að kunna skilja það, er hulið er kveðið, þá skilji hann þessa bók til fróðleiks og skemmtunar. En ekki er að gleyma eða ósanna svo þessar frásagnir, að taka úr skáldskapnum fornar kenningar, þær er höfuðskáldin hafa sér líka látið. (118)

Hann sýnir síðan dæmi um það „hvernig höfuðskáldin hafa látið sér sóma að yrkja eftir þessum heitum og kenningum“ (119). Seinna vitnar hann í erindi úr *Ragnarsdrápu* eftir Braga gamla, sem auk þess að vera fyrsta nafngreinda skáldið í norrænni bókmenntasögu, heitir sama nafni og sjálfur skáldskaparguðinn í norrænni goðafræði. Um skáldskaparguðinn Braga segir á öðrum stað í *Eddu*:

Bragi heitir einn, hann er ágætur að speki og mest að mál-snilld og orðfimi; hann kann mest af skáldskap, og af honum er bragur kallaður skáldskapur, og af hans nafni er sá kallaður bragur karla eða bragur kvinna, er orðsnilld hefir framar en aðrir, kona eða karlmaður. (46)

Hér gerir Snorri ráð fyrir að konur geti verið skáld, en þess sér að öðru leyti lítil merki í bók hans. Af öllum þeim mörgu skáldum sem hann vitnar til er aðeins eitt þeirra kona.<sup>26</sup> Skáldið Bragi er ekki einungis sá fyrsti sem yrkir dróttkvæði, hann er einnig sá fyrsti til að nota efni úr eddukvæðum í skáldskap sinn. Kvæðið, sem Snorri vitnar í á mörgum stöðum, er lofkvæði um konunginn Ragnar loð-brók, þar sem skáldið þakkar honum fyrir skjöld. Myndir kvæðisins sækir Bragi til eddukvæða, en ekki milliliðalaust, þar sem þær hafa fyrst verið málaðar á skjöldinn sem hann lýsir.

Skjaldarmyndin tengir dróttkvæðin vopnum og stríði, einhliða karlamenningu. Hún sýnir hvernig skáldskapurinn er orðinn að starfi. Skáldið flytur lofkvæði og fær gjöf í staðinn. Oftast fá hirð-

## Máttugar meyjar

skáldin launin fyrir kvæði sín í vopnum eða öðrum herbúnaði eins og herklæðum eða skipum. En þau fá einnig að dveljast langdvölum við hirðina, stundum sem ævisagnaritarar konungs.

Orðið *skáld* notar Snorri aðeins um nafngreind dróttkvæðaskáld. Hliðstætt orð um skáld eddukvæða hefur hann ekki. Á einum stað teflir hann saman fyrsta skáldinu og tröllkonu inni, fulltrúa nafnlausrar hefðar. Eitt sinn seint um kvöld ekur Bragi hinn gamli um skóg. „Pá stefjaði tröllkona á hann“ (230) og sprýr hver þar sé á ferð. Sjálf kynnir hún sig sem „tröll“ með ýmsum kenningum um fyrirbrigðið sem hún segir að tröllin noti um sig, og hreykin lýkur hún vísu sinni með spurningunni: „hvað er tröll, nema það?“ (231). Bragi svarar með hliðstæðum setningum og kynnir sig, en ekki sem tegundina mann, heldur sem „skáld“. Þá sjálfsmýnd hefur hann fengið frá öðrum skáldum, í kenningum þeirra sem hann telur upp, og vísunni lýkur hann með því að spryrja: „hvað er skáld, nema það?“ (231). Þar með hefur hann kveðið hana í kútinn. Hann er skáldið, hún er tröll.

Þessi fundur tröllkonunnar og fyrsta skáldsins á sér stað utan samfélagsins, úti í skógi, sem skáldið ekur um í myrkri. Annars vegar má hér sjá tröll/konu/nafnleysi og hins vegar skáld/karl/nafn. Skáldskapur skógarins heyrir konum til. En karlinn hefur síðasta orðið. Slík senna í kvæðum milli tröllkonu og aðkomandi karls á ferðalagi er mjög algengt minni í fornaldarsögum, og þar er konan oftast dreppin.

Í *Eddu* vitnar Snorri í mörg eddukvæði, en flest endurségr hann í prósa og breytir í línuréttar frásagnir. Nokkrar sagnanna eru ekki til annars staðar. Kunna þær að vera byggðar á eddukvæðum sem hafa glatast eftir að búið var að endursegrja þau í *Eddu*. Það má víðar sjá að munnlegum og nafnlausum skáldskap er breytt í prósa um leið og hann verður að viðurkenndum bókmenntum. Pannig mynda eddukvæðin ekki aðeins grundvöll dróttkvæða, heldur einnig margra fornaldarsagna.<sup>27</sup> Petta kann að vera ein skýringin á því hvers vegna eddukvæðin hafa aðeins varðveisit í einu og auk þess skölluðu handriti. Petta sýnir einnig hvernig karlamenningin notfærir sér

*Kvennamenning og karlveldi*



Skáldskaparguðinn Bragi, „frumsmiður bragar og hinn síðskeggja ás“, við skrifborð sitt. Hann bæði skrifar og reiknar - setur veröldina í tölur og kerfi. Af hans nafni „er sá kallaður skeggbragi, er mikið skegg hefur“, segir í Snorra-Eddu

## *Máttugar meyjar*

kvennamenninguna, vinnur úr henni og ýtir henni um leið undir yfirborðið.

### Skáldamjöðurinn

Í norrænni goðafræði er Óðinn táknumynd þessa ferlis. Hann leggur undir sig hvert kvennasviðið á fætur öðru – og hverja konuna á fætur annarri. Meðal annars leggur hann undir sig sjálfa jörðina og eignast með henni soninn og bandamanninn Þór: „Jörðin var dóttir hans og kona hans; af henni gerði hann hinn fyrsta soninn, en það er Ása-Þór; honum fylgdi afl og sterkleikur; þar af sigrar hann öll kvíkvendi“ (23). Í rauninni fjallar öll norræna goðafræðin fyrst og fremst um það hvernig goðin leggja undir sig náttúruna, hið ótamda og villta, og stofna samfélag. Í heimsmynd hennar er jörðin kringlótt. Ströndin markar jörðina frá djúpum sjónum sem liggur bæði utan um hana og utan við. Með ströndinni gefa æsir lönd til byggðar jötnum. Innar á jörðinni gera þeir borgina Miðgarð og innan Miðgarðs, og í miðjum heimi, byggja þeir Ásgarð.<sup>28</sup>

Pessi tvö hringmynduðu virki (í laginu eins og líkan Ardeners!) verja æsi gegn jötnum og villtri náttúrunni fyrir utan. Þeir verða samt að sækja út fyrir þau eftir þekkingu, visku og auði sem í náttúrunni er að finna, og þessu ná þeir með ofbeldi eða svikum. Pessir þættir utan samfélagsins sem þeir ráða ekki yfir en þarfnað og vilja sigra eru mjög oft kvenkenndir. Um leið tengjast þeir á einn eða annan hátt jörðinni. Sigur karlsins á náttúrunni, viskunni og konunni er einnig viðfangsefni í mörgum eddukvæða, þar sem viskan felst oft í tungumálinu og valdi þess.

Í sögninni um skáldamjöðinn í *Snorra-Eddu* nær Óðinn skáldskapnum frá konu. Sagan er flókin og atriði hennar mörg. Upprunalega verður mjöðurinn til hjá dvergum. Þeir drepa manninn Kvasi sem goðin höfðu skapað úr hráka og „er svo vitur, að enginn sprýr hann þeirra hluta, er eigi kann hann úrlausn“ (113). Þeir láta blóð hans renna í kerin Són og Boðn og ketilinn Óðreri.

## *Kvennamenning og karlveldi*

Síðan blanda þeir hunangi við blóðið „og varð þar af mjöður sá, er hver, er af drekkur, verður skáld eða fræðamaður“ (113–114). Jötunninn Suttungur eignast mjöðinn í bætur fyrir foreldra sína sem dvergarnir drápu, fer með hann í Hnitbjörg og setur dóttur sína Gunnlöðu til að gæta hans. Þetta fréttir Óðinn og vill ná miðinum. Hann bregður fyrir sig ýmsum klækjum og kemst að Hnitbjögum þar sem Gunnlöð situr inni yfir miðinum. Nefnir hann sig Bölverk og semur við jötuninn Bauga, bróður Suttungs, um að hann útvegi einn drykk af miðinum. Er það verkkaup fyrir sumarvinnu, en Óðinn hafði með kænskubragði stráfellt þræla Bauga sem eftir það sárvantar vinnumann og ræður Óðin. Pegar til kemur synjar Suttungur bróður sínum hvers dropa af miðinum:

Þá mælti Bölverkur til Bauga, að þeir skyldu freista véla nokkurra, ef þeir megi ná miðinum, en Baugi lætur það vel vera. Þá dregur Bölverkur fram nafar þann, er Rati heitir, og mælti, að Baugi skal bora bjargið, ef nafarinn bítur. Hann gerir svo. Þá segir Baugi, að gegnum er borað bjargið, en Bölverkur blæs í nafarsraufina, og hrjóta spænirnir upp í móti honum. Þá fann hann, að Baugi vildi svíkja hann, og bað bora gegnum bjargið. Baugi boraði enn; en er Bölverkur blés annað sinn, þá fuku inn spænirnir. Þá brást Bölverkur í ormslíki, og skreið í nafarsraufina, en Baugi stakk eftir honum nafrinum og missti hans. Fór Bölverkur þar til, sem Gunnlöð var, og lá hjá henni III nætur, og þá lofaði hún honum að drekka af miðinum III drykki. Í hinum fyrsta drykk drakk hann allt úr Óðreri, en í öðrum úr Boðn, í hinum þriðja úr Són, og hafði hann þá allan mjöðinn. Þá brást hann í arnarham og flaug sem ákafast; en er Suttungur sá flug arnarins, tók hann sér arnarham og flaug eftir honum. En er æsir sá, hvar Óðinn flaug, þá settu þeir út í garðinn ker sín, en er Óðinn kom inn of Ásgarð, þá spýtti hann upp miðinum í kerin, en honum var þá svo nær komið, að Suttungur myndi ná honum, að hann sendi aftur suman

## *Máttugar meyjar*

mjöðinn og var þess ekki gætt; hafði það hver er vildi, og köllum vér það skáldfífla hlut. En Suttunga-mjöð gaf Óðinn ásunum og þeim mönnum, er yrkja kunnu; því köllum vér skáldskapinn feng Óðins og fund og drykk hans og gjöf og drykk ásanna. (116–117)

Dvergarnir búa til mjöðinn. Dvergar eru merkilegt fyrirbrigði í norrænni goðafræði. Fyrir utan að vera litlir og utan samfélagsins eru þeir einungis af karlkyni. Sem litlir og geldir karlar eru þeir fastir í hinu karllega sem ekki getur endurnýjað sig nema með hjálp kvenna, og sýna um leið ótta karlanna við að vera ekki nógu stórir og karlmannlegir. Þannig verður Þór að losa sig við dverg til að geta mannað sig upp við bálferð Baldurs, meðan kona Baldurs, Nanna, springur af harmi og deyr. Fyrst vígir Þór bálið með hamrinum Mjölni, karlmennskutákninu: „en fyrir fótum honum rann dvergur nokkur; sá er Litur nefndur; en Þór sprynti fæti sínum á hann og hratt honum í eldinn, og brann hann“ (91).

Dvergarnir eru listasmiðirnir í goðheimi. Þeir eru í nánum tengslum við jörðina, búa í steinum og skapa dýrmæta hluti, en búa einnig yfir eftirsóttri visku. Þannig mynda þeir andstæðu við tröllkonurnar sem búa í háum björgum og ógna körlum með því að vera svo miklu stærri og sterkari en þeir.

Í sögninni um skáldamjöðinn gætir jötunmærin Gunnlöð mjáðarins úti í náttúrunni, innilokuð í bjargi. Táknrænt séð er hún við jaðar menningarinnar og afhendir mjöðinn samfélaginu og bókmenntastofnunni sem eru í móton. Nafarinn „Rati“ sem Bölv verkur og aðstoðarmaður hans nota til að bora með í gegnum bjargið er augljóst reðurtákn (fallískt tákn). Færð hafa verið rök fyrir því að orðið „rati“ sé skylt sögninni „að rita“. Samkvæmt því er það að skrifa fallískur verknaður, sem í þessari sögu er sýndur sem afmeyjun og nauðgun. Í samræmi við þessa táknmynd breytir Óðinn sér í orm og skríður inn um raufina. Þegar hann hefur komist yfir Gunnlöðu svíkur hann hana og drekkur allan mjöðinn. Hún situr eftir í bjarginu, meðan hann flýgur burt sem ránfugl og

## *Kvennamenning og karlveldi*



*Baugi borar i Hnitbjörg með nafrinum Rata, meðan Bólverkur bíður þess, íbygginn á svip og hálfur út af myndinni, að boruð sé raufin. Þá bregður hann sér í ormslíki og skriður inn til Gunnlaðar. Efst á myndinni má lesa þessa skyringu: „Hér borar Baugi, bróðir Suttungs, Hvitbjörg með nafrinum Rata eftir beiðni Bólverks, er Óðinn var reyndar. Svo sem segir í sextugustu og fyrstu dæmisögu Eddu.“ Aðilar málsins eru merktir með nafni á myndinni.*

## *Máttugar meyjar*

inn í Ásgarð, hið stofnaða samfélög. Hin gróteska mynd af „skáldfíflahlutnum“, sem spýtist úr afturenda Óðins og lendir utan veggjars er táknumynd þess skáldskapar sem bókmenntastofnunin viðurkennir ekki. Munnlegur skáldskapur, alþýðuskáldskapur, skáldskapur kvenna. Pann skáldskap getur hver sem er hirt.

Umbreytingar sem þessar eru dæmigerðar fyrir Óðin og forsenda fyrir valdi hans og sigrum. Pennan hæfileika hafa einnig fleiri af ásum, eins og Loki og Þór, en engin ásynjanna.

„Drykkurinn“ er hér athyglisvert minni eins og í íslenskum fornbókmenntum yfirleitt. Konur brugga hann og bera körlum sem drekka. Drykkurinn er uppsprettalífs, sköpunar og skáldskapar, en einnig vímu. Pannig getur hann verið hættulegur þar sem hann deyfir og þurkar út mörkin milli samfélagsins og hins villta. Þegar karlar drekka tala þeir af sér, og þeir vara sig hvorki á konum né öðrum varasönum fyrirbrigðum. Í íslenskum fornbókmenntum má sjá að drykkurinn er mikilvægt valdatæki í höndum kvenna sem þær nota óspart í baráttu sinni við karla.

Sögnina sem Snorri byggir á er einnig að finna í *Hávamálum*. Í þeim hluta kvæðisins segir Óðinn frá sigrum sínum, oft með athyglisverðri tvíröddun. Í erindunum um Gunnlöðu og mjöðinn talar ljóðmælandi líkt og tveimur röddum. Annars vegar talar hinn sigri hrósandi Óðinn: „Vel keypts hlutar / hefi eg vel notið“ (107), og hins vegar óskilgreind mótrödd sem brýst fram í lokaerindinu:

„Baugeið Óðinn  
hygg eg, að unnið hafi;  
hvað skal hans tryggðum trúá?  
Suttung svikinn  
hann lét sumbli frá  
og grætti Gunnlöðu.“ (110. er.)

Petta er nokkuð annað sjónarhorn en hjá Snorra, sem fylgir Óðni á flóttu hans meðan bjargið lokast um Gunnlöðu.<sup>30</sup> Í kvæðinu eru tekin fyrir sjálf orðin, tungumál ríkjandi menningar. Eftir að

### *Kvennamenning og karlveldi*

Gunnlöð hefur verið yfirgefin, svíkin og rænd er ekkert annað fyrir hana að gera en gráta. Hún notar líkamsmál gegn svikulum orðum karlsins. Grátur er kvenlegt tjáningarform, sem í hetjukvæðunum hefur þróast í sérstaka skáldskapartegund. Hér sem þar eru það karlar sem græta.

# III SKÁLDSKAPUR OG SEIÐUR

## Eigi skammlaust karlmönnum

Í *Ynglinga sögu* segir Snorri frá upphafi seiðs sem hann rekur til gyðjunnar Freyju: „Hún kenndi fyrst með Ásum seið“ (13). Stuttu síðar segir frá því að Óðinn sé meistari seiðsins:

Óðinn kunni þá íþrótt, svo að mestur máttur fylgdi, og framdi sjálfur, er seiður heitir, en af því mátti hann vita örlög manna og óorðna hluti, svo og að gera mönnum bana eða óhamingju eða vanheilindi, svo og að taka frá mönnum vit eða afl og gefa öðrum. En þessi fjölkynngi, er framin er, fylgir svo mikil ergi, að eigi þótti karlmönnum skammlaust við að fara, og var gyðjunum kennd sú íþrótt. (19)

Hér hefur Óðinn lagt undir sig seiðinn, og samkvæmt Snorra er það hann sem breiðir seiðinn út, kennir hann öðrum. Merking orðsins *seiður* er óljós og umdeild, og ekki er heldur vitað hvernig seiður var framinn.<sup>1</sup> Þar sem seiður kemur fyrir í íslenskum fornþókmenntum tengist hann mjög tungumáli og skáldskap, og einnig söng. Það er því sennilegast að orðið *seiður* merki einhvers konar kveðandi eða söng. Á öðrum stað ræðir Snorri um skáldskap sem hann rekur líka til Óðins:

hann talaði svo snjallt og slétt, að öllum, er á heyrðu, þótti það eina satt. Mælti hann allt hendingum, svo sem nú er það kveðið, er skáldskapur heitir. Hann og hofgoðar hans heita ljóðasmiðir, því að sú íþrótt hófst af þeim í Norðurlöndum. (17)

## *Skáldskapur og seiður*

Gyðjunum er kenndur seiðurinn, hofgoðunum skáldskapurinn. Þannig er seiðurinn alls staðar tengdur kvenleika eða ergi, þ.e. kynhverfu karla. Hann er hluti af kvennamenningu og kvennastarf. Ef karlar fremja seið eru þeir annaðhvort taldir argir, eða þeir eru í einhverju sambandi við seiðkonur, eru synir þeirra, eiginmenn eða bræður.<sup>2</sup>

## Völvur

Í heimildum eru konur sem fremja seið ýmist kallaðar „völvur“, „seiðkonur“, „spákonur“, „fjölkunnugar konur“ eða „víständakonur“. Þessar mörgu og oft ónákvæmu nafngiftir gætu bent til að heimildir kunni ekki lengur skil á muninum á þeim, hafi hann einhver verið. Í rannsóknasögunni hefur því verið slegið föstu að orðið „völv“ sé komið af „völur“, þ.e. „stafur“ og merki *sú sem ber staf*.<sup>3</sup> Þannig á völvan að hafa fengið nafn sitt af þeim seiðstaf sem hún er með í nokkrum sagnanna. Nærtækara er að álita að orðið sé leitt af sama stofni og latneska sögnin „volvere“, velta, snúa, og vísi til leiðslunnar sem völvan fellur í, hæfileika hennar til að sjá yfir í annan heim.<sup>4</sup>

Í sögunum af þessum konum má greina mjög ákveðið frásagnarmynstur: Völvan er sótt á bæ. Táknrænt séð, og frá íslensku sjónarhorni, kemur hún frá villtri náttúrunni, ótömdum svæðum, oftast Grænlandi, Finnmörku eða Suðureyjum. Hún er gömul. Karlar krefja hana um vitneskju sem þeir fá. Hún fær gjafir, þ.e. borgun, fyrir spána. Að vera völv er launað starf. Hún situr hátt, og það er lögð áhersla á sýn hennar eða vitrun. Hún syngur eða kveður spá sína. Nokkrir trúa henni, aðrir ekki, og þeir reyna að þagga niður í henni. Eru þeir alltaf ungir karlmenn, oftast tveir saman, fóstbræður. Oft er kristninni teft fram sem móttöðu. Völvan leggur áherslu á orð sín, sem rætast.

Pessi goðsögn kemur fyrir í mismunandi afbrigðum sem í má greina ákveðið ferli. Fyrst eru völvurnar virtar, síðan hæddar, þá

## *Máttugar meyjar*

ógnað, og að lokum er þeim misþyrmt, þær særðar, eða jafnvel drepnar. Þeim er þá drekkt eða þær eru grýttar.

### Lítilvölv

Frægasta dæmið um seið er frásögnin af Þorbjörgu lítilvölvu í *Eiriks sögu rauða*. Gerist hún á Grænlandi. Það er hallæri í landinu, og Porkell, sem er mestur bóndi í byggðinni, býður spákonunni Þorbjörgu heim, því að hann vill vita hvenær muni léttu þeirri óáran sem yfir stendur. Á þeim er ung stúlka, Guðríður, og faðir hennar, Þorbjörn, bæði nýkomin frá Íslandi. Um Þorbjörgu er það sagt að „hún var spákona og var kölluð lítil-völva“ (206). Hafði hún átt „níu systur, og voru allar spákonur, en hún ein var þá á lífi“ (206). Þessi kona ferðast um á veturna og spáir fyrir fólk sem vill vita um forlög sín eða árferð. Þegar Þorbjörg kemur á þær Porkells er henni vel fagnað „sem siður var til, þá er við þess háttar konum skyldi taka“ (206), og henni búið „hásæti“ (206). Síðan er lýst nákvæmlega undarlegum búningi hennar og matnum sem hún fær, af nærskynjun sem bendir til kvenlegs sjónarhorns og áherslina.<sup>5</sup>

Völvan er „fámálug um allt“ (207) og neitar að segja nokkuð fyrr en morguninn eftir þegar hún hefur sofið þar um nóttina:

En um morguninn, að áliðnum degi, var henni veittur sá umbúnингur, sem hún þurfti að hafa til að fremja seiðinn. Hún bað og fá sér konur þær, er kynni fræði það, sem til seiðsins þarf og Varðlokur hétu. En þær konur fundust eigi. Þá var leitað að um bæinn, ef nokkur kynni. Þá segir Guðríður: „Hvorki em eg fjölkunnug né vísindakona, en þó kenndi Halldís, fóstra mína, mér á Íslandi það kvæði, er hún kallaði Varðlokur.“ Porkell segir: „Þá ertu happfróð.“ Hún segir: „Þetta er það eitt atferli, er eg ætla í engum atbeina að vera, því að eg em kristin kona.“ (207)

## *Skáldskapur og seiður*

Það er sagt að „Porkell herðir nú að Guðríði, en hún kveðst gera mundu sem hann vildi“ (207):

Slógu þá konur hring um hjallinn, en Þorbjörg sat á uppi.  
Kvað Guðríður þá kvæðið svo fagurt og vel, að engi þóttist  
heyrt hafa með fugri rödd kvæði kveðið, sá er þar var hjá.  
Spákonan þakkar henni kvæðið og kvað margar þær náttúrur  
nú til hafa sótt og þykja fagurt að heyra, er kvæðið var svo vel  
flutt, – „er áður vildu við oss skiljast og enga hlýðni oss veita.  
En mér eru nú margir þeir hlutir auðsýnir, er áður var eg  
dulin, og margir aðrir.“ (208)

Völvun spáir vel fyrir Porkeli og byggðinni. Hallærinu mun léttu  
og sóttarfarið batna. „En þér, Guðríður“, segir hún, „skal eg launa  
í hönd liðsinni það, er oss hefir af þér staðið, því að þín forlög eru  
mér nú allglöggsæ“ (208). Forlög Guðríðar eru þau að hún mun fá  
besta gjaforðið á Grænlandi, en fara síðan til Íslands og verða þar  
formóðir mikillar og góðrar ættar. Eftir þetta ganga menn að  
„vísindakonunni“ (208) og spyrja um það sem þeim er mest forvitni  
á að vita. Hún „var og góð af frásögnum“ (208) og gengur það eftir  
sem hún segir. Eftir þetta er komið eftir Þorbjörgu af öðrum bæ. Er  
þá sent eftir Þorbirni, föður Guðríðar, sem hafði verið fjarverandi,  
„því að hann vildi eigi heima vera, meðan slík hindurvitni var  
framið“ (209).

Í þessari frásögn er tekið vel á móti völvunni, en hún er sú eina á  
lífi af níu systrum sem allar voru spákonur, auk þess sem hún er  
kölluð lítilvölva. Menning völvunnar er að hverfa. Hún er fámálug,  
og fyrst neitar hún að tala, hún er þegar niðurþögguð. Til þess að  
fremja seiðinn þarf hún konur sem kunna að syngja eða kveða  
ákveðið kvæði, en þær konur er ekki lengur að finna. Hér kemur  
sambandið milli seiðs, söngs og skáldskapar mjög skyrt fram, og  
aftur að þetta er menning á förum. Kristnninni er teft fram sem  
andstæðu. Guðríður neitar að syngja, af því að hún er kristin og  
hvorki „fjölkunnug“, eins og hún segir sjálf, eða það sem hún kallar

## Máttugar meyjar

„vísindakona“. Konan sem kenndi henni kvæðið og sönginn er gamla fóstran hennar á Íslandi, sem bendir til að seiðurinn hafi, séð frá íslensku sjónarhorni, flust með Guðríði frá hinni opinberu menningu út til markasvæðanna. Nafnið á kvæðinu er óskiljanlegt, og þeim mun síður hefur innihald þess varðveist, enda kvæðið ekki gefið upp í sögunni. Í Íslendingasögum eru fleiri frásagnir sem benda til þess að kvæði kvenna séu ekki lengur skiljanleg þegar sögurnar eru skrifaðar, að galdrar, seiður og skáldskapur séu eitthvað gamalt og óskiljanlegt. Í *Fóstbraðra sögu* segir frá kerlingunni Grímu, konu Gamla, einnig á Grænlandi. Búa þau mjög afskekkt, „komu sjaldan til annarra manna, og sjaldan komu menn til þeirra“ (242). Þessi kona felur hetjuna Þormóð í húsum sínum með miklum reyk:

Par fylgdi og myrkur mikið, svo að ekki mátti sjá. Gríma sat á þreskeldi og spann garn og kvað nokkuð fyrir sér, það er aðrir skildu ekki. (246)

Gríma gerir meira en spinna og kveða. Hún er „svarkur mikill, gjör að sér um margt, læknir góður og nokkuð fornfróð“ (242). Hefur Þormóður verið færður henni til lækningar eftir mikla bardaga. „Fægir Gríma sár hans og bindur; er honum þegar nokkru hægra“ (243). Engu er líkara en Gríma hafi spítala heima hjá sér, því að Þormóður liggar tólf mánuði í sárum. Gegn heiðnum fræðum konunnar Grímu teflir frásögnin lærðómi og kirkju. En Gríma segist koma „sjaldan til kirkju að heyra kenningar lærðra manna, því að eg á langt að fara“ (247).

Lítilvölvan í *Eiríks sögu* situr í hásæti og á „hjalli“, vegna þess að hún verður að sjá vítt yfir.<sup>6</sup> Spádómurinn sjálfur er sýn. Þessi staða er sú sama og völvunnar í *Völuspá* meðan hún fer með kvæði sitt. Það eru bara konur sem taka þátt í seiðnum og þær slá hrинг um völvuna, sem verndar hana og lokar svæði kvennamenningarinnar. Það er táknrænt að faðir Guðríðar yfirgefur bæinn á meðan seiðurinn er framinn. Sem fulltrúi þeirrar karlamenningar sem er að

ná yfirhendinni afneitar hann menningu kvenna og snýr við henni baki í bókstaflegri merkingu.

## Völvan og Þór

Í *Snorra-Eddu* er skemmtileg saga sem sýnir vel viðhorfið til völvu og samband þeirra við lækningar. Guðinn Þór hefur fengið hein í hausinn sem stendur þar föst. Hann leitar til völvunnar Gró um hjálp, en hún er að sínu leyti með hugann við bónða sinn Aurvandil sem er horfinn:

Þór fór heim til Prúðvanga, og stóð heinin í höfði honum. Þá kom til völvu sú, er Gróa hét, kona Aurvandils hins frækna; hún gól galdrá sína yfir Þór, til þess er heinin losnaði. En er Þór fann það og þótti þá von, að braut myndi ná heininni, þá vildi hann launa Gró lækninguna og gera hana fegna, sagði heini þau tíðindi, að hann hafði vaðið norðan yfir Élivoga og hafði borið í meis á baki sér Aurvandil norðan úr Jötunheimum, og það til jartegna, að ein tá hans hafði staðið upp á himin og gerði af stjörnu þá, er heitir Aurvandilstá. Þór sagði, að eigi myndi langt til, að Aurvandill myndi heim koma, en Gróa varð svo fegin, at hún mundi enga galdra, og varð heinin eigi lausari og stendur enn í höfði Þór. (140–141)

Karlmannið Þór, sterkestur guða, er hér fullkomlega háður lækningum og göldrum völvu! Galdrar hafa hér tekið við af seiðnum, en einnig þeir eru sungnir, fluttir í hrynjandi, sem kvæði. Gróa gelur galdrana. En þeir eru þó svo tæpir að hún gleymir þeim þegar karlinn Aurvandill er væntanlegur heim. Þessi frásögn er einnig gott dæmi um þá grótesku kímni sem einkennir *Snorra-Eddu* og mörg goðakvæðanna, og sem dregur í efa karlmennsku hetjanna og afrek þeirra.

## Völvuofsóknirnar

Um leið sýna frásagnir hvernig halla fer undan fæti fyrir völvunum. Pannig búa *Vatnsdæla saga* og *Örvar-Odds saga* yfir frásagnarmynstri sem bendir til upphafs völvuofsókna. Í einum af fyrstu köflum *Vatnsdælu*, sem gerist í Noregi, er sagt frá heimboði þar sem bóninn á bænum lætur gera seið svo að fólk geti þar leitað „eftir forlögum sínum“ (29). Völvan er norðan frá Finnmörku, hún er „fjölkunnug“ (29), og seiðurinn er efndur „eftir fornum sið“ (28):

Finnan var sett hátt og búið um hana veglega; þangað gengu menn til fréttta, hver úr sínu rúmi, og spurðu að örlögum sínum. Hún spáði hverjum eftir því sem gekk, en það var nokkuð misjafnt, hversu hverjum líkaði. Þeir fóstbræður sátu í rúmum sínum og gengu eigi til fréttta; þeir lögðu og engan hug á spát hennar. Völvan mælti: „Hví spryja þeir hinir ungu menn eigi að forlögum sínum, því að mér þykir þeir merkilegastir menn af þeim, sem hér eru saman komnir?“ Ingimundur svarar: „Mér er eigi annara að vita míni forlög fyrr en fram koma, og ætla eg mitt ráð eigi komið undir þínum tungurótum.“ (29)

Fóstbræðurnir koma hér fram tveir saman, og það er lögð áhersla á æsku þeirra og karlmennsku, en völvan er gömul og forn. Tvíbendnina gagnvart völvunni má sjá í því að annar fóstbróðirinn, sonur bónans, telur að eigi muni „tjóa að brjótast við forlögunum“ (30), meðan Ingimundur, sem er gestkomandi, mótmælir hástöfum. Hann hæðir völvuna, trúir ekki orðum hennar og reynir að þagga niður í henni. Hún skal ekki hafa neitt að segja um hann. Átökunum er lýst mjög myndrænt með því að hann neitar að örlög hans séu undir „tungurótum“ hennar, þ.e. í máli hennar og líkama. Það heyrir frásagnarmynstrinu til að völvan talar samt, og það kemur til sennu milli hennar og unga mannsins. Hún spáir vel fyrir honum, eins og völvur gera venjulega. Hann mun „byggja land, er

## *Skáldskapur og seiður*

Ísland heitir“ (29), gerast virðingarmaður mikill, verða gamall og eignast marga ágæta ættmenn í því landi. Hann svarar að hann hafi ekki hugsað sér að fara „í eyðibyggðir þær“ (29). Völvan heldur ákveðið fram orðum sínum: „mun saga mín sannast“ (30). Frásögninni lýkur með því að Ingimundur hótar henni líkamlegu ofbeldi: „Ef fóstra mínum væri eigi mótgjörð í, þá myndir þú taka launin í höfði þér“ (30), og bætir við að hún hafi þar „illu heilli“ (30) komið. Völvan endurtekur að það muni fara sem hún spáði „hvort er honum þætti vel eða illa“ (30).

Frásögnin í *Örvar-Odds sögu* er ýtarlegri og tengist með beinni hætti skáldskap og valdi tungumálsins. Völvan er aðalpersónan í kaflanum, sem bæði hefst og lýkur með henni: „Kona er nefnd Heiður. Hún var völva og seiðkona og vissi fyrir óorðna hluti af fróðleik sínum“ (205). Pessi kona fer „á veislur“ milli bæja og segir mönnum fyrir „um vetrarfari og forlög sín“ (205). Hún hefur með sér fimmtán sveina og fimmtán meyjar, sem hjálpa henni við seiðinn. Ingjaldur bóndi býður henni að koma á bæ sinn, þar sem hann hefur stofnað til velsru, og biður son sinn, Ásmund, og fóstra, Odd, að sækja hana, en þeir eru fóstbræður. Oddur neitar, og eins og Ingimundur í *Vatnsdælu* mótmælir hann hástöfum: „Pá för fer eg eigi,“ sagði Oddur, ‘og kann eg mikla óþökk, ef hún kemur hérlendis“ (205). Hótar hann að gera eithvað illt ef hún kemur. Bóndinn sendir þá son sinn eftir henni: „Þú skalt fara, Ásmundur,“ sagði Ingjaldur, ‘því að þín á eg ráð’“ (205). Völvan kemur með allt sitt föruneyti og fær góðar viðtökur. Um nóttina fara menn að sofa, „en völva fór til náttfarsseiðs með sitt lið“ (206). Daginn eftir ganga menn fyrir hana, fyrst þeir Ingjaldur og Ásmundur. Eftir það fer alþýða til seiðkonunnar, „og sagði hún hverjum það, sem fyrir var lagt, og una þeir allir vel við sinn hlut“ (206). Síðan segir hún fyrir um veðurfar „og marga aðra þá hluti, er menn vissu eigi áður“ (206). Ingjaldur þakkar henni „sínar spásögur“ (206). Hún sprýr hvort allir hafi komið til hennar og hann svarar að það hafi nær allir gert. Um leið sér hún eithvað liggja á bekk og hreyfast undir feldi, og vill fá að vita hvað það sé:

## *Máttugar meyjar*

Þá settist sá upp, er þar hafði legið, og tók til orða og mælti. „Það er rétt, sem þér sýndist, að þetta er maður og þar sá maður, að það vill, að þú þegir sem skjótast og fleiprir eigi um mitt ráð, því að eg trúi eigi því, sem þú segir.“ (207)

Oddur er með sprotta í hendi og hótar að færa hann á nasir henni ef hún spái nokkru um hans hag. Hún segir að það muni hún gera samt, og skipar honum að hlusta: „Þér mun eg þó segja, en þú munt hlýða“ (207). Verður henni þá „ljóð á munni“ (207). Spána, sem eru þrjú erindi, kveður hún. Í sögunni er hún síðan látin endursegja spána í óbundnu máli. Bendir það til að sögumaður hafi ekki treyst því að áheyrendur (eða lesendur) gætu lengur skilið skáldlegt mál. Felst spáin í því að Oddur muni ferðast land af landi og verða heimsfrægur, en ekki síst að honum sé ætlaður meiri aldur en öðrum mönnum, því að hann muni lifa í þrjú hundruð ár. Hann mun samt deyja heima og jafnóhetjulegt fyrerbæri sem hesthaus verða honum að bana. Ljóðið hefst á því að völvan varar unga manninn við að ógna henni meðan hún talar: „Ægðu eigi mér, / Oddur á Jaðri, / elda skíðum, / þótt ýmist geipum“ (207). Hún talar um sjálfa sig í þriðju persónu, víesar í starf sitt sem völvu og leggur áherslu á sannleiksgildi orða sinna:

„Saga mun sannast,  
sú er segir völva.  
Öll veit hún manna  
örlög fyrir.“ (207)

Pegar völvan hefur talað sprettur Oddur upp. „Spá þú allra kerlinga örmust um mitt ráð“ (208), segir hann og rekur sprotann á nasir henni „svo hart, að þegar lá blóð á jörðu“ (208). Hún biður um fót sín og ætlar samstundis burt, „því að þess hefi eg hvergi komið fyrr, að menn hafi barið á mér“ (208). Ingjaldur biður hana að fara ekki og býður henni góðar gjafir. „Hún þá gjafirnar, en burt fór hún af veislunni“ (208).

## *Skáldskapur og seiður*

Það er margt athyglisvert í þessari sögu. Völvan heitir *Heiður*, en það er algengt nafn á völvum, sbr. einnig nafnið á völvunni í *Völuspá*: „Heiði hana hétu / hvar er til húsa kom, / völu vespáa“.<sup>7</sup> En *Heiður* merkir „sú sem kemur úr heiðinni/heiðninni, þ.e.a.s. frá hinu villta svæði. Önnur algeng nöfn á völvum eru *Huld*, sú hulda, og *Gríma*, sú ósýnilega, myrka. Spáin er í ljóðum, sem sýnir enn og aftur tengslin milli skáldskapar annars vegar og seiðs og völvu hins vegar. Eins og í *Vatnsdælu* má hér sjá andstæðuna gömul kona og ungar karl, og það er lögð áhersla á (karl)mennsku hetjunnar, og jafnframt á tungumálið. Mennska er karlmennska. Hann er „maður“, eins og hann segir tvisvar, og mennsku sína notar hann til að beita konuna ofbeldi og reka hana burt af bænum, og þar með úr samfélagi manna. Þetta gerir hann af því að völvan talar og neitar að láta þagga niður í sér. Í sögunni sjáum við einnig tvíbendnina gagnvart völvunni. Eldri kynslóðin viðurkennir hana, sú yngri ekki.

Það einkennir margar frásagnir af völvum að þær koma fyrir snemma í sögunum. Þannig segir völvan ekki einungis fyrir um ævi hetjanna, heldur leggur spá hennar einnig grundvöll að atburðarás sögunnar. Spáin er atburðarásin í hnottskurn, og sögur hetjanna eru „spásögur“ eins og Ingjaldur orðar það. Í bæði *Vatnsdælu* og *Örvar-Odds sögu* er sennan við völvuna fyrsta manndómsraunin. Í *Örvar-Odds sögu* er þetta áréttuð þegar Oddur minnist spádóms völvunnar við lok sinnar löngu ævi (og sögu) í vísu sem vekur upp frásögnina í upphafi sögunnar. Í vísunni endurtekur Oddur orð völvunnar og viðurkennir að hún hefur haft rétt fyrir sér: „Sagði mér völva / sannar rúnir, / en eg vætki því / vildag hlýða“ (341). Þannig tekur sagan undir mál kvenraddirinnar gegn ungu körlunum.

## Aldin rýgur við skaldi

Í *Kristni sögu* er að finna mjög myndræna og um leið gamansama frásögn af átökum milli heiðninnar/konunnar annars vegar og kristninnar/karlsins hins vegar. Í einni af ferðum sínum kemur

## *Máttugar meyjar*

kristniboðinn Þorvaldur ásamt biskupi, fylgdarmanni sínum, á þeim í afskekktum byggðum Vestfjarða til að boða trú. Bóndinn er á þingi og getur því ekki haft hemil á konu sinni, Friðgerði, og ungu syni þeirra. Meðan Þorvaldur talar trú fyrir mönnum er Friðgerður „í hofinu og blótaði, og heyrði hvort þeirra orð annars, en sveinninn Skeggi hló að þeim“ (247–248). Um þetta kveður Þorvaldur dróttkvæða vísu þar sem hann kvartar undan óhlýðni manna, hlátrinum í stráknum, en einkum gólinu í konunni:

„Fór eg með dóm hinn dýra.  
Drengur hlýddi mér engi.  
Gátum háð að hreyti  
hlautteins, goða sveini.  
En við enga svinnu  
aldin rýgur við skaldi,  
þá kreppi goð gyðju  
gall of heiðnum stalli.“ (247)

Konuna kallar hann aldna rýgi, þ.e. gamla tröllskessu, og hún kveður til hans af heiðnum stalli, úr hásæti völvunnar. Átökin eiga sér stað í tungumáli, þau eru senna milli konu og karls, hliðstæð sennunni milli tröllskessunnar og skálzsins Braga í *Snorra-Eddu*. Karlinn og konan tala hvort upp í annað. Sjálfur kallar Þorvaldur sig „skald“, sem hann í glæsilegu andstæðurími lætur kallast á við orðið „aldin“ um konuna. Um leið og hann yrkir um hana og bindur hana í kvæði sínu biður hann henni bölbæna. Í þessari frásögn er konan gömul, heiðin og utan samfélagsins. Hún er „edda“ andspænis dróttkvæðunum, kristninni og karlamenningunni. Í lokin tekur sagan undir með konunni og gerir grín að orðum karlanna sem enginn hefur hlustað á: „Ekki létu menn skírast af þeirra orðum í Vestfirðingafjórðungi, svo að menn viti það“ (248).

## Fögur var sú kveðandi

Í *Laxdælu* segir frá heilli fjölskyldu sem fremur seið. Eru það þau Kotkell og Gríma ásamt tveimur sonum: „Pessi menn voru suðureyskir. Öll voru þau mjög fjölkunnug og hinir mestu seiðmenn“ (95). Þau setjast að í Skálmarfírði, sem er á Vestfjörðum, „og var þeirra byggð ekki vinsæl“ (95). Þórður Ingunnarson stefnir þeim „um þjófnað og fjölkynngi“ (99), og þau hefna sín með því að drekkja honum þar sem hann er á leið heim til sín á skipi sínu. Kotkell lætur gera „seiðhjall mikinn; þau færðust þar á upp öll; þau kváðu þar harðsnúin fræði; það voru galdrar“ (99). Það lýstur á mikilli hríð, og Þórður finnur að „til hans var gjört veðrið“ (99). Eftir mikla baráttu við sjóinn sem Þórður er í þann veginn að vinna rís boði skammt frá landi, „og laust skipið svo, að þegar horfði upp kjölurinn“ (100). Þórður drukknar og föruneyti hans, „en skipið braut í spón“ (100).

Kotkell og Gríma eru rekin burt úr byggðinni, og fær Þorleikur Höskuldsson þeim bú í Laxárdal, samfélagini miðju. Í staðinn veita þau honum lið í deilunum við Hrút. Nótt eina fara þau af stað, „Kotkell og Gríma og synir þeirra“ (105):

Þau fóru á bæ Hrúts og gerðu þar seið mikinn. En er seiðlætin komu upp, þá þóttust þeir eigi skilja, er inni voru, hverju gegna myndi; en fögur var sú kveðandi að heyra. (105–106)

Hrútur einn þekkir „þessi læti“ (106) og biður menn að horfa ekki út og vaka. „En þó sofnuðu allir menn“ (106). Hrútur vakir lengst, „og sofnaði þó“ (106). Sonur Hrúts, Kári, tólf vетra gamall, „sofnaði nær ekki, því að til hans var leikur gjör; honum gerðist ekki mjög vært“ (106). Hann sprettur upp „og sá út; hann gekk á seiðinn og féll þegar dauður niður“ (106). Um morguninn finnst hann örrendur skammt frá dyrum.

Í *Laxdælu* er seiðurinn orðinn að galdri, og hann er banvænn. Það er athyglisvert að hann hittir einungis karla fyrir. Hrútur á

## *Máttugar meyjar*

sextán syni og túu dætur. Vekur sonaeignin mikla aðdáun sögunnar, en frá dætrunum er ekkert sagt:

Svo segja menn, að Hrútur væri svo á þingi eitt summar, að fjórtán synir hans væri með honum; því er þessa getið, að það þótti vera rausn mikil og aflí; allir voru gjörvilegir synir hans. (48–49)

Kári er „efnilegastur sona Hrúts“ (106), og hann er tólf vetra, rétt að verða karlmaður, þegar seiðurinn er gerður til hans. Það er kveðandin sem seiðir hann, tónlistin, eða „lætin“ sem sagan kallar svo.<sup>8</sup> Hrútur segir Ólafi pá, bróðursyni sínum, tíðindin, og hann „kvað þá þegar skyldu drepa þau Kotkel og konu hans og sonu“ (106). Þau flýja upp í fjall. Þar er sonurinn Hallbjörn tekinn, „dreginn belgur á höfuð honum“ (106) og bundinn steinn við hálsinn og honum drekkt. Hann rekur síðan upp úr brimi og er „kasaður“ (109) á nesi. Sonurinn Stígandi kemst undan og gerist „útilegumaður“ (108). Fer hann að halda við ambátt í seli, sem segir til hans eftir að bóndinn lætur „henni nauðga til sagna“ (108). Er hann tekinn sofandi, barinn grjóti í hel og dysjaður á staðnum. Áður en belgur er dreginn á höfuð honum brennir hann land með augunum, þannig að „fagurt landsleg og grasloðið“ (109) leggst í auðn.<sup>9</sup> Þau Kotkell og Gríma „urðu áhend á hálsinum milli Haukadals og Laxárdals; voru þau þar barin grjóti í hel, og var þar gjör að þeim dys úr grjóti, og sér þess merki, og heitir þar Skrattavarði“ (106–107). Öll eru þau send niður í jörðina. Dysin skiptir miklu máli, hún er minnisvarði um sigur samfélagsins. Eru dysjar ýmist við mörk samfélagsins, uppi á heiði eða úti á nesi, eða á einskis manns landi milli byggðalaga.

### **Þar sem síst var manna vegur**

Undir lok *Laxdæla sögu* er frásögn sem sýnir átök milli heiðinnar og kristinnar konu, þar sem önnur er dauð og grafin, hin lifandi og virk í samfélagini. Það er sagt um Guðrúnu Ósvífursdóttur að hún „gerðist trúkona mikil“ og að hún hafi numið „fyrst kvenna saltara á Íslandi“ (223). Á nóttnni liggur hún á bæn úti í kirkju, og er Herdís sonardóttir hennar með henni. Þessa ungu stúlkuna dreymir að til hennar kemur kona, „ekki sýndist henni konan svipleg“ (223). Kvartar konan undan því að Guðrún brenni hana með heitum tárum sínum, og biður hana að segja ömmu sinni. Herdís gerir það. Um morguninn lætur Guðrún taka upp fjalir í kirkjugólfinu, þar sem hún var vön að krjúpa á kné, og grafa þar niður í jörð:

Par fundust undir bein; þau voru blá og illileg; þar fannst og kinga og seiðstafur mikill. Þóttust menn þá vita, að þar mundi verið hafa völuleiði nokkuð. Voru þau bein færð langt í brott, þar sem síst var manna vegur. (224)

Völvan er spegilmynd Guðrúnar sem krýpur á leiðinu, og má túlka hana sem hennar annað og bælda sjálf. Fyrir ungu stúlkuna, á góðri leið með að verða fullorðin, hreintrúuð og kristin kona í samfélagi karla, er völvan hins vegar víti til varnaðar, kona sem hún má ekki verða. Draumur Herdísar á sér stað þegar hún er á aldur við Guðríði í *Eiríks sögu*. Hún er á mörkum þess að vera barn og fullorðin. Fyrir báðar þessar stúlkur táknaðar völvan vígslu þeirra í samfélagið og er hliðstæð manndómsraun ungu karlanna í hinum völvufrásögnunum. Draumurinn skiptir hér miklu máli. Hann er óbundið svæði utan samfélagsins, óheft fantasía, þar sem allt getur gerst. Í íslenskum fornþómenntum fylgjast draumurinn og konan oft að. Konur dreymir eða þær birtast í draumum annarra. Þar geta þær talað, eins og hin annars niðurþaggaða völva í frásögn *Laxdælu*. Um leið tekur draumurinn við því hlutverki sem seiðurinn og spáin höfðu áður, að boða örlög og vísa til framtíðar. Draumurinn verður

## Máttugar meyjar

einnig smám saman mikilvægt skáldlegt og kvenlegt tjáningarfórm.<sup>10</sup>

Í þessari frásögn er völvan horfin undir yfirborðið í bókstaflegri merkingu, og hún er hulin jörðu. Hún liggur dauð og grafin, en það er ekki nóg. Líkamsleifar hennar eru sendar enn lengra burt, út fyrir ystu mörk mannlegs samfélags, þangað „sem síst var manna vegur“.

## Hún hafði fóstrað Egil

Í frásögninni af Skalla-Grími og ambáttinni Þorgerði brák í *Egils sögu* má sjá svipaða aðferð við að losa sig við völву. Skalla-Grímur er í knattleik við son sinn Egil, sem þá er á unga aldri, og vin hans Þórð, og hafa þeir betur. En eftir sólarfall gerist Skalla-Grímur skyndilega svo sterkur að hann grípur Þórð og keyrir svo hart niður að hann fær þegar bana. Ætlar hann þá að grípa til Egils:

Þorgerður brák hét ambátt Skalla-Gríms; hún hafði fóstrað Egil í barnæsku; hún var mikil fyrir sér, sterk sem karlar og fjölkunnug mjög. Brák mælti: „Hamast þú nú, Skalla-Grímur, að syni þínum.“ Skalla-Grímur létt þá lausan Egil, en þreif til hennar. Hún brást við og rann undan, en Skalla-Grímur eftir; fóru þau svo í utanvert Digranes; þá hljóp hún út af bjarginu á sund. Skalla-Grímur kastaði eftir henni steini miklum og setti milli herða henni, og kom hvorugt upp síðan; þar er nú kallað Brákarsund. (101–102)

Völvan sem fyrr sat hátt er hér ambátt og barnfóstra. Fyrir utan að vera fjölkunnug er Brák sterk og mikil fyrir sér, tröllkona í bland, en þessu tvennu rugla frásagnir oft saman. Hún hverfur í sjóinn, grýtt á flótta sínum frá óðum karlinum.<sup>11</sup> Banvæn mistök hennar felast í því að hún talar, grípur fram í orð og athafnir karlsins og fer þannig út fyrir mörk hins leyfilega. Hún reynir að halda sér uppi í

*Skáldskapur og seiður*



*Skalla-Grimur eltir og drepur Þorgerði brák, föstru Egils. „Hún var mikil fyrir sér, sterk sem karlar og fjölkunnug mjög“. Fjölkunnugar konur ógna samféluginu og eru því réttadræpar. Eru þær ýmist grýttar eða þeim drekkt. Hér eru báðar aðferðirnar notaðar.*

## Máttugar meyjar

bylgjunum utan samfélagsins með því að synda, – en það er minni sem kemur fyrir aftur og aftur í bókmenntum og tengist oftast konum. Frásögnin leggur mikla áherslu á að útskýra nafnið Brák í örnefninu Brákarsund. Eins og sjá má í fleiri slíkum frásögnum skiptir það samfélagið máli að merkja sér með nafni staðinn þar sem völvan fer niður. Konan er óvefengjanlega orðin að náttúru, og hún er kyrfilega kyrr á einum stað. Hvorki steinninn né hún koma upp síðan.

Pessi fjölkunnuga tröllkona og fóstra fórnar sér fyrir fyrsta nafngreinda dróttkvæðaskáldið í íslenskum bókmenntum, Egil Skalla-Grímsson. Þannig verður hún að farast til þess að dróttkvæðin geti komið fram. Petta gerist þegar Egill er tólf ára, á nákvæmlega sama aldri og Kári, sonur Hrúts í *Laxdælu*, sem verður fyrir seiðnum. Manndómsraun Egils fylgir strax á eftir. Hann vegur verkstjóra föður síns, þann sem Skalla-Grími er kærstur, og siglir burt að heiman til að vinna önnur lönd.

Samkvæmt yfirlýstri siðfræði íslenskra fornþókmennta eru konur ekki drepnar. Sá mælikvarði gildir þó engan veginn um afbrigðilegar konur, þ.e. þær sem ógna samfélagi karla með visku sinni eða óhlýðni. Seiðkonur og fjölkunnugar konur eru réttdrápar í því samfélagi sem þessar bókmenntir lýsa, en seiður og fjölkynngi er eitt af fáum sviðum sem karlar ráða ekki yfir. Venjulega eru konurnar grýttar eða þeim er drekkt, og þannig ýtt undir yfirborð jarðar.<sup>12</sup>

## Völuspá

*Völuspá* er eitt af frægustu kvæðum íslenskrar bókmenntasögu, og einnig það torskilda. Varðveisla kvæðisins er mjög slæm og stundum er sem skrifarinn hafi ekki skilið það sem hann var að skrifa. Textafræðingar hafa gert margar tilraunir til að endurgera kvæðið og flokka það í kerfi til þess að komast að epískari og „raunsærri“ texta. En *Völuspá* er á engan hátt epískt kvæði. Það er sýn sem völva flytur sem í leiðslu eða draumi, og einkennist af

## *Skáldskapur og seiður*

brotum, sundurlausum setningum og aragrúa mynda sem ekki er hægt að binda í nokkra eina og endanlega merkingu.

Í bókmenntasögunni er *Völuspá* túlkurð sem kvæði um endalok heiðinnar menningar, eða endalok heimsins yfirleitt. En það hefur einnig að geyma aðra og sérstakari sögu, með sama frásagnarmynstri og goðsögnin um völvuna í öðrum frásögnum. Söguna um endalok (heiðinnar) kvennamenningar.

Það er kona sem talar í *Völuspá*, ýmist í fyrstu persónu sem gerandi eða í þriðju persónu sem viðfang, séð að utan. Hún er mjög meðvituð um sig sem sögumann, og í rauninni er hægt að líta á kvæðið sem „metatexta“, þ.e. kvæði um það kvæði sem verið er að flytja. Pannig er *Völuspá* kvæði um konu sem kveður spá. Ef til vill er kvæðið völuspá, raunverulegur spádómur völvu.

*Völuspá* hefst á því að völvu stígur fram, ávarpar áheyrendur og kveður sér hljóðs: „Hljóðs bið eg allar / helgar kindir, / meiri og minni / mögu Heimdallar“ (1. er.). Kvæðið er fremst í eddukvæða-handritinu *Konungsbók*. Pannig innleiðir kvenröddin sem biður um hljóð ekki aðeins *Völuspá* heldur öll eddukvæðin sem á eftir fylgja.

Völvan situr hátt, þaðan sem hún getur séð um allan heim. Þetta er hvað eftir annað ítrekað með stefinu „sá hún hún vítt og um vítt / um verold hverja“. Upprunalega merking orðsins *spá* er „sýn“ (sbr. fhp. „spahan“), og er það myndað á sama hátt og orðið „vision“ (af lat. „video“). Í kvæðinu tengist sýnin orðum völvunnar með sífelldum skiptum milli frásagnarinnar og þess sem er að gerast á nútíðarplaninu. Mörg erindi þess byrja einnig með að lögð er áhersla á sýnina sem uppsprettu spádómsins, og sagnirnar að *sjá* og *vita* ganga sem leiðarminni um allt kvæðið:

„fjöld veit hún fræða  
fram sé eg lengra.“ (49. er)

Völvan er fædd með jötnum og svo gömul að hún kemur úr tóminu, ginnungagapi, því „er ekki var“ (3. er.), áður en jörðin er sköpuð. Spána/sýnina flytur hún að boði Óðins sem hún ávarpar í upphafi ræðu sinnar:

## *Máttugar meyjar*

„Viltu, að eg, Valföður,  
vel fyr telja  
forn spjöll fira,  
þau er fremst um man.“ (1. er.)

Vísindi sín flytur völván Óðni. Þannig gegnir hún svipuðu hlutverki og „edda“ gagnvart hinum nýja og viðurkennda skáldskap sem Óðinn er fulltrúi fyrir.

Kvæðið er eintal völvunnar við Óðin, og í tali hennar felast átök. Þekkingu sína sem hún flytur og Óðinn krefur hana um lætur hún nefnilega nauðug frá sér. Hún lýsir þeim atburði þegar hún „situr úti“<sup>13</sup> og Óðinn fær vald yfir henni með því að horfa í augun á henni:

„Ein sat hún úti  
er inn aldni kom  
yggjungur ása  
og í augu leit.“ (28. er.)

Með þessu beitir hann hana eins konar konar ofbeldi, og hún kallar hann „yggjung ása“, hann er ógnandi og veldur ugg. Hún veit strax að það er þekking hennar sem hann vill fá: „Hvers fregnið mig? / Hví freistið míن?“ (28. er.). Hún segir honum allt sem hún veit um fortíð, nútíð og framtíð, og í staðinn gefur Óðinn henni gjafir, skartgripi sem gera hana að samfélagslegri konu. Það er táknað fyrir þá stöðu viðfangs sem hún nú fær, að hún sér sig að utan og talar um sig í þriðju persónu:

„Valdi henni Herföður  
hringa og men,  
fékk spjöll spakleg  
og spá ganda,  
sá hún vítt og um vítt  
um veröld hverja.“ (29. er.)

## *Skáldskapur og seiður*

Kvæðið leggur mikla áherslu á þekkingu, eða réttara sagt yfirfærslu þekkingar frá konunni til karlsins. Þetta kemur greinilega fram í endurtekinni spurningu völvunnar og voldugasta stefi kvæðisins, þar sem völván sprýr Óðin hvort hann hafi fengið að vita nóg: „Vituð er enn – eða hvað?“.

Síðasta erindi kvæðisins minnir á söguna um Brák í *Egil's sögu*, en drekinn dimmi og Skalla-Grímur eru í sama hlutverki:

„Par kemur inn dimmi  
dreki fljúgandi,  
naður fránn, neðan  
frá Niðafjöllum;  
ber sér í fjöðrum  
– flýgur völl yfir, –  
Niðhöggur nái.  
Nú mun hún sökkvast.“ (67. er.)

Upphafsmynd kvæðisins þar sem völván situr hátt og sú síðasta þar sem hún sekkur sýna hvað gerist þegar völvá hefur talað, miðlað karlinum öllum ví sindum sínum. Hún hverfur undir yfirborð jarðar og rödd hennar þagnar.

## Kvenrödd úr gröf

Sömu sögnina um ví sindakonuna sem miðlar þekkingu sinni áður en hún hverfur sjálf má sjá í fleiri eddukvæðum. *Baldurs draumar* (öðru nafni *Vegtamskvíða*) eru samtal milli Óðins og völvu sem hann hefur vakið upp. Það hefst á því að Óðinn vill fá að vita hvers vegna Baldur son hans dreymi svo illa, og hann ríður til staðar „þar er hann vissi / völu leiði“ (4. er.). Hann vekur upp völvuna og þykist heita Vegtamur. Völván rís „nauðug“ (4. er.) úr langri dvöl sinni í gröfinni:

## *Máttugar meyjar*

„Var eg snivin snjóvi  
og slegin regni  
og drifin döggu,  
dauð var eg lengi.“ (5. er.)

Sennan sem fylgir eru spurningar og svör, átök í orðum. Svör sín endar völvan með þessu endurtekna stefi, þar sem hún hótar Óðni með þögn:

„Nauðug sagðag,  
nú mun eg þegja.“

Á hliðstæðan hátt innleiðir Óðinn spurningar sínar með stefi þar sem hann bannar völvunni að þegja fyrr en hann hefur fengið að vita það sem hann vill:

„Pegj-at-tu, völva,  
þig vil eg fregna,  
uns alkunna,  
vil eg enn vita.“

Með spurningum sínum kemur hann upp um sig, og hún segir honum hver hann er: „Ert-at-tu Vegtamur, / sem eg hugða, / heldur ertu Óðinn, / aldinn Gautur“ (13. er.). Hann sendir henni tóninn á móti, og andstætt henni sem nefnir hann réttu nafni, neitar hann að viðurkenna hana sem völvu: „Ert-at-tu völva / né ví s kona, / heldur ertu þriggja / þursa móðir“ (13. er.). Hún hótar honum með ragnarökum, og á síðasta orðið.

Í *Grógaldr* er völvan orðin að móður sem talar við son sinn. Hann vekur hana upp frá dauðum til að biðja hana að hjálpa sér: „Galdrá þú mér gal, / þá er góðir eru, / bjarg þú, móðir, megi“ (5. er.). Löngu dauð talar hún við hann úr gröfinni, og í lokin skilgreinir hún galdrana níu, er hún gelur syni sínum, sem orð móður:

## *Skáldskapur og seiður*

„Móður orð  
ber þú, mögur, héðan  
og lát þér í brjósti búa;  
því noga heill  
skaltu um aldur hafa,  
meðan þú mín orð um mant.“ (16. er.)

### Hvar þær staði áttu

Skáldlegustu myndirnar í *Völsuspá* lýsa sköpuninni frá breytilegum sjónarhornum og með kvenlegum neitunum.<sup>14</sup> Það er eins og völvan/sögumaður geti best skilgreint það sem ekki er:

„Ár var alda,  
það er ekki var,  
var-a sandur né sær  
né svalar unnir;  
jörð fannst æva  
né upphiminn,  
gap var ginnunga,  
en gras hvergi.“ (3. er.)

Með sömu neikvæðu formerkjunum er lýst villu himintunglanna um hvelfinguna og ákafri leit þeirra að samastað:

„sól það né vissi  
hvar hún sali átti,  
stjörnur það né vissu  
hvar þær staði áttu,  
máni það né vissi,  
hvað hann megins átti.“ (5. er)

Pessa þráfalda endurtekning þess *að vita ekki* gefur til kynna nauðsyn þess *að vita*, en að vita er í þessu samhengi það sama og að eiga sér samastað í tilverunni, sína eigin sjálfsmýnd.

## *Máttugar meyjar*

Fyrstu mennina, Ask og Emblu, finna þrír æsir (eða þrjár þursameyjar),<sup>15</sup> þar sem þau liggja á ströndinni, á mörkum hafs og lands. „Ónd þau né áttu, / óð þau né höfðu, / lá né læti / né litu góða“ (18. er.), en þessa eiginleika fá þau af guðunum. Í *Snorra-Eddu* verða þessir fyrstu menn til um leið og þeim eru gefin klæði og nöfn, og hægt er að tengja þau ákveðnum stað:

Þá er þeir gengu með sævarströndu Borssynir, fundu þeir tré tvö og tóku upp tréin og sköpuðu af menn; gaf hinn fyrsti önd og líf, annar vit og hræring, III. ásjónu, mál og heyrn og sjón; gáfu þeim klæði og nöfn; hét karlmaðurinn Askur, en konan Embla, og ólst þaðan af mannkindin, sú er byggðin var gefin undir Miðgarði. (22)

Sköpunin í *Völuspá* er mjög tengd tungumáli, og því að gefa nafn. Ekkert hefur merkingu fyrr en það hefur fengið nafn. Við nafngiftina binda guðirnir óreiðu villtrar náttúrunnar og finna henni stað. Þeir koma líka reglu á tímann:

„nótt og niðjum,  
nöfn um gáfu,  
morgun hétu  
og miðjan dag,  
undorn og aftan  
árum að telja.“ (6. er.)

Eins og önnur eddukvæði fjallar *Völuspá* mikið um vopn. Endalok sköpunarinnar, ragnarök, rekur völvan í óljósum og brotakennendum myndum til drápsins á völvunni Gullveigu/Heiði í höll Óðins, og um leið til spjóts hans sem markar „fólkvíg / fyrst í heimi“ (24. er.). Einn örlagaríkasti atburður í goðaheimi er þegar náttúran sjálf, jurtin mistilteinn, sem sýnist fallegur og saklaus, breytist í skætt vopn:

## *Skáldskapur og seiður*

„Varð af þeim meiði,  
er mær sýndist,  
harmflaug hættleg.“ (32. er.)

Í ragnarökum á sér stað svipuð ummyndun náttúrunnar í vopn: „Á fellur austan /um eiturdala /söxum og sverðum, /Slíður heitir sú“ (36. er.). Náttúran hefur breyst í hernaðarsamfélög, sem leiðir til heimsendis. Veggurinn umhverfis Ásgarð brotnar og hin villtu öfl streyma inn. Stríðinu sem fylgir er lýst á tungumáli hörku og óhugnaðar: „Bræður munu berjast / og að bönum verðast [...] vindöld, vargöld, / áður veröld steypist“ (45. er.). Hin kvenlegu himintungl sem höfðu fundið sér samastað í festingunni steypast niður, eins og völván sjálf í lok ræðu sinnar:

„Sól tér sortna,  
sígur fold í mar,  
hverfa af himni  
heiðar stjörnur.“ (58. er.)

Í gegnum þessar heimsendismyndir skynjar völván eins og í draumsýn nýjan og betri heim:

„Sér hún upp koma  
öðru sinni  
jörð úr ægi  
iðjagræna.  
Falla fossar,  
flýgur örн yfir,  
sá er á fjalli  
fiska veiðir.“ (60. er.)

Á þessari nýju jörð sér hún standa sal, sem er fegurri en sólin: „Par skulu dyggvar / dróttir byggja / og um aldurdaga / yndis njóta“ (65. er.). Með þessu lýkur sýn hennar, og kvæðið snýr sér til

nútíðar þar sem drekinn dimmi kemur fljúgandi og heimurinn myrkvast.

### Völugáfa móður hans í breyttri mynd

Varðveisla *Völuspár* er gott dæmi um það hvernig ritmenningin afbakar munnlegan skáldskap. Munnleg hefð hefur rúm fyrir fjölbreytni, mörg afbrigði og margar raddir, þar sem ritmenningin felur í sér ákveðið og smækkandi val.<sup>16</sup> Í varðveislu *Völuspár* má sjá átök þessara tveggja hefða, munnlegrar hefðar kvennamenningar og ritmenningar karla. Um leið og ritmenningin hefur varðveitt það sem til er af kvæðinu, hefur hún ritstýrt því og umskapað í sína mynd. Þessi átök eru hliðstæð átökunum milli völvunnar og Óðins, og þau eru einkennandi fyrir rannsóknasögu íslenskra fornþókmennta. Þannig hefur ekki einungis verið þaggað niður í konum og menningu þeirra til forna af nýrri menningu kristni, ritlistar og bókmenntastofnunar, heldur einnig af fræðimönnum síðari tíma.

Það fylgir tilhneigingu fræðimanna til að flokka í eina merkingu og eina rödd að þeir hafa lagt mikla áherslu á að finna ákveðinn höfund að hinum ýmsu nafnlausu verkum, „manninn á bak við verkið“.<sup>17</sup> Höfundurinn sem þeir leita að er alltaf karlmaður. Verkin eru „feðruð“, þ.e.a.s. fundinn að þeim faðir.

Í þessu sambandi er rannsóknasaga *Völuspár* mjög athyglisverð. Það er táknað að þrír helstu helstu fræðimenn á svíði íslenskra fornþókmennta, þeir Finnur Jónsson, Björn M. Ólsen og Sigurður Nordal fjalla allir um hugsanlega hlutdeild kvenna í þessu kvæði neðanmáls í ritum sínum. Undir yfirborðinu skulu þær vera.

Í ritgerð sinni um *Völuspá* ræðir Sigurður Nordal sérstaklega um höfund kvæðisins, sem hann telur að hafi verið einn af vitrustu mönnum samtíðar sinnar og notið þeirrar menntunar sem Íslendingur á 10. öld átti kost á. Hann hafi oft farið til alþingis og í heimboð til vina sinna, jafnvel í aðra landsfjórðunga. Þá hafi hann farið utan einu sinni eða oftar og fært sér samneyti annarra spakra

## *Skáldskapur og seiður*

manna í nyt til þess að tala við þá um alvarleg efni.<sup>18</sup> Þá telur hann að lífreynsla hans hafi verið mikil og erfið, hann hafi t.a.m. misst son sinn, eins og Egill. Þetta skýri þá miklu viðkvæmni *Völuspá* þar sem talað er um Baldur, barn Óðins, og harm móðurinnar eftir hann. Þessi síðasta athugasemd kallar á neðanmálgrein þar sem Sigurður Nordal mótmælir hugmynd Björns M. Ólsen sem hann setti fram í grein um *Völuspá*, einnig neðanmáls, að vegna lýsingarinnar á gráti Friggjar í 33. erindi kunni skáldið að hafa verið kona.<sup>19</sup> Í neðanmálgrein sinni afsakar Sigurður Nordal umræðuna og segir að hann taki þetta upp til þess að sýna að aðrir skýrendur hafi tekið sérstaklega eftir 33. vísunni. „Hitt tel eg efalaust, að skáldið hafi verið karlmaður“ (186). Að neðanmálgrein lokinni heldur hann aftur upp á yfirborð meginmáls og hefur komist að því að viðkvæmni kvæðisins haldist í hendur „við strangleik og karlmannslund“ (186).

Í annarri ritgerð hefur Sigurður Nordal fundið skáld sitt, og skyldi engan undra, eftir þær forsendur sem hann gefur sér, að það er menntaður karlmaður, Völu-Steinn að nafni. Völu-Steinn er nefndur í *Snorra-Eddu* og eru þar tveir dróttkvæðir vísuhelmingar eftir hann. Helstu rök Sigurðar Nordals fyrir þessu eru að Völu-Steinn átti völву að móður, Puríði sundafylli, sem sagt er frá í *Landnámu* og hann hefur viðurnefni sitt af. Með rökum sínum snýr Sigurður Nordal kvennamenningunni á haus:

Puríður móðir Steins var völva og seiðkona. Þetta varpar ljósi á fleiri vegu. Völvan hefur alið son sinn upp í ríkri Ásatrú og verið fær um að veita honum dýpri fræðslu um þau efni en almennt gerðist. Hún hefur lagt rækt við Óðin, því að hann var „galdurs faðir“. Þegar Völu-Steinn sjálfur gerðist skáld, hefur það enn efti þekkingu hans og átrúnað á goðin, einkum Óðin. – Völuhæfileikar hafa verið ættgengir, eins og reynt er um miðilshæfileika nú á dögum. Frá Þorbjörgu lítivilvölvu er sagt í Þorfinns sögu karlsefnis, að hún hafi átt sér níu systur og voru allar spákonur. Innblástur Völu-Steins,

## *Máttugar meyjar*

sem hefur verið á takmörkum hins sjálfráða [...] er völugáfa móður hans í breyttri mynd. – Loks hefur íþrótt Þuríðar gert syni hennar völur hugstæðar. Engum gat verið það eðlilegra en völu-syninum að láta völu mæla fram dýpstu rök tilverunnar.<sup>20</sup>

Skáldskapur sonarins er „völugáfa móður hans í breyttri mynd“, segir Sigurður Nordal og ratast að vissu leyti satt orð á munn. Ungu karlskáldin vinna úr máli og skáldskap mæðra sinna í dróttkvæðum sínum. En þetta á ekki við um eddukvæði. Eins og margir aðrir fræðimenn blandar Sigurður Nordal hér saman tveimur hefðum, dróttkvæðunum, sem eru höfundaverk, og nafnlausum eddukveðskapnum, og notar dróttkvæðin sem mælikvarða á hvort tveggja.

Einar Ólafur Sveinsson tekur undir sjónarmið Sigurðar Nordals í riti sínu um eddukvæði. Telur hann líklegt að spádómar völva í bundnu máli hafi þekkst í raun og veru, og nefnir hann þar spádóm völvunnar í *Örvar-Odds sögu*, þar sem völvan kveður vísur. „Af slíkum kveðskap, hvort sem mikill var eða lítill, eru sprottin kvæðin Völuspá og Völuspá hin skamma“ segir hann.<sup>21</sup> Þá telur hann að höfundur Völuspár hafi þekkt bæði seið og útisetur:

En Völuspá hefur vaxið hátt upp úr þessum jarðvegi, það er persónulegt kvæði, ort af miklu skáldi, gæddu djúpri hugsun og siðferðilegri alvöru. Pannig sýna fornorræn kvæði oft sjálfstæða þróun, nærrí því stökk, frá hinum forna samfélagskveðskap. (*Íslenskar bókmenntir í fornöld*, 82)

Það er ekki nóg með að völvan hafi mátt sökkva í kvæðinu, hún skal sökkva í annað sinn. Og nú undir yfirborð bókmenntasögunnar.

# III EDDUKVÆÐI

## Varðveisla

Varðveisla eddukvæða er tæp. Flest eru aðeins til í einu handriti, *Konungsbók*, sem er skrifuð um 1270 og er afskrift eldra handrits. *Konungsbók* hefur að geyma 29 kvæði, 10 goðakvæði og 19 hetjukvæði. Handritið er ekki heilt. Nokkur blöð með hetjukvæðum vantar, og fyrir kemur að orðum, línum og jafnvel heilum erindum er sleppt. Textinn er brotakenndur og setningaskipan oft ruglingsleg, jafnvel óskiljanleg. Nokkur eddukvæði hafa varðveist í *Snorra-Eddu*, og enn önnur í yngri handritum.

Pegar eddukvæðin voru skrifuð niður voru þau síðustu leifar munnlegs skáldskapar sem hafði lifað um aldir. Form þeirra er *talið*, fornt kveðskaparform, sprottið af menningu sem ekki þekkti ritlist. Kvæðin einkennast af endurtekningum og þulum, máltofrum sem benda aftur til uppruna skáldskapar í sefjandi hrynjandi líkamans, – til galdrsins, vögguvísunnar og vinnusöngsins.<sup>1</sup> Goðakvæðin fjalla um það hvernig æsir náðu undir sig ví sindum og valdi. Sjónarhorn þeirra er oft írónískt og myndmál gróteskt, og þau hafa yfirgnæfandi karlaraddir. Hetjukvæðin fjalla meir um tilfinningar, og þau einkennast af upphafningu, ástríðum og kvennaröddum.

## Hávamál

Pegar Óðinn hefur þaggað niður í völvunni í *Völuspá* tekur hann sjálfur til máls. Það gerir hann í *Hávamálum*, því kvæði sem kemur næst á eftir *Völuspá* í *Konungsbók*. Pessi staðsetning í handritinu sýnir á táknaðan hátt hvernig *mál* karlsins hefur tekið við af *spá* konunnar.

## *Máttugar meyjar*

*Hávamál* er fræðslukvæði í mörgum þáttum þar sem Óðinn segir frá reynslu sinni og hvernig hann hefur náð undir sig vísindum, oftast með svikum. Á grundvelli þessa gefur hann siðfræðileg ráð um mannleg samskipti og hvernig eigi að fara að því að ná valdi, og eru ráð hans eins konar reglur karlasamfélagsins. Undirstaða valdsins er þekkingin, og þekkingin felst í tungumáli. Að ná tungumáli gengur sem leiðarminni um allt kvæðið, ásamt sögnunum að *vita* og *kunna*. Tungumálið er valdatækni. Með því geta menn logið, og það eiga þeir að gera: „fagurt skaltu við þann mæla, / en flátt hyggja“ (45. er.). Tungumálið er því sérstaklega hættulegt í munni kvenna, sem láta illa að stjórn, eins og segir í því erindi kvæðisins sem hvað oftast er vitnað til:


„Meyjar orðum  
skyli manngi trúa  
né því, er kveður kona,  
því að á hverfanda hveli  
voru þeim hjörtu sköpuð,  
brigð í brjóst um lagin.“ (84. er.)

Með tungumálinu geta konur drepið, og þær drepa karla:

„Ofarla bíta  
eg sá einum hal  
orð illrar konu.  
Fláráð tunga  
varð honum að fjörlagi  
og þeygi um sanna sök.“ (118. er.)

Hér er tunga konunnar orðin að beittu sverði. Eins og önnur vopn tilheyra raunveruleg sverð einungis körlum. Með vopnunum hafa þeir stjórn á samféluginu, m.a. konum. Kvæðið tengir tungumál kvenna við fjölkynngi, sem er stærsta ógn samfélagsins: „fjölkunnugri konu / skal-at-tu / í faðmi sofa, / svo að hún lyki þig

## Eddukvæði



Upphaf Völuspárs í Konungsbók frá um 1270. Með orðum völvunnar: „Hljóðs bið eg“, hefst ekki aðeins spá hennar, heldur einnig allt eddukvæðasafnið.

## *Máttugar meyjar*

liðum“ (113. er.). Málleg tjáningsform fjölkynngi eru galdrar og rúnir, svið sem upphaflega heyra kvennamenningu til, og síðustu þættir *Hávamála* fjalla um hve mikilvægt það er að ná valdi á þeim: „Rúnar munt þú finna / og ráðna stafi, / mjög stóra stafi, / mjög stinna stafi“ (142. er.). Rúnir geyma launhelgar, og eru körlum ögrun: „Veistu, hve rísta skal? / Veistu, hve ráða skal? / Veistu, hve fáa skal? / Veistu hve freista skal?“ (144. er.).

Í *Hávamálum* er orðið *ljóð* samheiti galdrus. Þátturinn „ljóðatal“ fjallar um átján galdra sem Óðinn hefur náð valdi á, og er endurtekið stef þess: „Pað kann eg“ . Þátturinn hefst á því að ljóðmælandi hreykir sér af að kunna það sem konur kunna ekki: „Ljóð eg þau kann, / er kann-at þjóðans kona“ (146. er.). Síðan telur hann upp ljóðin, lið fyrir lið, og tölusetur þau. Kvæðinu lýkur með yfirlýsingum um að galdrana eigi ekki að kenna konum:

„Pað kann eg hið átjánda,  
er eg æva kennig  
mey né manns konu,  
– allt er betra,  
er einn um kann;  
það fylgir ljóða lokum.“ (163. er.)

Í *Hávamálum* hefur Óðinn lagt undir sig menningu kvenna, og hana eiga þær ekki að fá aftur. Sú ógn vofir þó sifellt yfir, og þess vegna fjallar kvæðið fyrst og fremst um varnir gegn konum og þeim villtu öflum sem í þeim birtast. Í samræmi við það beinir Óðinn máli sínu einungis til karla.

## Óðinn og Pór

Óðinn er aðalpersóna margra goðakvæða. Í *Grímnismálum* kemur hann dulbúinn og undir dulnefni til konungsríkis þar sem hann er tekinn til fanga og píndur til sagna um allt sem hann veit. Í

kvæðinu, sem er eintal hans í samtali við konunginn Geirröð, kemur fram greinilegt samband milli tungumáls og valds. Hinn eftirsótti vísdómur felst í að fá að vita nöfnin á hinum ýmsum stöðum og náttúrufyrirbrigðum. Nafnið sem slíkt hefur að geyma falda merkingu, galdr, og um leið skilgreiningu, stað í skipan heimsins. Með nafngiftinni er náttúrunni kippt undir stjórn samfélagsins. Sú mikla áhersla sem eddukvæði leggja á nafnið skýrir nafnaþulur þeirra, sem oft hafa sesjandi áhrif. Þær eru ekki merkingarlausar viðbætur eins og rannsóknarsagan hefur tilhneigu-ingu til að álita, heldur eru þær hluti af mállegri og trúarlegri athöfn. *Grímnismálum* lýkur með því að Óðinn segir sitt rétta nafn. Afhjúpun nafnsins hefur slík áhrif á aheyrandann að hann steypist á sverð sitt og bíður bana. Sviðsetning *Grímnismála* minnir á *Völuspá*. Munurinn er hins vegar mikill. Í *Völuspá* sekkur völvan undir yfirborðið þegar hún hefur talað og flutt Óðni vísindi sín. Í *Grímnismálum* gengur Óðinn sigri hrósandi burt með óskert vísindin án þess að hafa sagt þau nokkrum öðrum en dauðum kónginum.

Annað kvæði með nafnavísdómi er *Alvíssmál*. Kvæðið er samtal milli Þórs, hins karlmannlegasta af guðum, og dvergsins Alvíss, sem hefur komið upp á yfirborð samfélagsins til þess að sækja sér brúði: „Alvís eg heiti, / bý eg fyr jörð neðan, / á eg undir steini stað“ (3. er.). Brúðurin er sjálf dóttir Þórs sem hafði verið heitin dvergnum að föður hennar fjarstöddum. Pannig koma oft upp vandamál í Ásgarði þegar Þór er á sínum löngu ferðum, því að það er hann sem heldur samfélagi goða saman með hamri sínum og kröftum. Þór neitar að gefa dóttur sína nema dvergurinn kunni að segja honum úr heimi hverjum „allt það, er eg vil vita“ (8. er.). Það sem Þór spyr um eru nöfn, hvað náttúrufyrirbrigði og hlutir heita í hinum ýmsum heimum. Dvergurinn hefur svar við öllu, en er svo ákafur að hann gleymir sér. Sólin kemur upp og hann dagar uppi, verður að þeim steini sem hann kemur frá, meðan Þór hreykir sér af að hafa platað hann: „Miklum tálum / eg kveð tældan þig: / Uppi ertu, dvergur, um dagaður“ (35. er.). Þór kemur oft fram með

## *Máttugar meyjar*

dvergum, og það virðist eina ástæðan fyrir því að hann er hér í hlutverki sem Óðinn gegnir annars. Þór hefur engan áhuga á vísdómi. Styrkur hans eru líkamskraftarnir.

„Brúðarránið“, sagan af dvergnum sem ætlar að ræna konu og taka hana með sér út í villta náttúruna, sýnir ótta samfélagsins um að missa konur sínar í hendur ótaminna afla, eða afla sem það hefur ekki stjórн á.<sup>2</sup> Föðurvaldið ræður hverjum dóttirin er gefin. Brúðarrán eins og þetta, þar sem konan er tekin frá samféluginu og farið með hana út í staðleysuna, heppnast heldur aldrei. Það gildir hins vegar ekki ef minninu er snúið við. Hinir samfélagslegu guðir (og menn) geta vel sótt sér konu til náttúrunnar og innlimað hana í samfélag sitt.

Orðasenna á bordi við þá í *Alvíssmálum* kemur oft fyrir í goðakvæðunum. Í *Hárbarðsljóðum* er að finna gróteska sennu milli Óðins og Þórs sem standa hvor sínu megin við sund og kallast á. Óðinn dylur sig á bak við nafnið Hárbarður, en Þór er svo einfaldur að hann segir sitt rétta nafn. Í samtalinni, sem eru spurningar og svör, hreykja þeir sér af hetjudáðum sínum og gera lítið hvor úr öðrum. Í kvæðinu eru svik Óðins við konur hliðstæð bardögum Þórs við tröllkonur. Hárbarður segist hafa átt „sparkar“ konur, þ.e. fjörugar konur, og „horskar“ konur, en verður að hafa fyrirvara á: „ef oss að spökum yrði“, og „ef oss hollar væri“ (18. er.). Þessar konur tælir hann allar:

„varð eg þeim einn öllum  
efri að ráðum;  
hvílda eg hjá þeim systrum sjö,  
og hafða eg geð þeirra allt og gaman.  
Hvað vanntu þá meðan, Þór?“ (18. er.)

Þór stærir sig af því að hafa verið í Jötunheimum að berja tröllkonur: „Ég var austur / og jötna barðag / brúðir bölvísar, / er til bjargs gengu“ (23. er.). Það finnst honum mikilvægara verkefni, því að „Mikil myndi ætt jötna, / ef allir lifði / vætur myndi manna /

*Eddukvæði*



*Smálíkneski úr bronsi frá 10. öld, talið vera af Þór. Hann var sterkestur ása og hélt samfélagi þeirra saman með hamri sínum. Á líkneskinu renna hamar, reður og skegg saman í eitt.*

## Máttugar meyjar

undir Miðgarði“ (23. er.). Í eddukvæðum koma Óðinn og Þór fram sem fóstbræður sem bæta hvor annan upp. Óðinn nær valdi á konum með svikum og kynferðislegu ofbeldi, Þór með hamrinum, hinu fallíska tákni karlmennskunnar. Hamar Þórs er eins konar frumvopn. Með honum heldur hann samfélagi goða saman, og bægir jötnum frá.<sup>3</sup> Þór á í sifelldri baráttu við náttúruna sem hann reynir að sigra, með mismunandi árangri. T.a.m. ræður hann ekki við ellina sem er kvenkennd í frásögn *Snorra-Eddu* af glímu Þórs við kerlinguna Elli í Útgörðum,<sup>4</sup> en Útgardar eru handan hafssins djúpa, enn lengra burt og villtari en Jötunheimar.

Hamar Þórs gegnir miklu hlutverki í *Prymskviðu*, sem er mjög gróteskt og gamansamt kvæði. Þegar Þór eitt sinn vaknar af svefni er hamar hans horfinn. En þetta er eitt af dæmum þess hve hættulegt er fyrir hetjur að sofa. Það kemur í ljós að jötunninn Prymur hefur stolið hamrinum, og vill hann ekki skila honum aftur nema hann fái sjálfa ástargyðjuna Freyju fyrir eiginkonu. Hann ætlar sér sem sagt þá dul að nema konu úr samfélagi goða út í Jötunheima. Freyja neitar og æsir halda fund, þar sem þeir leggja til að Þór verði klæddur í kvenbúning og dulbúinn sem Freyja:

„Látum und honum  
hrynjá lukla  
og kvenvoðir  
um kné falla,  
en á brjósti  
breiða steina,  
og haglega  
um höfuð typpum.“ (16. er.)

Þór neitar, því að hann vill ekki láta kalla sig „argan“ (17. er.), þ.e. kvenlegan og kynhverfan. En mikið liggar við, eins og Loki bendir á, missir hamarsins getur leitt af sér endalok samfélagsins: „Pegi þú, Þór, / þeirra orða. / Þegar munu jötnar / Ásgarð búa / nema þú þinn hamar / þér um heimtir“ (18. er.). Það er táknrænt



Jötunmærin Gunnlöð, sem gætti skáldamjaðarins. Í túlkun sinni snýr teiknarinn sögninni við og letur Gunnlöðu tæla Óðin: „Mjög girntist Gunnlöð Óðin, hann kyssti hana og var hjá henni þrjár nætur“, stendur eftir á myndinni til vinstri. Orð Gunnlaðar hefur teiknarinn skálðað sjálfur: „Kysstu mig, og skaltu verða skáld“; „Faðmaðu mig, og skaltu kveða vel“.

## Máttugar meyjar

að áður en Þór er klæddur í kvenbúninginn er þaggað niður í honum. Með lykla við belti, skartið á barminum, fald á höfði og pilsið flaksandi um hnén leggur hann af stað til brúðkaups síns í Jötunheimum, ásamt Loka, dulbúnum sem ambátt. Hvað eftir annað liggar við að Þór komi upp um sig. Hann drekkur of mikið og borðar of mikið, og er á allan hátt öðrurvísi en jötunninn hafði ímyndað sér Freyju. Bragðið heppnast þrátt fyrir það, og fallísk merking hamarsins er áréttuð með því að hann er við vígsluna lagður í „meyjar kné“ (30. er.). Þar með hefur Þór fengið aftur það sem hann (og samfélagið) skorti. Fyrst drepur hann jötuninn Prym, og síðan „hina öldu jötna systur“ (32. er.), sem í lok kvæðisins fær bæði „skell“ og „högg hamars“ (32. er.).

Svipuð klæðaskipti og lýst er í *Prymskvíðu* koma oft fyrir í íslenskum fornbókmenntum, þar sem þau tengjast oft hverdagsumhverfi og líkamlegu, grótesku myndmáli. Felur þetta í sér ákveðna afbyggingu karlhettjanna og tekur til umræðu vandamál kynferðis og kynhlutverka.

Í þessu sambandi er guðinn Loki áhugavert fyrirbrigði. Hann er bæði karl og kona, en innan samfélagsins er hann í hlutverki karls. *Lokasenna* er samtal sem á sér stað milli hans og goðanna í veislu. Loki hefur drukkið sig svo ölvaðan að hann lætur flakka allt slúðrið sem hann hefur heyrt um viðstadda. Slúður er ótamið tal, sem í munni Loka snýst um líkamsstarfsemi og kynferðismál.<sup>5</sup> Ásynjur eru með brókarsótt og æsir argir. Æsir reyna að verja sig og hóta Loki öllu illu. Þessi senna myndi aldrei hafa orðið ef Þór hefði verið til staðar og ekki í austurvegi að berja tröll. Þegar röðin er komin að Sif, konu Þórs, og Loki hefur sagt nokkur vel valin orð um hana, skjálfa fjöll og Þór kemur inn. Eins og Gunnar á Hlíðarenda í dyngju Hallgerðar síðar stöðvar hann snarlega allt slúðrið: „Pegi þú, rög vættur, / þér skal minn þrúðhamar, / Mjölnir, mál fyrnema“ (63. er.). Loki er rekinn úr veislunni með óhamið slúður sitt. Þar með er hann gerður útlægur frá samfélagini fyrir fullt og allt.

## Sérðu þennan mæki, mær?

*Skírnismál* fjalla um brúðarrán frá öðru sjónarhorni en *Alvíssmál* og *Prymskviða*. Við upphaf kvæðisins segir að Freyr hafi sest í Hliðskjálf, sæti Óðins, þar sem hann sér um heima alla: „Hann sá í Jötunheima og sá þar mey fagra, þá er hún gekk frá skála föður síns til skemmu“ (163). Af þessu fær hann hugsóttir miklar. Hann fer einförum og þegir, og veldur foreldrum sínum með því miklum áhyggjum. Að lokum trúir hann vini sínum Skírni fyrir vanda-málinu, „því að ungar saman / vorum í árdaga, / vel mættum tveir trúast“ (5. er.). Í Jötunheimum hefur hann séð mey svo fagra, að „armar lýstu / en af þaðan / allt loft og lögur.“ (6. er.) Hann hefur náð henni í sjónmálið, og hana verður hann að fá.<sup>6</sup> Skírnir býðst til að fara í Jötunheima og ná í meyna fyrir vin sinn, en með tveimur skilyrðum. Hann vill fá hest Freys sem getur riðið vafurlogann um sal meyarinnar, „og það sverð / er sjálft vegist / við jötna ætt“ (8. er.) Með sverðinu ætlar Skírnir að vinna meyna.

Vafurloginn umhverfis sal meyja er mynd sem kemur fyrir aftur og aftur í eddukvæðum og fornaldarsögum. Vafurloginn verndar konur og sýnir mörkin milli samfélagsins og kvennaheimsins sem körlum er ekki ætlað að fara yfir.

Þegar þetta gerist er Freyr mjög ungur og að komast yfir jötunmey má því líta á sem manndómsraun hans á leið til karlmennsku og viðurkenningar í samfélagi karla.

Þegar Skírnir kemur til Jötunheima eftir hættulega ferð um „úrug fjöll“ og „þursa þjóð“ (10. er.) neitar mærin Gerður að fara með honum, og hafnar sjálfum ástarguðnum Frey. Skírnir reynir að múta henni, fyrst með gulleplum, þ.e. eilífri æsku, og síðan með skartgripum, en árangurslaust. Hún segist ekki láta undan þrám („munum“) neins karls: „Epli ellefu / eg þigg aldregi / að mannskis munum.“ (20. er.). Skírnir grípur þá til hótana og bendir henni á sverðið:

### *Máttugar meyjar*

„Sérðu þennan mæki, mær,  
mjóvan, málfsán,  
er eg hefi í hendi hér?  
Höfuð höggva  
eg mun þér hálsi af,  
nema þú mér sætt segir.“ (23. er.)

Stuðlasetningin leggur áherslu á andstæðu mækis og meyjar, jafnt sem samband. Sverðið er ætlað gegn henni. Það er augljóst reðurtákn, en auk þess „málfað“, þ.e. rúnum rist og magnað göldrum. Enn lætur hún sér ekki segjast, og kvæðið snýst upp í heiftarlega sennu milli þeirra tveggja, eina af mörgum sennum milli kynjanna í íslenskum fornþókmenntum. Með svipuðu orðalagi og áður neitar mærin að láta kúga sig:

„Ánauð þola  
eg vil aldregi  
að mannskis munum.“ (24. er.)

Karlmaðurinn Skírnir daufheyrist við orðum hennar og heldur áfram að hóta henni. Hann bendir henni aftur á sverðið sem hann ætlar ekki einungis að höggva hana með, heldur einnig gamlan föður hennar, og í ræðu upp á tólf erindi hótar hann henni alls kyns líkamlegu jafnt sem andlegu ofbeldi. Fyrst ætlar hann að píska hana til hlýðni, temja hana með vendi:

„Tamsvendi eg þig drep,  
en eg þig temja mun,  
mær, að mínum munum.“ (26. er.)

Hann kallar hana „firinilla“ mey (33. er.) og hótar henni með endalausum þjáningum: útlegr, fangelsun, einsemd, hungri, niðurlægingu, sorgum, gráti og ýmsum tegundum af vitfirringu. Ein af hótunum hans varðar sjónmálið. Hún mun ýmist vera utan

sjónmáls karla: „Par skaltu ganga / er þig gumna synir / síðan æva sjá“ (26. er.), og þar með „úr leik“, eða opinber og hneykslanlegur sýningargripur: „Að undursjónum þú verðir, / er þú út kemur, / á þig Hrímnir hari, / á þig hotvetna stari“ (28. er.). Hún skal hafa reiði Óðins og Þórs, hatur Freys og gambanreiði goða, þ.e.a.s. hins samfélagslega og karllega valds. Hún skal „nara“ með „þursi þríhöfðuðum“ eða „verlaus vera“ (31. er.), en slíkt karlmannleysi er algeng hótun við konur í fornislenskum bókmenntum. Hún skal drekka geitahland og aldrei fá „æðri drykkju“ (35. er.). Að lokum rístir hann henni þrjá stafi: „ergi og æði og óþola“ (36. er.), sem hann býr sig undir að galdrar yfir hana. Meðan þessu fer fram stendur hann yfir henni með reitt sverðið, og hún gefst upp. Hún lofar að hitta Frey eftir níu nætur úti í skógi: „þar mun Njarðar syni / Gerður unna gamans“ (41. er.).

*Skírnismál* er kvæði um kynferðislegt ofbeldi. Í bókmenntasögunni hefur það ýmist verið túlkað sem frjósemismýta eða ástarkvæði.<sup>8</sup> Þessi samsömun með þrá karlmannsins og blindni á konuna í textanum er dæmigerð fyrir rannsóknasögu íslenskra forn-bókmennta, þar sem fræðimenn hafa ekki tekið eftir öllu því ofbeldi gagnvart konum sem þessar bókmenntir lýsa. Þetta má þegar sjá í úrvinnslu Snorra Sturlusonar á *Skírnismálum* í *Eddu*. Hann segir nákvæmlega frá samtalinni milli Freys og Skírnis í upphafi kvæðisins og leggur með því áherslu á vináttu þeirra. Þegar kemur að Gerði færir hann sjónarhornið yfir á föður hennar: „og nú skaltu fara og biðja hennar mér til handa og hafa hana hingað, hvort er faðir hennar vill eða eigi“ (58). Ekkert er minnst á vilja meyjarinnar né átökin milli hennar og Skírnis. Meginhluta kvæðisins og aðalatriðum þess kemur Snorri síðan fyrir í einni samtengingu: „Þá fór Skírnir og bað honum konunnar *og* fékk heit hennar“ (59, leturbr. hér). Hið eina sem Snorri vitnar í af kvæðinu er lokaerindið, niðurstaðan með orðum Freys þar sem hann kveður um óþreyju sína eftir konunni.

Nákvæmlega sömu samsömun með karlmanninum má sjá í ritum síðari tíma fræðimanna. Þannig segir Einar Ólafur Sveinsson

## *Máttugar meyjar*

í undirstöðuriti sínu um eddukvæði, *Íslenskar bókmenntir i fornöld*, og er í sporum Skírnis: „Skírnir er gætinn í fyrstu, en þó vel hugaður og öruggur, Gerður er sjálfstæð, svipmikil, köld; bugast þó af galdrinum, og síðustu orð hennar sýna, að hún muni eiga eftir að þiðna“ (277). Kvæðið er að hans mati ástarkvæði og að fráteknum göldrunum „forkunnar fagurt, bæði að efni og orðfæri. Ást Freys er rauði þráðurinn í því“ (279).<sup>9</sup> Telur Einar Ólafur Sveinsson kvæðið með eldri eddukvæðum þar sem enn sé „karlmannslundin þróttug [...] tálmuð þess að óskin rætist, óþolandí fjötur“ (279). Hið eina sem hann vitnar í af kvæðinu er erindið þar sem Freyr lýsir fyrir vini sínum fegurð meyjarinnar Gerðar.<sup>10</sup>

## Sögn eða þögn

Sigurður Fáfnisbani er ein aðalkarlhetja hetjukvæða. Fjalla mörg kvæðanna um leið hans til karlmennsku og valds. Eitt þeirra er *Sigurdrífumál* sem með goðfræðilegu efni og vísdómsþulum minnir um margt á goðakvæðin.

Þegar Sigurður hefur drepið drekann Fáfni og lagt undir sig gull hans, ríður hann upp á fjall þar sem hann sér „ljós mikið, svo sem eldur brynni, og ljómaði af til himins“ (341). Þegar hann kemur nær sér hann skjaldborg og upp úr henni merki:

Sigurður gekk í skjaldborgina og sá, að þar lá maður og svaf með öllum hervopnum. Hann tók fyrst hjálminn af höfði honum. Þá sá hann, að það var kona. Brynjan var föst sem hún væri holdgróin. Þá reist hann með Gram frá höfuðsmátt brynjuna í gegnum niður og svo út í gegnum báðar ermar. Þá tók hann brynu af henni, en hún vaknaði, og settist hún upp og sá Sigurð [...] (341)

Konan sem Sigurður vekur er valkyrjan Sigurdrífa. Hafði hún óhlýðnast Óðni sem stakk hana svefnþorni „og kvað hana giftast

skyldu“ (343). Hann refsar henni sem sagt með svefni og hjónabandi. Valkyrjur koma oft fyrir í eddukvæðum. Þær eru meyjar Óðins og kjósa hverjir munu falla í orrustu. Andstætt giftu konunni sem er föst á sínum samfélagslega stað er valkyrjan yfirnáttúruleg og getur flogið. Margar af kvenpersónum hetjukvæða, eins og t.a.m. Brynhildur í Sigurðarkvæðunum, Svava í *Helga kviða Hjörvarðssonar* og Sigrún í *Helga kviðu Hundingsbana* I og II, eru bæði venjulegar konur og yfirnáttúrulegar valkyrjur. Þetta tvöfalda hlutverk má einnig sjá í valkyrjum goðafræðinnar, sem auk þess að ráða fyrir val á vígvellinum, þjóna hinum föllnu hetjum til borðs í Valhöll og bera þeim öl. Í *Völundarkviðu* verður kvenhlutverkið í hjónabandinu valkyrjunum þremur svo óbærilegt að þær fljúga í burtu frá mönum sínum og snúa aldrei aftur. Í inngangi að kvæðinu segir frá því að þrír bræður finna á vatnsströndu þrjár konur og hjá þeim eru álfтарhamir þeirra. „Það voru valkyrjur“ (236). Þeir hafa þær heim til skála með sér. Sjö vetur sitja þær að mönnum sínum:

en hinn átta  
allan þráðu,  
en hinn níunda  
nauður um skildi.  
Meyjar fýstust  
á myrkvan við,  
alvitur ungar,  
örlög drýgja. (3. er.)

Karlarnir koma heim af veiði og grípa í góðum, „sali fundu auða“ (4. er.). Tveir fara að leita, en Völundur bíður heima „sinnar ljóssar / kvonar, ef honum / koma gerði“ (6.er.). Hér er hlutverkum snúið við. Konurnar fara, karlarnir eru yfirgefnir.

*Sigurdrífumál* er eintal valkyrjunnar Sigurdrífu í samtali við Sigurð. Upphafið minnir á völvuna sem er vakin frá dauðum: „Hvað beit brynju? / Hví brá eg svefni? / Hver felldi af mér / fölvar nauðir?“ (1. er.). Sigurður kynnir sig og sverð sitt: „Sigmundar bur

## *Máttugar meyjar*

[...] hjör Sigurðar“ (1. er.), og hún gefur honum horn fullt mjáðar. Síðan heilsar hún heiminum á myndmáli endurfæðingar:

„Heilir æsir.  
Heilar ásynjur.  
Heil sjá hin fjölnýta fold.  
Mál og manvit  
gefið okkur mærum tveim  
og læknishendur, meðan lifum.“ (4. er.)

Sigurdrífa heilsar báðum kynjum, andstætt Óðni í *Hávamálum* sem beinir máli sínu eingöngu til karla, og hún biður um mál, vit og læknislist fyrir þau Sigurð bæði. Sigurður biður hana „kenna sér speki“ (343), og hún byrjar að segja honum allt sem hún veit. Um leið og hún kveður gefur hún honum bjór fullan af ljóðum, líknstöfum, göldrum og rúnum. Í fyrsta hluta ræðu sinnar kennir hún Sigurði sjö rúnir: sigrúnir, ef hann vill hafa sigur, ölrúnir gegn svikum í öli og ástum, brimrúnir gegn sjávarháska, málrúnir sem veita vald á tungumáli og hugrúnir sem gefa vit. Tvennar rúnanna varða læknigar: limrúnir „ef þú vilt læknir vera, / og kunna sár að sjá“ (11) og bjargrúnir „ef þú bjarga vilt / og leysa kind frá konum“ (9. er.). Læknigar eru í fleiri eddukvæðum tengdar konum. Í *Fjölsvinnsmálum* býr Menglöð á Lyfjabergi, og fyrir knjám hennar „sitja sáttar saman“ (37. er.) níu meyjar, allar læknar.<sup>11</sup> Eins og þær Gerður og Sigurdrífa er Menglöð umleikin vafurloga, og hún bíður eftir karlmanni: „Lengi eg sat / ljúfu bergi á, / beið eg þín dægur og daga“ (49. er.).

Eftir rúnaþuluna gerir Sigurdrífa hlé á tali sínu og spyr Sigurð hvort hann kjósi heldur „sögn eða þögn“ (20. er.) Hann vill fá að vita meira og hún gefur honum ellefu tölusett ráð sem í sefjandi hrynjandi sinni minnir á töfráþulu. Ráðin eru bæði siðfræðileg, eins og að vara sig á konum og drykkju, og ákaflega praktísk, eins og hvernig eigi að þvo lík.

Pegar Sigurður vekur upp valkyrjuna gerir hann það með

nokkurs konar nauðgun, sem minnir á aðferð Óðins við Gunnlöðu í sögninni um skáldamjöðinn. Báðar konurnar búa úti í villtri náttúrunni, í eða á bjargi, og þær búa yfir visku sem þær gefa frá sér í miði. Sverðið Gramur sem sker brynjuna gegnir sama fallíska hlutverkinu og borinn Rati í sögninni um skáldamjöðinn. *Sigurdrífumál* er síðasta kvæðið í flokknum um æsku Sigurðar Fáfnisbana. Með sigrinum á valkyrjunni fullkomnar hann manndómsraun sína, leggur undir sig konu og fær um leið vísdóm hennar. Fyrir sofandi valkyrjuna merkir athöfnin vígslu í kvenhlutverkið. „Lengi eg svaf / lengi eg sofnuð var“ (2. er.), segir hún þegar Sigurður vekur hana, ristir af henni brynjuna og gerir hana að konu. Í *Sigurdrífumálum* byrjar eyðan í *Konungsbók*, og lokin á kvæðinu vantær. Samkvæmt *Völsunga sögu*, þar sem Sigurdrífa er valkyrjan Brynhildur, fer hún eftir fundinn við Sigurð heim til systur sinnar, „er Bekkhildur hét, því að hún hafði heima verið og numið hannyrdír, en Brynhildur fór með hjálmi og brynu og gekk að vígum“ (165). Þar situr hún „í einni skemmu við meyjar sínar“ (166) og saumar á gullilagðan borða „þau stórmmerki, er Sigurður hafði gert“ (166). Sá tvíkynja heimur sem hún hafði heilsað við endurfæðinguna er orðinn að heimi karlmannsins eins.

## Grátur

Hetjukvæðin fjalla meir um afleiðingarnar af hetjudáðum karlanna en um hetjudáðirnar sjálfar. Þau eru að miklu leyti tregróf kvenna, elegíur eða harmljóð yfir föllnum hetjum. Yfirgefnar og grátandi konur eru stef í þessum kvæðum, og *grátur* er áberandi tjáningarfórm innan þeirra. Orðið *grátur* í merkingunni skáldskapartegund kemur fyrir í nafninu *Oddrúnargrátur*, sem skilgreinir sig sem *grát* í síðustu línum sínum: „Nú er um genginn / grátur Oddrúnar“ (34. er.).<sup>12</sup> Í lok *Guðrúnarhvatar* nefnir kvæðið sig *tregróf*: „að þetta tregróf / um talið væri“ (21. er.).

Grátur er kvenleg orðræða, tregróf, sem er einungis kveðið af

## Máttugar meyjar

konum. Í þessum menningarheimi er ókarlmannlegt að gráta, það er tákna um kvenleika og ergi. Hin minnsta aðdróttun um að karlmaður gráti flokkast undir *níð* sem í íslenskum fornþókmenntum hefur hinum alvarlegustu afleiðingar. Gott dæmi um það er að finna í *Njáls sögu*, þegar Skammkell ber það út að hann hafi séð Gunnar gráta. Þetta kallar á hefnd, eins og Skammkell fær að heyra í mynd sem sameinar rödd og grát: „og muntu það eiga til at segja næst, er þið finnist, að úr sé grátraust úr skapi hans“ (135). Þegar Gunnar heyrir um níðið ríður hann samstundis af stað, vegur Skammkel og vini hans í miklum bardaga um leið og hann gefur upp ástæðuna: „Munuð þér nú og reyna, hvort eg græt nokkuð fyrir yður“ (137).

Öll tregróf eddukvæða eru grátljóð kveðin af konum. Nokkrar fornaldarsögur hafa að geyma tregróf karla. Má þar nefna *Víkarsbálk* í *Gautreks sögu*, *Dánaróð Hjálmars* í *Örvar Odds sögu* og *Hervarar sögu*, og *Dánaróð Hildibrands* í *Ásmundar sögu kappabana*. Þessi kvæði eru kveðin á dauðastund. Hetjurnar líta yfir líf sitt og minnast hetjudáða sinna. Þau eru hvorki grátar né upptalning harma eins og kvæði kvennanna. Harmur karlanna felst í *dauðanum*, því eina sem þeir hafa ekki vald yfir. Harmur kvennanna felst hins vegar í *lifinu*, sem þær fá engu ráðið um.

Grátar er líkamsmál, sem tekur við þegar orðunum sleppir. Hann sprettur af valdaleysi, vonbrigðum, reiði og sorg kvenna sem hafa verið sviknar eða yfirgefnar. Í *Snorra-Eddu* er ástargyðjan Freyja kölluð „hið grátfagra goð“ (152), og til skýringar segir Snorri ævisögu hennar í hnottskurn: „hún giftist þeim manni, er Óður heitir; [...] Óður fór í braut langar leiðir, en Freyja grætur eftir, en tár hennar er gull rauðt“ (55).<sup>13</sup> Í grátljóðum eddukvæða segja konur frá lífi sínu af miklum tilfinningahita, oftast trega eða reiði. Þau eru sjálfsævisöguleg og einkennast af hugflæði, endurtekningum og minningum, þar sem grátarinn blandast særingum, hvatningum, ásökunum og bölvunum. Í grátnum er mikil reiði yfir hlutskipti kvenna í hernaðarsamfélagi karla sem þær harma. Hann felur því í sér uppreisnarafl sem er samféluginu hættulegt og það reynir að bæla.<sup>14</sup> Smám saman tekst því líka að þagga grátinn niður.

Á sama hátt og mansöngurinn, hverfur hann sem skáldskapar-tegund, um leið og hann dreifist og blandast í kvæðum karla.

### Margar raddir

Hetjukvæðin byggja að miklu leyti á gömlum germönskum sögnum, þar sem kvenhetjurnar eru Guðrún Gjúkadóttir og Brynhildur Buðladóttir. Báðar elskar þær Sigurð Fáfnisbana, og báðar gráta þær hann. Bræður gegna miklu hlutverki í þessum sögnum, sem og bandalög karla. Bróðir Guðrúnar er Gunnar, bróðir Brynhildar er Atli. Atburðurinn sem hleypir öllu af stað eru svik karlanna við Brynhildi. Dulbúinn sem Gunnar ríður Sigurður vafurlogann um sal hennar, en hún hafði heitið því að giftast þeim manni einum sem það gæti. Brynhildur giftist Gunnari, og Guðrún fær Sigurð. Þegar Brynhildur kemst að svikunum fær hún Gunnar til að drepa Sigurð. Sjálf sviptir hún sig lífi, en Guðrún er gift Atla, mjög á móti vilja sínum. Atli lætur drepa bræður hennar. Hún drepar Atla. Í lokin stendur hún ein eftir.

Hetjukvæðin sem heild eru margradda og flæðandi texti. Sömu atburðirnir koma fyrir aftur og aftur í hinum ýmsu kvæðum þar sem þeir eru sýndir frá mismunandi sjónarhornum. Kvæðin eru langt frá því að vera samhljóða í frásögnum sínum. Munnleg skáldskaparhefð rúmar margar gerðir og raddir. Tilraunir bókmennastofnunarinnar til að flokka og koma í kerfi munnlegum einkennum kvæðanna ganga hins vegar í allt aðra átt. Titlarnir sem skrifararnir, eða textafræðingarnir, hafa gefið kvæðunum eru hver öðrum líkir, og að auki hafa sum þeirra verið tölusett, og þar með gefið í skyn að fundin hafi verið rökrétt og tímaleg röð þeirra.

Eins og önnur eddukvæði hafa grátljóð hetjukvæðanna varðveisit í meira eða minna skölluðu formi og borist eftir mörgum farvegum ríkjandi ritmenningar með tilhneigingu hennar til að þagga niður raddir kvenna. Í sumum hetjukvæðanna ber tregróf kvenna uppi heilt kvæði, svo sem í *Guðrúnarkviðu fornu*, *Guðrúnarkviðu*

## Máttugar meyjar

fyrstu og *Oddrúnargráti*. Í öðrum, eins og *Guðrúnarhvöt*, *Helreið Brynhildar* og *Helgakviðu Hundingsbana II* kemur tregrófið fram í einstaka erindum, og í enn öðrum má sjá það í brotum.

### Guðrúnarkviða forna

Í *Guðrúnarkviðu fornu* (eða *Guðrúnarkviðu II*) rifjar Guðrún upp líf sitt frá því hún er mær heima hjá móður sinni þar til hún er gift Atla, og er hún stödd í höll hans þegar hún kveður kvæðið:

„Mær var eg meyja,  
– móðir mig fæddi, –  
björt í búri.“ (1. er.)

Sorgin kemur inn í líf hennar með hjónabandinu, þegar faðir hennar „reifar hana gulli“ og gefur Sigurði sem bræður hennar drepa. Hvötin að tregrófinu er minningin um Sigurð. Hún ber hann saman við bræður sína og hefur hann hátt yfir þá í sterkum og breytilegum náttúrumyndum. Það er eins og hún sé að reyna að skilgreina hann:

„Svo var Sigurður  
of sonum Gjúka  
sem væri grænn laukur  
úr grasi vaxinn  
eða hjörtur hábeinn  
um hvössum dýrum  
eða gull glóðrautti  
af gráu silfri.“ (2. er.)

Petta er útópísk lýsing á karlmanni, draumsýn, sem er algeng í tregrófum kvenna. Karlmaðurinn sem konan elskar er ekki eins og aðrir karlar, hann er utan samfélagsins, hluti náttúrunnar. Þegar

## *Eddukvæði*

kvæðið er kveðið er hann alltaf dáinn, og þannig er hann aðeins til í huga konunnar, sem draumur eða minning.

Sá eini sem tekur þátt í sorg Guðrúnar er hesturinn Grani. Hann skilur grát hennar og þar sem hann ræður ekki yfir tungumáli svarar hann á líkamsmáli:

„Gekk eg grátandi  
við Grana ræða,  
úrughlýra  
jó frá eg spjalla.  
Hnipnaði Grani þá,  
drap í gras höfði,  
jór það vissi:  
eigendur né lifðu-t.“ ( 5. er.)

Í þessu erindi minnist Guðrún síns eigin gráts, hún er „úrughlýra“, þ.e. með társvota vanga, og þannig kemur upp grátur í grátnum. Pennan sama tvöfalda grát má sjá annars staðar í kvæðinu þar sem Guðrún segir frá gráti móður sinnar. Guðrún bölvar bræðrum sínum, og móðir hennar bregst við með gráti: „Grátandi Grímhildur / greip við orði / er burum sínum / bölva vænti“ (32. er.). Tíminn í frásögninni er sérkennilegur. Hann er hringlaga, fremur en línuréttur. Grímhildur grætur fyrirfram eins og synir hennar séu þegar dánir. Pannig renna framtíð og fortíð oft saman í hetjukvæðunum.

Pegar Guðrún hefur fengið það staðfest hjá bræðrum sínum að þeir hafi drepið Sigurð fer hún burt frá tali þeirra, eða „andspilli“, og út í skóg að leita að leifunum af líki hans: „‘Hvarf eg ein þaðan / andspilli frá / á við lesa / varga leifar“ (11. er.). Lýsingin á Guðrúnu í skóginum er mjög grótesk og full af óhugnaði, en slíkar lýsingar koma oft fyrir í tregrófum kvenna. Hún situr ein í niðdimmri nöttinni við limlest lík Sigurðar, lengst úti í villtri náttúrunni, umkringd úlfum. En hér grætur hún ekki: „‘gerðig-a eg hjúfra / né höndum slá / né kveina um / sem konur aðrar“ (11. er.). Gráturinn tilheyrir samféluginu og kvenhlutverkinu.

## *Máttugar meyar*

Guðrún fer ekki aftur til þess samfélags sem hún yfиргaf. Eftir fimm daga flótta um fjöll og firnindi kemur hún til annars samfélags, til Þóru í Danmörku. Saman sauma þær á borda myndir af fjarlægum löndum og hetjudáðum karla: „Höfðum við á skriftum, / það er skatar léku / og á hannyrðum / hilmis þegna“ (15. er.). Hér sem víðar í lýsingum á hannyrðum kvenna kemur fram tvöfalt sjónarhorn sem sýnir í two heima samtímis: heim karlanna sem eru úti að berjast, og kvennanna sem sitja inni og halda uppi orðstír þeirra með því að gera af þeim myndir. Í kvennalandinu hjá Þóru dylst Guðrún í sjö misseri þar til móðir hennar kemst að því hvar hún er og kemur að sækja hana. Móðirin gengur erinda karlveldisins og vill að Guðrún giftist Atla, bróður Brynhildar. Guðrún neitar:

„Vilk eigi eg  
með veri ganga  
né Brynhildar  
bróður eiga.  
Samir eigi mér  
við son Buðla  
ætt að auka  
né una lífi.“ (27. er.)

Móðirin mútar henni með löndum, gulli og skartgripum, en allt kemur fyrir ekki. Sennan milli móður og dóttur minnir á sennuna milli Skírnis og Gerðar í *Skírnismálum*, en móðirin hefur ekkert sverð að hóta með. Þess í stað grípur hún til hins kvenlega valdatækis, drykkjarins. Hún blandar drykk sem fær Guðrúnu til að gleyma, og það endar með að hún gefst upp: „Þann mun eg kjósa / af konungum / og þó af niðjum / nauðig hafa“ (34. er.). Nauðungargifting sem þessi kemur oftar fyrir bæði í eddukvæðum og fornaldarsögum, og leiðir oftast til dauða eiginmannsins.<sup>15</sup>

## Niðurþöggun kvenraddarinnar

Í endursögn *Völsunga sögu* á *Guðrúnarkviðu fornu* má sjá athyglisverða breytingu á sjónarhorni sem þaggar niður í kvenrödd kvæðisins. Upphof kvæðis og sögu er það sama. Guðrún minnist Sigurðar og harmar dauða hans. Í kvæðinu gerist þetta eftir að Guðrún er gift Atla og býr í höll hans. Kvæðið er eintal Guðrúnar og endurminning, og það lýsir hugarástandi hennar og innra lífi. Sjónarhorn kvæðisins er margbreytilegt og færist milli mismunandi tímasviða. Í sögunni er tregróf Guðrúnar hins vegar endursagt eins og það komi í beinu framhaldi af dauða Sigurðar, en ekki mörgum árum síðar. Í sögunni segir hún frá lífi sínu í prósa, en frásögn hennar tekur einungis til þeirra atburða sem lýst er í fyrsta hluta kvæðisins, áður en hún flýr samfélagið. Eftir það heldur sagan áfram sem línurétt og raunsæ þriðju persónu frásögn. Kvenrödd kvæðisins er horfin, ásamt endurminningunum og fantasíunni sem henni fylgdi. Þessi skipti frá huglægni til hlutlægni, frá fantasíu til raunsæis koma skýrt fram í meðferð sögunnar á samtali Guðrúnar við hestinn. Í kvæðinu er eins og ekkert sé eðlilegra: „Gekk eg grátandi / við Grana ræða [...] jó frá eg spjalla“, en í sögunni er hún látin bæta við raunsæslegrí skýringu atburðarins, myndhverfing verður að líkingu: „Síðan ræddi eg við hann sem við mann“ (195). Grátur kvæðisins er einnig horfinn í sögunni. Eftir atvikið með hestinn fer frásögnin algjörlega yfir í þriðju persónu og hlutlægan raunsæsstíl. Skiptin verða á því augnabliki sem Guðrún yfirgefur samfélagið og hverfur á skóga: „Síðan hvarf Guðrún á brott á skóga og heyrði alla vega frá sér varga þyt og þótti þá blíðara að deyja“ (195). Parna hverfur hún sem mælandi og endurlit hennar umbreytist í epískra frásögn. Nokkru seinna vitnar sagan orðrétt í tvö og hálf erindi úr kvæðinu. Þau er hins vegar ekki lögð Guðrúnu í munn, heldur kynnt með orðasamböndunum „sem kveðið er“ og „sem hér segir“ (196). Þannig þurrkar sagan konuna út sem sögumann, þaggar niður rödd hennar og gerir að ópersónulegum almannarómi.

## Valda megir Gjúka

*Guðrúnarkviða fyrsta* hefst á vísun í *Guðrúnarkviðu fornu*, orð Guðrúnar um að hún hafi ekki grátið þegar hún sat yfir Sigurði dauðum úti í skógi: „gerðig-a eg hjúfra / né höndum slá / né kveina um / sem konur aðrar“ (11. er.). Þessar línur eru uppsprettan að *Guðrúnarkviðu fyrstu*, en sjónarhornið er annað, þar sem orð Guðrúnar verða að atburði sem séður er að utan: „gerði-t hún hjúfra / né höndum slá, / né kveina um / sem konur aðrar“ (1. er.). Andstætt víðum sjóndeildarhring *Guðrúnarkviðu fornu* gerist þetta kvæði á afmörkuðu svæði, inni í herbergi. Guðrún situr við lík Sigurðar umkringd konum og getur ekki grátið. En það er vandamál sem þarf að leysa. Guðrún á að gráta. Vitrustu menn, „jarlar alsnotrir“ (2. er.) reyna að mykja „harðan hug“ hennar með orðum, og konur, „ítrar jarla brúðir“ (3. er.) sem hjá henni sitja með tregrófi: „Hver sagði þeirra / sinn oftrega / þann er bitrastan / um beðið hafði“ (3. er.). Við líkbörurnar kemur upp eins konar mannjöfnuður kvenna í hörmum. „Mig veit eg á moldu / munarlausasta“ (4. er.) segir föðursystir Guðrúnar, og telur upp allt sem hún hefur misst: fimm eiginmenn, tvær dætur, þrjár systur og átta bræður. Hún lýkur tregrófi sínu með því að undrast að hún skuli lifa sjálf, en það er klifun sem oft heyrir tregrófi til. „Hefi eg harðara / harm að segja“ (6. er.) segir Herborg, drottning Húnalands, og upphefur langar harmatölur. Hún missti mann og sjö syni í bardaga, föður, móður og fjóra bræður í sjó, og gróf þau ein. Sjálf var hún tekin til fanga, elskuð af húsbóna sínum en hötuð af húsfreyju: „Hún ægði mér / af afbrýði / og hördum mig / höggum keyrði“ (10. er.). Í þessu má sjá Melkorku-minnið, konuna sem ambátt, og einnig sem keppinaut um hylli valdsins. „Peygi Guðrún / gráta mátti“ hljómar sem stef eftir þessar tilraunir. Hvorki orð né tregróf duga, eins og systir hennar bendir á, þegar hún stöðvar harmatölur Herborgar: „Fá kanntu, fóstra / þótt þú fróð sér, / ungu vífi / andspjöll bera“ (12. er.). Pað þýðir ekkert að tala. Systirin grípur til líkamsmáls, sviptir blæjunni af Sigurði og skipar Guðrúnú

## *Eddukvæði*

að horfa á hann og kyssa eins og hann væri lifandi og heill. Þegar Guðrún sér limlest líkið er henni nóg boðið. Hár Sigurðar er blóðugt, augun brostin og brjóstið sundurskorið. Hún hnígur niður, hárið losnar og tárin flæða gegnum það: „Pá grét Guðrún / Gjúka dóttir, / svo að tár flugu / tresk í gegnum“ (16. er.). Um leið losnar um tungumálið og hún byrjar að tala. Hún grætur fram harma sína. Erindin sem fylgja eru grátur.

Hvötin að grátnum er sem fyrr minningin um hinn elskaðamann, sem lýst er í náttúrumyndum og sem er hátt yfir aðra karlmenn hafinn. Tregrófið er blandað ásökunum sem við endurtekninguna verða að særingum:

„Sakna eg í sessi  
og í sæingu  
míns málvinar,  
valda megor Gjúka;  
valda megor Gjúka  
mínu bólvi  
og systur sinnar  
sárum gráti.“ (20. er.)

Í gráti Guðrúnar er mikil reiði og ásakanir á hendur körlum. Þannig gegnir gráturinn mörgum og þversagnarkenndum hlutverkum. Um leið og hann er kvenlegt tjáningarform valdaleysis og sorgar, felur hann í sér hótanir og særingar. Brynhildur sem heyrir grát Guðrúnar bólvar systur hennar „er þig, Guðrún, / gráts um beiddi / og þér í morgun / málrunar gaf“ (23. er.). Með þessu tengir Brynhildur tungumál, grát og galdra. Í eftirmála kvæðisins er sagt að Guðrún „gekk þaðan á braut til skógar á eyðimerkur“ (368), en Brynhildur, sem vill ekki lifa eftir Sigurð, leggur sig sverði til bana. Möguleikar kvenna eru útlegðin eða dauðinn.

## Mörg ill sköp

*Oddrúnargrátur* gerist einnig í vistarverum kvenna. Í *Guðrúnarkviðu fyrstu* grætur Guðrún við líkbörur, hér situr grátandi konan við rekkju fæðandi konu. Í upphafi kvæðisins kemur greinilega fram munnleg geymd þess. Einhver „ég“ kemur fram, sviðsetur sig sem sögumann og segir að sagan sé gömul: „Heyrða eg segja / í sögum fornum, / hve mær um kom / til Mornalands“ (1. er.). Sagan hefst svo á því að Oddrún kemur langt að til þess að hjálpa vinkonu sinni Borgnýju í barnsnað. Hún spyr hver eigi sök á sóttum hennar. Ambátt nefnir barnsföðurinn og ætlar að fara að segja Oddnýju frá ástum Borgnýjar sem voru bannaðar og hún leyndi föður sinn. Hér grípur sögumaður fram í, þaggar niður í ambáttinni og eyðir samtali þeirra: „Þær hygg eg mæltu / þvígit fleira“ (7. er.), þ.e. þær sögðu víst ekkert fleira sem í frásögur er færandi. Oddrún sest „fyr kné meyju“ (7. er.) og byrjar lækningar sínar: „ríkt gól Oddrún, / rammt gól Oddrún, / bitra galdra / að Borgnýju“ (7. er.). Hún kann hina réttu galdra, og þeir hjálpa.<sup>16</sup> Borgný fæðir, og það er tvíkynja veröld sem fæðist, tvíburar, „mær og mögur“ (8. er.).

Borgný getur ekki talað fyrr en hún hefur fætt: „það nam að mæla / mær fjörsjúka, / svo að hún ekki kvað / orð ið fyrra“ (8. er.). Hún þakkar Oddrúnu fyrir að hafa fellt sér „fár af höndum“ (9. er.) og biður að „hollar vættir / Frigg og Freyja“ (9. er.) megi hjálpa henni. Hér skiptir kvæðið yfir í eintal Oddrúnar og grát:

Pá nam að setjast  
sorgmóð kona  
að telja böл  
af trega stórum. (13. er.)

Við rekkju sængurkonunnar og nýfæddra tvíburanna rifjar Oddrún upp ævi sína. Grátandi lýsir hún skilyrðum ástarinnar í karlasamfélagit. Ástin er bönnuð. Eins og Borgný og Brynhildur hefur Oddrún orðið að elска á laun. Pegar bróðir hennar Atli kemst

### *Eddukvæði*

að ástum hennar og Gunnars lætur hann drepa Gunnar. Í lok grátsins undrast Oddrún að hún skuli hafa lifað þetta af: „‘Oft undrumk það / hví eg eftir mák, / linnvengis Bil, / lífi halda’“ (33. er.). Í síðasta erindi kvæðisins samsamar sögumaður sig svo Oddrúnu, að tal hans til áheyrenda rennur saman við trúnaðarmál Oddrúnar til vinkonu sinnar: „‘Sastu og hlýddir / meðan eg sagðag þér / mörg ill um sköp / míni og þeirra; / maður hver lifir / að munum sínum, / nú er um genginn / grátur Oddrúnar’“ (34. er.).

### Kostum drepur kvenna

*Atlakviða* fjallar um hefnd Guðrúnar á Atla sem hefur látið drepa bræður hennar. Kvæðið fer fram í þriðju persónu frásögn og samtölum milli fleiri persóna. Grátur er hér mikilvægt minni, og er hann sýndur sem andstæða jafnt sem hliðstæða uppreisnar og hefndar. Í öllum þeim hörmungum sem kvæðið lýsir er tekið fram að Guðrún „varnaði við tárum“ (30. er.). Hún grætur ekki, heldur aðhefst.<sup>17</sup> Hún drepur unga syni sína sem hún hefur eignast með Atla, og gefur Atla hjörtru þeirra að eta. Enn er tekið fram að hún gráti ekki, þótt allir aðrir gráti:

Ymur varð á bekkjum,  
afkár söngur virða,  
gnýr und guðvefjum,  
grétu börn Húna,  
nema ein Guðrún,  
er hún æva grét  
bræður sína berharða  
og buri svása,  
unga, ófróða,  
þá er hún við Atla gat. (40. er.)

Síðan drepur hún Atla með sverði eftir að hafa „afvopnað“ hann og gert óvirkan með drykk: „Óvar Atli / óðan hafði hann sig drukkið, /

## Máttugar meyjar

vopn hafði hann ekki, / varnaði-t hann við Guðrúnu“ (42. er.). Hún brennir höllina og hirðina með, og er því lýst með heimsendismynd sem minnir á lýsingu *Völuspár* þegar öll veröldin brennur: „forn timbur fíllu, / fjarghús ruku, / bær Buðlunga“ (44. er.). Athöfn Guðrúnar er táknræn. Með henni eyðileggur hún allt byggingarverk karlanna og sópar samféluginu burt af yfirborði jarðar. Í lokin lýsir sögumaður aðdáun sinni á Guðrúnu sem varð þremur konungum að bana: „Hún hefir þriggja / þjóðkonunga / banorð borið / björt, áður sylti“ (45. er.).

*Atlamál* fjalla um sömu atburði og *Atlakviða*, en í meiri smáatriðum og frá eindregnara kvennasjónarhorni. Myndmálið er mjög gróteskt og mikið er um hversdagslýsingar, t.a.m. á störfum og umhverfi kvenna. Þegar bræðurnir koma til Atla mágs sín reynir Guðrún fyrst að sætta þá. Þegar það tekst ekki berst hún með bræðrunum á móti manni sínum, þar sem hún kastar af sér kvenhlutverkinu í stórkostlegri mynd:

hlaðin hálsmenjum,  
hreytti hún þeim gervöllum,  
slöngdi svo silfri,  
að í sundur hrutu baugar. (46. er.)

Bein gagnrýni á karlveldið kemur síðan fram í orðum hennar í síðustu sennunni við Atla, þegar hún gefur upp ástæðuna fyrir grimmdarlegum verknaði sínum og segir:

„Kostum drepur kvenna  
karla ofríki.“ (73. er)

Drápi sonanna og matargerðinni er hér lýst af algerum óhugnaði. Guðrún sker þá á háls eftir að hafa talað við þá og sagt þeim hvað hún ætlar að gera: „Lokkaði hún litla / og lagði við stokki / [...] fóru í faðm móður, / fréttu, hvað þá skyldi“ (77. er.). Hún steikir hjörtu þeirra á teini og blandar blóði þeirra í drykk föðurins. Hún

afbeinar þá og ber Atla blóðiblandinn drykkinn í hausum þeirra. Konan ræður matargerð og borðhaldi, og hún ræður einnig yfir því holdi sem hún hefur framleitt. Drápið er slátrun. Guðrún sker synina á háls eins og kvíkfé og gerir að þeim í eldhúsinu. Með þessu sýnir hún kvenlegt vald sitt. Með því að drepa syni Atla stöðvar hún arftaka hans, framhald karlveldisins.<sup>18</sup>

### Vant er stafs vífi

Í *Atlamálum* koma fyrir merkileg samskipti kvenna í rúnum. Guðrún varar bræður sína, Höagna og Gunnar, við Atla með því að rista rúnir og senda þeim. Þetta kallast á við inngang *Guðrúnarkviðu fornu*, þar sem segir að Guðrún hafi sent þeim „með rúnum orð“ (394). Í *Atlakviðu* er hins vegar ekkert sagt frá rúnunum. Þar kann Guðrún ekki að skrifa, en sendir bræðrum sínum í staðinn orðlaust tákni sem viðvörun, hring vafinn úlfahári. Í *Atlamálum* villir einn af mönnum Atla rúnirnar fyrir Guðrúnu, svo að þær breyta um merkingu. Hann skefur upp skrift konunnar og breytir henni. Þannig kemur hann fram sem ritskoðari valdsins. Kostbera, kona Höagna, „kunni... skil rúna“ (9. er.) og trúir ekki þeirri merkingu sem þær gefa á yfirborðinu. Hún undrast „hvað þá varð vitri / er skyldi villt rísta [...] vant er stafs vífi / eða valda aðrir“ (12. er.) Rúnir eru hér tákni milli kvenna sem einungis þær skilja. Um kvöldið þegar þau hjónin hafa búið um og eru háttuð ber hún rúnirnar upp við ljós: „innti orðstafi / að eldi ljósum“ (9. er.), og reynast þær „svo villtar / að var vant að ráða“ (9. er.). Um morguninn hefur hún ráðið þær og ber skilaboð Guðrúnar til manns síns: „réð eg þær rúnar, / er reist þín systir, / björt hefir þér eigi / boðið í sinn þetta“ (11. er.). Hann ansar þessu engu og kýs að trúa karlmanninum Atla fremur en systur sinni og konu. Það verður bæði honum og Gunnari að bana.

## Grátur og hvöt

*Guðrúnarhvöt* byrjar sem hvöt en flæðir út í grát.<sup>19</sup> Í inngangi kvæðisins segir að Guðrún hafi gengið til sævar þegar hún haði drepið Atla. „Gekk hún út á sæinn og vildi fara sér,“ en „mátti eigi sökkva“ (464). Hana rekur yfir fjörðinn til annars lands þar sem konungurinn fær hennar. Kvæðin um Guðrúnu sýna vel hvernig konan fer úr einu landinu í annað, til þess eins að finna þar nýtt karlveldi. Í upphafi kvæðisins kemur sögumaður fram í fyrstu persónu og segir frá því sem hann hefur heyrt:

„Þá frá eg sennu  
slíðurfenglegsta,  
trauð mál, talin  
af trega stórum.“ (1. er.)

Frásögnin er hér skilgreind sem margradda, hún er „senna“, „trauð mál“ og „tregi“, reiði, þögn og grátur í senn. Í lokaerindinu snýr kvæðið sér jafnt til karla sem kvenna: „Jörlum öllum / óðal batni, / snótum öllum / sorg að minni, / að þetta tregróf / um talið væri“ (21. er.).

Kvæðið er sjálfsævisaga Guðrúnar. Það segir frá mörgu því sama og *Hamðismál*, en frá öðru sjónarhorni. Bæði kvæðin byrja á því að Guðrún hvetur syni sína til að hefna dótturinnar Svanhildar sem eiginmaður hennar létt drepa með því að troða undir hestahófum.<sup>20</sup> Í *Hamðismálum* notar Guðrún grátinn sem hvöt. Synirnir fara af stað og frásögnin fylgir þeim. Í *Guðrúnarhvöt* verður frásögnin hins vegar eftir hjá Guðrúnu, sem eftir að hafa sent syni sína í dauðann, sest grátandi við dyrnar og hefur upp tregróf sitt:

Guðrún grátandi,  
Gjúka dóttir,  
gekk hún treglega  
á tái sitja

og að telja  
táruhlýra  
móðug spjöll  
á margan veg. (9. er.)

Hún telur upp allar sorgir sínar og ber þær saman. Minnir þetta á mannjöfnuð kvennanna í *Guðrúnarkviðu fyrstu*. Grimmasti harmurinn er þegar ormarnir slitu hjarta Gunnars, sá hvassasti þegar hjarta Högna var skorið úr brjósti hans, sá sárásti þegar Sigurður var drepinn í sæng hennar, og sá harðasti þegar „þann inn hvíta / hadd Svanhildar, / auri tröddu / und jóa fótum“ (16. er.). Harmana telur hún upp í átta erindum, en þegar hún ætlar að halda áfram í því níunda, er sem skrifaranum hafi verið nóg boðið. „Fjöld man eg bólva“ (18. er.) er það eina sem hann hefur skrifað af erindinu.<sup>21</sup> Í fræðilegum útgáfum kvæðisins er eyðan sýnd með röð punkta eða strika. Í öðrum útgáfum er erindinu oftast sleppt. Það er ómögulegt að vita hve mörg erindi vantar í handritið, en í næsta skrifaða erindi hefur skipt um svið. Þar er Guðrún farin að tala við Sigurð dauðan sem er kominn til að sækja hana, og hún býr sig undir að ganga með honum á bálið: „‘megi brenna brjóst / bólvafullt eldur, / þrungið um hjarta / þiðni sorgir“ (20. er.). Einnig hér er eldurinn hið hreinsandi afl.

### Skal enginn maður angurljóð kveða

*Helga kviða Hundingsbana II* (eða *Völsungakviða forna*) segir frá valkyrjunni Sigrúnu og ást hennar á Helga Hundingsbana. Kvæðið er að miklu leyti ræða hennar, endurminningar, særingar, tregróf og grátur. Faðir hennar ætlar að neyða hana til að giftast konungi sem hún vill ekki. Helgi drepur bæði föðurinn og vonbiðilinn í bardaga. Bróðir Sigrúnar drepur síðan Helga í hefndarskyni. Þegar hann tilkynnir henni dauða Helga segist hann hafa „nauðigur / nifti grætta“ (30. er.). Hún bölvar honum í þulu, sem einkennist af neitunum og skilyrðistengingum:

## *Máttugar meyjar*

„Skríði-at það skip,  
er und þér skríði,  
þótt óskabyr  
eftir leggist;  
renni-a sá mar,  
er und þér renni,  
þótt þú fjendur þína  
forðast eигir.

Bíti- a þér það sverð,  
er þú bregðir,  
nema sjálfum þér  
syngvi um höfði.  
Þá væri þér hefnt  
Helga dauða,  
ef þú værir vargur  
á viðum úti  
auðs andvani  
og alls gamans,  
hefðir eigi mat,  
nema á hræjum spryngir.“ (32. – 33. er.)

Með særingum sínum gerir hún hann valdalausan og að dýri. Hann reynir að koma fyrir hana vitinu. „Ær ertu, systir, / og örvida“ (34. er.) segir hann með klifun sem er oft notuð um konur í eddukvæðum. Hann frábiður sér sökina og kennir æðsta guðinum:

„Einn veldur Óðinn  
öllu bölv.“ (34. er.)

Særingar systurinnar breytast í grát: „Sitk-a eg svo sæl / að Sefafjöllum, / ár né um nætur / að eg una lífi“ (36. er.). Gráturinn hefur að geyma draumsýnina um karlmanninn sem konan elskar, og er erindið eitt af þeim sem oftast er vitnað í af hetjukvæðum:<sup>22</sup>

„Svo bar Helgi  
af hildingum  
sem íturskapaður  
askur af þyrni  
eða sá dýrkálfur,  
döggu slunginn,  
er efri fer  
öllum dýrum  
og horn glóa  
við himin sjálfan.“ (38. er.)

Meðan Sigrún grætur er Helgi með Óðni í Valhöll og gerist þar svo valdamikill að Óðinn býður „honum öllu að ráða með sér“ (294). Helgi þiggur ekki grát Sigrúnar og þaggar hann niður. Hann birtist ambátt hennar sem segir það Sigrúnu. Hún gengur í hauginn til hans og liggur mikið á að faðma hann: „Fyrr vil eg kyssa / konung ólifðan / en þú blóðugri / brynu kastir“ (44. er.). Lýsingin á blóðugum og köldum líkama hans er hliðstæð lýsingunni á Sigurði dauðum í *Guðrúnarkviðu fyrstu*, og í báðum kvæðunum er sjónarhornið kvennanna. Hár hans er „hélu þrungið“, líkaminn „valdögg sleginn“, hendurnar „úrsvalar“ (44. er.), og Sigrún spyr hvað hún geti gert til að bæta þetta. Helgi svarar með ásökunum. Ástand hans er gráti hennar að kenna:

„Ein veldur þú, Sigrún  
frá Sefafjöllum,  
er Helgi er  
harmdögg sleginn;  
grætur þú, gullvarin,  
grimmum tárum,  
sólbjört, suðræn,  
áður þú sofa gangir.  
Hvert fellur blóðugt  
á brjóst grami,

### *Máttugar meyjar*

úrsvalt, innfjálgt,  
ekka þrungið.“ (45. er.)

Tár hennar verða að blóði hans. Fyrir honum eru tregróf og grátur eitt og hið sama, og hann bannar henni að kveða/gráta:

„skal engi maður  
angurljóð kveða,  
þótt mér á brjósti  
benjar líti.“ (46. er.)

Þetta er hámark karlmennskunnar. Hún grætur hann frá dauðum, og það vill hann ekki. Hún býr honum hvílu „angurlausa mjög“ (47. er.) og sefur þar hjá honum um nóttina. Við sólarupprás yfirgefur hann hana og flýtir sér til Valhallar áður en einherjar vakna. Hún bíður hans næsta kvöld, en hann kemur ekki aftur. Hann bæði yfirgefur hana og þaggar niður í henni. Hún sem fyrr var valkyrja deyr „af harmi og trega“ (299), meðan hann er með Óðni í Valhöll að berjast þar að eilífu.<sup>23</sup>

# IV MÁTTUGAR MEYJAR

## Vinnusöngurinn

*Grottasöngur* er eini vinnusöngurinn sem varðveist hefur meðal eddukvæða. Í rammafrásögn kvæðisins segir frá því að danski konungurinn Fróði, sem var „allra konunga ríkastur á Norðurlöndum“ (514), hafi keypt tvær ambáttir, sem hétu Fenja og Menja. „Þær voru miklar og sterkar“ (514). Pessar konur hefur hann til að draga kvörnina Grotta, sem „enginn var svo sterkur, að dregið gæti“ (514). Í fyrstu mala þær konunginum gull og frið og sælu. En þegar hann ann þeim hvorki hvíldar né svefn gera þær uppreisn, og „er sagt, að þær kvæði ljóð þau, er kallað er *Grottasöngur*.“ (514). Áður en þær hafa lokið kvæðinu hafa þær kveðið/malað óvinaher að konunginum sem tortímist ásamt ríki sínu.

*Grottasöngur* er frekar kvæði um vinnusöng en vinnusöngur í sjálfu sér. Það er einnig kvæði um harðstjórni karlveldis og uppreisn kvenna. Myndmál kvæðisins byggir mjög á andstæðum milli karlsins sem stjórnar og kvennanna í ánauð. Pessar andstæður koma þegar fram í upphafserindinu þar sem tröllkonurnar eru leiddar fram á sviðið: „Nú eru komnar / til konungs húsa [...] máttkar meyjar / að mani hafðar“ (1. er.).

Mikill hluti kvæðisins felst í einhliða tali ambáttanna við harðstjórann sem þær ógna með sefjandi söng sínum um fornar sögur: „vaki þú, Fróði, / vaki þú, Fróði, / ef þú hlýða vill / söngvum okkrum / og sögum fornum“ (18. er.). Ambáttirnar syngja ýmist saman eða til skiptis á meðan þær draga kvörnina:

Sungu og slungu  
snúðga-steini. (4. er.)

## *Máttugar meyjar*

Hrynjandi vinnusöngsins hljómar í kvæðinu eins og særing: „Leggjum lúðra, / léttum steinum“ (3. er.). Tröllkonurnar eru „framvíasar“ (1. er.), og eins og völvan í *Völuspá* leggja þær mikla áherslu á þekkingu sína og visku, en einnig samheldni: „vitum báðar það“ (22. er.) Vinnusöngur þeirra er með sjálfsævisögulegu ívafi. Þær minnast bernsku sinnar og fyrri ævi. Eins og völvan hafa þær alist upp „fyr jörð neðan“ (11. er.), og eru þannig sprottnar úr náttúrunni. Þær hafa einnig verið valkyrjur og tekið þátt í bardögum. Í samféluginu eru þær ambáttir og vinnukraftur sem ríkið hvílir á. Þær er líkamleg vanlíðan, þrældómur, vosbúð, dapurpleiki og kului, og minningarnar verða að tregrófi:

„Nú erum komnar  
til konungs húsa  
miskunnlausar  
og að mani hafðar;  
aur etur iljar,  
en ofan kului,  
drögum dólgs sjötul,  
dapurt er að Fróða.“ (16. er.)

Þær gera uppreisn og taka kvörnina á sitt vald: „Mólu meyjar, / megin kostuðu, / voru ungar, / í jötunmóði“ (23. er.). Kvörnin brestur, konungurinn ferst og með honum allt konungsríkið. Kvæðinu lýkur með írónískri athugasemd tröllkvennanna, þar sem þær ávarpa konunginn: „‘Malið höfum Fróði, / sem munum hætta, / hafa fullstaðið / fljóð að meldri’“ (24. er.).

Hér lýkur kvæðinu en sagan heldur áfram. Það kemur nefnilega upp nýtt karlveldi, með sömu kúgun á máttugum meyjum. Sækonungurinn Mýsingur tekur kvörnina ásamt Fenju og Menju með sér út á skip og lætur þær mala þar salt. Þær mala og mala, og sem fyrr sést konungurinn ekki fyrir:

Og að miðri nótt spurðu þær, ef eigi leiddist Mýsingi salt.  
Hann bað þær mala lengur. Þær mólu litla hríð, áður niður

sukku skipin, og var þar eftir svelgur í hafinu, er særinn fellur í kvernaugað. (515)

Petta er heimsendismynd sem minnir á lok *Völuspár*, þegar völvan sekkur fyrir hinum dimma dreka, þagnar og hverfur. En hér er engin framtíðarsýn. Skipið er táknumynd samfélagsins úti í villtri náttúrunni. Pað sekkur og konurnar með. Ekkert kemur upp aftur, frekar en steinninn og Brák úr bylgjunum í *Egilssögu*. En verksummerkin sjást, tómur sogandi svelgur í hafinu.

Grottasöngur hefur ekki verið tekinn upp í *Konungsbók*, og hefur aðeins varðveisist í *Snorra-Eddu*. Varðveisla kvæðisins er því mjög tæp, eins og flestra annarra eddukvæða, og tekur Snorri kvæðið með í bók sína til að útskýra fyrir ungum skáldum af hverju gull er í kenningum kallað mjöl Fróða.

## Vindum, vindum

Til eddukvæða heyra fjölmörg kvæði og kvæðabrot sem varðveisit hafa í sögum án þess að þau hafi verið tekin upp í *Konungsbók*.<sup>1</sup> Mörg þeirra eru lögð í munn kvenna og einkennast af líkamsmyndmáli, spám, óhugnaði og særingum, en „gráturinn“ sem kvæði er horfinn.

*Darraðarljóð*, sem varðveisit hafa í *Njáls sögu*, minna mjög á *Grottasöng*. Í báðum kvæðum syngja konur við vinnu sína meðan þær marka körlum örlög. Í *Grottasöng* syngja þær við kvörnina, í *Darraðarljóðum* við vefinn. „Dörruður“ merkir spjót, en í frásögninni sem fylgir ljóðinu er orðið túlkað sem karlmannsnafn. Segir sagan að maður að nafni Dörruður gangi út að morgni dags: „Hann sá, að menn riðu tólf saman til dyngju nokkurrar og hurfu þar allir“ (454). Hann gengur til dyngjunnar og sér inn um gluggann að þetta voru konur „og höfðu vef upp færðan“ (454). Pessi vefur er gerður úr vopnum og líkamshlutum manna: „Mannahöfuð voru fyrir kljána, en þarmar úr mönnum fyrir viftu og garn, sverð

## *Máttugar meyjar*

var fyrir skeið, en ör fyrir hrael“ (454). Heyrir Dörruður að konurnar kveða „vísur nokkrar“ (454). Vísurnar eru um orrustu. Kvæðið er sýn, og það er fullt af gróteskum óhugnaði. Konurnar kalla sig valkyrjur og með vefnum ráða þær hverjir falla í orrustunni:

„eiga valkyrjur  
vals of kosti.“ (6. er.)

Konurnar kveða ýmist í fyrstu persónu fleirtölu eða í þriðju persónu, en slík skipti milli ytri og innri sýnar, geranda og viðfangs, einkenna kvæði kvenna í íslenskum fornþókmenntum. Í fyrsta erindi skilgreina þær sig og vald sitt:

„Vítt er orpið  
fyrir valfalli  
rifs reiðiský,  
rignir blóði;  
nú er fyrir geirum  
grár upp kominn  
vefur verþjóðar,  
er þær vinur fylla  
rauðum vefti  
Randvés bana.“ (1. er.)

Við þennan óhugnanlega vef kveða valkyrjurnar vísur sínar, þar sem bardagi og blóð eru ofin í vinnu kvennanna. Þær vefa og kveða meðan orrustan stendur yfir. Hér er að finna enn eitt dæmið um tvöfalt sjónarhorn. Kvæðið lýsir tveimur heimum samtímis, heimi kvennanna við vefinn og karlanna í bardaganum. Hrynjandi kvæðisins er mjög hröð. Í henni er engin hvíld fremur en villtum bardaganum og ákafri vinnu kvennanna við vefinn. Þessi hraða vinnuhrynjandi kemur fram í stefinu:

„Vindum, vindum  
vef darraðar.“

## *Máttugar meyjar*

Eins og til að áréttu spá sína nefna valkyrjurnar sig með nafni: „Gengur Hildur vefa / og Hjörþrimul / Sanngríður, Svipul / sverðum tognum; / skaft mun gnesta, / skjöldur mun bresta [...]“ (3. er.). Vígvöllurinn sýnir ógn bardagans og eyðileggingu. Jörð og himinn litast blóði: „Nú er ógurlegt / um að litast, / er dreyrug sky / dregur með himni / mun loft litað / lýða blóði [...]“ (9. er.). Til samræmis við þessa heimsendissýn rífa valkyrjurnar vefinn í sundur þegar þær hafa kveðið kvæðið og bardaginn er á enda: „Nú er vefur ofinn, / en völlur roðinn“ (8. er.). Tekur hver með sér það sem hún heldur á. Dörruður gengur í burt frá glugganum og heim til sín, en valkyrjurnar stíga á hesta sína og ríða sex í suður, en sex í norður.

Konurnar kveða kvæði sitt í aflokuðum kvennaheimi, í dyngju, en til þess að það geti varðveist verður karlmaður að heyra það. Í lok kvæðisins ávarpa valkyrjurnar karlinn þar sem hann liggar á hleri og biðja hann að læra orð þeirra og flytja áfram:

„en hinn nemi,  
er heyrir á  
geirfljóða hljóð,  
og gumum segi!“ (10. er.)

Í bókmenntasögunni hefur kvæðið fengið nafn þess karls sem verður vitni að því og ber það frá dyngju kvennanna út í samfélagið. Í framsetningu sögunnar er karlmaðurinn Dörruður aðalpersónan í atburðinum. Hann verður fyrir vitrun um vitrun valkyrjanna. Pannig samlagast kvenröddin draumum karlanna og fantasíu, um leið og hún hverfur.

Karlinn sem liggar á hleri við dyngjuna og hlustar á orð kvennanna fyrir innan er táknumynd sem kemur fyrir á fleiri stöðum í Íslendingasögum. Það sem hann heyrir er oftast hættulegt slúður, óopinbert „villt“ tungumál, sem getur haft örlagaríkar, og oft banvænar afleiðingar, ef það er boríð út í samfélagið.<sup>2</sup>

## Úr hársíma gránu

Mesta skáldkona fornaldarsagna er Áslaug í *Ragnars sögu loðbrókar*. Fjallar sagan að miklu leyti um hana og fylgir hún ævi hennar frá upphafi og allt til loka. Pótt sagan beri nafn Ragnars loðbrókar er hún öðru fremur ævisaga Áslaugar.

Áslaug er dóttir Brynhildar og Sigurðar Fáfnisbana, sem af *Völsunga sögu* má ráða að hafi getið hana á fjallinu þegar Sigurður risti brynjuna af Brynhildi.<sup>3</sup> Áslaug elst upp hjá fóstra sínum Heimi. Eftir dauða Brynhildar felur hann Áslaugu, þriggja vetrar, í hörpu, ásamt gulli og dýrum klæðum, fer með hana út úr samfélaginu og á flakk: „Og þá er mærin grét, sló hann hörpuna, og þagnaði hún þá“ (221). Hann ferðast með hana víða um lönd og kemur loks til fátækra hjóna, karls og kerlingar, í litlum bæ í Noregi. Kerling hefur mikinn augastað á hörpunni. Hvetur hún karl sinn til að drepa Heimi, sem hann gerir, og stela þau hörpunni. Tekst kerlingu ekki að opna hörpuna öðru vísni en með því að brjóta hana: „Og nú fær hún upp komið hörpunni, og þar sér hún eitt meybarn, að hún þóttist ekki slíkt séð hafa“ (224). Þannig fæðist Áslaug inn í heim fátæktar og grimmdar. Áslaug er konungsdóttir í álögum. Kerling kallar hana Kráku, snoðar hana og ber tjöru í kollinn á henni, „að síst komi hár upp“ (225). Klæðir hún hana í tötra og lætur vinna „það, er verst er“ (225). Eins og Melkorka í *Laxdælu*, bregst barnið Áslaug við með þögn. „En það hugðu þau karl og kerling, að hún mætti ekki mæla, er hún svarar þeim aldrei“ (225).

Ragnar konungur loðbrók heldur skipum sínum til Noregs og kemur til bæjarins þar sem Áslaug/Kráka hefur alist upp. Hefur hún farið að fé um morguninn og sér „að skip voru komin við land mörg og stór“ (232). Hún óhlýðnast fóstru sinni „og nú tekur hún og þvær sér“ (232):

En kerling hafði henni það bannað, því að hún vildi eigi, að menn sæi fegurð hennar, því að hún var allra kvenna vænst, en hár hennar var svo mikið, að tók jörð um hana, og svo fagurt sem silki það, er fegurst verður. (232)

## *Máttugar meyjar*

Kráka setur sig sem sagt í sjónmálið. Og það heppnast, því að Ragnar konungur fréttir af fegurð hennar, „og að enginn mundi henni vænni vera í veröldu“ (233). Hann lætur senda eftir henni, „‘og vil eg hitta hana; vil eg, að hún sé mín“ (233). Hann setur samt reglurnar, sem eru þær að hún skuli koma til hans, hvorki „‘klædd né óklædd, hvorki mett né ómett, og fari hún þó eigi ein saman, og skal henni þó enginn maður fylgja“ (233–234). Honum nægir ekki að hún sé fögur, hún verður að vera vitur líka. Sendimenn hans fara „og hyggja að Kráku vandlega, og líst þeim sú kona svo væn, að þeir hugðu enga aðra jafnvæna“ (234). Daginn eftir fer Kráka til skipa Ragnars og hefur fundið lausn á fyrirmælum hans. Hún vefur að sér urriðaneti, og yfir það lætur hún falla hár sitt, og er hún þá „hvergi ber“ (234). Etur hún lauk, „og er það líttill matur“ (234), og lætur hundinn á bænum fylgja sér. Lögð er mikil áhersla á hár hennar í sögunni, og er það hennar megineinkenni. Pegar hún kemur til Ragnars er hún „fögur tilsvýndar“ (234), og „hár hennar bjart og sem á gull eitt sæi“ (234). Hann kallar til hennar, og hún svarar með fyrstu vísu sinni í sögunni. „‘Pori eg eigi boð brjóta“ eru fyrstu orð vísunnar og um leið fyrstu orð Áslaugar við Ragnar, og með þeim hefjast samskipti þeirra:

„Pori eg eigi boð brjóta,  
er báðuð mig ganga,  
né ræsis kvöð rjúfa,  
Ragnar, við þig stefnu;  
manngi er mér í sinni,  
mitt er bert hörund eigi,  
fylgi hefi eg fullgott,  
fer eg ein saman, mínu.“ (235)

Hún gengur um borð í konungsskipið, eftir að henni og förunaut hennar hefur verið heitið griðum. Það fyrsta sem hún verður þó fyrir eru ofbeldi og svik. Pegar hún kemur til konungsins „seilist hann í mótt henni“ (235). Hundurinn reynir að verja hana og bítur

## *Máttugar meyjar*

konunginn í höndina. Menn konungsins hlaupa til „og drepa hundinn og reka bogastreng að hálsi honum, og fær hann af því bana“ (235). Sagan heldur með Áslaugu og tekur fram að eigi hafi verið „betur griðum haldið við hana en svo“ (235). Valdahlutföll karla og kvenna koma hér vel fram. Ragnar leggur síðan Áslaugu hjá sér og „hjalar við hana, og varð honum vel í skap við hana og var bíður við hana“ (235). Hún biður hann í vísu um að nauðga sér ekki, en leyfa sér að fara:

„Vammlausa skalt, vísi,  
ef vilt griðum þyrma,  
heim höfum hilmi sóttan,  
héðan mig fara láta.“ (235)

Hann vill að hún sé hjá honum um nóttina, en hún neitar. Í vísu býður hann henni silfurofinn serk, og ætlar með því að gera hana að hefðarkonu.<sup>4</sup> Hún segist ekki „þora“ að þiggja hann, og segir honum ævisögu sína í vísu. Sér sæmi ekki silfursaumuð klæði, „því em eg Kráka kölluð, / í kolsvörtum voðum, / að eg hefi grjót of gengið / og geitur með sæ reknar“ (236–237). Hún samsamar sig fötum sínum. Segist hún heldur ekki vilja „í skraut búast, meðan eg em hjá karli“ (237), þar sem honum muni lílast betur á hana ef hún búist betur, „og vil eg nú fara heim“ 237).

Í þessu atriði er kona að verjast kynferðislegum ágangi karlmanns, og er það uppsprettar frásagnarinnar, jafnt sem vínsa Áslaugar. Ragnar sleppir henni að sinni, en sendir aftur eftir henni og vill hafa hana með sér. Hún samþykkir það vegna þess að hún vill losna frá karli og kerlingu, þ.e. flytjast af jaðrinum og í samfélagið. Um kvöldið „er menn skulu rekkja undir sér, þá segir Ragnar, að hann vill, að þau Kráka hvíli bæði saman“ (238). Hún neitar og vill að hann geri brúðkaup til hennar, „þá er þú kemur í ríki þitt, og þykir mér það mín virðing sem þín“ (238). Hann gengur að þessu, en þarf enn að bíða. Tregða Áslaugar við að gefa líkama sinn heldur áfram. Á brúðkaupsnóttina, þegar Ragnar vill

## *Máttugar meyjar*

„eiga hjúskaparfari við konu sína“ (238) biðst hún undan, og spáir illu, ef hún fái ekki að ráða. Segir hún honum í vísu að hann verði að bíða í þrjár nætur. Um leið sakar hún hann um bráðlæti og segir honum spána: „heldur ert bráður að byrja / þann, er bein hefir engi“ (238). „Og þau hún kvæði þetta,“ tekur sagan fram, „gaf Ragnar að því engan gaum og brá á sitt ráð“ (238). Eins og víðar í frásögnum af nauðgunum, segir textinn frá með þögn. Áslaug elur beinlaust sveinbarn, Ívar beinlaus, sem síðar þarf að bera á stöngum. Það vantar í hann bæði kyngetu og karlmennsku. Á hinn bóginн hefur hann þá kvenlegu eiginleika að vera mjög vitur. Pannig hefur hann hvað eftir annað vit fyrir bardagamönnunum, bræðrum sínum.

Alls kveður Áslaug tíu vísur í sögunni. Tvær eru hvatir til sona hennar sem hún vænir um aumingjaskap og gefur í skyn að þeir séu ekki verðir að vera synir hennar. Ívar beinlausi gerir lítið úr kveðskap móður sinnar og þaggar hann niður: „Eigi er víst‘, segir Ívar, ‘hvort það stoðar nokkuð, þótt þú kveðir aðra vísu að annarri“ (253).

Frumlegustu vísu sína kveður Áslaug þegar þau Ragnar kveðjast í síðasta sinn. Hún leiðir hann til skipa og gefur honum serk sem hún hefur ofið úr gráu hári sínu. Með honum segist hún vilja launa honum serkinn sem hann hafði áður gefið henni:

„Þér ann eg serk hinn síða  
og saumaðan hvergi,  
við heilan hug ofnu  
úr hársíma gránu;  
mun eigi ben blæða,  
né bíta þig eggjar  
í heilagri hjúpu,  
var hún goðum signuð.“ (266)

Vísan er mjög líkamleg. Serkur Áslaugar er hvorki úr gulli né silfri, heldur úr líkama hennar. Hugur hennar er vefstóllinn, og hár

## *Máttugar meyjar*

hennar garnið. Pannig gefur hún sig alla í serkinn. Hann er heilagur og á að vernda Ragnar í bardögum. Vísan er sprottin af sorginni við aðskilnaðinn og óttanum um yfirvofandi dauða karlsins, sem Áslaug reynir að hindra með því að vefja hann hári sínu. Á kveðjustundinni fylgir sjónarhornið henni: „En þá er þau skildust, var auðsætt, að henni þótti mikið fyrir þeirra skilnaði“ (267). Serkurinn ver hann, þangað til hann er flettur honum, og lætur hann þá líf sitt.

Eftir þetta fylgir sagan sonum Áslaugar, en gleymir henni þó aldrei alveg. Í sömu andrá er sagt frá því að synirnir herja „á ýmis lönd“ (279), og að „móðir þeirra, varð gömul kona“ (279). Síðustu vísur sínar kveður hún um einn sona sinna fallinn. Þær eru þó ekki harmljóð, heldur hvatir til frekari dáða. Pannig styður Áslaug öðrum þræði karlveldið og hernað þess, þrátt fyrir margháttar andóf sitt í sögunni.

## Vögguvísa tröllkonunnar

Mörg þeirra grótesku kvæða sem lögð eru í munn kvenna í fornaldarsögum gegna því hlutverki að rífa niður karlmennsku hetjanna, og eru þau oft kveðin við gamansamar og lítt hetjulegar aðstæður.

Á einni af landvinningaferðum sínum norður í Risalandi hittir Örvar-Oddur í *Örvar-Odds sögu* unga tröllkonu sem er sífellt að minna hann á hve líttill hann sé. Faðir hennar hefur bjargað Oddi úr gammsbæli í „flugabjörgum“ (271) þar sem hann hafði orðið að dúsa með fuglsungum. Tröllkarlinn er bæði hissa og hrifinn af kokhreysti Odds og tekur hann með sér heim handa dótturinni Hildigunni til að leika við:

„Ekki barn jafnlítið hefi eg fundið hortugra en þig né ráðugra, því að mér þykir svo mega að kveða, að þú sért ekki nema vitið eitt, og þykir mér í þér hin mesta gersemi, hversu kofurmálugur þú ert, og skal eg færa þig Hildigunni, dóttur

## *Máttugar meyjar*

minni, og skal hún hafa þig fyrir leiku og fóstra þig og fæða þig upp jafnframt Goðmundi, syni mínum.“ (273–274)

Pegar heim kemur sýnir hann Hildigunni „barn það, er hann hafði fundið“ (274). Hún tekur við Oddi og „tók hann henni tæpt í mitt lær (274). Hún setur hann á hné sér, virðir hann fyrir sér á alla enda og kanta og kveður við hann vöggvísu:

„Tuttur litli  
og toppur fyrir nefi,  
meiri var Goðmundur  
í gær borinn.“ (274)

Athygli hennar beinist sérstaklega að skeggtoppnum, karlmennskutákninu sjálfu, sem hún undrast á svona litlum kropp og gerir hlægilegt með því að tengja það nefinu. Hún leggur Odd í vöggu hjá risabarninu og kveður yfir þeim barnagælur. Oddur verður óspakur í vöggunni, og tekur hún hann þá upp og leggur í sæng hjá sér. Sannar hann þar karlmennsku sína, „og kom þá svo, að Oddur lék allt það, er lysti“ (274). Við þessar aðstæður virðast stærðarhlutföll ekki skipta máli! Oddur segir henni, og verður að taka það fram, að hann sé „ekki barn, þótt hann sé minni en þeir menn, er þar eru fæddir“ (274). Um vorið þegar Oddur ætlar burt á vit nýrra landvinninga tjáir tröllið Hildigunnur honum ást sína: „þó að þú sért lítill“ (275). Hún segir honum að hún sé með barni, „þó að það mætti ólíklegra þykja, að þú værir til þeirra hluta fær, svo lítill og auvirðilegur sem þú ert að sjá“ (275). Tíu vетra gamall kemur sonurinn, sem hefur erft stærð móður sinnar, á fund föður síns og ætlar varla að trúá sínum eigin augum: „‘eg kann varla að ætla, að þú sért faðir að mér, svo lítill og smásíktlegur sem mér sýnist þú vera’“ (287). Örvar-Oddur gengst við faðerninu og býður syninum að vera með sér. Hann þiggur það, „‘og þykir mér þó hin mesta lítilmennska að vera í bland við þig og menn þína, því að mér þykja þeir nálega líkari möðkum en mönnum’“ (287).

## Buslubæn

Í *Buslubæn*, sem er varðveitt í skelmissögunni *Bósa sögu*, er lýst átökum milli göldróttrar kerlingar og voldugs konungs. Busla er fóstra Bósa og kann „margt í töfrum“ (285). Hún býðst til að kenna Bósa galdrar, „en Bósi sagðist eigi vilja, að það væri skrifað í sögu hans, að hann ynni nokkurn hlut með sleitum, þann sem honum skyldi með karlmennsku telja“ (285). Hann hafnar kunnáttu fóstrunnar vegna karlmennsku sinnar og ævisögunnar, þ.e. þeirrar sögu sem verið er að segja. Þannig vísar *Bósa saga* hvað eftir annað í sjálfa sig, og er því öðrum þræði saga um sögu.

Átökin milli Buslu og konungsins eiga sér stað í svefnherbergi hans. Hringur, konungur á Gautlandi, hefur tekið Bósa höndum og ætlar að láta drepa hann. Kvöldið fyrir aftökuna gengur Busla inn í herbergið sem konungurinn sefur í „og hóf upp bæn þá, er síðan er kölluð Buslubæn“ (291). Kvæðið kallar Busla sjálf „þulu“ (294), og hefst það á því að hún staðsetur konunginn vandlega í rúminu, þar sem hann liggar endilangur: „Hér liggur Hringur konungur“ (291). Busla hótar honum öllu illu ef hann sleppi ekki Bósa. Hún er mjög örugg með sig sem skáld og skipar konunginum að hlusta á kvæðið:

„Heyr þú bæn Buslu,  
brátt mun hún sungin,  
svo heyrast skal  
um heim allan.“ (291)

Konungurinn reynir að þagga niður í henni, og hótar henni líkamsmeiðingum: „Pegi þú, vond vættur, og vert í burtu, ellegar mun eg láta meiða þig fyrir forbænir þínar“ (294).

Sögumaðurinn í *Bósa sögu* er mjög gamansamur – og óvenju-legur. Í þessum þætti leikur hann hlutverk hins kristna fulltrúa bókmennastofnunarinnar. Grípur hann oft fram í eigin frásögn með paródískum athugasemdum þar sem hann hermir eftir sjálfum sér sem skrifara sögunnar. *Buslubæn* gefur hann upp í þremur

## *Máttugar meyjar*

hlutum, með útskýringum í óbundnu máli á milli, og bara í brotum. Hann lofar *Buslubæn* sem hann segir að sé „víðfræg“ (291), um leið og hann þykist vera tregur til að hafa hana eftir: „‘eru þar í mörg orð og ill, þau sem kristnum mönnum er þarfleysa í munni að hafa, en þó er þetta upphaf á henni“ (291). Fyrsti hluti þulunnar er mjög gróteskur og endar á særingu um eins konar kynvillu: „en ef þú vilt við meyjar / manns gaman hafa, / villist þú þá vegarins“ (294). Að svo mæltu stansar Busla og spyr konunginn hvort hann vilji „þulu lengri“ (294). Honum er nóg boðið og ætlar að standa upp, en er þá fastur við rúmið. Busla ákallar alls kyns náttúruöfl sem eiga að sigra konunginn og upphefur annan hluta kvæðisins sem skrifarinna skrifar treglega niður. Áður en hann gerir það afsakar hann sig með bókmennatasögulega merkilegri athugasemd sem sýnir á paródískan hátt hvernig ríkjandi menning ritskoðar kvennarraddir með skriftinni: „og mun eg láta það um líða að skrifa hann, því að það er öllum þarfleysa að hafa hann eftir, en þó má svo síst eftir hafa hann, að hann sé eigi skrifaður“ (294). Síðan bætir hann við: „En þó er þetta þar upphaf á“ (294). Formælingar Buslu felast í áras náttúraflanna á byggingar konungsins, jafnt sem líkama hans, sál og karlmennsku:

„Tröll og álfar  
og töfranornir,  
búar, bergrisar  
brenni þínar hallir,  
hati þig hrímpursar,  
hestar streði þig,  
stráin stangi þig,  
en stormar æri þig,  
og vei verði þér,  
nema þú vilja minn gerir.“ (294)

Konungurinn býður nú Buslu upp á málamiðlun: „‘Fyrr en þú illmælir mér lengur“ (295). Hann býðst til að sleppa Bósa og gera

## *Máttugar meyjar*

hann útlægan í stað þess að drepa. Þetta samþykkir Busla ekki. „Hóf hún þá upp það vers, er Syrpvers er kallað, og mestur galdur er í fólginn“ (295). Sögumaðurinn/skrifarinn er svo hneykslaður á þessu að hann gefur einungis upp lokin á versinu sem er gáta í rúnum. Síðustu línuna skrifar hann með rúnastöfum:

R. F. Þ. R. Y. N ||||| 88888 : 11111 : 11111 : 11111 :

Ef konungurinn getur ekki ráðið rúnirnar eiga hundar að naga hann í hel og sál hans sökkva í víti. Þegar Busla hefur lokið bæninni er konungur ráðþrota, og „vissi [...] varla, hverju hann vildi svara fyrir fortölum hennar“ (295). Hann gefst upp og sver Buslu trúnaðareið. „Hvarf kerling þá í burtu“ (296).

## Völsi

Svipaða niðurlægingu karlmennskunnar og hins fallíska valds með kímnni og grótesku myndmáli má sjá víðar í fornaldarsögum og frásögnum sem byggja á gömlum kvæðum. Í *Völsa þætti*, sem er varðveisittur í *Sögu Ólafss konungs Haraldssonar í Flateyjarbók*, eigast við norska konungvaldið og afskorinn getnaðarlimur af dauðu hrossi. Sagan gerist í ystu óbyggðum, og um heimild sína vísar hún í gamalt kvæði:

Eftir því sem í einu fornu kvæði vísar til, byggði á einu annesi norðarlega í Noregi, þar sem góð langskipahöfn var undir, fjarri meginbyggðinni og svo þjóðleið einn bóndi og húsfreyja, nokkuð öldruð. (II, 441)

Á bænum eru einnig börn þeirra tvö, sonur og dóttir, þræll og ambátt, ásamt tíkinni Læri. Þetta fólk er heiðið og veit ekkert um rétta trú. Burðarjálkur bónadans deyr, og þar sem hann er mjög

## *Máttugar meyjar*

feitur, „og með því að heiðnir menn höfðu hrossakjöt sér til fæðu, var hesturinn til gjör og nýttur“ (441). Þrællinn sker af honum „í einu þann lim, sem eftir skapan náttúrunnar hafa þess kyns kvikindi til getnaðar [...] og eftir því, sem fornskáldin vísa til, heitir vingull á hestum“ (441). Bónðasonurinn hleypur hlæjandi með vingulinn inn í stofu, þar sem fyrir eru móðir hans og systir ásamt ambáttinni. Hann hristir vingulinn að þeim „með mörgum kallsyrðum“ (442) og kveður klúra vísu þar sem hann gefur vinglinum nafnið Völsi (en það er sama orðið og böllur, eða „fallus“). Ambáttin skellir upp úr og hlær, en bóndadóttirin biður hann „út bera andstyggð þessa“ (442). „Kerling“ stendur þá upp og grípur Völsa af honum „og segir, að hvorki þetta né annað skulu þau ónýta, það sem til gagns má verða“ (442). Purrkar hún hann „sem vandlegast og vefur innan í einum líndúki og ber hjá lauka og önnur grös, svo að þar fyrir mætti hann eigi rotna, og leggur niður í kistu sína“ (442). Síðan er sagt að hún taki hann upp á hverju kvöldi með „einhverjum formála honum til dýrkunar“ (442), og „þar kemur, að hún vendir þangað til öllum sínum átrúnaði og heldur hann fyrir guð sinn, leiðandi í sömu villu með sér bóna sinn og börn og allt sitt hyski“ (442). Af þessu vex Völsi svo „og styrknar, að hann má standa hjá húsfreyju, ef hún vill“ (442). Á hverju kvöldi ber hún Völsa inn í stofuna, þar sem heimilisfólk lætur hann ganga á milli sína, um leið og hver um sig kveður yfir honum vísu.

Ólafur konungur fréttir „af þessu annesi og þeirri ótrú, er þar fór fram“ (442). Leggur hann þangað leið sína og leggur þar skipi sínu. Þegar myrkva tekur gengur hann til bæjarins ásamt tveimur mönnum sínum, og eru þeir allir dulbúnir. Meðan þeir sitja að snæðingi kemur kerling inn með Völsa í fanginu. Hún tekur dúkana af honum, setur hann á kné bóna og kveður til hans vísu: „Aukinn ertu Völsi / og upp um tekinn [...]“ (443). Bónðinn „lét sér fátt um finnast“ (444), en kveður vísu og sendir Völsa áfram. Völsi er síðan látinna ganga frá einum til annars sem hver kveður sína klúru vísu með ýmsum afbrigðum af stefinu: „gríp þú við Völsa“. Þegar Völsi kemur til annars af mönnum konungsins, skáldsins Þormóðar,

## *Máttugar meyjar*

er sagt að hann „hugði að allglögglega, hversu Völsi er skapaður“ (445). Hann brosir meðan hann kveður vísu sína:

„Sá eg ei forðum  
þó hefi eg farið víða  
flennt reður fyrri  
fara með bekkjum.“ (445)

Með þessum orðum réttir hann konunginum Völsa. Hann tekur við honum og kveður vísu, en kastar honum síðan fram á gólfíð tiltíkurinnar. Pregar kerling sér það bregður henni mjög og skipar hún tíkinni í vísu að sleppa Völsa, „og svelg eigi niður / sátíkin rög“ (445). Það virðist tíkin þó hafa gert, því að með þessu er Völsi úr sögunni. Konungur kastar af sér dularklæðunum, og fer að boða rétta trú. „Var kerling treg til trúarinnar, en bóndi nokkru fljótari“ (445–446). Það endar með að þau taka öll trú og eru skírð á staðnum.

Bókmenntasagan tekur *Völsa þátt* mjög alvarlega sem mikilvæga heimild um fornar trúarathafnir, „genklange fra ægte gammel kultus“.³ Í þættinum er hins vegar greinilega verið að gera grín að „fallosentrismi“, eða reðurdýrkun samfélagsins. Frásögnin er grótesk skopstæling. Hún er sett fram sem dæmisaga, jarteikn um helgi Ólafs konungs, kristniboð hans og landvinninga: „Má það í slíku sýnast, að Ólafur konungur lagði allan hug á að eyða og af má alla ósiðu og heiðni og fordæðuskap einn veg á hinum ystu útskórum Noregsveldis, sem í miðjum héruðum meginlandsins“ (446). Konungurinn hefur með sér skáld til að yrkja um þessa miklu sigra. Paródian beinist því ekki einungis að konungasögum og helgisögum, heldur einnig að skáldunum og dróttkvæðum þeirra.

## Karlkonur

Klæðaskipti eru merkilegt fyrirbrigði í íslenskum fornbókmenntum og fela í sér umræðu um kynferði og kynhlutverk. Í *Laxdælu* er

## *Máttugar meyjar*

konu fundið það til saka í skilnaðarmáli að hún skerist í brækur „sem karlkonur“ (96), og er hún uppnefnd „Bróka-Auður“ (95). Hliðstætt orð um karla sem klæðast kvenbúningi er ekki til. Þegar karlar „gera klæðaskipti“<sup>4</sup> er það oftast til að komast undan óvinum sínum eða villa um fyrir þeim á einhvern hátt. Þeir klæða sig þá sem konur, umrenninga eða fífl, og gera sig með því ómarktæka í samfélaginu.<sup>5</sup>

Í *Njálu* reynir Helgi Njálsson að forða sér úr Njálsbrennu með því að klæðast kvenbúningi. Pessu fylgir mikil niðurlæging, og þurfa konur að tala hann til. Minnir frásögnin mjög á *Prymskviðu* og tregðu Þórs við að láta búa sig brúðarlíni:

Ástríður af Djúpárbakka mælti til Helga: „Gakk þú út með mér, og mun eg kasta yfir þig kvenskikkju og falda þér við höfuðdúki.“ Hann taldist undan fyrst, en þó gerði hann þetta fyrir bæn þeirra. Ástríður vafði höfuðdúki að höfði honum, en Þórildur lagði yfir hann skikkjuna, og gekk hann út á meðal þeirra. (329)

Raunverulegt karlmenni fær hins vegar ekki dulist, og í ljós kemur að Helgi er karlmaður undir skikkjunni. Hann stenst ekki sjónmál Flosa sem þekkir karl frá konu:

En er Helgi kom út, þá mælti Flosi: „Sú er há kona og mikil um herðar; takið þér hana og haldið henni!“ En er Helgi heyrði þetta, kastaði hann skikkjunni; hann hafði haft sverð undir hendi sér og hjó til manns, og kom í skjöldinn, og af sporðinn og fótinn með. Þá kom Flosi að og hjó á háls Helga, svo að þegar tók af höfuðið. (329–330)

Konur skipta ekki klæðum til þess að komast undan og bjarga lífi sínu, heldur til þess að láta taka mark á sér. Klæðaskipti þeirra eru uppreisn gegn valdaleysi og kvenhlutverki. Í nokkrum fornaldarsögum gera konur uppreisn gegn kvenhlutverki sínu með því að

dulbúa sig sem karla og krefjast sömu valda og þeir. Þetta er mikil ögrun bæði við samfélagið og karlhetjurnar sem verða að sigra slíkar konur. Það gera karlarnir með því að kvænast þeim og loka þær þannig aftur inni í kvenhlutverkinu. Uppreisn kvennanna varir einungis stutta stund. Hún gerist þegar þær eru mjög ungar og brúar bilið milli bernsku og fullorðinsára.

## Sem þú son myndir

*Hervarar saga og Heiðreks* byggir mjög á gömlum kvæðum. Fyrri hluti hennar er ótvírað saga Hervarar, en hún er dóttir berserksins Angantýs og Svövu Bjartmarsdóttur jarls. Faðir hennar fellur í bardaga áður en hún fæðist og elst hún upp hjá móður sinni og afa. Hún „var sterk sem karlar, og þegar hún mátti sér nokkuð, tamdist hún meir við skot og skjöld og sverð en við sauma eða borða“ (10).<sup>6</sup> Þegar hún fær aldur til segir hún afa sínum að hún ætli að ganga í haug föður síns og sækja sverð hans. Um þessa för og átökin við föðurinn fjallar fjórðungur sögunnar. Frásögnin byggir á annars glötuðu kvæði sem virðist þó að mestu hafa varðveisist í sögunni. Áður en Hervör leggur af stað til að sækja sverðið kastar hún kvenhlutverkinu. Það gerir hún með því að klæða sig í karlmannsföt og taka sér karlmannsnafn. Kvennanafninu Hervör breytir hún í karlanafnið Hervarður. Í nokkrum vísum biður hún móður sína að skera sér „skyrtu og úlpu“ (12) og búa sig að öllu „sem þú son myndir“ (13). Það er móðir hennar sem á að breyta henni í son.<sup>7</sup> Vopnuð og í karlmannsgervi leggur hún lag sitt við víkinga og siglir til eyjarinnar þar sem faðir hennar liggur grafinn ásamt sverðinu Tyrfingi. Engu er líkara en henni takist með dulbúningi sínum að blekkja sjálfa söguna, sem eftir að hún dulbýst notar um hana karlkyn og nefnir hana nafninu Hervarður. „Hervarður sté í bát og rer til lands“ (13), en enginn af mönnum hans vill fylgja honum af því að þeir eru hræddir við meinvættir á eynni og haugaeldana. Hún er hins vegar ekki hrædd. Lýsingin á Hervöru í dimmri

## Máttugar meyjar

nóttinni og draugalegu umhverfinu er full óhugnaðar og minnir á lýsinguna á Guðrúnu sem situr ein úti í skógi yfir líki Sigurðar í *Guðrúnarkviðu fornu*. Hervör veður eldana, finnur haug fóður síns og vekur hann með vísu: „‘Vaki þú, Angantýr, / vekur þig Hervör, / einkadóttir / ykkar Svövu’“ (15). Hún biður hann að selja úr haugi „hvassan mæki“ (15), en hann vill alls ekki láta sverðið af hendi.

Kvæðið sem fylgir er samtal milli fóður og dóttur, og er senna um sverðið. Í kvæðinu talar Hervör um sig sem dóttur, og faðirinn ávarpar hana vandlega með orðunum „mey“, „dóttir“ og „kona“, sem eiga að minna hana á hennar rétta stað í kvenhlutverkinu. Dauður og grafinn kemur hann fram sem fulltrúi karlveldisins sem reynir að hafa vit fyrir konunni og tala hana til. Hann veit enga mey „fyr mold ofan, / að hjör þann þori / í hönd bera“ (19), og hann ávítar hana: „‘ær ertu orðin / og örvti, / vill hyggjandi, / vekur upp dauða menn’“ (17). Sviðsetningin minnir á soninn við gröf móður sinnar í *Grógaldrí*, og sennu Óðins við völvuna í *Baldurs draumum*. En það er athyglisvert að þegar karlar vekja upp konur er það til að fá hjá þeim visku og ráð, en þegar konur vekja upp karla er það til að fá sverð. Orðasambandið „ær og örvti“ kemur einnig fyrir í orðum Dags um systurina Sigrúnu í *Helgakviðu Hundingsbana II*, þegar hún biður honum bölbæna, og er víðar notað um konur sem fara út yfir þau mörk sem samfélagið leyfir. Á móti niðurlægir Hervör fóður sinn og aðra haugbúa með því að minna þá á stöðu þeirra sem dauðra og rotnaðra: „‘Mjög eru orðnir / Arngríms synir / megir meingjarnir / að moldarauka’“ (16). Hún kallar bústað þeirra maurahaug: „‘svo sé yður öllum / innan rifja / sem þér í maura / mornið haugi’“ (16), og bendir þeim á að það „‘samir eigi draugum / dýrt vopn bera’“ (16). Þegar haugurinn opnast ráðleggur faðirinn henni að flýja, en hún sér enga ástæðu til að óttast karla sem eru orðnir að draugum: „‘skelfur eigi meyju / muntún hugar, / þótt hún draug sjái / fyrir dyrum standa’“ (18). Dauður og vanmáttugur er fyrrum berserkurinn kominn í eins konar kvenhlutverk, enda grípur hann til spádóma og formælinga þegar annað þrýtur. Sverðið mun „‘ætt þinni, mær / allri spilla’“, segir hann tvisvar (18, 21). En henni

## *Máttugar meyjar*

er alveg sama um deilur sona sinna: „litt ræki eg það, [...] hve synir mínr / síðan deila“ (21). Faðirinn verður að gefast upp. Hann afhendir henni sverðið sem henni þykir betra að hafa „en eg Noregi / næði öllum“ (21). Hann heldur þó áfram að hóta henni, og kallar hana öllum illum nöfnum: „Veist eigi þú, / vesöl ertu máls, / feiknfull kona, / hví þú fagna skalt“ (21). Hún gengur fegin burt með sverðið, en þegar hún kemur til strandar eru skipin farin, „höfðu víkingar hræðst dunur og elda í eynni“ (22–23).

Sagan leggur mikla áherslu á hve sérstök kona Hervör er og ólík öðrum konum. Þetta er algengt mynstur í lýsingum á konum sem á einn eða annan hátt skera sig úr kvenhlutverkinu. Þær eru ekki venjulegar konur, heldur sérstakar, og einmitt það gerir þær frásagnarverðar.

Í *Hervarar sögu* táknað sverðið hið karllega og fallíska vald sem Hervör sækist eftir og nær, það er að segja í kvæðinu og þeim hluta sögunnar sem byggir á því. En í framhaldi sögunnar leiðir þetta til einskis, og aðeins hluti hennar fjallar um Hervoru. Eftir haugbrotið er sagt að hún dveljist um veturni við konungshirð „og nefndist enn Hervarður“ (23). Vegur hún þar einn mann, og er síðan „langa stund í hernaði og varð mjög sigursæl“ (23), án þess að nokkrum nánari sögum fari af því. „Og er henni leiddist það, fór hún heim til jarls, móðurföður síns; fór hún þá fram sem aðrar meyjar, að vandist við borða og hannyrðir“ (23). Konungssonur biður hennar „og fær og flytur heim“ (23). Þar með er hún úr sögunni sem síðan fylgir syni hennar Heiðreki. Honum gefur hún sverðið, en það skiptir engu fyrir framvindu sögunnar.<sup>8</sup> Sonardóttir Hervarar og nafna fetar í fótspor hennar. Ræður hún fyrir borg, stjórnar her og tekur þátt í stórrorrustu, þar sem hún fellur fyrir liði hálfbróður síns. „Léttari gerðist hún að böð / en við biðil ræða“ (62) eru eftirmæli fóstra hennar um hana, og sýna vel andstæðu kynhlutverkanna. Endar sagan á því að segja frá konungsættum sem komnar eru frá Angantý sonarsyni Hervarar: „og eru frá honum komnar konunga ættir“ (67). Spádomi föður hennar er því illa fylgt eftir í sögunni. Hann er orðin tóm í munni karlmanns.

## Að vera þeirra nauðkvon

Pornbjörg í *Hrólfs sögu Gautrekssonar* berst enn ákafar en Hervör fyrir ímynd sinni sem karlmaður, og verður hún ekki sigruð nema með ofbeldi. Eins og Hervör er Pornbjörg einbirni, og í upphafi er lögð áhersla á kunnáttu hennar:

Svo hafa menn sagt af mey þessari, að hún var hverri konu kænni, þeirri er menn höfðu spurn af, um allt það, er til kvenmanns handa kom. Þar með vandi hún sig burtreið og skilmast með skjöld og sverð. Hún kunni þessa list jafnframt þeim riddurum, er kunnu vel og kurteislega að bera vopn sín. (62–63)

Hún lifir í tveimur heimum samtímis, kvennastörfum og hernaði. Petta minnir á Ingunni í Hólaskóla í *Jóns sögu helga* sem saumar á meðan hún réttir latínubækur. Föður Pornbjargar líkar ekki „er hún hafði þessa framferð sem karlar, og bað hana hafa skemmusetu sem aðrar konungadætur“ (63). Hún mótmælir honum í löngu máli og segist þurfa að kunna riddaraskap til þess að geta varið sig gegn biðlum: „Er eigi ólíklegt, að mér þyki illt að vera þeirra nauðkvon“ (63). Snýr hún vörn í sókn og krefst þess að fá hluta af ríki hans. Hann „hugsar nú orð meyjarinnar“ (63) og hræðist ofsa hennar og kappgirnd. Fær hann henni þriðjung af Svíaveldi sem hún lætur taka sig til konungs yfir. „Þar með lætur hún gefa sér nafn Þórbergs; skyldi og enginn maður svo djarfur, að hana kallaði mey eða konu, en hver, er það gerði, skyldi þola harða refsing“ (64).

Petta reynist mikil ögrun fyrir hetjuna Hrólfs Gautreksson, konung á Gautlandi: „Frétt hefi eg, að hún er bæði vitur og væn, og svo er mér flutt, að svo sé hún stór og stolt, að hún vilji, að enginn maður kvenkenni hana [...] Heyrt hefi eg það og sagt, að hennar hafi beðið nokkrir konungar og hafi suma látið drepa, suma hafi hún látið klækja á einhvern hátt, suma blinda, gelda, handhöggva eða fóthöggva, en valið öll orð hæðileg með svívirðu, og vilji hún

## Máttugar meyjar

svo af venja, að þessara mála sé leitað” (70). Hann ákveður að biðja þessarar konu og sigra hana. Það eru þó á honum tölverðar vöflur og þarf hann mjög hvatningar bróður síns sem gengur þó ekkert gott til, því að hann er æringi sem langar að gera bróður sinn hlægilegan. Það sem Hrólfur konungur óttast mest er einmitt athlægið, ef ferðin skyldi ekki takast:

„Sé eg og, að þessi ferð mun hefjast mjög tveimur stofnum, því að ef vér fáum þetta ráð fengið, mun oss í aukast framí í ferð þessari, hitt ellegar, að vér munum fá af þessari ferð skömm og sneypu og ævinlegt athlægi.“ (70)

Eftir mikinn undirbúning gengur Hrólfur í höll Pornbjargar, ávarpar hana sem „herra“ (81) og biður hennar „mér til kvonar til styrktar og stjórnar voru ríki, til upphalds og eflingar öllu voru afkvæmi, því sem af okkur lifnar“ (82). Þegar „konungur Þórbergur“ (82) heyrir þessi orð verður hann „óður og æfur“ (82). Skipar hann mönnum sínum að vopnast og taka „þetta fól, – ‘er oss leitar svo mikillar háðungar, er svo hyggst að ófrægja sjálfa oss og skemma, því að eigi munu dæmi til finnast, að jafnháðuleg orð hafi töluð verið við nokkurn konung eða kempu, þá er sín vopn kann bera“ (82). Sagan víesar hér til konunnar í karlkynni, og er ákveðnari í þeirri málnotkun en *Hervarar saga* sem hvarflar meir á milli kynja. Eftir mikinn bardaga sem verður í höllinni kemst hetjan Hrólfur undan á flóttu. Þykir för hans hæðileg.

Þórbergur konungur lætur nú „ræsta höll sína“ (83) eins og góðri húsmóður sæmir, og fær til smiði að gera virki um staðinn, „harla styrkt og rammgert“ (84), eins konar vafurloga eða öllu heldur skírlífisbelti. Hrólfur gerir bandalag við föður hennar sem býður honum ríki sitt „ef þér fáið hana unnið“ (91). Pornbjörg/Þórbergur fær njósn af þessu og lætur „sterklega byrgja aftur virkið, svo að þar mátti með engu móti inn komast“ (91), staðráðin/n í að verja meydóm sinn. Það kemur til mikils bardaga sem endar með að karlhetjan vinnur virkið með því að grafa í það rauf. Myndin

minnir á Óðin sem borar sig inn í bergið til Gunnlaðar í sögninni um skáldamjöðinn. Þornbjörg/Pórbergur flýr gegnum göng og út í skóg, og óvinurinn/biðillinn eltir með lið sitt. Það slær enn í bardaga áður en „Svíakonungur“ (95) gefst upp. Hrólfur konungur heitir honum griðum „ef þér viljið játa forráði föður þíns“ (95). Pórbergur gengur fyrir föður sinn, „lagði skjöldinn niður fyrir fætur sér, tók hjálminn af höfði sér“ (96) og biður hann „að þér gerið það ráð fyrir mína hönd, sem yður er nú mest að skapi“ (97). Konungurinn vill að Pórbergur taki upp „kvenlegar aðferðir“ (97) og fari í skemmu til móður sinnar. „Síðan viljum vér gifta þig Hrólfi konungi Gautrekssyni“ (97).

Hlutverk þessarar frásagnar um uppreisn Þornbjargar er m.a. að sýna dirfsku Hrólfss Gautrekssonar. Einnig slíka konu gat hann sigrað. Að vinna konuna er það sama og að vinna landið og koma á það reglu. Í sögunni er Þornbjörg tamin: „Settist hún til sauma með móður sinni, og var hún hverri mey vegri og fríðari og kurteisari, svo að engin fannst jafnfríð í norðurálfu heimsins“ (97). Um leið er mikill hlátur í frásögninni. Í baráttunni við karlkonuna er karlinn hvað eftir annað gerður hlægilegur, og sýnir það tvíbenta afstöðu sögunnar til hetjunnar og sigurs hennar á uppreisnarkonunni.

### **Illt er að eiga gamlan mann**

Gamlir karlar og ungar konur þeirra er algengt minni í íslenskum fornþókmenntum, einkum fornaldarsögum og riddarasögum. Eru karlarnir ríkir og valdamiklir og eru konurnar yfirleitt giftar þeim nauðugar. Oft ná þær sér niðri á þeim með því að halda fram hjá þeim og hlæja að þeim.<sup>9</sup>

Í *Hjálmpés sögu og Ölvís* er að finna hliðstætt minni og í frásögn *Völsunga sögu* af Svanhildi og syni Jörmunrekks manns hennar, þótt sjónarhornið sé annað. Segir þar frá ástsjúkri stjúpu Hjálmpés sem leitar mjög á hann: „Betur hefði okkur saman verið hent, ungum [...] það má eg þér satt segja, að þinn faðir hefir mér enn ekki spillt,

## Máttugar meyjar

því að hann er maður örvasa og náttúrulaus til allra hvílubragða, en eg hefi mjög breyskt líf og mikla náttúru í mínum kvenlegum limum, og er það mikið tjón í veröldinni, að svo lystugur líkami skal spenna svo gamlan mann“ (194–195). Hjálmpér hrindir henni og „og sló á hennar nasir, svo að blóð fíll um hana alla“ (195).

Í *Víglundar sögu* er skemmtileg saga um nauðungargiftingu, og er þar að finna allt annað viðhorf en í *Hjálmpés sögu* sem hefur enga samúð með ungu konunni. Karl nokkur biður ungu konunnar Ketilríðar, en hún elskar Víglund. Faðirinn spryr dóttur sína og „tók hún þessu fjarri og þótti vera maðurinn gamall“ (103). Hún er nú samt gift honum „hvort henni var ljúft eða leitt“ (103). Hann fer með hana heim til sín en gerir ekki „brúðlaup til hennar“ (103). Þegar Víglundur kemur úr ferðum sínum hittir hann karlinn sem „sagðist eiga konu unga“ (106) og býður honum að vera. Hann tekur síðan á móti honum ásamt húsfreyju: „þá skriðnuðu bónda fætur, því að hann var stirður af elli. Húsfreyja mælti og þó heldur lágt: ‘Illt er að eiga gamlan mann’“ (107). Hún þekkir Víglund og kveður til hans vísu þar sem hún kvartar undan hjónabandinu:

„Gift er gullhlaðs þofta  
grannvaxin nú manni,  
æ mun enginn finnast  
eldri þeim í heimi.“ (107)

Vandamálið verður henni uppsprettu að vísu, leyndum skilaboðum. Sjálf felur hún sig bak við andlitsblæju svo að Víglundur þekki hana ekki. Þegar allt kemur til alls reynist karlinn vera föðurbróðir Víglundar og hafa kvænst Ketilríði til þess að geyma hana fyrir Víglund. Ekki fannst honum þó ástæða til að segja henni það: „Hefir Ketilríður allt þetta vel borið og kvenlega, því að hún var þessa alls duld“ (115). Er Ketilríður síðan gift réttum manni.

# V BARDAGINN VIÐ TRÖLLSKESSURNAR

## Goðsögnin

Tröllkonur eru ögrun við manndóm karlanna. Á táknaðan hátt afhjúpa þær ótta þeirra við kvenlegt vald sem er sterkara og stærra en þeir. Í mynd tröllkonunnar sameinast náttúran og konan, og á hvoru tveggja verður karlinn að sigrast.

Fornaldarsögur fjalla mjög um landvinninga, og í þessum sögum er bardagi við tröllkonur svo algengt minni að það myndar goðsögn með ákveðnu frásagnarmynstri. Andstætt baráttunni við völvurnar sem á sér stað í samfélagini fer bardaginn við tröllkonurnar fram úti í villtri náttúrunni, við strönd eða einhver önnur mörk. Frásögnin hefst á því að karlhetjan yfirgefur samfélagið og siglir á skipi til norðlægra og villtra slóða, oftast með fóstbróður sínum eða hópi karla. Andstætt völvunni sem kemur af heiðinni inn í samfélagið, ferðast karlarnir frá samfélagini út í hið villta. Eftir mikla hrakninga á sjó ná þeir landi og setjast að við ströndina í tjaldi eða skála, þar sem þeir sofna. En það er hættulegt fyrir karla að sofa. Peir verða alltaf að vera á verði fyrir konum sem vilja ræna þá valdi þeirra. Tröllkonurnar birtast, og andstætt völvunni sem er gömul, eru þær ungar og oft tvær eða fleiri saman. Þeim er lýst í líkamlegum og oft kynferðislegum orðum sem sérstaklega viðbjóðslegum og dýrslegum. Oft eru þær einnig kynferðislega áleitnar við karlana. Þær búa í jörðinni, í hellum, björgum og gljúfrum og sameinast þannig náttúrunni. Þær sýna skipum karlanna sérstakan áhuga, og reyna að eyðileggja þau. Þær hrísta skipin, og þannig tekst þeim oft að rífa sundur þessa smið samfélagsins. Upp kemur senna milli hetju og tröllkonu, oft í kvæðum, þar sem tröllkonan annaðhvort ögrar karlinum kynferðislega eða efast um karlmennsku hans og gerir lítið

## Máttugar meyjar

úr honum. Það gerir hún meðal annars með því að minna hann á smæð hans. Í bardaganum sem fylgir notar karlinn vopn, en tröllkonan berst oftast með líkama sínum einum. Limeestingunni á henni er lýst nákvæmlega og af óhugnaði. Oftast byrja karlarnir á því að höggva hendurnar af þessum konum. Þeir líta á hendur þeirra sem vopn, og með því að höggva þær af „afvopna“ þeir konurnar. Tröllkonurnar æpa um leið og þær flýja eða eru drepnar. Þær missa sem sagt málið, sem er eitt helsta einkenni menningarinnar, og greinir menn frá dýrum. Ljóðrænt mál þeirra breytist í ómálga óp. Oft lætur textinn fylgja með athugasemd sem segir að drápið sé lítil hetjudáð.

Samhliða þessari sögu fer fram annarri, oft í sama verki, þar sem sagt er frá ástum skessu og karlhetju. Pótt karlinn sé lítill getur hann gagnast skessunni sem er laus á kostunum, andstætt hinni samfélagslegu konu.

Skessur koma mjög við sögur Hrafnistumanna, þeirra Ketils hængs, Gríms loðinkinna og Örvar-Odds. Eins og flestar aðrar fornaldarsögur fjalla þær um landvinninga og hvernig ná má tökum á náttúrunni. Hrafnistumenn læra m.a. fyrstir manna að beita segli, og þar með leggja þeir undir sig vind og sjó, tvær af höfuðskepnunum. Hluti af landvinningum þeirra felst í því að drepa tröllkonur. Í því skyni hafa þeir komist yfir vopn, bæði „sverð það, er Dragvendill hét, allra sverða best“, og örvarnar Gúsinsauta, „Flaug, Hremsu og Fífu“ (*Ketils saga hængs*, 164), sem Örvar-Oddur er kenndur við.<sup>1</sup> Nafn hans er mjög hernaðarlegt, kennt við tvenns konar vopn, enda gengur hann drjúgt fram í að útrýma skessum og öðrum afbrigðilegum konum. Athyglisvert er að þessir menn eru meira eða minna tröll sjálfir. Forfaðirinn Hallbjörn hefur viðurnefnið „hálftröll“ (*Ketils saga hængs*, 151). Bardaga þeirra við tröllskessurnar er því hægt að túlka sem bardaga þeirra við hið tröllslega og villta í sjálfum sér. En því þurfa þeir að eyða til þess að geta stofnað samfélag.

## Lítið fremdarverk að drepa ykkur

*Gríms saga loðinkinna* er gott dæmi um það sem gerist í þessum sögum. Segir þar frá hetjunni Grími sem eftir mikla hrakninga í hafi kemur að strönd fyrir norðan Finnmörku. Hann tekur land, setur upp skip sitt og gengur til skála. Nótt eina vaknar hann við hlátur fyrir utan. Hann bregst við hlátrinum með því að stökkva á fætur, grípa öxi sína og ganga út. Hann hefur einnig með sér „sem ávallt endranær örvarnar Gúsasnauta, er Ketill hængur, faðir hans, hafði gefið honum“ (186). Hann sér hvar tvær tröllkonur eru niðri við skipið, og „tók í sinn stafninn hvor þeirra og ætluðu að hrista í sundur skipið“ (186). Grímur ávarpar þær í ljóði og spyr hvað þessar „hrauns íbúur“ heiti „‘er skaða vilja, skipi mínu“ (186–187): „Ykkur hefi eg / einar sénar / ámátlegarstar / að yfirlitum“ (187). Þær svara kurteislega og kynna sig, einnig í ljóðum. Þær heita Feima og Kleima, eru fæddar „norðarla“ (187), dætur Hrímnis, „úr háfjalli“ (187), og segjast nú vera komnar niður til sjávar. Hann kallar þær „brúðir verstar“ (187), og hótar þeim öllu illu. Þær svara fullum hálsi og Grímur sýnir þeim vopn sín:

„Skal eg ykkur báðum  
skjótla heita  
oddi og eggju.“ (188)

Segir hann að þær muni nú fá að reyna „hvort að betur dugir / broddur eða krumma“ (188), þ.e. vopn karlsins eða líkami konunnar. Hann skýtur einni af örnum sínum að Kleimu „svo að hún fekk þegar bana“ (188). Hann heggr til Feimu með öxinni „og kom á herðarblaðið“ (188). Hún „kvað við hátt og hljóp inn með fjörum“ (188) með öxina í bakinu. Grímur hleypur á eftir og dregur hvorki sundur né saman með þeim þar til þau koma að stórum björgum. Par sér Grímur helli mikinn, „var einstigi upp að ganga, og hljóp hún þar upp sem sléttan völl“ (189). Við þetta missir hún öxina úr sárinu, og kemur sér það vel fyrir Grím sem

## *Máttugar meyjar*

þarf að nota hana til þess að geta lesið sig upp fjallið. Inni í hellinum sitja foreldrar Feimu, og spyrnast í iljar. „Þau voru í stuttum og skörpum skinnstökkum bæði“ (189), þannig að Grímur fær „gerla“ séð „hvversu þau voru í sköpun bæði í millum fótanna“ (189). Áður en Feima dettur dauð niður segir hún foreldrum sínum að systir hennar liggi dreppin úti með fjörum, og að það hafi gert „illmennið“ (189) Grímur loðinkinni. „Eru þeir feðgar meir lagðir til þess en aðrir menn að drepa niður tröll og bergbúa“ (189). Jötunninn segir það „lítíð fremdarverk, að drepa ykkur, aðra sex vetra, en hina sjö“ (189). Í þessu gengur Grímur inn í hellinn og heggur til Hrímnis án nokkurs bardaga „svo hart, að af tók höfuðið“ (190). Kerlingin Hyrja sprettur upp og rennur á Grím. Taka þau að glíma „og var þeirra atgangur bæði harður og langur, því að hún var hið mesta tröll, en Grímur var rammur að afli“ (190). Glímunni lýkur með því að hann bregður tröllkonunni „á loftmjöðm“ (190), svo að hún fellur. Hann heggur þá af henni höfuðið „og gekk af henni dauðri, fór síðan til skála síns“ (190).

Sviðsetningin er hér einkar myndræn: Ströndin og villt náttúran, með bjarginu sem hetjan sigrast á – með öxi. Konurnar koma karlinum að óvorum þar sem hann sefur. Skipið er táknumynd hins hreina karlasamfélags. Þegar tröllkonurnar hrista það í sundur eru þær að rífa niður smíð karlanna í bókstaflegri merkingu, og þær hlæja meðan þær eru að því. Hlátur er líkamsmál, sem í íslenskum fornbókmenntum fylgir oft því að konur niðurlægja karlhetjur, og hlátur kvenna eiga karlar bágtr með að þola.<sup>2</sup> Tröllkonurnar, þær Feima og Kleima, eru börn. Þær eru verðandi konur sem vissara er að stöðva í uppvextinum.

## Og fellur á hjöltin

Svipaðri útrýmingu á jötnafjölskyldu er lýst í *Þorsteins þætti uxafóts*. Fyrst er móðirin dreppin, og er henni lýst í kynferðislegu jafnt sem dýrslegu myndmáli. Þorsteinn uxafótur kemur að henni þar sem

### *Bardaginn við tröllskessurnar*

hún liggur sofandi í lokrekkju sinni, og er henni lýst frá sjónarhorni hans:

Þorsteinn sér, að kona liggur í sænginni, ef konu skyldi kalla.  
Hún var bæði há og digur og að öllu tröllsleg; hún var  
stórskorin mjög í andliti, en álits bæði svört og blá. Hún lá í  
einum silkiserk; hann var því líkastur sem hann væri þveginn  
í mannablóði. (360)

Þorsteinn tekur sverð sem hangir uppi yfir henni, bregður því og stingur í sofandi konuna. Er drápinu lýst sem nauðgun, sverð og reður verða eitt. Hann byrjar á því að fletta hana klæðum og sér þá að hún er öll „alloðin, nema einn díli undir hinni vinstri hendi sá hann, að snöggur var. Það þóttist hann vita, að annaðhvort mundi hana þar járn bíta eður hvergi annars staðar. Hann leggur sverðinu á þessum sama flekk og fellur á hjöltin. Sverðið bítur svo, að oddurinn stóð í dýnunni“ (360). Honum nægir ekki að drepa hana einu sinni, því að hún gengur aftur, og drepar hann hana þá í annað sinn. Þannig drepar hann hvert tröllið á fætur öðru, og er lýsingin á drápi kvennanna miklu nákvæmari en á drápi karlanna, sem fer fram utan sviðs eða er afgreitt með fáum línum. Eftir þessi afrek hefur karlhetjan sannað sig og gerist hirðmaður Ólafs konungs Tryggvasonar.

### Brúðurin týnda

Í *Gríms sögu loðinkinna* er einnig að finna hitt mynstrið, ástarsöguna. Í sömu ferð og Grímur drepar jötnafjölskylduna liggur hann særður á ströndinni eftir bardaga og er að dauða kominn. Þá sér hann „hvar kona gekk, ef svo skyldi kalla“ (191). Er henni síðan lýst með augum hans eftir því sem hún færst nær og inn í sjónmál hans. Hún er ekki hærri en sjö vетra gamlar stúlkur, „en svo digur, að Grímur hugði, að hann mundi eigi geta feðmt um hana“ (191).

## *Máttugar meyjar*

Hún er sem sagt tröllkona á þverveginn. „Hún var langleit og harðleit, bjúgnefjuð og baröxluð, svartleit og svipilkinnuð, fúlleit og framsnoðin“ (191). Svört er hún bæði á hár og hörund, og „í skörpum skinnstakki“ (191) sem nær henni ekki lengra en á þjóhnappa. „Harla ókyssileg þótti honum hún vera, því að hordingullinn hékk ofan fyrir hvoftana á henni“ (191). Hún gengur þangað sem Grímur liggar og býðst til að bjarga honum með vissum skilyrðum. Um leið hæðist hún að lárétttri stellingu hans með því að segja: „Lágt fara nú höfðingjarnir Háleygjanna“ (191). Hann vill vera hetja og neitar að þiggja líf af henni, „svo ámátlegr sem þú ert“ (191). Að lokum kýs hann þó að lifa. Hún grípur hann undir skinnstakkinn og hleypur með hann „sem eitt lébarn og svo hart, at hann var vinds fullur“ (191). Þegar hún lætur hann loksins niður í stórum helli sýnist Grími hún enn ámálegr enn fyrr. Hann neyðist þó til að kyssa hana og sofa hjá henni um nóttina, en það voru skilyrði hennar fyrir björguninni. Eitthvað hrífst hann þó af henni, því að þegar hann kyssir hana þykir honum hún eigi „svo ill viðkomu sem hún var hrímugleg að sjá“ (192). Þegar hún bindur sár hans „þótti honum undarlegast, hversu mjúkfingruð hún var, svo ljótar hendur sem honum sýndist hún hafa, því að honum þótti þær gammsklóm líkari en mannshöndum“ (192). Þegar Grímur vaknar um morguninn sér hann fagra konu liggja í sænginni hjá sér, en niðri fyrir stokkinum „lá sá hinn illilegi tröllkonuhamur“ (193). Pessi fagra kona er eins og við mátti búast „raun-máttlítil“ (193) og alger andstæða þeirrar sterku tröllkonu sem hún var áður. Hann dreypir á hana vatni og brennir haminn. Við þetta vaknar hún og þakkar honum fyrir frelsunina. Það kemur í ljós að hún er í festarmær Gríms sem hafði horfið viku fyrir brúðkaupið og hann var í rauninni að leita að. Hann flytur hana með sér í samfélagið og kvænist henni. Þannig verður hin ljóta en virka skessa úr villtri náttúrunni að fagurri og undirgefinni brúði.

## Hin glaða mær

Í *Hjálmpés sögu* spretta tröllkonurnar upp úr hrikalegri náttúrunni og eru samrunnar henni. Sagan fjallar um hetjuna Hjálmpé, fóstbræðralag hans við Ölví og Hörð, og þeirra mörgu bardaga og landvinninga. Sumar nokkurt herja þeir víða og koma eftir miklar hafvillur að stóru landi. Þeir ganga á land og tjalda, en menn þeirra halda kyrru fyrir á skipunum og drekka. Um kvöldið þegar menn eru sofnaðir gengur Hjálmpér burt úr tjaldinu og fram með sjónum:

Fjall mikið og ógna hátt stóð við sjóinn, en í miðju fjallinu leit hann standa tröllkonu stórskorna. Hún hafði gullofinn dúk á knjám sér og kembdi sér með gullkambi. Brunnur var niður við sjóinn. Hún tók hendi sinni í hann og þvoði með hár sitt. (205)

Hjálmpér ávarpar hana í vísu og spryr hvaða „bákn“ það sé sem sitji í bjarginu: „Enga veit eg / ámátlegrí / alna fyr jörð ofan“ (205). Henni sárna orð hans, greiðir hárið frá augunum og svarar, einnig í vísu, að hann kveði illa til hennar sem aðeins sé að þvo sér um hárið. Um leið og hún hótar að sjóða hann og eta, vekur hún athygli á kvenleika sínum:

„Með gullofnum dúki  
má sjá hin glaða mær  
þerra sína ljósa lokka.“ (206)

Hann formælir dúknum sem þerrar hár hennar „og að þínum glyrnum gengur“ (206), og hann dregur fram sverð sitt: „Handar muntu missa / og hátt æpa / svo munum við skilja / skauð hið aumasta“ (206). Hún segir að hann tali svívirðilega og það væri „tilheyriilegra mannlegum manni að hafa aðra viðleitni við unga stúlku og hreinlega“ (206) og væri sér „forvitni á að prófa ungan

## *Máttugar meyjar*

mann og missa minn meydóm og láta handtéra mig um mittið” (206). Á meðan á sennunni stendur er hún að greiða sér. Hún seilist nú með hendinni í brunninn. Hjálmpér bregður sverðinu og heggur af henni höndina í úlfliðnum. Hún rekur upp mikinn skræk, lítur á stúfinn og segir: „Lítið framaverk er þetta einum ágætum konungssyni að leynast að mér” (206). Hjálmpé verður litið út á sjóinn og sér þar níu tröllkonur, „stórar og illúðlegar” (207). Hafa þær „rifid í sundur öll skipin, en drepið alla mennina og borið góss allt á land og voru eigi litlar í starfinu” (207). Eru þær allar nefndar með nafni. Ein er Margerður, með kryppu sem ber hærra en höfuðið, eitt auga í miðju enni, nef og klær úr járni, tvær álnarlangar tennur og neðri vör niður á bringu. „Það sá Hjálmpér, að hún mundi mega gefa gildan koss, ef hún kynni svo fyrir sig að koma vörinni sem hún var stór til” (207). Þær eru „stuttklæddar píkurnar og göptu kjöftunum, en skóku höfuðin” (207). Það slær í bardaga milli fóstbraðranna og tröllkvennanna. Eru þær með skálmir og ein með sax.<sup>3</sup> Á meðan á bardaganum stendur fer fram orðasenna milli þeirra í ljóðum. Ein systranna hótar Herði með höndum sínum og óklipptum nöglum, „hefi eg negl óskorna” (208), en hann hótar henni á móti með sverðinu:

„þú ert flagð hið ferlegsta;  
ettu fram járnhrömmum,  
ef þú afli treystir,  
drósin dulrífa,  
en eg mun dvergasmiði.” (209)

Önnur tröllasystir ræðst að Ölví sem hún í bardaganum hæðir fyrir skort á karlmennsku, um leið og hún skilgreinir sig vandlega sem konu: „eigi ert hæfur vífum; / má eigi fang festa / á fylki vel bornum” (209). Hjálmpér berst við þá stærstu og sterkustu, sem í lokin „flakti öll í sundur af sárum” (210). Limlestum líkama hennar er lýst nákvæmlega, „hryggur er hálfflamin / en herðar brotnar” (210). Tröllkonurnar reyna að flýja. Hetjan Hörður heggur

höfuðið af einni þeirra á flóttanum og Margerði í sundur í miðju. Það endar með að fóstbræðurnir drepa allar systurnar, útrýma þessu ógnandi kvennasamfélagi.

## Tvær á báru

Í *Friðþjófs sögu hins frækna* renna skessur og seiðkonur saman í eitt.<sup>4</sup> Óvinir Friðþjófs láta senda eftir „seiðkonum tveimur, Heiði og Hamglöm, og gáfu þeim fé til, að þær sendi veður svo stór að Friðþjófi og mönnum hans, að þeir týndust allir í hafi; þær efldu seiðinn, og færðust á hjallinn með göldrum og gjörningum“ (72). Þegar þeir fóstbræður Friðþjófur og Björn eru að því komnir að farast í hvassviðri og ofsasjó ásamt liði sínu og skipinu Elliða, en það er „skip hið besta, sem verið hefir á Norðurlöndum“ (75), klifrar Friðþjófur upp í siglutré. Sér hann „mjög undarlega sýn“ (78), stórhveli sem liggur í hring um skipið og á baki því konur tvær, „og munu þær valda þessum ófriðarstormi með sínum versta seið og göldrum“ (79). Ákveður hann að etja skipinu gegn þeim. Um þetta kveður hann tvær vísur: „Sé eg tröllkonur / tvær á báru, [...] þeim skal sníða / sundur í miðju / hrygg Elliði, / áður en af för skríður“ (79). Tröllkonurnar á baki hvalnum eru hins vegar þöglar. Friðþjófur talar nú við skipið, en það kann „að skilja manns mál“ (79) og hvetur það til atlögu:

„Heill Elliði!  
hlauptu á báru,  
brjóttu í tröllkonum  
tennur og enni,  
kinnur og kjálka  
í konu vondri  
fót eða báða  
í flagði þessu.“ (79–80)

## *Máttugar meyjar*

Sjálfur skýtur hann fork að „annarri hamhleypunni, en barð Elliða kom á hrygg annarri, og brotnaði hryggurinn í báðum“ (80). Hvalurinn steypist í kaf og hverfur. Átökin eru annars vegar milli karla og skips og hins vegar kvenna og hvals, sem þær nota fyrir skip. Hér má enn sjá skipið sem mynd samfélagsins andstætt konunni í náttúrunni. Á meðan Friðþjófur er að drepa tröllkonurnar á hvalnum eru þær „systur [...] að seiðnum“ og „duttu þær ofan af seiðhjallinum, og brotnaði hryggurinn í báðum“ (84). Þessar hættulegu konur eru á tveimur stöðum samtímis. Þær eru seiðkonur í samféluginu, tröllkonur í náttúrunni/á sjónum, og þær þarf að sigra á báðum vígstöðvum.

## **Sú raust var svo fögur**

Hetjur fornaldarsagnanna eru ekki annað en smákonungar í landaleit, en sama mynstur má finna í sögum um valdameiri konunga. Áður en Ólafur helgi getur orðið konungur yfir öllum Noregi verður hann að sigrast á margýgi, tröllaukinni hafmeyju, sem svamlar í sjónum umhverfis skip hans. Frásögnina er að finna í *Sögu Ólafs konungs Haraldssonar í Flateyjarbók*, en þar er atburðurinn einnig myndskreyttur.

Margýgurin er á mála hjá heiðingjum. Hún syndir um og syngur „svo fagurt, að hún svæfði skipshafnir“ (II, 96). Þegar áhafnirnar eru sofnaðar hvolfir hún skipunum. Stundum æpir hún upp svo hátt að karlarnir falla aftur fyrir sig í sjóinn af ótta. „Drekkir hún svo mönnum og skipum, að hún setur hendurnar upp á annað borðið, en bregður sporðinum niður undir skipið og upp á borðið öðrum me gum og hvelfir svo skipinu, að hún ríður um þveran kjölinn og steypist svo í kaf“ (97). Þetta bragð reynir hún á Ólafi konungi og mönnum hans, þar sem þeir liggja til byrjar í Karlsám. Heyra þeir að upp kemur „svo fögur raust með sönghljóðum, að aldrei heyrðu þeir á sína daga þess háttar hljóð fyrr með svo sætum són og undarlegum ym“ (96), og „innan lítils tíma fellur svefn að þeim svo

*Bardaginn við tröllskessurnar*



Ólafur konungur vinnur margið með sverðinu Hneiti. Í frásöginni af atburðinum er margíðinum lýst sem loðinni og dýrlegri. Á myndinni er hún hins vegar mjög kvenleg, með nakin brjóst og sleigð hár, og í pilsi sem blytur sköp hennar. Samvinnuþjóð retir hún fram hendurnar til að auðvelda konunginum að höggva þær af. Sverðið, kyntákn karlmeneskunnar, rikir yfir myndinni.

## *Máttugar meyjar*

ákaft, að þeir geta víst eigi fyrir sér vöku haldið“ (96). Ólafur konungur situr í lyftingu „og les á bók sína“ (96), væntanlega Ritninguna. Skyndilega sér hann margýgina koma upp. Er dýrslegum og ofvöxnum kvenlíkama hennar lýst með augum hans:

Hún er svo sköpuð, að á henni er höfuð svo skapað sem á hrossi með standandi eyrum og opnum nösum. Hún hefir græn augu, ákaflega stór, og kjafta grýfilega stóra. Hún hefir bóga sem hross og fram skapað sem hendur, en aftur sköpuð að öllu sem ormur með lykkju ákaflega mikilli og breiðum sporði [...] Hún er loðin sem selur og grá að lit. (96–97)

Margýgurin tekur höndum um borðstokkinn, bregður sporðinum undir skipið og kemur honum upp hinum megin. Í sama bili grípur Ólafur konungur sverð sitt, að nafni Hneitir, hleypur fram eftir skipinu og „heggur þá hendur af margýgi“ (97). Hún „kveður við svo hátt og öskurlega, að slík læti þóttist konungurinn engi heyrt hafa“ (97). Hún slengir sér aftur á bak, slær sundur kjöftunum og brynnir raustina. Með guðs fulltingi og bænum konungsins sekkur margýgurin niður, „og varð að henni þar ekki mein síðan“ (97).

Þessi atburður er með þeim fyrstu af mörgum hetjudáðum Ólafs konungs, og hann minnir á bardagann við skessurnar í fornaldarsögunum. Eins og karlhettjur þeirra verður konungurinn að sigrast á hinum kvenlegu og ógnandi öflum hafssins og villtrar náttúrunnar í landvinningum sínum. Þetta gerir hann með stóru og sterku sverði sínu, meðan margýgurin berst með líkama sínum einum.

## **En konungurinn steig til visku**

Svipaðri ófreskju verður að ryðja úr vegin til þess að Haraldur konungur hárfagri geti stjórnað ríki sínu. Í *Haralds sögu hins*

### *Bardaginn við tröllskessurnar*

*hárfagra í Heimskringlu* segir frá því að Haraldur konungur fer einn veturn að veislum um Upplönd. Jólakvöldið þegar hann situr yfir borðum kemur Finninn Svási til hans og býður honum yfir í gamma sinn. En Finnar eru jaðarfyrirbrigði og búa á mörkum samfélagsins. Konungur gengur inn í gammann, þótt sumir lettu:

Þar stóð upp Snæfríður, dóttir Svása, kvenna fríðust, og byrlaði konungi ker fullt mjaðar, en hann tók allt saman og hönd hennar, og þegar var sem eldshiti kæmi í hörund hans og vildi þegar hafa hana á þeirri nótt. (I, 126)

Faðir hennar vill að konungur festi sér Snæfríði og fái að lögum, „en konungur festi Snæfríði og fékk og unni svo með ærslum, að ríki sitt og allt það er honum byrjaði, þá fyrir lét hann“ (126). Þau eignast fjóra syni. Snæfríður deyr, „en litur hennar skipaðist á engan veg, var hún jafnrjóð sem þá, er hún var kvik“ (126). Konungur situr æ yfir henni og heldur að hún muni lifna. Fer svo fram þrjá veturn, „að hann syrgði hana dauða, en landslýður allur syrgði hann villtan“ (126). Þá er fenginn til Þorleifur spaki „þessa villu að lægja“ (126). Segir hann konunginum að það sé honum ekki sæmandi að láta Snæfríði liggja of lengi í sama fatnaði og rétt sé að færa hana til og skipta undir henni klæðum:

Og þegar er hún var hrærð úr rekkjunni, þá slær ýldu og óþefani og hvers kyns illum fnyk af líkamanum. Var þá hvatað að báli, og var hún brennd. Blánaði áður allur líkaminn, og ullu úr ormar og eðlur, froskar og þöddur og alls kyns illyrmi. Seig hún svo í ösku, en konungurinn steig til visku og hugði af heimsku, stýrði síðan ríki sínu og styrktist, gladdist hann af þegnum sínum og þegnar af honum, en ríkið af hvoru tveggja. (I, 127)

Snæfríður er afbrigðileg, þótt ekki sé hún tröllkona. Hún er Finni og fjölkunnug í fegurð sinni, auk þess sem hún býr við endimörk

samfélagsins, á Upplöndum. Það er ekki nóg að hún deyi, það verður að drepa hana dauða. Það gerir karlmaðurinn með speki sinni. Hún leysist upp í göddur og kvikindi, það er frumeindir sínar og sitt rétta eðli, áður en hún þurrkast út til þess að konungurinn geti haldið áfram að vera konungur og stjórna ríki sínu.<sup>6</sup>

### Njóttu nú fallsins, karlmaður

Í þeim Íslendingasögum sem næst koma fornaldarsögum er mikið um tröllagang. Andstætt fornaldarsögunum þar sem tröllkonurnar halda sig langt frá byggð og eru eltar uppi af hetjunum, eru tröllkonur Íslendingasagna nær mörkum samfélagsins, sem þær herja á.

Í *Jökuls þætti Búasonar* segir frá því að Jökull strandar skipi sínu, gengur á land og finnur þar skála. Förunautar hans sofna, en hann vakir einn. „Jökli varð reikað til sjóar og með ströndinni; hann sér, að mikið er rekið af góssi þeirra; hann þykist og þá sjá einhver tvö kvikindi bera saman góssið í einn stað“ (48). Reynast þetta vera flagðkonur tvær, systurnar Gnípa og Geit. Jökull nemur staðar og hlustar á tal þeirra. Þær eru að tala um frægð hans og vilja báðar eignast hann fyrir mann. Ætla þær að bjóða honum þá kosti að eiga aðra hvora þeirra eða verða dreppinn ella. Eftir þessa ákvörðum ganga þær til móts við hann og stíga stórum:

þær voru næsta ófrýnilegar, nefsiðar, og hékk vörin ofan á bringu; skinnstökkum voru þær klæddar, síðum í fyrir, svo þær stigu að mestu á þá, en bak til fylgdu þeir ofanverðum þjóhnöppum; þær skelltu á lærin og fóru mjög ókvenlega. (49)

Ást tröllkvennanna á hinum mennska karlmanni er ekki gagnkvæm. Þegar þær nálgast bregður Jökull sverði sínu „og hjó strax til Geitar á hálsinn, svo af fauk höfuðið“ (49). Í því ræðst Gnípa á Jökul og tekst þar hin harðasta glíma. Gnípa gengur svo

fast fram að Jökull „varð orkuvana fyrir henni og allt hans hold blátt og blóðrisa“ (49). Hann bregður þá fyrir sig mikilli bardagatækni:

sá Jökull, að ei mátti svo lengi fram fara, og sló til sniðglímu við Gnípu, en er hana varði minnst, brá hann henni lausamjöðm, og kom fyrst niður höfuðið og síðan búkurinn; varð þetta fall allmikið. Gnípa mælti: „Njóttu nú fallsins, karlmaður“. (49–50)<sup>7</sup>

Jökull fellir skessuna með réttum glímutökum, og má segja að það komi henni í koll að kunna ekki íslenska glímu. Hann svarar frýju hennar með því að hóta að drepa hana eins og systur hennar. Hann gefur henni líf með því skilyrði að hún verði honum „trú og liðsinnandi“ (50). Þessu játar Gnípa, en segir þó að honum hafi farið „ódrengilega [...] er þú drapst Geit, systur mína, tólf vетra gamalt barnið, en eg er nú þrettán vетra“ (50). Hún segir honum til fjölskyldu sinnar sem hann drepar alla, og er limlestitu tröllanna, einkum kvennanna, lýst nákvæmlega. Hann drepar líka alla vini hennar, en skilur eftir einn tiginn tröllason sem hún hefur augastað á, og endar sagan á brúðkaipi þeirra. Í sögunni má sjá möguleikana sem skessur hafa í samfélagini. Önnur er drepin, hin tamin.

## Í konulíking

Í *Grettis sögu* hefur tröllagangurinn færst til byggða. Á bænum Sandhaugum hverfa tveir karlar, bóndi og húskarl, og hafa þeir orðið tröllkonu að bráð. Petta fréttir Grettir og fer á staðinn til að reyna sig. Kallar hann sig Gest. Hann býðst til að vera þar jólantina meðan húsfreyja fer til kirkju. Þegar nálgast miðnætti heyrir hann út „dynur miklar“ (212). Því næst kemur inn í stofuna „tröllkona mikil“ (212). Hún hefur í hendi trog, en í hinni „skálm heldur mikla“ (212). Trogið og skálmin heyra oft tröllkonum til. Skálm telst varla til vopna, enda berst tröllkonan í *Grettis sögu* ekki

## *Máttugar meyjar*

með henni, heldur eingöngu með líkama sínum. Skálm er nánast eldhúsáhald, helmingur af skærum, eins og nafnið bendir til. Skálmina hefur tröllkonan með sér til að brytja niður skrokkana af körlunum sem hún drepar og gera að þeim. Trogð notar hún síðan til að bera í fenginn heim.

Tröllkonan sér hvar Gestur liggar og ræðst á hann. Þau berjast lengi og af mikilli hörku inni í stofunni:

Hún var sterkari, en hann fór undan kænlega, en allt það, sem fyrir þeim varð, brutu þau, jafnvel þverþilið undan stofunni. Hún dró hann fram yfir dyrnar og svo í anddyrið; þar tók hann fast í móti. Hún vildi draga hann út úr bænum, en það varð eigi, fyrr en þau leystu frá allan útidyraumbúninginn og báru hann út á herðum sér; þæfði hún þá ofan til árinnar og allt fram að gljúfrum. (212)

Hér má sjá karlinn, samfélagið og bæinn annars vegar andstætt konunni, náttúrunni og gljúfrinu, iðrum jarðar, hins vegar. Grettir og tröllkonan slást hjá gljúfrinu alla nóttnina, og reynir tröllkonan að steypa honum niður í það með sér. „Eigi þóttist hann hafa fengist við þvílíkan ófagnað fyrir afs sakar“ (212). Um leið einkennist frásögnin af kynferðislegum undirtónum, og heldur tröllkonan Grettí svo fast að sér, „að hann mátti hvorugri hendi taka til nokkurs, utan hann helt um hana miðja, kvinnuna“ (212). Þegar tæpast stendur „bregður hann flagðkonunni til sveiflu“ (212). Við það verður honum laus hægri höndin, og þrifur hann þá „skjótt til saxins, er hann var gyrdur með, og bregður því, heggur þá á öxl tröllinu, svo að af tók höndina hægri, og svo varð hann laus, en hún steyptist í gljúfrin og svo í fossinn“ (212–213). Hann liggar lengi stirður og móður á gljúfurbarminum, en gengur síðan til bæjar og leggst í rekkju, „allur þrútinn og blár“ (213).

Þegar húsfreyja kemur heim finnst henni „heldur raskað um hýbýli sín“ (213) og spyr hvers vegna allt sé „brotið og bælt“ (213). Grettir segir henni hvað hafi gerst. Þótti henni „mikils um vert, og

### *Bardaginn við tröllskessurnar*

spurði hver hann var“ (213). Segir hann henni þá sitt rétta nafn. Með því að sigrast á tröllkonunni og fá viðurkenningu hinnar samfélagslegu konu, sem hann svo síðar leggur undir sig og eignast með son, hefur hann endurheimt sjálfsmynd sína sem karlinn og hetjan Grettir.

Pessi tröllkona étur karla og brýtur niður bæi. Þegar Grettir hefur drepið hana gengur hann í gljúfrið undir fossinum. Þar situr „jötunn ógurlega mikill“ (215), líklega sonur tröllkonunnar, og þar eru einnig bein karlanna tveggja, sem horfið höfðu. Grettir heggur jötuninn umsvifalaust með saxi sínu, „svo að iðrin steyptust úr honum ofan í ána“ (216). Þegar Grettir hefur þannig gengið af tröllunum dauðum og losað byggðina við þau, þótti hann „þar gert hafa mikla landhreinsun“ (218). Það er athyglisvert að tröllkarlinn fer ekki út í samfélagið, heldur sendir hann konuna sem fulltrúa sinn. Pannig er tröllkonan á mörkum tveggja heima, náttúrunnar og samfélagsins.

Í sögunni fer tveimur sögum af því hvernig tröllkonan var drepin. Með því afbyggir textinn hetjudáð Grettis og eigin frásögn:

Petta er sögn Grettis, að tröllkonan steyptist í gljúfrin við, er hún fékk sárið, en Bárðardalsmenn segja, að hana dagaði uppi, þá er þau glímdu, og sprungið, þá er hann hjó af henni höndina, og standi þar enn í konulíking á bjarginu. (213)

Fyrir Bárðardalsmönnum renna konan og náttúran saman í eitt. Steinrunnin konan stendur þar enn á mörkum byggðar og minnir á sig. Er hún bæði viðvörun öðrum konum og ógn fyrir samfélagið, því að hún getur brotist út hvenær sem er.

# VI UPPREISN KVENNA Í SAGNAHEFÐ

## Karlabókmenntir

Íslendingasögur eru karlabókmenntir sem lýsa mönnum og atburðum frá sjónarhlí karlveldis og ríkjandi menningar. Þær fjalla fyrst og fremst um hetjudáðir karla, ferðalög þeirra, innan lands og utan, deilur, bardaga, víg og málaferli, heim sem er lokaður konum. Innan þessarar hefðar er lítið svigrúm fyrir konur. Peim er sjaldnast lýst vegna þeirra sjálfrá, heldur sem viðföngum karlhetjanna, og viðhorf til þeirra fara oft eftir því hvernig þær samræmast hugmyndum sagnahefðarinnar um hetjuskap og karlmennsku. Nokkrar sögur leitast þó við að brjótast undan hefðinni og þeim hugmyndum sem hún ber með sér. Pannig er *Fóstbræðra saga* paródía á Íslendingasögur. Með háði og grótesku myndmáli sýnir sagan karlhetjurnar, „fóstbræðurna“, sem hlægilegar andhetjur, sem komast upp með það í skjóli höfðingja að kúga, ræna og drepa venjulegt fólk. Í *Fóstbræðra sögu* eru það konurnar – sem sagnahefðin lýsir yfirleitt sem mestu ógnun og andstæðu hetjuskaparins – sem mæla fram gagnrýni verksins á spillt hernaðarsamfélag karla.<sup>1</sup>

Annars konar brot á hefð er að finna í nokkrum Íslendingasögum, sem leitast við að fjalla um líf og örlög kvenna. Par skapast togstreita milli aðalpersónu og atburðarásar, eða milli þeirrar kvenlegu reynslu sem sagan er að segja frá og þeirrar karlmannlegu bókmenntahefðar sem hún er samin í. Pannig undirokar sagnahefðin kvenlega tjáningu á sama hátt og samfélagið konuna.

## Laxdæla saga: Guðrún Ósvífursdóttir

*Laxdæla saga* er eina Íslendingasagan sem hefur konu að aðalpersónu. Því sem sagnahefðin lýsir venjulega sem viðfangi eða þolanda reynir *Laxdæla* að gera að geranda frásagnarinnar. En Íslendingasögur krefjast stórra viðburða og hraðrar atburðarásar sem ekki samræmast lífi kvenna. Hin hefðbundnu minni með lýsingum á ferðalögum, bardögum, málafelrum og vígum verða að vera með, og eru það í svo miklum mæli í *Laxdælu* að þau skyggja oft á kvennasjónarmiðið í sögunni.

Það er athyglisvert að sjá hve þetta hefur villt um fyrir mörgum þeirra fræðimanna sem um söguna hafa fjallað. Guðrún Ósvífursdóttir hefur að vísu oft verið nefnd aðalpersóna sögunnar, og það hefur verið rætt um kvenlegan smekk í sambandi við stíl verksins.<sup>2</sup> En kvennasjónarmiðið sjálft hefur þeim yfirsést, sú umræða um konur og kynferði sem frásögnin sprettur af.

Sagan um Guðrúnu Ósvífursdóttur spannar yfir two þriðju hluta *Laxdælu*. Samt fer því fjarri að hún sé þar alltaf í sviðsljósi. Sagnahefðin krefst ytri átaka með lýsingum á heimi sem er lokaður konum. Þess vegna fjallar sagan oft í löngu máli um bræður Guðrúnar, biðla hennar, eiginmenn og syni. En Guðrún myndar ramma frásagnarinnar og heldur þráðunum saman.

Í fyrsta skipti sem Guðrún kemur fram í sögunni er hún kornung stúlka. Biður hún Gest Oddleifsson að ráða fyrir sig fjóra drauma sem hana hefur dreymt. Draumarnir leggja bæði grundvöllinn að ævisögu Guðrúnar og að byggingu sögunnar sjálfrar.

Í fyrsta draumnum hefur Guðrún krókfald á höfði sem henni finnst sóma sér illa og hún kastar út á læk. Í öðrum draumnum hefur hún silfurhring á hendi sem rennur af henni og út á vatn. Í þriðja draumnum er hún með gullhring á hendi sem hún rekur í stein og brotnar í two blæðandi hluta. Í fjórða draumnum hefur hún á sér þungan hjálm settan gulli og gimsteinum, sem steypist af höfði hennar út á haf. Myndirnar eru athyglisverðar bæði frá táknafræðilegu sjónarmiði og kvennasjónarmiði. Þær varða allar

## *Máttugar meyjar*

líkamann, sýna fót eða skartgripi sem þvinga og Guðrún kastar á einn eða annan hátt af sér. Vatnið er frelsandi og flæðandi afl, andstætt hinu harða eða bindandi efni.

Í draumunum sér Gestur fyrir sér framtíð Guðrúnar. En áður en hann segir henni hvers konar líf hún eigi í vændum varar hann hana við: „'Glöggt fæ eg séð, hvað draumar þessir eru, en mjög mun þér samstaft þykja, því að eg mun næsta einn veg alla ráða“ (89). Draumana ræður Gestur síðan á þá leið að Guðrún mun eignast fjóra eiginmenn og lifa þá alla. Eins og oftar í sögunni bregst Guðrún við með líkamsmáli. Hana „setti dreyrrauða, meðan draumarnir voru ráðnir; en engi hafði hún orð um, fyrr en Gestur lauk sínu máli“ (91). Hún þakkar Gesti og segir að hann myndi hafa spáð henni fegurri spám ef hún hefði gefið honum fegurri drauma að ráða. Eiginmenn Guðrúnar eru síðan kynntir til sögunnar einn á eftir öðrum, þar sem þeir hverfast um lýsingu hennar uns þeir hverfa og hún stendur ein eftir. Þessari byggingu sögunnar er svo lokað með samtali Guðrúnar og sonarins Bolla í sögulok þegar Guðrún lítur yfir líf sitt og dregur það saman í nokkrar setningar. Frá því er sagt að Bolli sitji löngum hjá móður sinni, „og varð þeim margt talað“ (228). Þá spyr Bolli: „Muntu segja mér það, móðir, að mér er forvitni á að vita? Hverjum hefir þú manni mest unnt?“ (228). Guðrún svarar með því að ræða hvern eiginmann fyrir sig. Þá segir Bolli:

„Skil eg þetta gerla, hvað þú segir mér frá því, hversu hverjum var farið bænda þinna, en hitt verður enn ekki sagt, hverjum þú unnir mest; þarftu nú ekki að leyna því lengur.“

Guðrún svarar: „Fast skorar þú þetta, sonur minn,“ segir Guðrún, „en ef eg skal það nokkrum segja, þá mun eg þig helst velja til þess.“ Bolli bað hana svo gera. Þá mælti Guðrún: „Þeim var eg verst, er eg unni mest.“ (228)

Guðrún talar í gátum, og enn er ekki vitað hvern hún elskaði mest. Spurning Bolla gerir ráð fyrir ákveðnu merkingarmiði og felur í sér

*Uppreisn kvenna í sagnahefð*



*Karlabókin og kvennabókin. Máðruvallabók er eitt helsta handrit Íslendingasagna. Margrétar saga var notuð við fæðingarhjálp í kabólskum síð, og er til í földu handrita sem öll eru í njög smáu broti.*

## *Máttugar meyjar*

mannjöfnuð og keppni. Ekki er víst að Guðrún viti hvern hún elskaði mest, og hvern næst mest o.s.frv. Hún upplifir ást sína ekki í ákveðnum stærðarflokkum. En sonurinn lætur sem hann skilji svar hennar. Í þessari frásögn má enn og aftur sjá minnið um móðurina sem talar við son sinn, konuna sem miðlar þekkingu til karlsins. Á löngum fundum þeirra Bolla segir Guðrún honum sögu sína. Ef til vill *Laxdæla sögu* sjálfa sem hann ber áfram eða jafnvel ritar.

Þetta er í síðasta sinn sem Guðrún kemur fram í sögunni, og í beinu framhaldi af því er sagt frá síðustu æviárum hennar og dauða í örfáum orðum. Atriðið á sér algjöra samsvörun í frásögninni af draumunum og kallar hana fram. Þannig gegna draumarnir lykilhlutverki við túlkun sögunnar.<sup>3</sup> Í báðum þessum atriðum, því fyrsta og síðasta með Guðrúnu, er hjónaböndum hennar stillt upp sem skarpri andstæðu við það sem hún hafði sjálf óskað sér. Örlög hennar minna á örlög valkyrjunnar Brynhildar í *Völsunga sögu* sem Óðinn lagði á að hún skyldi giftast. Guðrúnu líkar ekki hvernig Gestur ræður draumana, og þegar hún lítur yfir líf sitt í samtalínu við Bolla leynir hún einhverju mjög mikilvægu. Það sem Guðrún leitar eftir er að verða gerandi sinnar eigin sögu. Það getur hún hvorki í hjónaböndunum né í ástarsambandinu við Kjartan, sem hvort tveggja hneigist til að halda henni innan marka hefðbundins kvenhlutverks.

## Pótti sinn veg hvoru þeirra

Að áliti flestra sem um söguna hafaritað standa átök *Laxdælu* – og þau sem hrinda atburðum af stað – milli Kjartans og Bolla, það er að segja á milli tveggja karla eins og venjan er í Íslendingasögum. En hið sérstaka við *Laxdæla sögu*, og það sem skilur hana frá öðrum sögum sem fjalla um ástamál, er að átökin fara ekki fram á milli tveggja karlmannna sem elska sömu konuna, eins og t.a.m. í *Gunnlaugs sögu*, heldur milli elskendanna sjálfra. Átökin milli Kjartans og Guðrúnar eru dæmigerð og greinileg kynjabarátt. Pau

## *Uppreisn kvenna í sagnahefð*

koma upp þegar Kjartan tilkynnir Guðrúnu að hann ætli utan og biður hana að bíða sín. Upp kemur senna milli karls og konu, og ljóst verður að þau tala ekki sama tungumál:

Guðrún mælti: „Skjótt hefir þú þetta ráðið, Kjartan.“ Hefir hún þar um nokkur orð, þau er Kjartan mátti skilja, að Guðrún lét sér ógetið að þessu. Kjartan mælti: „Lát þér eigi þetta mislíka; eg skal gera annan hlut, svo að þér þyki vel.“ Guðrún mælti: „Efntu þetta, því að eg mun brátt yfir því lýsa.“ Kjartan bað hana svo gera. Guðrún mælti: „Þá vil eg fara utan með þér í sumar, og hefir þú þá yfir bætt við mig þetta bráðræði, því að ekki ann eg Íslandi.“ „Það má eigi vera,“ segir Kjartan; „bræður þínir eru óráðnir, en faðir þinn gamall, og eru þeir allri forsjá sviptir, ef þú ferð af landi brott, og bíð míni þrjá vetur.“ Guðrún kvaðst um það mundu engu heita, og þótti sinn veg hvoru þeirra, og skildu með því. (115)

Hvergi í sögunni kemur mismunurinn á stöðu kynjanna eins greinilega fram. Heimurinn er karlmannsins, en konan á að vera heima. Kjartan vill setja Guðrúnu í hlutverk hinnar bíðandi konu, en hún lítur á sig sem jafningja hans og vill fá að breyta samkvæmt því. Hann sýnir henni mikið yfirlæti þegar hann býðst til að gera annað fyrir hana sem henni muni líka vel. Hann ætlar sem sagt að bjóða henni sjálfan sig. En hún verður fyrri til að orða óskina sem er önnur en hann hafði ímyndað sér. Guðrún hefur enga löngun til að bíða heima hjá sér í festum, hún vill út í heim. Innlokun hennar er tvöföld. Hún er lokuð inni í landinu, og hún er lokuð í kvenhlutverkinu. Uppreisn hennar skilur þau að. Uppreisnin á sér stað í tungumáli og orðaskiptum, og kemur það greinilega fram í atriðislok þar sem segir að *þótti sinn veg hvoru þeirra*.

Tilvitnunin sýnir að orð Guðrúnar fá ekki öll að koma fram. „Hefur hún þar um nokkur orð“ er endursögn beinnar ræðu, orða, sem hefur verið sleppt á einhverju stigi í varðveislu sögunnar, eða

## *Máttugar meyjar*

við ritun hennar. Slíkir „uppskafningar“ koma oftar fyrir bæði í *Laxdælu* og öðrum Íslendingasögum, og þá mjög oft á orðum kvenna eða í frásögnum af þeim.

Þegar Kjartan neitar Guðrúnu um að fara með honum til útlanda, vísar hann í umönnunarhlutverk hennar. Hún á að sitja heima og annast bræður sína unga og gamlan föður. Að öðrum kosti „eru þeir allri forsjá sviptir“! Sagan tekur vel eftir þessu, og í samræmi við það gleymir hún heldur ekki að segja frá því hvað konur eru að gera meðan karlarnir eru í ferðum sínum. Meðan Höskuldur er í Noregi, m.a. til að kaupa sér dýrustu frilluna sem hann nær í, er sagt að Jórunn kona hans varðveiti „bú hans og börn“ (22), og sama gerir Þorgerður meðan Ólafur pá er úti að ferðast, þótt hún hreyfi mótmælum: „Þorgerður kvað sér lítið vera um það, en Ólafur kvaðst ráða mundu“ (77). Pennan mun á heimi karla og kvenna lætur sagan síðan koma skýrt fram í orðum Þorleiks Bollasonar, þegar hann biður móður sína og Þorkel mann hennar um farareyri og gefur þá einu ástæðu fyrir ferðinni að sér leiðist „að sitja heima sem konum“ (204).

## **Mikil verða hér voðaverkin**

Á mörgum stöðum í sögunni er kvenhlutverkið beinlínis sett upp sem andstæða karlhlutverksins. Skýrast kemur þetta fram í samtali þeirra Guðrúnar og Bolla þegar hann kemur heim frá vígi Kjartans:

Síðan reið Bolli heim til Lauga. Guðrún gekk í móti honum og spurði, hversu framorðið væri; Bolli kvað þá vera nær nóni dags þess. Þá mælti Guðrún: „Mikil verða hér voðaverkin; eg hefi spunnið tólf álna garn, en þú hefir vegið Kjartan.“ (154)<sup>4</sup>

Orðaleikur Guðrúnar um voðaverkin bendir í two heima samtímis, heim konunnar við voðina og heim karlmannsins við voðann.

## *Uppreisn kvenna í sagnahefð*

Svipaða tveggja heima sýn er að finna í því atriði sem segir frá vígi Bolla. Þau Guðrún eru í seli þegar óvinir hans koma til að hefna, og Bolli veit að hann mun verða dreppinn:

Bolli mælti við Guðrúnu og bað hana ganga úr selinu í brott og segir, að sá einn myndi fundur þeirra verða, er henni myndi ekki gaman að verða. Guðrún kvaðst hyggja, að þau ein tíðindi myndi þar verða, að hún myndi sjá mega, og kvað Bolla ekki mundu mein að sér, þótt hún væri nær honum stödd. Bolli kvaðst þessu ráða vilja, og svo var, að Guðrún gekk út úr selinu. Hún gekk ofan fyrir brekkuna til lækjar þess, er þar fell, og tók að þvo léreft sín. Bolli var nú einn í selinu; hann tók vopn sín, setti hjálm á höfuð sér og hafði skjöld fyrir sér, en sverðið Fótbit í hendi. (166)

Hér koma andstæðurnar bæði fram í sjónarhorni og myndmáli, í lýsingunni af konunni sem þvær léreft sín við lækinn og karlinum sem berst með sverði og skildi. Þegar Bolli rekur Guðrúnu út úr selinu rekur hann hana samtímis úr atburðarásinni. Bardagar eru ekki fyrir konur, og þess vegna er Guðrún ekki til staðar þegar sagt er frá þessum tveimur hápunktum sögunnar. Þar fylgir atburðarásin fóstbraðrunum Kjartani og Bolla, en gefur þó um leið til kynna hvað Guðrún er að gera á meðan.

Í *Laxdælu* eru mörg merki kvennauppreisna sem koma fram með ýmsu móti. Eru þær allar á einhvern hátt sprottnar af kynferði og kvenhlutverki, eins og sagan sjálf bendir þráfaldlega á. Unnur djúpúðga er landnámsmaður og ræður yfir öndvegissúlum. Hún gengur því lengra en hefðbundið kvenhlutverk leyfir, enda tekur sagan það fram með beinum orðum að hún sé öðru vísí en aðrar konur. Þegar sagan hefst er eiginmaður hennar fallinn og hún fer með föður sínum vestur um haf til Skotlands þar sem hann andast. Sonur hennar leggst í hernað og fellur eftir að hafa eignast hálf Skotland. Eftir það telur Unnur sér ekki líft á Skotlandi. Lætur hún gera skip í skógi á laun og hefur á brott með sér allt frændlið sitt

## *Máttugar meyjar*

sem eftir er „og þykjast menn varla dæmi til finna, að einn kvenmaður hafi komist í brott úr þvílikum ófriði með jafnmiklu fé og föruneyti; má af því marka, að hún var mikið afbragð annarra kvenna“ (7).

Í ambáttinni og frillunni Melkorku sem reynist vera írsk konungsdóttir, er að finna minnið um prinsessuna í álögum, það er að segja draum kvenna um upphefð og frelsi. Vanmáttug uppreisn hennar gegn þöggun og kúgun felst í því að hún neitar að tala. Þorgerður Egilsdóttir notar hins vegar tungumálið og hæðir Ólaf pá þegar hann kemur til að biðja hennar: „Það muntu hugsa, að þú munt þykjast hafa gert meiri þoranraun en tala við konur“ (65), og hún færst mjög undan því að giftast honum, „ambáttarsyni“ (63). Bróka-Auður tekur sér sax í hönd og gerir misheppnaða tilraun til að drepa fyrrverandi eiginmann sinn sem hafði niðurlægt hana með því að taka sér aðra konu. Að því tilefni tekur hún á sig karlmannsgervi og klæðir sig í brækur. Hún leggur til hans þar sem hann liggur láréttur og sofandi í rekju, „og veitti honum áverka mikla, og kom á höndina hægri; varð hann sár á báðum geirvörtum“ (98). Með áverkum á brjósti kvengerir hún hann. Geirvörtur eru kvenlegt líffæri á líkama karla sem gegna þar engu hlutverki, og við áverkann flæðir úr þeim, ekki mjólk, heldur blóð. Með hægri hendi halda karlar um sverð sín, „en sú höndin varð honum hvergi betri til taks en áður“ (98).

Uppreisn svipaðrar merkingar má sjá í frásogninni af Þuríði Ólafsdóttur sem lætur ársgamla dóttur sína í skiptum fyrir sverð eiginmanns síns, Geirmundar gnýs. Ætlar hann að yfirgefa þær og sigla burt án þess að skilja eftir sig nokkurt fé. Í sólarupprás morgun einn þegar faðir hennar er í burtu og menn í fastasvefni laumast hún út í skipið þar sem það bíður byrjar. Hún lætur meybarnið í húðfatið hjá Geirmundi sofandi, tekur sverð hans af veggnum fyrir ofan hann og gengur burt með það. Mærin tekur að gráta, og við það vaknar faðirinn. Viðbrögð hans við barnsgrátnum eru þau að hann sprettur upp og ætlar að þrífa sverð sitt, en „missir, sem von var“ (82). Með aðgerð sinni „geldir“ Þuríður mann sinn og gerir

hann jafnframt að konu, að madonnumynd, með barnið hjá sér í húðfatinu. Við þetta missir hann vald sitt, og táknrænt má vera að hann týnist í hafi fyrir ströndum Noregs með skipi sínu og barni.<sup>5</sup>

## Stígar hún af brúðarbekknum

Uppreisn Guðrúnar gegn kvenhlutverkinu kemur ekki aðeins fram í átökunum við Kjartan, heldur einnig í öllum hjónaböndum hennar. Hún býður Þorvaldi byrginn með því að sóa fé hans og halda fram hjá honum, enda gift honum nauðug. Eitt sinn þegar hún biður hann gripakaups segir Þorvaldur hana „ekki hóf að kunna og sló hana kinnhest“ (93). Hún leitar til Þórðar elskhuga síns sem gefur henni það ráð að skera Þorvaldi skyrtu, flegna niður á brjóst, og skilja við hann fyrir þær sakir. Föt eru mjög mikilvæg í táknmáli Laxdælu og tengjast oftast á einhvern hátt kynferði. Skyrtur með flegnu hálmáli eru kvenbúningur og með því að skera Þorvaldi slíka skyrtu vænir Guðrún hann um ergi, gerir hann að konu. Ráð Þórðar kallast á við orð Guðrúnar síðar. Á leið til þings segist hún hafa heyrt að Auður kona hans sé „jafnan í brókum, og setgeiri í“ (95) og gefur henni nafnið Bróka-Auður. Um leið ber hún brækur Auðar saman við búning karlmanns „ef hann hefir höfuðsmátt svo mikla, að sjái geirvörtur hans berar“ (96), og sé það hvort tveggja brautgangssök. Guðrún fylgir hvötinni sem í þessu felst eftir. Þórður segir skilið við Auði á þinginu „og fann það til saka, að hún skarst í setgeirabrækur sem karlkonur“ (96). Á hliðstæðan hátt og höfuðsmáttin sýnir geirvörtur og undirstrikar með því kvenleika, má álykta að setgeirabrækur séu brækur með kýl, sem sýni kynferði karlsins á þann hátt að ekki verður um villst.<sup>6</sup> Hann ber það utan á sér, eins og konur brjóst. Með orðum sínum við Þórð heldur Guðrún fram rétti sínum og jafnri stöðu á við hann.

Guðrún hótar Bolla með skilnaði ef hann lætur ekki að vilja hennar, og leiðir það bæði til vígs hans og fóstbróðurins Kjartans. Skýrasta dæmið um uppreisn hennar er sú sem hún gerir gegn

## *Máttugar meyjar*

Porkeli á sjálfum brúðkaupsdegi þeirra. Án þess að Porkell hafi hugmynd um hefur Guðrún tekið við útlanum Gunnari Þiðrandabana sem hann og aðrir höfðingjar eru á höttunum eftir. Þetta uppgötvast í brúðkaupinu og Porkell biður menn sína að grípa Gunnar:

En Guðrún sat innar á þverpalli og þar konur hjá henni og höfðu lín á höfði; en þegar hún verður vör við, stígur hún af brúðbekknum og heitir á sína menn að veita Gunnari lið; hún bað og engum manni eira, þeim er þar vildi óvísu lýsa. Hafði Guðrún lið miklu meira; horfðist þar til annars en ætlað hafði verið. (202–203)

Snorri goði gengur í milli manna og biður Porkel að láta undan, en Porkell segist hafa lofað nafna sínum, Porkeli Geitissyni, að drepa Gunnar ef hann kæmi þar í sveitir „og er hann hinn mesti vinur minn“ (103). Snorri bendir honum á að hann fái „aldrei slíkrar konu, sem Guðrún er“ (203), þótt hann leiti víða. Porkell sér að Snorri „mælti satt“ (203) og sættist á málamiðlun.

Myndin af Guðrúnu sem stígur af brúðarbekknum með brúðarlínið á höfði til að hvetja menn til bardaga gegn manninum sem hún var að giftast er sterktáknmynd um þá ósk að brjótast úr kvenhlutverkinu og grípa inn í heim karlanna. Hvöt kvenna er algengt minni í Íslendingasögum, sem og í íslenskum fornbókmennntum yfirleitt. Oftast er það túlkað sem tákn um vald kvenna gagnvart körlum, og tekið sem dæmi um tiltölulega sterka stöðu kvenna í íslensku miðaldasamfélagi. Öllu nærtækara er að líta á það sem táknmynd um hið gagnstæða, þ.e. félagslega og menningarlega kúgun kvenna. Einungis í gegnum karla geta þær komist upp á yfirborð samfélagsins, og í sögum sem fjalla um deilur milli karla, bardaga og víg, er hvötin ein af leiðum þeirra til að gera sig sýnilegar og gildandi í atburðarásinni. En einnig má í hvötinni sjá ótta karlanna við eigin kvenleika, kvennarödd sem stappar í þá stálinu þegar karlmennskan er að láta deigan síga.

## *Uppreisn kvenna í sagnahefð*

Algengast er að konur eggi eiginmenn sína, bræður eða syni gegn sameiginlegum óvini. Guðrún snýr hins vegar hvötinni gegn manni sínum. Uppreisn hennar tekst að því leyti að hún bjargar lífi skjólstæðings síns og setur þar með fleyg í fóstbræðralag þeirra Porkela. En hún ræður ekki meir yfir bæ sínum en svo að Gunnar verður að fara burt. Í síðasta draumnum af þeim fjórum sem Guðrún segir Gesti er hún með hjálm á höfði, úr gulli og settan gimsteinum. Henni þykir hann „nokkurs til þungur, því að ég fékk varla valdið, og bar eg hallt höfuðið, og gaf eg þó hjálminum enga sök á því og ætlaði ekki að lóga honum“ (89). Þetta er kúgunarmynd, sem þrátt fyrir yfirlýsta ætlun og túlkun Guðrúnar sjálfrar, gefur í skyn samband milli vanlíðunar hennar í hjónabandi og drukknunar Porkels.

Undir lok ævi sinnar segir Guðrún sig á vissan hátt úr samfélaginu og hverfur inn í sinn eigin kvennaheim. „Hún var fyrst nunna á Íslandi og einsetukona“ (228). Hún lifir við „harma“ (228), og lögð er mikil áhersla á elli hennar. Hún „varð gömul kona, og er það sögn manna, að hún yrði sjónlaus“ (228–229). Með þessu lýkur ekki einungis ævi Guðrúnar, heldur einnig sögunni.

## Svarfdæla saga: Yngvildur fagurkinn

Meðal annarra Íslendingasagna sem fylgja ævisögu kvenna í byggingu sinni má nefna *Eiríks sögu rauða* með Guðríði Þorbjarnardóttur og *Gunnlaugs sögu ormstungu* með Helgu fögru Þorsteinsdóttur. Í *Eiríks sögu* spáir völvan fyrir um ævi Guðríðar og þar með að nokkru leyti um gang sögunnar.<sup>7</sup> Í *Gunnlaugs sögu* dreymir Þorstein táknrænan draum um ævi dóttur sinnar ófæddrar og um leið söguþráðinn sem af henni spinnst. Það er athyglisvert að hann vill ekki láta söguna gerast, því að hann fyrirskipar að dóttirin verði borin út. Í báðum sögunum er ævi kvennanna fylgt frá upphafi til dauða þeirra.

*Svarfdæla saga* fjallar að miklu leyti um Yngvildi fagurkinn og er hún drifkraftur frásagnarinnar. Yngvildur er mjög fögur, eins og

## *Máttugar meyjar*

nafn hennar gefur til kynna, og er lögð mikil áhersla á fegurð hennar í sögunni. Fyrst er frá henni sagt þar sem hún er ein með móður sinni í seli, en móðirin hefur þar „umsýslu búsl og smalaferðar“ (153). Í smalaferðinni verður hún léttari „og fæddi sveina two í Vatnsdalshólum“ (153). Hún kemur heim með sveinana um kvöldið „og tók Yngvildur, dóttir hennar með þeim og vann sveinunum“ (153). Lýsingin á þessum friðsæla kvennaheimi langt frá byggð er í algerri andstæðu við þá grimmdarlegu samfélagsmynd sem sagan birtir að öðru leyti.

Yngvildur er ekki einungis fögur, hún er einnig skapstór og neitar að láta kúga sig. Það verður henni að falli. Þegar hún hefur aldur til verður hún frilla Ljótólfs goða, voldugasta höfðingja dalsins, og er þannig notuð til að treysta vinfungi föður síns og goðans: „en þá var sem mest vinfungi þeirra Ljótólfs og Ásgeirs rauðfelds, því að Yngvildur fagurkinn var frilla Ljótólfs“ (165). Nauðug og með valdi er hún gift Klaufa nokkrum sem er mikill ribbaldi. Hann er einnig afskræmdur í útliti, og því alger andstæða hennar að því leyti. Hvorki faðir hennar né Ljótólfur skipta sér af þessu, heldur láta sem þeir viti ekki. Yngvildur fær stuðning yngri bræðra sinna til að drepa Klaufa. Tekst henni að ná sverði hans með því að láta vel að honum, en þá „renndi sverðið Atlanautur fram úr slíðrunum, og tók hún það“ (173–174). Hún kastar því til næurstaddra bræðra sinna og „dvaldi fyrir Klaufa, þar til að hann var laginn í gegnum, svo að hann fékk þegar bana“ (174).<sup>8</sup> Eftir þetta fer hún aftur til Ljótólfs sem giftir hana leysingja sínum, Skíða, og fær honum með henni mikið fé. Sjálfur hefur hann gengið að eiga konu, sem er svo þæg að engum sögum fer af henni. Sú kona var honum „ætluð innan úr Eyjafirði“ (183). Skíði er einnig afskræmdur í útliti. Hann hefur verið limlestur í andliti af öðrum höfðingja sveitarinnar, Karli að nafni, og er með skarð í vör. Yngvildi finnst hún vera gift niður fyrir sig, og setur það skilyrði fyrir samþykki sínu að hann „skal hafa fyllt skarðið í vör sinni á fimm vetra fresti, svo að mér þyki vel fullt vera“ (186). Þeir Ljótólfur og Skíði ganga að því. „Skarðið í vör Skíða“ gengur síðan sem leiðarminni um söguna og er greinilegt að það

## *Uppreisn kvenna i sagnahefð*

hefur kynferðislega merkingu. Í því kann að felast aðdróttun um karlmennskuleysi Skíða, sem er með merki sem líkist kynfærum kvenna framan í sér.<sup>9</sup>

Það koma upp deilur milli höfðingjanna í dalnum. Á sáttafundi spillir Yngvildur fyrir með því að grípa fram í tal karlanna og minna á hefndirnar sem henni hafði verið heitið: „Og þá er mjög var ráðin sættarstefna með þeim Karli og Ljótólfi, þá sagði Yngvildur, að seint mundi verða fyllt skarð í vör Skíða, ef sú sætt skyldi takast“ (188). Við þetta snúast allir karlarnir gegn henni og gera hana að blóraböggli fyrir deilum sínum og bardögum:

Skíði mælti: „Mæl þú allra kvenna örmust og vesölust.“

Gunnar svaraði: „Oft stendur illt af tali kvenna, og kann vera, að af hljótist þessu tali sem þá er verst hefir af hlotist.“

Nú var lokið öllu um sættina, og skildust ósáttir. (188)

Að konur hvetji karla þannig hvern gegn öðrum er mjög algengt minni í Íslendingasögum. Á þetta má ef til vill líta sem herkænskubragð þeirra, eða aðferð til að hindra bandalög karlanna og setja fleyg í fóstbræðralögin. Afleiðingarnar af hvöt Yngvildar eru þær að Skíði drepur Karl í bardaga. Hefndin eftir Karl beinist þó ekki að Skíða, heldur konu hans, Yngvildi. Í þeirri atburðarás sem fylgir má greinilega sjá hvernig vopnin og fóstbræðralagið, vinfengi karlanna, er notað gegn konum.

## Og voru skapsmunir hennar hinir sömu

Sonur hins drepna, sem einnig heitir hinu táknræna nafni Karl, þ.e. Karl Karlsson, fer af stað til að hefna jafnskjótt og hann hefur aldur til. Hann er unglungur á sama aldri og Freyr í *Skírnismálum* þegar hann verður að fá Gerði. Í báðum frásögnunum er sverðið mikilvægt.

Í þoku snemma morguns kemur hann ásamt fylgdarmönnum til

## *Máttugar meyjar*

bæjar Yngvildar. Skíði og synir þeirra þrír eru farnir til rétta, en sjálf er hún í rekkju og „eigi upprisin“ (197). Þeir Karl handtaka Skíða og synina og leiða heim í tún:

Og þá gengur Karl inn í bæ og biður Yngvildi upp standa. Hún stóð upp og vildi klæðast og komst eigi í fleira en í serk sinn. Karl tók í hönd henni og leiddi hana út í tún og setti niður einhvers staðar í túninu. Hún var faldlaus og hafði hárið bæði mikið og fagurt. (197)

Karl bregður sverði sínu og spryr Yngvildi hversu mikið sé nú skarð í vör Skíða. „’Nei,’ sagði hún, ‘aldrei er þar nú skarð’“ (197). Hann spryr hana þrisvar og í hvert sinn neitar hún. Eftir hverja neitun heggur hann höfuð af einum syni. Þegar hann hefur höggyið höfuðið af þeim yngsta gengur hann til hennar og „þerrir nú sverðið eftir miðri skyrtu hennar“ (197–198).<sup>10</sup> Karl gefur Skíða líf, en tekur bæði bú hans og konu, „og setti hana hið næsta sér“ (197), þ.e. gerir að frillu sinni. Í beinu framhaldi af því er sagt að jafnan „gekk Karl með bert sverðið, það sem hann hafði vegið sonu hennar með“ (198). Með beru sverðinu reynir hann hvað eftir annað að fá hana til að viðurkenna skarðið í vör Skíða, en hún heldur áfram að neita.

Yngvildur fær að fara utan, sem Guðrúnu Ósvífursdóttur langaði svo mikið til, en ekki á þann hátt sem hún hefði viljað. Karl siglir með hana til Danmerkur, og tekur sagan það fram að hann geri það „til skapraunar við hana, en eigi fyrir ræktar sakir“ (200). Í Danmörku selur hann hana mansali tveimur körlum sem báðir eru „miklir og illilegir“ (200). „Á eg ambátt’, segir hann, ‘og mun ykkur dýr þykja, og eigi veit eg, hvort þið getið þjáð hana, því að hún er óvön verknaði’“ (200). Þeir segjast myndu ábyrgjast það. Karl gengur þá til hennar, bregður sverðinu og spryr enn hvort fullt sé skarðið í vör Skíða. Hún segir að það hafi aldrei verið jafnfagurt. Svör Yngvildar um skarðið eru mjög tvíræð, annaðhvort segir hún að skarðið sé fullt eða fagurt. Þetta mótsagnakennda tal konunnar verður karlinn að ráða í.

## *Uppreisn kvenna í sagnahefð*

Pegar illmennin sjá Yngvildi kveðast þeir „enga ambátt jafnfagra séð hafa“ (201). Þeir ganga með hana burt, „en hún sperrðist við, og tók annar í hár henni og leiddi hana, en annar hafði svipu í hendi og keyrði hana“ (201). Nokkrum árum síðar skila þeir Karli henni aftur sem svikinni vöru: „og höfum við engu kaupi verr keypt; við börðum hana aldrei svo, að hún vilji vinna fyrir okkur“ (202). Karl fer með hana til Íslands, þar sem hann heldur áfram að hóta henni með sverðinu, en án árangurs, „og voru skapsmunir hennar hinir sömu“ (204). Hann selur hana aftur sem ambátt, í þetta sinn í Svíþjóð, manni sem einnig er „mikill og illilegur“ (204). „Þykir mér því betur“, segir Karl, „sem þú gerir hana vesalli“ (204). Sagan fylgir Karli, og Yngvildur hverfur um sinn úr henni um leið og kaupandinn leiðir hana á brott með sér. Síðan er Karl í kaupferðum í þrjá veturnar. Dag einn þegar hann er staddir í kaupstað í Noregi sér hann hvar „gengur maður af landi ofan og leiðir eftir sér konu svo nakta, að aldrei beið á henni ríðanda ræksn; hún var alblóðug öll“ (204). Karl þekkir ekki Yngvildi aftur og þarf að spyrja „hvað“ (204) þetta sé. Hún hefur misst nafn sitt, því að hún er kynnt sem „ambátt ill og aum“ (204). Segir eigandinn hana fara mjög að kaupum, „og þykist sá betur hafa, er lausa lætur, en hinn er við tekur“ (204). Karl vill kaupa hana ódýrt, en eigandinn segist ekki nenna að selja hana með afföllum, „heldur mun eg kvelja hana til dauða“ (204). Nú er Yngvildi nóg boðið. Svipt klæðum sínum, fegurð og kvenleika leggur hún „hendur um háls Karli og grét, en það hafði Karl aldrei áður séð, að henni hefði nokkurs fengið, hvað sem að henni hafði borist“ (204). Hann kippir henni aftur inn í samfélagið og kvenhlutverkið með því að láta „gera henni laug og fá henni góð klæði“ (204–205). Síðan gengur hann „til tals við hana og brá sverði því, er hann hafði vegið með sonu hennar, og spurði, hvort fullt væri skarð í vör Skíða. Hún sagði það aldrei fullt mundu verða“ (205). Karli hefur tekist að yfirbuga hana og hún viðurkennir ósigur sinn.

Karl fer með Yngvildi til Skíða, sem hann hefur fyrir löngu sæst við, en Skíði vill þá ekki sjá hana: „Eg vil eigi, að hún komi í

augsyń mér” (205). Það vill Ljótólfur ekki heldur: „Par er sú kona, er eg vildi aldrei sjá” (206). Þessir þrír karlar gerast miklir vinir og sverjast í alls kyns fóstbraæðralög hver við annan. Yngvildi, sem hefur verið ástykona þeirra allra, útskúfa þeir með þeim háðulegu orðum að nú megi gifta hana hverjum sem er, því að engum muni hún nú „of stór þykjast” (206). Í lokin fer tveimur sögum af örlögum hennar: „og kunnu menn það eigi að segja, hvort hún hefir gift verið, en sumir segja, að hún hafi tortímt sér af óyndi” (206). Möguleikarnir eru tveir, hjónaband eða dauði.

## Hárið

Yngvildur er með slegið hárið þegar Karl kemur og hálsheggur syni hennar fyrir augum hennar. Tröllkonurnar eru líka oft með slegið hárið eða eru jafnvel að greiða sér. Slegið hár er frelsistákn, andstætt tömdu hári í fléttunni eða undir faldinum. Það ögrar körlunum, og getur beinlínis verið þeim hættulegt. Pannig verður hár Hallgerðar Gunnari að bana, þegar hún neitar að gefa honum lokk af því í bogastreng.<sup>11</sup> Í *Landnámu* er saga þar sem allt kemur saman, hárið, sverðið og útrýming óþægrar konu.

Segir þar frá hjónabandi Hallbjarnar nokkurs og Hallgerðar Tungu-Oddsóttur: „Óástúðlegt var með þeim hjónum” (192). Fyrsta veturinn búa þau á bæ föður hennar, og atburðurinn gerist er Hallbjörn er flytja burt með konu sína, að öllum líkindum á eigin jörð. Það er sagt að faðir hennar hafi ekki viljað vera viðstaddir, þar sem hann grunaði að Hallgerður myndi ekki vilja fara með. Hann fer því burt að líta eftir sauðum:

Þá er Hallbjörn hafði lagt á hesta þeirra, gekk hann til dyngju, og sat Hallgerður á palli og kembdi sér; hárið fíll um alla hana og niður á gólfíð; hún hefir kvenna best verið hærð á Íslandi með Hallgerði snúinbrók. Hallbjörn bað hana upp standa og fara; hún sat og þagði; þá tók hann til hennar, og lyftist hún ekki. Prisvar fór svo. (192)

## *Uppreisn kvenna í sagnahefð*

Hallbjörn nemur staðar fyrir henni og kveður vísu um þrjosku hennar og niðurlæginguna sem hún valdi honum. Síðan snarar hann „hárið um hönd sér og vildi kippa henni af pallinum“ (193), en hún „sat og veikst ekki“ (194). „Eftir það brá hann sverði og hjó af henni höfuðið“ (194). Síðan gengur hann út og ríður brott.

Í þessari frásögn *Landnámu* er hótun Skírnis í *Skírnismálum* fylgt eftir í bókstaflegri merkingu. Eiginmaðurinn heggur höfuðið af konu sinni af því að hún neitar. Þetta gerir hann meðan faðir hennar snýr baki við. Þannig sameinast þeir gegn konunni, jafnvel þótt hún sé dóttir þeirra og eiginkona.

## **Helgu saga Bárðardóttur**

*Bárðar saga Snæfellsáss* er ein þeirra Íslendingasagna sem bókmennatasagan hefur tekið til marks um hnignun bókmenntategundarinnar. Í undirstöðuriti sínu um íslenskar fornsögur skipar Sigurður Nordal henni í fimmta flokk Íslendingasagna, en með sögum í þeim flokki fjarar sagnaritunin að hans mati út. *Bárðar sögu* telur hann uppspuna og „ejendommeligt produkt“, með furðulegum og hálfgoðfræðilegum tröllasögum sínum.<sup>12</sup> Þó viðurkennir hann að hún hafi að geyma nokkrar fallegar vísur ásamt „en rørende historie om ulykkelig kærlighed“.<sup>13</sup> Ekki nefnir hann að þessar fallegu vísur séu eignaðar konunni Helgu Bárðardóttur, né heldur að flestar vísur sögunnar séu lagðar konum í munn. Jón Helgason tekur ekki eftir vísum Helgu í sígildri umfjöllun sinni um íslenskan skáldskap að fornu, en segir að í *Bárðar sögu* sé að finna „enkelte morsomme vers“, þar á meðal elstu íslensku miðavísuna.<sup>14</sup> Ekki nefnir hann að þessi bókmenntasögulega merka vísa er lögð í munn konunnar Hettu, enda ekki nóg með að hún sé kona, heldur er hún auk þess tröllkona. Fæstir hafa tekið eftir að *Bárðar saga* fjallar að miklu leyti um konu, og að þessi kona er skáld.<sup>15</sup>

## Oftast fjarri mönnum

Aðalpersóna *Bárðar sögu*, og sú sem sagan leggur mesta rækt við, er Helga Bárðardóttir. Hún fæðist í helli hjá móðurafa sínum, bergbúanum Dofra í Dofrafjöllum. Foreldrar hennar eru Flaumgerður, dóttir Dofra, og Bárður Dumbsson, sonur konungsins Dumbs í Dumbshafi, sem kominn er af risakyni í föðurætt, en tröllaættum í móðurætt. Mikil áhersla er lögð á stærð formæðra Helgu. Amma hennar, Mjöll Snæsdóttir, kona Dumbs, sem hann nemur burt „af Kvenlandi“ (102), er bæði „kvenna fríðust og nær allra kvenna stærst, þeirra sem mennskar voru“ (102).<sup>16</sup> Móðir hennar er einnig „allra kvenna stærst og djarfmannlegust að sjá“, þótt ekki sé hún „dávæn“ (103).

Barn að aldri missir Helga Bárðardóttir móður sína og vex upp hjá föður sínum og síðari konu hans. Fjölskyldan hrekst úr landi undan ágangi Noregskonungs og siglir til Íslands í landaleit ásamt fleira fólk. Lýst er heilu samfélagi á skipinu. Þar er Bárður með konu sína og níu dætur, hálfbróðir hans Porkell Rauðfeldsson ásamt konu og tveimur sonum, auk fjölða vinnufólks, unglings, barna, ambátta og þræla. Flest þetta fólk nemur land á Snæfellsnesi, Bárður að Laugarbrekku, þar sem hann gerir „bæ stóran“ (112), og Porkell á Arnarstapa.

Bárðar saga fjallar um baráttu mannsins við náttúruna sem hann er að leggja undir sig með landnámi og stofnun samfélags. Um leið sýnir sagan á óvenju skýran hátt baráttu kynjanna fyrir tilverurétti í þessu nýja samfélagi og tilurð karlveldis. Til þess að öðlast manndóm og völd verður karlinn ekki einungis að sigrast á landinu og náttúrunni, heldur einnig á konunni. Þetta gerir hann ýmist með því að fá hana til bandalags við sig, eða, ef það tekst ekki, að flæma hana burt.

Þetta kemur vel fram í einkar myndrænni frásögn snemma í sögunni af leik frændsyskinanna á Arnarstapa og Laugarbrekku. Er frásögnin einsdæmi í Íslendingasögum. Venjulega eru það karlar sem reyna með sér manndóm í leikum sem slíkum, en hér fer

## *Uppreisn kvenna í sagnahefð*

leikurinn fram milli kynjanna, dætranna á Laugarbrekku og sonanna á Arnarstapa. Um bræðurna Sölva og Rauðfeld Þorkelssyni er það sagt að þeir „uxu upp á Arnarstapa og voru efnilegir menn“ (114). Í beinu framhaldi af því er það sagt frá dætrum Bárðar að þær „vaxa upp að Laugarbrekku, bæði miklar og ásjálegar“ (114), og að Helga sé þeirra elst. Á veturna keppa þau í leikum á svellum við „ár þær, er þær eru og Barnaár heita“ (114). Segir sagan að Þorkelssynir hafi viljað „meir ráða, því að þeir voru sterkari“ (114), en jafnframt að Bárðardætur hafi ekki viljað „láta sinn hlut lakari verða um það þær máttu“ (114). Einn dag í þoku og með hafis fyrir ströndum keppa þau Rauðfeldur og Helga af miklum ákafa. Berst leikurinn niður að sjó, þ.e. að mörkum samfélagsins. Gerir Rauðfeldur sér þá lítið fyrir og hrindir Helgu út á ísjaka. Mikill vindur stendur af landi og rekur litla jakann út að hafisnum sem Helga bjargar sér upp á. „Hina sömu nótt rak ísinn undan landi og út í haf“ (114). Eftir sjö daga á ísnum er Helga komin til Grænlands.

Pegar þetta gerist eru frændsystkinin á mörkum þess að vera börn og fullorðin, og sýnir frásögnin mismunandi vígslu þeirra í samfélagið. Manndómsvígsla frændans felst í því að sigra konuna. Hann kastar henni út úr samfélaginu í bókstaflegri merkingu af þeirri ástæðu einni að hún vill vera honum jöfn. Hún hrekst í burt undan karlveldinu, um ónumið og villt hafið, til annarrar og ókunnarstrandar. Þar bíður hennar ekkert annað en sams konar samfélag og kvendómsvígsla hennar fullkomnast. Við henni tekur nefnilega karlmaður með hið karlmannlega nafn Skeggi, „og hafði við hana fylgjulag“ (116). Það er sagt að Helga hafi verið „kvenna vænst“ (115). Um leið er lögð áhersla á framandleika hennar í þessu nýja samfélagi og hversu sterk hún er. Þótti hún „með undarlegu móti þar hafa komið, og fyrir það var hún tröll kölluð af sumum mönnum; svo var hún og karlgild að afli, til hvers sem hún tók“ (115).

Helgu er sem sagt erfitt að skilgreina. Hún hefur einnig vald yfir villtum öflum sem aðrir hafa ekki, m.a. tröllum. Karlinn Skeggja

## Máttugar meyjar

styður hún til karlmennsku með því að hjálpa honum að drepa tröllafjölskyldu sem ógnar samféluginu. Þessi tröll eru þrjú saman: „karl og kerling og son þeirra“ (116). Þau sækja niður í byggð og gera mönnum „hið mesta mein, lömdu skip, en beinbrutu menn“ (116). Segir sagan að Helga hafi með hjálp sinni gefið Skeggja „nálega líf“ (116).

Helga fer með Skeggja til Noregs og síðan Íslands, þar sem hann staðfestist og svíkur Helgu með því að kvænast annarri og hefðbundnari konu, eins og Ljótólfur í *Svarfdæla sögu*. Helga flosnar upp og unir sér engu „síðan er hún skildi við Skeggja; mornaði hún og þornaði æ síðan“ (122).<sup>17</sup> Þýðist hún hvorki „menn né fínað eða herbergi“ (122), og var „oftast í hreysum eða hólum“ (122).

Helga er bæði mennsk kona og tröll, og hún hefst við á jöðrum samfélagsins. Sama er að segja um föður hennar Bárð, og eru viðbrögð hans við hvarfi hennar einkar athyglisverð. Hann drepur bræðurna Þorkelssyni, upprennandi karlveldið, með því að kasta þeim fyrir björg og skila þeim þannig aftur til náttúrunnar. „Svo brá Bárði við allt saman, viðureign þeirra bræðra og hwarf dóttur sinnar, að hann gerðist bæði þögull og illur viðskiptis, svo að menn höfðu engar nytjar hans síðan“ (118). Hann unir ekki í samfélagi sem vill leggja undir sig náttúruna, tröll og konur. „Ber eg eigi náttúru við alþýðu manna,“ (119) segir hann við félaga sinn Sigmund, gefur honum bæ sinn og hverfur í jökla með allt sitt fólk.

Helga reynir hins vegar hvað eftir annað að finna sér stað innan samfélagsins. Eftir skilnaðinn við Skeggja þiggur hún eitt sinn vetursetu á bæ, þar sem hún er „með dul“ (123). Eins og skáldi (og trúbadúr?) hæfir slær hún hörpu á nótinni „því að henni varð þá enn sem oftar ekki mjög svefnamt“ (123). Hún hefst við yst í skála og hefur fortjald fyrir sæng sinni, í senn falin og tilbúin að flýja. Er hún körlum mikil ögrun, því að „eigi þóttust vita, hver þessi kona var“ (123). Eina nóttna gægist Austmaður nokkur undir tjaldið og sér hvar Helga situr þar á serk einum. Honum „sýndist konan fríð mjög. Vildi hann upp í sængina og undir klæðin hjá henni, en hún

vildi það eigi“ (124). Austmenn eru hinir miklu kvennamenn Íslendingasagna sem fáar konur standast, en allir karlar eru á móti. Styrkur Helgu þegar hún hafnar honum er því þeim mun meiri. Úr þessu verða líkamleg átök sem enda með því að Helga brýtur í Austmanninum hægri handlegg og vinstri fótlegg. Eftir þessa nauðgunartilraun karlveldisins, sem getur ekki séð svo leyndardómsfulla konu án þess að þurfa að leggja hana undir sig, hverfur Helga burt. Fer hún „víða um Ísland og festi hvergi yndi; var hún alls staðar með dul, en oftast fjarri mönnum“ (124).<sup>18</sup>

Á sama hátt og Helga flæmist burt úr samféluginu, flosnar hún einnig upp úr sögunni. Við tekur hálfbróðir hennar, Gestur, sem hún hefur reyndar alið upp, og þar með er sögunni séð fyrir áframhaldandi efni. Síðast er sagt frá Helgu þegar hún situr jólaveislu hjá Hít tröllkonu í Hundahelli, ásamt Gesti bróður sínum og Bárði föður sínum. Þar er hún aðeins nafnið tómt. Eftir það fylgir sagan Gesti til endaloka og segir vandlega frá ferli hans og afdrifum. Systirin hverfur svo gjörsamlega undir yfirborð sögunnar að í lokin hefur sagan gleymt henni og skilgreinir sig sem sögu karlanna einna: „Og lýkur hér sögu Bárðar Snæfellsáss og Gests, sonar hans“ (172).

## Skáldkonan

Tvær vísur eru eignaðar Helgu í sögunni. Fyrri vísvuna, og þá frumlegri, yrkir hún á Grænlandi, í útlegð frá landi sínu og heimili. Hún stendur úti, á ströndinni, „litaðist um, og kvað vísu“ (115):

„Sæl væri eg  
ef sjá mætti eg,  
Búrfell og Bala,  
báða Lóndranga,  
Aðalþegnshóla  
og Öndvertnes,

Heiðarkollu  
og Hreggnasa,  
Dritvík og Möl  
fyrir dyrum fóstru.“ (115–116)<sup>19</sup>

Vísan er þula. Hún flæðir um sjóndeildarhringinn, fer frá einum stað til annars, þar til hún staðnæmist við dyrnar sem binda myndirnar saman. Hún fer þar að auki í hring, endar á sama stað og hún byrjar, á hlaðinu fyrir utan bæinn. Þar staðsetur Helga sig í upphafi og þaðan horfir hún á þekkt kennileiti.

Staðirnir sem hún telur upp hefur hver sitt nafn, þeir eru hennar, fastir fyrir í náttúrunni. Með fyrsta orðinu í vísunni: „sæl“ skilgreinir ljóðmælandi sig sem konu. Hamingjunni sem í orðinu felst eru þó samstundis settar skorður af viðtengingarhættinum „væri“ og síðan skilyrðistengingunni „ef“. Með henni hefst þulan sem er ein löng skilyrðissetning. Ljóðið fer allt fram í huganum. Í því er enginn ytri veruleiki annar en sá sem rammi sögunnar gefur, framandi strönd. Helga sér ekki það sem hún sér fyrir sér, og í ljóðinu sjálfu á hún sér engan stað. Sá heimur sem Helga þráir að sjá er horfinn. Hún er ekki lengur barn, heldur kona í samfélagi karla. Mest áberandi mynd ljóðsins, upphaf þess og áfangastaður, eru dyrnar. Þær eru hluti fyrir heild bæjarins, táknrænn staður kvenna á mörkum þess að vera úti og inni, staður og staðleysa í senn. Í íslenskum fornbókmenntum er konum mjög oft lýst fyrir utan dyr. Þær er Guðrún Gjúkadóttir þegar hún grætur syni sína úr garði í *Guðrúnarhvöt* og *Hamðismálum*, og þær er Gerður þegar Freyr kemur auga á hana í *Skírnismálum*.

Kona fyrir dyrum úti kemur einnig fyrir í *Bárðar sögu*. Á einni af ferðum sínum um landið kemur Helga að bæ, þar sem kona er að þvo sér um hárið í bæjarlæknum. „Heimili mitt er eigi í einum stað“ (141) eru einu upplýsingarnar sem Helga gefur um sig fyrir utan nafn og æterni. „Ekki dvaldist hún þar og fór þegar á burt“ (142). Síðasta orð ljóðsins og niðurstaða þess er fóstran, sem er svo nálæg í ljóðinu að hún er þar næstum sem viðmælandi. Það er til hennar

## *Uppreisn kvenna í sagnahefð*

sem Helga leitar, hjá fóstrunni og landinu vill hún vera, andstætt körlum og samfélagi.

Síðari vísuna yrkir Helga á Íslandi eftir að ástmaðurinn Skeggi hefur sagt skilið við hana. Hátturinn er dróttkvæður og að formi til líkist vísan hefðbundnum skáldskap karla í Íslendingasögum. Efnislega sver hún sig hins vegar í kvenlega hefð:

Braut vil eg bráðla leita;  
brestur eigi stríð í flestu  
mér fyrir menja rýri.  
Mun eg dálega kálast,  
því að eg auðspenni unni eg  
alteitum sefa heitum;  
sorg má eg síst því byrgja,  
sit eg ein; trega greinum. (122)

Yrkisefnið „að vera yfirgefin“ er áberandi í kvæðum sem eignuð eru konum í íslenskum fornþókmenntum, þar sem það er oftast um leið sjálfur hvati þeirra.<sup>20</sup> Svo er t.a.m. um kviðlinga þeirra Þórhildar skáldkonu í *Njálu* og Bróka-Auðar í *Laxdælu* sem báðir verða til á þeirri sömu stundu og eiginmennirnir skilja við þær. Í vísu sinni tengir Helga saman ástina á Skeggja og leit sína að stað innan samfélagsins. Þegar karlmaðurinn yfirgefur hana á hún hvergi heima og hrekst á flótta. Einu kenningarnar sem Helga notar eru um hann, og þær eru innantómar klifanir, menja rýrir og auðspennir, þ.e. sá sem er örlátur á gull og skart.

Báðar vísur Helgu eru tregróf, sprottnar af aðskilnaði frá þeim sem hún elskar, og fjallar síðari vísan beinlínis um það að vera ein og yrkja. Að þessu leyti kallast þær merkilega á við kenningar nútímatáknfræði um aðskilnað sem uppsprettu skáldskapar og ástina sem uppbót rofinna tengsla barns við líkama móður, eða móðurímyndar, fóstru.<sup>21</sup>

Skv. kennungum þýska bókmenntafræðingsins Theodors Adorno koma ljóðræn ljóð ekki upp sem hreinræktuð bókmenntategund fyrr en með iðnvæðingu 18. aldar og firringu mannsins frá

*Máttugar meyjar*

náttúrunni. Áður koma þau einungis fyrir á stangli, eins og t.a.m. hjá grísku skáldkonunni Saffó.<sup>22</sup> Vísa Helgu, sem hún yrkir á Grænlandi, er fyrsta íslenska ættjarðarkvæðið. Það er sprottið af því að skáldinu er á táknrænan hátt hrint út úr samfélagi vaxandi karlveldis. Firing kvenna er ekki frá náttúrunni, heldur frá samfélaginu þar sem þær eiga sér engan samastað.

# VII KONUR Í KARLAHEFÐ DRÓTTKVÆÐA

## Hirðkvæði kvenna

Dróttkvæði hafa að mestu leyti varðveist sem hlutar annarra bókmenntategunda, einkum konungasagna og Íslendingasagna. Flest eru þau um stríð, landvinnингa og ferðalög. Mörg eru lofkvæði til konunga, önnur fjalla um konur, skáldskap og ástir. Andstætt munnlegri og nafnlausri hefð eddukvæða leggja dróttkvæði áherslu á að þau séu ekki nafnlaus, á ljóðmælandann í kvæðinu, sem oftast er karlmaður. Dróttkvæði eru kvæði með ströngum reglum og föstu bragformi, í fullu samræmi við það samfélag karlveldis sem verið er að koma á fót og setja í kerfi. Í bókmenntasögunni eru þessi kvæði kölluð „dróttkvæði“, þótt fæst þeirra séu kveðin við hirð (drótt), og allra síst kvæði kvenna.

Fá dróttkvæði eru eignuð konum. Í *Skáldatali*, sem varðveitt er í tveimur handritum *Snorra-Eddu*, eru nefndar tvær konur.<sup>1</sup> Vilborg skáld er nefnd meðal hirðskálda Ólafs kyrra.<sup>2</sup> Aðrar heimildir um hana er ekki að finna. Hin konan er Steinþor Sighvatsdóttir, bróðurdóttir Snorra Sturlusonar, og er hún talin til hirðskálda norska höfðingjans Gauts á Mel.<sup>3</sup> En skáld gátu talist til hirðskálda með því einu að yrkja til viðkomandi höfðingja. Þau þurftu ekki að vera við hirð hans. Frá Steinþoru er víða sagt í *Sturlungu*, og í *Íslendinga sögu* er tilfærð eftir hana draumvísa, en hvergi annars staðar er þar minnst á skáldskap hennar. Í *Snorra-Eddu* vitnar Snorri til kvæða eftir um það bil 60 skáld. Af þeim er einungis ein kona, Jórunn, og eftir hana hálf vísa.

Jórunn kemur einnig fyrir í *Haralds sögu hins hárfagra* í *Heimskringlu* og er þar kölluð Jórunn skáldmær. Hún hefur sennilega verið norsk, frá fyrri hluta 10. aldar. Aðeins brot hefur

## Máttugar meyjar

varðveist af skáldskap hennar, og eru það nokkur erindi úr kvæðinu *Sendibítur*.<sup>4</sup> Í því handriti sem prentaðar útgáfur sögunnar byggja á er aðeins vitnað í hálft erindi kvæðisins. Kvæðið er mjög sérstakt, þar sem það fjallar meir um annað kvæði en þann upprunalega atburð sem það lýsir. Kvæði Jórunnar segir frá ófriði milli Haralds konungs hárfagra og sonar hans Hálfdanar svarta, og hvernig skáldinu Guttormi Sindra tekst að sætta þá með kvæði. Þar sem sagt er frá kvæði Jórunnar í sögunni er karlskáldið og kvæði hans aðalatriðið, og er einungis vitnað í vísuhelming Jórunnar sem heimildar fyrir kvæði hans:

Guttormur var skáld mikið. Hann hafði ort sitt kvæði um hvorn þeirra feðga. Þeir höfðu boðið honum laun, en hann neitti og beiddist, að þeir skyldu veita honum eina bæn, og höfðu þeir því heitið. Hann fór þá á fund Haralds konungs og bar sættarorð millum þeirra og bað þá hvorn tveggja þeirra bænar og þess, að þeir skyldu sættast, en konungar gerðu svo mikinn metnað hans, að af hans bæn sættust þeir [...] Eftir þessari sögu orti Jórunn skáldmær nokkur erindi í Sendibít. (I, 141–142)

Kvæði Jórunnar er eina konungakvæðið sem varðveist hefur eftir konu, og hefur þó aðeins varðveist brot af því. Það lýsir ógn stríðsins í heimsendismyndum. Byggingar hrynda í ösku fyrir eldinum: „Hús lutu oft fyrir eisum“. En kvæðið er fyrst og fremst kvæði um skáldskap og vald hans. Jórunn lofsyngur sættirnar sem skáldskapurinn kom á. Guttormur fékk góð laun fyrir kvæðið hjá kónginum, segir hún, og þau voru að hann hætti stríðinu.

Önnur norsk skáldkona kemur fyrir í *Haralds sögu hins hárfagra í Heimskringlu*. Er það Hildur Hrólfssdóttir frá um 900, og er vitnað til einnar vísu eftir hana. Hildur er móðir Hrólfss sem Haraldur hárfagri gerir útlægan af Noregi. Þegar hún fréttir það fer hún á fund konungs og biður Hrólf fi friðar, en það er til einskis. Aðstæður minna á *Buslubæn*. Móðurina (eða fóstruna) gegn konunginum.

## *Konur í karlahefð dróttkvæða*

Eins og Busla beitir Hildur skáldskapnum gegn valdi konungs, og hún kveður vísu þar sem hún formælir honum. Hann skal gæta sín, því að Hrólfur mun ekki verða hættulaus hjörðum konungs þar sem hann gengur sem úlfur í skóginum:

„Hafnið Nefju nafna,  
nú rekið gand úr landi  
horskan hölda barma.  
Hví bellið því, stillir?  
Ilt er við úlf að ylfast  
Yggs valbríkar slíkan,  
munu við hilmis hjarðir  
hægur, ef hann renn til skógar.“ (I, 123–124)

Vísan logar af reiði, kvenlegri orðræðu. Úttagaminnið kemur hér einnig fyrir í fyrsta sinn í skáldskap.<sup>6</sup>

Í *Fagurskinnu* er Gunnhildi konungamóður eignuð ein vísa. Fjallar hún um hrakninga Hákonar góða í sjóferð frá Englandi til Noregs eftir dauða föður hans. Er Hákon talinn af, en Gunnhildur veit „af vísindum sínum“ (75) að Hákon hefur komið skipi sínu heilu til Noregs. Segir hún manni sínum, Eiríki konungi blóðöxi, þetta í vísu.<sup>7</sup> Reynist Gunnhildur hafa rétt fyrir sér. Landsmenn taka Hákon til konungs og hrekja Eirík frá völdum.

Mjög lítið hefur varðveist eftir skáldkonur sem raunverulega hafa verið til. Allar vísurnar eftir þessar þrjár skáldkonur fjalla um karla og deilur þeirra á milli. Þær skera sig því ekki efnislega frá dróttkvæðum karla frá sama tíma. En það er ef til vill einmitt þess vegna sem þær hafa varðveist.

## Gróteska og grátur

Í Íslendingasögum eru margar lausavísur eignaðar konum. Með einni undantekningu álítur bókmenntasagan þessar skáldkonur

## Máttugar meyjar

tilbúning, þótt flest karlskáld sem koma fyrir í Íslendingasögum, eins og Egill Skalla-Grímsson, Þormóður Kolbrúnarskáld, Kormákur Ögmundarson, Hallfreður vandræðaskáld og fleiri hafi fengið þar sinn sess sem raunveruleg skáld. Eina skáldkonan sem talin er hafa verið til er Steinunn Refsdóttir. Er hún þekktust fyrir að vera móðir skáldsins Skáld-Refs, og það er ef til vill skýringin á því hvers vegna hún hefur verið tekin í tölu raunverulegra skálda. Í *Njáls sögu* eru tvær vísur eignaðar henni. Þær lýsa sennu milli hennar og kristniboðans Pangbrands, og eru taldar vera frá því um árið 1000. Átökin milli heiðninnar og konunnar annars vegar og kristninnar og karlsins hins vegar eru þau sömu og í frásögninni af bónbakonunni Friðgerði og kristniboðanum Þorvaldi viðförla í *Kristni sögu*. Pangbrandur brýtur skip, að nafni Vísundur, við austurströnd Íslands, og hittir Steinunni á leið sinni vestur:

Steinunn kom í mótt honum, móðir Skáld-Refs; hún boðaði Pangbrandi heiðni og taldi lengi fyrir honum.  
Pangbrandur þagði, meðan hún talaði, en talaði lengi eftir og sneri því öllu, er hún hafði mælt, í villu. (265)

Steinunn ögrar honum í tveimur vísum þar sem hún teflir Þór á móti guði, og segir að það hafi verið Þór sem braut Vísund, „hristi búss og beysti / barðs og laust við jörðu“ (266). Grundvallarmynd beggja vísnanna sýnir brotið skipið, sem aftur minnir á árásir tröllskessanna á skip karlanna í fornaldarsögum.

Svo virðist sem fleiri kvæði séu eignuð konum í þeim Íslendingasögum sem sverja sig í ætt fornaldarsagna. Af fimm vísum í *Bárðar sögu* eru fjórar eignaðar konum, tvær tröllskessunni Hettu og tvær Helgu Bárðardóttur. Í *Harðar sögu* eru nokkrar vísur eignaðar konunum Signýju og Þorbjörgu, móður karlhettunnar og systur. Í *Grettis sögu* kveður Ásdís á Bjargi eftir Grettison sinn. Banamenn hans koma með höfuð hans og setja niður á gólfíð fyrir framan hana með gróteskri háðsvísu um að hún muni þurfa að salta það, þ.e. meðhöndl að sem mat, ef það eigi ekki allt að fúna. Hún svarar þeim með vísu þar sem hún hæðir þá fyrir að hafa drepið Grettis

## *Konur í karlahefð dróttkvæða*

sjúkan og bregður þeim um hugleysi með því að líkja þeim við sauði á flótta undan dýri. Hún kemur fram sem ljóðmælandi og ræðir um vísu sína. Segist hún hafa verið „lofs of lýði / létt“ (266). Hún hæðir þá þegar hún kallar kvæði sitt lof.

Í *Viglundar sögu* eru vísur eftir Ólöfu og Ketilríði, allar um ást og yfirgefningu. Eitt af fallegustu kvæðunum í Íslendingasögum er eignað Ketilríði. Hún heldur að ástvinur hennar hafi drukknað, og eins og Helga Bárðardóttir í sinni vísu horfir hún af ströndinni út á hafið. Kvæðið er grátur, þar sem tár konunnar og bylgjur hafssins renna saman í eitt:

„Eigi má eg á ægi  
ógrátandi líta  
síst er málvinir mínr  
fyrir marbakkann sukku;  
leiður er mér sjávar sorti  
og súgandi bára;  
heldur gerði mér harðan  
harm í unna farmi.“ (84)

Hinar „raunsærri“ sögur hafa nokkuð annað viðhorf til konunnar sem skálds. Það sem fyrst og fremst einkennir skáldkonurnar í þeim sögum er að þær eru ókvenlegar, og ekki ástarverðar. Þetta kemur fram í því að eiginmenn þeirra skilja við þær og fá sér aðra konu, en það er mynstur sem minnir á örlög Helgu í *Bárðar sögu*.

## Ekki væn kona

Í *Njáls sögu* segir frá skáldkonunni Þórhlíði. Er hún kynnt til sögunnar ásamt eiginmanni sínum:

Þráinn hét maður; hann var Sigfússon [...] Hann átti Þórhlíði skáldkonu; hún var orðgífur mikið og fór með flimtan; Þráinn unni henni lítið. (87)

## *Máttugar meyjar*

Frá því er sagt að Þráni er boðið til brúðkaups Gunnars og Hallgerðar á Hlíðarenda, og skyldi kona hans ganga um beina. Í boðinu er Þorgerður, dóttir Hallgerðar, fjórtán vетra gömul. Situr hún við hlið móður sinnar á miðjum palli. Á móti henni og við hlið brúðgumans situr Þráinn Sigfússon:

Þórhildur gengur um beina, og báru þær Bergþóra mat á borð. Þráinn Sigfússon var starsýnn á Þorgerði; þetta sér kona hans, Þórhildur; hún reiðist og kveður til hans kviðling:

„Era gapriplar góðir  
gægur er þér í augum,

Þráinn,“ segir hún. Hann sté þegar fram yfir borðið og nefndi sér votta og sagði skilið við hana; – „vil eg eigi hafa flimtan hennar né fáyrði yfir mér.“ (89)

Þórhildur fer greinilega yfir mörk kvenleikans með tali sínu, hún er orðgífur og fer með níð, sem er óleyfilegur kveðskapur. Orðið gægur er skylt sögninni að gægjast og merkir hér kynferðislegt og fallískt augnaráð. Merking orðsins gapripill er óljósari, og hefur það verið skýrt með ýmsu móti.<sup>8</sup> Með tilliti til heiftarlegra viðbragða Þráins, og orða hans um flimtan og fáyrði, er nærtækast að túlka gapripla vísunnar sem reðurmynd. Jafnt augu sem kynfæri Þráins standa á stilkum.<sup>9</sup> Þetta er hámark níðs og niðurlægingar karlmennsku. Karlinn ræður ekki við líkama sinn. Fyrir níðið er skáldkonan rekin úr veislunni, gerð útlæg úr samfélagini, og er hún þar með úr sögunni. „Kviðlingurinn“, tvær línur að lengd, er það eina sem varðveisit hefur eftir þessa skáldkonu.<sup>10</sup>

Í *Laxdælu* er sagt frá konu, „er Auður hét; ekki var hún væn kona né gervileg. Þórður unni henni lítið“ (87). Hann er hins vegar „vænn maður og vasklegur“ (87), og hafði hann kvænst henni til fjár. Pessi kona er karlennd og kölluð „Bróka-Auður“.<sup>11</sup> Gengur sá orðrómur um hana að hún sé „jafnan í brókum, og setgeiri í“ (95). Þórður segir skilið við hana vegna Guðrúnar, en „fann það til saka, að hún skarst í setgeirabrékur sem karlkonur“ (96). Gapripillinn í

## *Konur í karlahefð dróttkvæða*

vísu Þórhildar er hér kominn á skáldkonuna! Þegar Auður spryr þessi tíðindi segir hún:

„Vel er eg veit það,  
var eg ein of látin.“ (96)

Báðir kviðlingar kvennanna eru sprottnir af því að eiginmenn þeirra yfirgefa þær. Vísurnar lýsa reiði og í þeim felst hefnd. Þórhildur afhjúpar og hæðir Þráin, Auður hótar Þórði og fylgir hótuninni eftir, án þess þó að heppnast fyllilega í hefnd sinni. Þannig er orðið eina valdið sem konur búa yfir, en kvæðin eru svo stutt að þau eru á mörkum þess að vera til.

## Örlög karla

Flest kvæði eftir konur í Íslendingasögum eru hvatir, spár eða særingar. Oft eru þau lögð í munn yfirnáttúrulegra kvenna eða kvengerðra fyrerbæra.

Í *Bárðar sögu* segir frá tröllkonunni og skáldkonunni Hettu. Hún býr í Ennisfjalli, „og var hin mesta hamhleypa og ill viðskiptis bæði við menn og fénað“ (124). Á hún í miklum útistöðum við Ingjald nokkurn á Hvoli, sem hún reynir að fyrirkoma með því að vísa honum á gjöful fiskimið langt undan landi. Hún talar í ljóðum eins og tröllkonur fornaldarsagnanna og vísar Ingjaldi á fiskimiðin með elstu íslensku miðavísunni:

„Róa skaltu fjall Firða  
fram á lög stirðan;  
þar mun gaur glitta,  
ef þú vilt Grímsmið hitta;  
þar skaltu þá liggja –  
Þór er vís til Friggjar –;  
rói norpur hinn nefskammi  
Nesið í Hrakhvammi.“ (124–125)

## *Máttugar meyar*

Vísan er mjög sérkennileg. Lítið er um nákvæma miðalýsingu í henni, en ýmislegt grín annað sem virðist ekki koma málinu við. Samt fer Ingjaldur eftir þessu. Í þann mund sem hann kemur á miðin dregur upp flóka á Ennisfjalli og kemur „vindur og fjúk með frosti“ (126). Gerði veður þá svo „svo sterkt og myrkt, að eigi sá stafna í milli“ (126). Ingjaldur tapar bæði önglum sínum og veiðarfærum, „voru og árar mjög lúnar“ (126). Tekur Ingjald „þá fast að kala, því að drjúgum fyllti skipið, en frýs hvern ádrykk, þar er kominn var“ (126). Ingjaldur þykist nú vita að hann mundi ekki ná að landi „sakir fjölkynngis Hettu“ (126). Breiðir hann yfir sig skinnfeld til skjóls og býst við dauða sínum. Hetta hlakkar mjög yfir ófórum Ingjalds. Kemur hún á stofuskjáinn heima hjá honum, þegar menn sitja yfir bordum, og kveður vísu inn um gluggann „með dimmri raust“ (127). Í vísunni gerir hún mikið grín að karlinum þar sem hann kúrir í skinnfeldinum, áttavilltur og valdalaus úti á rúmsjó, og spáir dauða hans:

„Út reri einn á báti  
Ingjaldur í skinnfeldi,  
týndi átján önglum  
Ingjaldur í skinnfeldi  
og fertugu færi  
Ingjaldur í skinnfeldi;  
aftur kom aldrei síðan  
Ingjaldur í skinnfeldi.“ (127)

Eins og margýgurin í *Ólafs sögu* og tröllkonurnar í *Friðþjófs sögu* reynir Hetta að drekkja karlinum. Hún ræður fyrir veðrum og sjó. En hún sér ekki við Bárði Snæfellsáss, sem er sífellt að reyna að miðla málum milli náttúru og samfélags. Þegar skip Ingjalds er að fyllast kemur Bárður róandi á sínu skipi og bjargar honum á fast land. Um leið gerir Bárður grín að Ingjaldi fyrir að hafa látið skessuna plata sig. „Lítt ertu staddur, kumpán minn“, segir hann, „og voru það undur mikil, að þú, jafnvitur maður, lést slíka óvætti

## *Konur í karlahefð dróttkvæða*

ginna þig sem Hetta er”(127). Tröllkonan ræður hér óbeislaðri náttúrunni sem karlinn vill leggja undir sig, en reynist honum ofviða.

Í *Laxdælu* kveður fylgja Þorgils Höllusonar vísu. Á leið til þings sér hann „konu ganga í móti sér; sú var mikil harla“ (197–198). Hann ríður í móti henni, en hún víkur undan og kveður vísunu þar sem hún varar hann við vélum Snorra goða. Síðan gengur hún leið sína, en Þorgils fer til þings. Þar hengir hann bláa heklu sem hann á til þerris á búðarvegg, og er sagt að menn heyri hekluna kveða:

„Hangir vot á vegg,  
veit hattkilan bragð,  
þvígit oftar þurr,  
þeygi dyl eg, að hún viti tvö.“ (198)

Tekið er fram að þetta þyki hið mesta undur. Heklan talar ýmist um sig í 1. eða 3. persónu, og hún býr yfir þekkingu sem eigandi hennar hefur ekki. Pannig sver hún sig í kvenlega skáldskaparhefð. Hún veit ráðabruggr og talar í gátum sem boða dauða karlsins.

Það er einkennandi fyrir vísur kvennanna að þær eru oft kveðnar í kvenlegu umhverfi, svo sem yfir mat eða í rúmi. Í *Heiðarvíg sögu* er að finna vísu eignaða Puríði Ólafsdóttur pá, þar sem hún hvetur syni sína til að hefna drápsins á bróður þeirra. Vísunu kveður hún yfir borðum eftir að hafa borið þeim stórbrytjað slátur sem á að minna þá á bróður þeirra. Vísan er sprottin af mikilli reiði, og skáldkonan er „nær óvitandi vits“ (277), eins og sonur hennar bendir henni á. Meðan bræðurnir sitja yfir slátrinu gengur hún „utan og innar eftir gólfínu eiskrandi og kvað vísu“ (277). Vísunni er aðallega beint til elsta sonarins sem móðirin hvetur til blóðhefndar með því að vísa í umtal og álit annarra. Segir hún að hann verði talinn huglaus og ættarspillir nema hann láti menn „falda rauðu“ (278). Endar hún vísu sína á því að snúa sér til áheyrenda og biðja þá að hlusta: „lýður nemi ljóð, sem kváðum“ (278). Vísan hrífur, bræðurnir hrinda fram borðum og ganga til hesta sinna.

## *Máttugar meyjar*

Í *Eyrbyggja sögu* eru tvær vísur lagðar í munn fjölkunnugri og blindri kerlingu, fóstru Þórodds nokkurs Þorbrandssonar: „hún þótti verið hafa framsýn á fyrra aldri, en er hún eltist, var henni virt til gamalóra, það er hún mælti; en það gekk þó margt eftir, sem hún sagði“ (171). Er hún nafnlaus í sögunni. Vísurnar eru mjög gróteskar, sem og einnig atburðirnir sem lýst er. Í vísunum varar hún fóstra sinn við hávaðasönum nautkálfi, að nafni Glæsir, sem hún vill að verði skorinn. Þessi kálfur fer mjög í kyngreinarálit, því að fjögurra vetra gamall „gekk hann eigi undan konum, börnum eða ungmennum, en ef karlar gengu að honum, reigðist hann við og lét ótrúlega, en gekk undan þeim í braut“ (172). Einn daginn gellur Glæsir svo hátt að heyrist inn í húsin. Þóroddur er í stofu „og svo kerling“ (173). Hún kvartar undan því við Þórodd að hann virði ekki mikils orð hennar. Á meðan þau senna um þetta „kvað griðungurinn við og lét enn verr en fyrr“ (173). Kveður kerling þá vísu, úr því að venjuleg orð duga ekki, og spáir að nautið verði Þóroddi að bana:

„það verður, að fé fjötrar  
fjör þitt, en sé eg gjörva.“ (173)

Þóroddur svarar henni með því að hún sé „gamalær“ (173) og sjái ekkert. Í síðari vísunni áréttar hún spá sína og mótmælir því að hún sé ær ef hún tali, hræri tungu sína:

„Oft er auðar þofta  
ær, er tungu hrærir,  
sé eg á blóðgum búki  
bengrát, er þér látið;  
tarfur mun hér, því að horfa  
hann tekur reiður við mönnum  
það sér golls hins gjalla  
Gerður, þinn bani verða.“ (173–174)

## *Konur i karlahefð dróttkvæða*

Ljóðmælandi skiptir milli fyrstu persónu og þriðju persónu, eins og títt er í kvæðum kvenna. Hún sér sig að utan sem „auðar þóftu“ og „Gerði hins gjalla gulls“. Hún notar um sjálfa sig kvenkenningar úr dróttkvæðum karlskálda, sem í þessu samhengi jaðra við skopstælingu.

Í báðum vísunum leggur hún mikla áherslu á tungumálið og að hún vilji láta hlusta á sig. Það kemur einnig í ljós að hún hefur haft rétt fyrir sér, og að fóstri hennar hefði átt að hlusta á hana. Það er næstum goðsagnalegt mynstur í *Íslendingasögum*, að ungar karlar neita að trúa því sem gamlar konur segja. Afleiðingarnar eru oft banvænar, og sagan stendur með orðum kvennanna.<sup>12</sup>

## Hrýtur harðsnúinn hjálmsstofn af bol

Í *Sturlungu* er að finna mörg kvæði eftir konur, en einungis þrjár eru nafngreindar, og eru þær allar í *Íslendinga sögu*. Öll eru kvæði kvennanna draumar, oft algerlega súrealískir, þeir eru fyrirburðir sem boða stríð og dauða.

Draumarnir tengjast flestir ákveðnum bardögum.<sup>13</sup> Fyrir Örlygsstaðabardaga dreymir Steinþöru Sighvatsdóttur á Keldum, að hún þykist standa úti „og komin í eyðitröð eina“ (421). Þar sér hún mann sitja á traðargarðinum og horfa á mannshöfuð sem þar liggur. Þessi maður kveður:

„Sit eg, og sé eg á  
svarið Steinvarar:  
Hví liggur hér á vegg  
höfuð í örtröð?“ (I, 421)

Vísan einkennist af óhugnaði og mynd hennar sýnir limlestan líkama, afhöggvið höfuð, á yfirgefnum stað. Vísan endar á spurningu: Hvers vegna stríð, dráp og dauði? Ljóðmælandi í vísu hennar er karlmaður. Það er hin löggilda rödd sem réttlætir kvæði

## *Máttugar meyjar*

konunnar og spásögn. Svo er einnig um vísu Halldóru Þórðardóttur, sem dreymir sumarið fyrir sama bardaga að maður komi að henni og kveði:

„Rökkur að éli,  
rignir blóði.  
Hrýtur harðsnúinn  
hjálmsstofn af bol.“ (I, 425)

Í þessari vísu er einnig aflimun, og myndmálið sýnir náttúruna mengaða stríði. Rigningin er blóð, og afhoggið mannshöfuðið er stofn fyrir hjálm.

Lengsta kvæðið sem eignað er konu í *Sturlungu* er draumkvæði ungrar stúlku, Jóreiðar í Miðjumdal, kveðið skömmu eftir Þverárbardaga. Hana dreymir að til hennar kemur kona, „norðan [...] úr Násheim“ (I, 519). Draumar Jóreiðar eru fjórir, og skiptast þar á vísur, átta talsins, og samtölin við konuna. Gerist Jóreiður tengiliður hennar við lifendur.<sup>14</sup> Mærin spyr um örlög ákveðinna karla og konan svarar. Eiga þær hvor sína skjólstæðinga í hópi karla, sem þær tala um, en slík orðræða kvenna kemur oftar fyrir í kvæðum sem eignuð eru konum. Svör draumkonunnar eru ekki laus við að vera grótesk, eins og t.a.m. þegar mærin spyr hana, hvernig henni sé til Porgils skarða, og hún svarar, að sér þyki illir „allir þeir fuglar, er í sitt hreiður skíta“ (I, 521). Í síðasta draumnum hefur hún mann bundinn í „tagl hestinum“ (I, 522), og er með því að launa honum er hann dró skjólstæðing hennar um klakann á Flugumýri.

Undir lok draumanna segir draumkonan til nafns síns, og er þar komin Guðrún Gjúkadóttir. Mærin spyr hvers vegna heiðnir menn fari hér. Guðrún svarar að hana skuli það engu skipta „hvort eg em kristin eða heiðin, en vinur er eg vinar míns“ (I, 521). Með þessu upphefur hún andstæðu heiðni og kristni, neitar að sjá heiminn í þessum tveimur skautum. Guðrún Gjúkadóttir er bókmenntaleg persóna, komin beint úr munnlegri skáldskaparhefð eddukvæða og

## *Konur í karlahefð dróttkvæða*

fornaldarsagna. Það er sérkennilegt að hún er einnig nefnd í sambandi við skáldkonuna Helgu Bárðardóttur í *Bárðar sögu*, en þar tengist hún með einhverjum hætti dul hennar og skáldskap, og er jafnvel ruglað saman við hana.<sup>15</sup>

Í öðrum frásögnum dreymir karla að til þeirra komi kona sem kveður vísu, eða þá að kona vitrast þeim. Oft ganga þessar konur inn í sjónmál þeirra, og þeir virða þær fyrir sér þar sem þær nálgast. Veturinn fyrir Örlygsstaðafund gengur Snæbjörn nokkur í Sandvík út um nótt: „Pá gekk kona í túnið, mikil og þrýstileg, dapurleg og rauðlituð. Hún var í dökkbláum kyrtli. Stokkabelti hafði hún um sig“ (424–425). Konan snýr sér að honum og kveður tvær vísur. Fjallar fyrri vísan um allan þann háska sem hún ætlar að búa mönnum, og munu þeir verða kallaðir með rödd dauðans: „dauðs munu dólgi vorum, / dáins raddar þá kvaddir, / dáins raddar þá kvaddir“ (425). Röddin hefur þetta vald.

Í síðari vísunni er hún fljúgandi valkyrja sem kýs hverjir muni falla í bardaga:

„Eisandi fer eg unda  
undursamlega funda.  
Líð eg of hól og hæðir  
hart sem fugl hinn svarti.  
Kem eg í dal, þar er dyljumst,  
dánarakurs til vonar.  
Harmþrungin fór eg hingað  
Heljar ask að velja,  
Heljar ask að velja.“

Vísan endar á draugalagi eins og sú fyrri. Konan er allt í senn, tröllkona, draugur og valkyrja, og kvæði hennar særing, spá og grátur. Myndmálið einkennist af flugi og frelsi, jafnt sem felum og harmi. Hún flygur sem fugl yfir landið, felur sig á akri dauðans. Hún kemur harmþrungin til dánarakurs jarðarinnar til að velja Heljar ask, þ.e. þann sem skal deyja.<sup>16</sup>

## *Máttugar meyjar*

Í mörgum þessara vísnar má sjá leifar gamallar skáldskaparhefðar kvenna. Í draumi sem Sturla Sighvatsson dreymir sumarið áður en hann fellur í Örlygsstaðabardaga kemur að honum kona og kveður:

„Leyft erat yður né öðrum  
almtýnendum sýna,  
hvorir grams úr grimmri  
grjóthrið héðan líða.“ (I, 426)

Og sagan bætir við, að Sturlu þótti „konan klökkvandi kveða“ (I, 426). Draumkonan veit það sem hermönnunum í vísunni er ekki leyft að vita, þ.e. hverjir muni falla. Eins og konur í grátljóðum eddukvæða, kveður hún grátandi um örlög þeirra.

Í *Sturlungu* er rödd konunnar vísað til draumsins, þar sem hún lifir sem máttugt, ógnandi og apókalyptískt tungumál og boðar endalok hernaðarsamfélags Sturlungaaldar.

# VIII UPPSPRETTA SKÁLDSKAPAR OG VERNDARI SKÁLDA

## Slúður

Í Íslendingasögum er oft vísað til nafnlausra heimilda með orðasamböndum eins og „sagt er“, „sumir mæltu“, „aðrir mæltu í mótt“ o.s.frv. Hér er verið að vísa í almennan orðróm, eða slúður. Slúður er munnlegt form sagna, óstöðugt, margrætt og síbreytilegt.<sup>1</sup> Það breytist frá einni sögu til annarrar, og er ómögulegt að rekja, stjórna eða bæla. Slúður er óheft og flæðandi tungumál, andstæða ríkjandi og opinbers tungumáls. Slúður er því ákveðin tegund *flæðis* sem bent hefur verið á sem einkenni á skáldlegu máli kvenna.<sup>2</sup> Slúður hefur einnig oft að geyma annað gildismat en ríkjandi menning og ógnar því samféluginu. Þegar það kemur upp á yfirborðið í frásögn Íslendingasagna er það mjög oft tengt konum, eða kvenlægum þáttum. Oft er það sviðsett, á sér stað í dyngjum og hefur áheyrendur. Meðan konurnar slúðra inni liggja karlarnir á hleri fyrir utan. Það sem helst einkennir slúður kvenna í Íslendingasögum eru gróteskar athugasemdir þeirra um karlhetjurnar, þar sem karlmennska þeirra og vald er dregið í efa. Þannig grefur slúðrið undan grunni karlveldisins og er hættuleg orðræða. Hlutverk þess í Íslendingasögum er því mótsagnakennt. Um leið og sögurnar þagga það niður segja þær frá því og nota það jafnvel sem uppistöðu í frásagnir sínar.

Í *Njáls sögu* byggir bæði atburðarásin og frásagnarhátturinn að miklu leyti á kvenlegu slúðri. Þetta kemur vel fram í frásögninni af farandkonunum sem koma til Hlíðarenda til að bera í Hallgerði það sem þær hafa orðið vísari á Bergþórshvoli. „Þær voru málgar og heldur orðillar“ (112). Slúðurburður er starf þessara kvenna. Þær safna sögum sem þær ferðast með á milli bæja og fá borgun fyrir, á

## *Máttugar meyjar*

svipaðan hátt og völvurnar áður fyrir spásögur sínar. Pannig er hlutverk slúðurs hliðstætt spádómum völvanna, þótt formið sé annað. Þegar farandkonurnar koma til Hlíðarenda situr Hallgerður í „dyngju“ sinni ásamt skáldinu Sigmundi, þar var „og fjöldi kvenna“ (112). Það er tekið fram að Gunnar sé þar ekki. Farandkonurnar koma inn í dyngjuna, og Hallgerður sprýr strax hvaðan þær komi, og síðan hvað Njáll og synir hans hafi verið að gera: „þeir þykjast nú helst menn“ (112). Farandkonurnar lýsa þeim eins og þeir væru að búa sig til bardaga. Hallgerður sprýr um húskarla Njáls, og þær svara að „einn ók skarni á hóla“ (112), svo að „þar yrði taða betri en annars staðar“ (113). Petta verður kveikjan að gróteskri mynd Hallgerðar um Njál og syni hans:

„Misvitur er Njáll,“ segir Hallgerður, „þar er hann kann til hversvetna ráð.“ „Hvað er í því?“ sögðu þær. „Það mun eg til finna, sem satt er,“ segir Hallgerður, „er hann ók eigi í skegg sér, að hann væri sem aðrir karlmenn, og köllum hann nú karl hinn skegglaus, en sonu hans taðskegglinga, og kveð þú um nokkuð, Sigmundur, og lát oss njóta þess, er þú ert skáld.“ (113)

Skáldið Sigmundur kveður þegar „vísur þrjár eða fjórar“ (113), og Hallgerður hrósar honum. „Gersemi ert þú,“ sagði Hallgerður, ‘hversu þú ert mér eftirlátur’“ (113). Um leið kemur Gunnar inn, en hann hefur staðið á hleri fyrir utan dyngjuna og heyrt allt sem sagt var. „Öllum brá við mjög, er hann sáu inn ganga; þögnumuðu þá allir, en áður hafði þar verið hlátur mikill“ (113). Gunnar er fulltrúi karlveldisins, og bókmenntastofnunarinnar, á staðnum. Hann bannar öllum sem þar eru inni að hafa eftir orðin sem sögð voru:

„En ef nokkur maður hermir þessi orð, þá skal sá í brautu verða og hafa þó reiði mína.“ En svo stóð þeim af honum mikil ógn, að enginn þorði þessi orð að herma. Síðan gekk hann í braut. (113)



*Skinnblað úr Reykjafjarðarbók Sturlungu, klippt og notað sem snið. Handritið er frá um 1400, en sniðið frá 17. öld. Stærðin á boðungnum er 32 x 22 sm. Bókin er mjög sködduð og hefur aðeins varðveist í brotum, eins og fleiri af elstu skinnhandritunum. Í Handitaspjalli sýnir Jón Helgason blaðið sem dæmi um „viðurstyggð tortímingarinnar“.*

## *Máttugar meyjar*

Gunnari tekst ritskoðunin svo vel að vísur Sigmundar eru ekki gefnar upp í sögunni.<sup>3</sup> Hann getur hins vegar ekki þaggað niður í farandkonunum málgu. Þær eru á vissan hátt utan samfélagsins og þurfa þess vegna ekki að lúta reglum þess. Þær snúa aftur að Bergþórshvoli í von um borgun fyrir slúðrið og „sögðu Bergþóru á laun ófregið“ (114). Hún ber það áfram í karlana og hvetur þá til hefnnda. Synirnir vopnast og rjúka af stað. Eftir þetta kemur slúðrið um karl hinn skegglausa og taðskegglingana við og við upp á yfirborð sögunnar og leiðir að lokum til Njálsbrennu.

Hallgerður er hér í hlutverki skáldskapargyðunnar, eða „músunnar“. Með sínu kvenlega og gróteska sjónarhorni á karlhetjurnar býr hún til myndhverfinguna í vísur skáldsins. Með henni snertir Hallgerður veikasta blettinn á Njáli, skeggleysið, um leið og hún gerir skeggið, sjálft karlmennskutáknið, að athlægi. Hún líkir því við hey, sem er étið af skepnum, og þarfnaст taðs, sem er úrgangur hinna sömu skepna og kemur úr lítt hetjulegum afturenda þeirra.

Hallgerður biður Sigmund að yrkja kvæði út frá myndhverfingu hennar. Hann kann bragreglurnar og verður þannig talsmaður hennar út á við. Í myndhverfingunni felst níð, sem er bannað tungumál, og þar sem hægt er að rekja það til ákveðins uppruna, karlskáldsins, er hann drepinn. Hin hættulega myndhverfing konunnar hittir því ekki aðeins fyrir þá karla sem hún býr hana til um, heldur einnig karlskáldið sem flytur hana áfram.

## Þögn

Grátur er kvenleg uppsprettu skáldskapar, á sama hátt og gróteskan, hláturinn og slúðrið. Samtímis því sem grátur hverfur sem skáldskapartegund er hann tekinn upp í kveðskap karla, bæði sem ákveðin orðræða og sem minni. Í *Gisla sögu* yrkir skáldið Gísli Súrsson tvær vísur um grát konu sinnar. Porkell bróðir hans spyr hann hvernig Auður kona hans berist af um bróðurdaðann.

„Hvort grætur hún mjög?“ (46, 47), spyr hann tvisvar, og Gísli svarar með tveimur vísum um grát hennar og tár. Önnur vísan byggir á svo kvenlegu myndmáli sem felum og fötum. Konan hylur tár sín „á laun und líni“ (47). Í hinni grætur hún svo ákaft að táraflóðið hrynum niður á kné hennar. Í þessari vísu gefur Gísli henni nafnið *Pögn*, sem hann í aðalhendingu lætur ríma við sjálfan sig sem *mærðar Rögni*, þ.e. skáld. Að þessum mærðar Rögni, segir hann, þreyr konan Pögn. Í vísunum talar karlskáldið fyrir þau bæði. Það sem áður var heil skáldskapargrein kvenna er orðið að umræðuefni karla. Grátur konunnar er falinn margsinnis. Það er ekki aðeins að hún feli hann sjálf undir líninu, heldur er hún ekki með í svíðssetningunni, og Porkell verður að spyrja tvisvar áður en skáldið segir frá.

Eitt af fyrstu nafngreindu skáldunum í íslenskri bókmenntasögu er Egill Skallagrímsson. Frægasta kvæði hans er *Sonatorrek*, en það hefur verið talið „den norrøne digtnings mest lyriske frembringelse“.⁴ Innblásturinn að þessu ljóðræna kvæði fær hann frá konu, nánar tiltekið dóttur sinni, og orðræðuna sækir hann í grát-kvæði munnlegrar hefðar. Þegar Egill hefur fundið rekið lík sonar síns Böðvars og lagt það í haug hjá Skalla-Grími ríður hann heim, gengur til rekkju sinnar, leggst niður og skýtur fyrir loku. Hann hvorki etur né drekkur, og „enginn maður þorði að mæla við hann“ (244). Kona hans sendir eftir dótturinni Þorgerði sem tekst að leika á föður sinn og fá hann til að drekka mjólk. Þorgerður leggur til að hann yrki erfikvæði eftir Böðvar áður en hann deyi, „en eg mun rísta á kefli, en síðan deyjum við, ef okkur sýnist [...] en það hlýðir eigi, að hann sé eigi erfður“ (245). Egill sagðist myndu reyna. Hann „tók að hressast, svo sem fram leið að yrkja kvæðið, og er lokið var kvæðinu, þá færði hann það Ásgerði og Þorgerði og hjónum sínum“ (256). Síðan rís hann úr rekkju og sest í öndvegi.

Kvenrödd grátsins kemur á mörgum stöðum fram í kvæðinu, einnig þegar hún á ekki við. Egill er ekki einstæður, eins og t.a.m. Guðrún í *Hamðismálum* sem kveður: „Einstæð em eg orðin / sem ösp í holti, / fallin að frændum / sem fura að kvisti“.<sup>5</sup> Hann er með

### *Máttugar meyjar*

fjölskyldu í kringum sig. Samt notar hann sömu mynd um ættartréð og endalok ættarinnar: „Því að ætt mín / á enda stendur, / hræbarnir / sem hlynir marka“ (247). Kvæðið er tregróf.<sup>6</sup> Í setningum eins og „Það man eg enn“ (245) lítur hann yfir líf sitt og telur upp harma sína, sem hann kallar ból. Skáldskapurinn er „bölva bætur“. Egill er „ofsnauður að ástvinum“ (248), „vinir þverra“ (251) og sögnin „að telja“ kemur oft fyrir: „Þó mun eg mitt / og móður hrör / föður fall / fyrst of telja“ (248), „grimmt er fall / frænda að telja“ (250), „ef hið betra tel eg“ (255), og eins og oft í grátnum lýkur kvæðinu með hugsuninni um dauðann. Með *Sonatorreki* hverfur grátur nafnlausrar kvennahefðar inn í nafngreindan kveðskap karla. Kvæðið flytur skáldið fyrst og fremst fyrir konur, og það er ekki aðeins að þær hlusti, Þorgerður býðst til að rista það á kefli, og þannig notar hún rúnaþekkingu sína til að varðveita kvæði föðurins um ókomna tíð.<sup>7</sup>

## Mæður

Mæður eru mikilvæg uppsprettu að skáldskap sonanna, jafnt sem verndrarar þeirra.<sup>8</sup> Ein af fyrstu vísum Egils fjallar um orð sem móðir hans segir um hann. „Bera kvað Egil vera víkingsefni og kvað það mundu fyrir liggja, þegar hann hefði aldur til, að honum væri fengin herskip“ (100). Um þetta kveður strákurinn Egill og getur heimildar vísunnar:

„Það mælti mínn móðir,  
að mér skyldi kaupa  
fley og fagrar árar,  
fara á brott með víkingum,  
standa uppi í stafni,  
stýra dýrum knerri,  
halda svo til hafnar,  
höggva mann og annan.“ (100–101)

Orð móðurinnar varða sjálfssímynd Egils sem karlmanns. Þau vísa til ferðalaga, bardaga og víga. Svipuðu hlutverki gegnir Geirríður, móðir skáldsins Þórarins Málhlíðings, sem sagt er frá í *Eyrbyggja sögu*. Fyrsta vísa hans verður til vegna hvatar móður hans þegar hún vill að hann reki af sér ragmæli (þ.e. ásökun um kynhverfu og kvenleika) og segir: „‘Ofsatt er það, er mælt er, að meir hefir þú, Þórarinn, kvenna skap en karla [...] og eigi veit eg, hví eg á slíkan son’“ (36). Hann bregst reiður við, vegur marga menn í bardaga og kemur sigri hrósandi heim. Móðirin stendur í dyrunum og spyr hann tíðinda: „Þórarinn kvað þá vísu“ (38), þar sem hann strax í upphafi, og áður en hann segir henni frá vígunum, leggur áherslu á að hann hafi varið sig gegn hvöt hennar: „Varði eg mig [...] kvinna frýju“ (38). Vísan er sú fyrsta í flokki vínsa um eigin hetjudáðir og mörg víg. Í vísunum kemur hvað eftir annað fram að með hetjudáðunum sé hann að reka af sér frýju móðurinnar og sanna að hann sé karlmaður.

## Í augum kvenna

Það er nánast klifun í dróttkvæðum að skáldin ávarpa konur í kvæðum sínum.<sup>9</sup> Þær eiga að vera vitni að hetjudáðunum og lofa kveðskap þeirra. Í *Ólafs sögu helga* í *Heimskringlu* yrkir Sighvatur Þórðarson *Austurfararvísur* um erfiða ferð sína til Svíþjóðar og flytur þær Rögnvaldi jarli. Frásögnin sýnir að skáldskapur er orðinn að starfi, og jafnframt að lof kvenna er skáldum nauðsynlegt. Fyrir kvæðið gefur jarlinn Sighvati gullhring. „Ein kona mælti, að hann hafði gengið til nokkurs með þau hin svörtu augu“ (II, 140). Athugasemdir er sérstaklega móðgandi af því að hún kemur frá konu. Hún hædir skáldið, efast um ástæður hans, og neitar honum um frægð með því að vita ekki hvað hann heitir. Hún lýsir glápi hans og stingandi aughnaráði sem hún bregst við með ögrandi stríðni. Með athugasemd sinni grípur hún fram í orðræðu karlanna og Sighvatur er ekki seinn á sér að þagga niður í henni með vísu:

## *Máttugar meyjar*

„Oss hafa augun þessi  
íslensk, konan, vísað  
brattan stíg að baugi  
björtum langt hin svörtu.  
Sjá hefur, mjöð-Nannan, manni  
minn ókunnar þínum  
fótur á fornar brautir  
fulldrengila gengið.“ (II, 140)

Hann ávarpar hana tvisvar sem konu, um leið og hann leggur áherslu á sjálfan sig sem karlmann, skáld og Íslending. Þannig verða skáldin oft að spegla sig í konum til að treysta mörk sín, skilgreina sig sem karla og skáld. Í vísunni er mannjöfnuður sem kemur oft fyrir í dróttkvæðum. Skáldið ber sig þó engan veginn saman við konuna, heldur við mann hennar! Í þessari frásögn er konan bæði uppsprettu kvæðisins og skáldskapargyðja. Sighvatur verður að kveða hana niður til að reisa við karlmennsku sína á ný.

Önnur neikvæð skáldskapargyðja er Gunnhildur konungamóðir í *Egil's sögu*. Hún beinlínis hindrar Egil í að yrkja *Höfuðlausn*, annað af sínum frægustu kvæðum. Hún sest sem svala við gluggann á loftinu þar sem Egill er að yrkja lofkvæði um Eirík konung og truflar hann með klaki sínu. Þegar Arinbjörn kemur um miðja nótt til að spryrja Egil hvernig gangi með kvæðið segir hann „að ekki var ort, – ‘hefir hér setið svala ein við glugginn og klakað í alla nótt, svo að eg hefi aldregi beðið ró fyrir’“ (182–183). Arinbjörn rekur svöluna burt og sest sjálfur við gluggann. Hér má enn sjá fóstbræðurna gegn fjölkunnugu konunni. Hún kveður (klakar) á sinn hátt, orðalaust, á móti hirðkvæðinu. Myndin er sú sama og í frásögn *Kristni sögu* af hofgyðjunni sem var að æra kristniboðann með góli sínu. Þegar Egill hefur lokið drápunni gengur hann fyrir konunginn, „hóf upp kvæðið og kvað hátt og fekk þegar hljóð“ (185). Konungurinn gefur Agli líf og leyfir honum að fara. Að eigin sögn gerir hann það þó ekki vegna kvæðisins, heldur vegna þess að hann vill ekki missa Arinbjörn sem ætlar að láta eitt yfir sig og vin sinn ganga.

## Konungur eða kona

Skáldið sem kveður lofkvæði til konungs er skopstælt í *Fóstbræðra sögu*. Skáldið Þormóður fer með húskörlum föður síns að sækja fiska. Verða þeir veðurteppir í afskekktum dal á Vestfjörðum, þar sem virðast búa konur einar. Dag nokkurn gengur hann frá tjaldi og upp til bæjar sem þar var. Þormóður kemur í stofu. „Þar var ekki inni manna nema konur einar“ (170). Þær eru „vel kátar við hann“ (170), og venur hann þangað komur sínar. Ekkjan Katla, sem þar býr ásamt dóttur sinni Þorþjörgu, býður honum að dveljast hjá sér meðan húskarlar fara eftir fiskum og þiggur hann það. Þótt dóttirin sé „eigi einkar væn“, „útfætt,“ og „eigi alllág“ (170) líst Þormóði vel á hana, og henni á hann. „Þormóður rennir nokkuð augum til dóttur húsfreyju, [...] og sprettur upp af honum einstaka mansöngsvísur“ (170):

Hann yrkir þá lofkvæði um Þorþjörgu kolbrún; það kallaði hann Kolbrúnarvísur. Og er kvæðið var ort, þá færði hann kvæðið, svo að margir menn heyrðu. (171)

Katla dregur mikið og gott fingurgull af hendi sér og segir: „Petta fingurgull vil eg gefa þér, Þormóður, að kvæðislaunum og nafnfesti, því að eg gef þér það nafn, að þú skalt heita Þormóður Kolbrúnarskáld“ (172). Þormóður þakkar henni gjöfina, og nú „festist þetta nafn við Þormóð, sem Katla gaf honum“ (172). Ekkert kvæðanna er gefið upp í sögunni, hvorki mansöngsvísurnar né Kolbrúnarvísur.

Í þessari frásögn er dyngja kvenna sett á svið sem konungleg hirð. „Lofkvæðið“ er til ungrar stúlkur í afskekktri sveit sem hefur tæplega unnið margar hetjudáðir, og bóndakonunni Kötlu er lýst sem konungi þegar hún dregur hring af fingri sér og gefur skáldinu að kvæðislaunum. Á sama hátt og konungar gefur hún honum einnig nafn og skáldaímynd.

## Kvennaskemman

Konan sem skáldskapargyðja er hin hlið konunnar sem uppsprettu. Hallgerður í *Njálu* þakkar skáldinu Sigmundi fyrir kvæðið, sem hún er bæði uppsprettan og hvatningin að. Í þeirri frásögn er dyngjan staður skáldskapar og skemmtunar, en það má einnig sjá í *Fóstbræðra sögu*. Ýmislegt bendir til að skáldskapurinn hafi lifað áfram í skemmum kvenna sem hafi tekið við af hirðinni þegar konungurinn missti áhuga á skáldskap. Í *Halldórs þætti Snorrasónar* segir frá Íslendingnum Halldóri, syni Snorra goða, sem dvelst í Noregi hjá Einari þambarskelfi og konu hans Bergljótum. Er Halldór sagður „stríðmæltur og harðorður, en mjög fátalaður“ (251). Áður en hann kom til Einars og Bergljótar hafði hann verið með Haraldi konungi Sigurðarsyni. Segir sagan að „Halldór gekk jafnan til Bergljótar og sagði henni mörg ævintýr, þau sem utanlands höfðu gerst í ferðum þeirra Haralds konungs og gengu menn oft til þeirrar frásagnar“ (252).

Í þessari kvennaskemmu fer auch þess fram svo áköf umræða um skáldskap að Halldór drepur mann þar inni fyrir að flytja níð. Hér má sjá átök um bókmenntategundir, þar sem Íslendingurinn tekur sér hlutverk ritskoðara. Skáldið sem fer með níðið er eftirlætisfrændi Einars þambarskelfis, Kali að nafni. Andstætt Halldóri, sem er fátalaður, er Kali „sundurgerðarmaður mikill í orðum, bæði sundurlausum og samföustum“ (252). Hefur hann „mjög í háði við Halldór og bað aðra menn yrkja níð um hann, en enginn varð til þess; því fékkst Kali og í að flimta hann“ (252). Halldór verður var við þetta:

Og einhvern dag gekk hann til skemmu Bergljótar; og er hann kemur að dyrunum, heyrir hann þar inn hámaelgi mikla; var þar inni Kali og margir menn aðrir. Peir bera þá fram fyrir húsfreyju hróp það, er Kali hafði kveðið um Halldór; Bergljót bað þá þegja [...]. (252)

Skáldin sem áður kepptu um hylli konunga, keppa nú um hylli kvenna. Halldór liggur á hleri við skemmudyrnar eins og Gunnar við dyngju Hallgerðar í *Njálu*. Karlarnir í skemmu Bergljótar hlýða ekki skipun hennar um að þegja, og Kali svarar henni með því að segjast ekki vera hræddur við „hann mörlanda, þó að hann hafi mikil metorð af þér“ (253). Hann heldur níðinu áfram og bætir við það sögu um óhetjulegt athæfi Halldórs í dýflissu úti á Grikklandi. Með þessu er hann að mótmæla hetjusögum Halldórs af sjálfum sér og Haraldi konungi og túlka þær upp á nýtt. Halldór þolir ekki lengur „þessi atyrði“ (253). Hann hleypur inn í skemmuna og heggur Kala banahögg fyrir framan húsfreyju. Hún gerist umsvifalaust verndari Halldórs og biður menn að geyma dyranna svo að enginn komist út. Halldór biður hana ásjár, og hún gefur honum ráð sem duga. Einar þambarskelfir sem hefur vald til að drepa hann gefur honum grið.

Í þessari frásögn fer skáldskapurinn fram utan hirðarinnar, í kvennaskemmunni, sem er afmörkuð og lokuð. Á þessi mörk er lögð áhersla með dyrunum sem Halldór staðnæmist við áður en hann gengur inn. Konan ræður skemmunni jafnt sem dyrunum. Hér er komin upp togstreita milli frænda höfðingjans og karlsins annars vegar og skjólstæðings konunnar hins vegar. Konan er verndari sagnamannsins og hins rétta skáldskapar, og þegar til kemur mega ráð hennar sín meir en vald karlsins.

## Huldar sagan

Einn frægasti íslenski sagnaritarinn á eftir Snorra Sturlusyni er bróðursonur hans, Sturla Þórðarson (1214–84). *Sturlu þáttur* í *Sturlungu* fjallar um það hvernig hann festi sig í sessi sem sagnaritari og varð atvinnumaður. Hann kemur til Björgvinjar, og ásamt vini sínum, norska höfðingjanum Gauti á Mel, gengur hann fyrir Magnús konung lagabæti. Hann má sín svo lítils að konungur hvorki þekkir hann né tekur undir kveðju hans: „Sturla kvaddi og

## *Máttugar meyjar*

konung, en hann svaraði engu“ (231). Vinurinn Gautur bæði kynnir hann og talar fyrir hann. „‘Pessi maður er Sturla skáld Þórðarson“ (231), segir hann, og að hann muni hafa „ýður kvæði að færa og svo föður yðrum“ (231). Konungur hefur engan áhuga á kvæðunum og vill í fyrstu ekki taka við Sturlu, sem segir ekki orð meðan þeir konungur og Gautur eru að tala um hann. Fyrir orð Gauts tekur konungurinn að lokum við honum og er hann skrásettur í skip hans.

Konungur ræðst til ferðar og Sturla gengur um borð í skipið. Nokkru síðar kemur konungur. Sturla reynir sem fyrr að koma sér í mjúkinn hjá honum, en allt kemur fyrir ekki. Stendur hann upp og hneigir sig fyrir konunginum og kveður hann, en „konungur svaraði engu og gekk aftur skipi til lyftingar“ (232). Sturla hefur ekki með sér neinar vistir, og enginn býður honum með sér. Þjónustumaður konungs sér aumur á honum og skipar honum til mótnueytis „með þeim Þóri munn og Erlendi maga“ (232). Meira að segja þessir þurfamenn taka honum fálega.

En er menn lögðust til svefns, þá spurði stafnbúi konungs,  
hver skemmta skyldi.

Flestir létu hljótt yfir því.

Pá mælti hann: „Sturla, hinn íslenski, viltu skemmta?“

„Ráð þú,“ segir Sturla.

Sagði hann þá Huldar sögu – betur og fróðlegar en nokkur þeirra hafði fyrr heyrt, er þar voru. Þrengdust þá margir fram á þiljurnar og vildu heyra sem gerst. Varð þar þróng mikil. (232)

Drottningin spyr hvaða þróng þetta sé á þiljunum, og er sagt að „þar vilja menn heyra til sögu, er hann Íslendingurinn segir“ (232). Hún spyr hvaða saga það sé og er sagt að „það er frá tröllkonu mikilli, og er góð sagan, enda er vel frá sagt“ (233). Konungurinn reynir að þagga niður áhuga hennar og biður hana að „gefa að þessu engan gaum og sofa“ (233). Hún segist ætla að Íslendingur þessi

muni góður drengur. „Konungur þagði“ (233), og sér ekki ástæðu til að ræða þetta við drottningu.

Morguninn eftir er enginn byr og menn sitja að drykkju. Fær Sturla sendan mat og drykk af borði konungs. Mötunautar hans, þeir Þórir munnur og Erlendur magi, verða glaðir við „og hlýst betra af þér en vér hugðum, ef slíkt venst oft á“ (233). Er þá sagt að drottning lætur senda eftir Sturlu, „bað hann koma til sín og hafa með sér tröllkonusöguna“ (233).<sup>10</sup> Gengur Sturla fram í lyftingu og kveður konung og drottningu:

Konungur tók kveðju hans lágt, en drottning vel og léttilega. Bað drottning hann segja þá sömu sögu, er hann hafði sagt um kveldið.

Hann gerði svo og sagði mikinn hluta dags sögu. En er hann hafði sagt, þakkaði drottning honum og margir aðrir og þóttust skilja, að hann var fróður maður og vitur.

En konungur svarar engu og brosti að nokkuð svo. (233)

Við lof drottningarinnar eflist sjálfstraust Sturlu. Snýr hann sér að konungi og minnist á kvæðin sem hann hafi ort um hann og föður hans, „vildi eg, að þér hlýdduð til“ (233). Enn svarar drottning og fær konunginn til að samþykkja þetta: „Látið hann kveða, því að mér er sagt, að hann sé hið mesta skáld, og mun kvæðið vera ágæta gott“ (233). Konungur vill heyra kvæðið um sig. Þegar Sturla hefur flutt kvæðið bregst drottning við og segir: „Það ætla eg, að kvæðið sé vel ort“ (233). Konungurinn hæðir hana og efast um að hún hafi hlustað á það. „Kanntu mjög gerla að heyra?“ (233), segir hann.<sup>11</sup> Áður en konungur fer að sofa um kvöldið lætur hann kalla á Sturlu. Gefur hann honum vín úr silfurkari til vináttu við sig og biður um að fá að heyra kvæðið um föður sinn. Sturla kveður kvæðið, og „lofuðu menn mjög og mest drottning“ (234). Þar með hefur Sturla unnið konunginn sem kveður upp úrslitadóminn og líkir honum við hina æðstu kirkjulegu stofnun: „Það ætla eg, að þú kveðir betur en páfinn“ (234).

### *Máttugar meyjar*

Í framhaldi af þessu er frá því sagt að konungur hafi tekið Sturlu vel og sérstaklega drottning. „Drottning var til hans forkunnar vel, og svo gerðu aðrir eftir“ (234). Þetta leiðir til þess að hann kemst í hina mestu kærleika við konung, „og hafði konungur hann mjög við ráðagerðir sínar og skipaði honum þann vanda að setja saman sögu Hákonar konungs, föður síns, eftir sjálfs hans ráði og hinna vitrustu manna forsögn“ (234). Að lokinni Hákonar sögu „setti hann saman sögu Magnúss konungs eftir bréfum og sjálfs hans ráði“ (235).<sup>12</sup> Gerist hann hirðmaður konungs og því næst skutilsveinn.<sup>13</sup> „Hann orti mörg kvæði um Magnús konung og þá margfalda sæmd þar fyrir“ (235). Drottningin, verndari skáldskapar og skálða, er nafnlaus í þættinum. Er hennar einungis einu sinni getið á öðrum stað í *Sturlungu*, og þá í sambandi við komu hennar til Noregs og krýningu konungs. Er hún þar nefnd Ingilborg.<sup>14</sup>

Fornaldarsagan sem Sturla sagði um tröllkonuna Huld og vakti athygli drottningar er orðin að sögum um konunga og landvinninga þeirra. „Hulðar sagan“ er glötuð, en konungasagan varðveitist.<sup>15</sup> Sögumaður munnlegrar kvennahefðar er orðin að starfandi karlrithoffundi, og skáldskapurinn að stofnun.

# Athugasemdir og tilvísanir

## I. Kvennamenning og karlveldi

<sup>1</sup> *Eddukvæði*, 515.

<sup>2</sup> Með hugtakinu „bókmenntastofnun“ er átt við það fyrirbrigði sem ræður opinberu og viðurkenndu bókmenntamati hvers tíma. Bókmenntastofnunin ræður á hvaða mælikvarða bókmenntir skuli metnar, og hvaða viðfangsefni, viðhorf, form og bókmenntategundir séu við hæfi. Til hennar teljast m.a. útgefendur, bókmenntafræðingar og menntastofnanir. Um nánari skilgreiningu á hugtakinu, sjá Helgu Kress, „Bókmenntastofnunin“.

<sup>3</sup> Um þetta vísast einkum til kenninga Jóns Steffensen. Hlutverk hofgyðja og völva telur hann að hafi einkum verið að gala galdra, fara með töfra og lækningar, og hafi það verið fastur þáttur í heiðnu helgihaldi. Þá telur hann að það hafi fyrst og fremst verið þessar konur sem varðveittu og fóru með eddukvæðin. „Með kristninni breyttist þetta allt, galdrar og hvers kyns forneskja er bannfærð, en klérkar taka við læknisstörfum.“ Sjá „Lækningagyðjan Eir“, 167. Í greininni „Nokkrir þættir úr menningu hins íslenska þjóðfélags í heiðni“ ræðir hann um náttúrusteina úr heiðnum kvennagröfum sem hann telur að hafi verið notaðir við lækningar. Gagnrýnir hann fræðimenn fyrir að hafa annaðhvort ekki veitt þessum steinum athygli eða talið þá til kvennaskrauts. Bendir hann á að slíka túlkun á menningu kvenna megi þegar sjá hjá Snorra Sturlusyni, sem segir um kvenkenningar í *Eddu*: „Konu skal kenna til alls kvenbúnaðar, gulls og gimsteina [...], en fyrir því er kona kennd til gimsteina eða glersteina, að það var í forneskjum kvinnabúnaður, er kallað var steinasörvi, er þær höfðu á hálsi sér.“ (Sjá *Snorra-Eddu*, 165). Smátangir sem einnig hafa fundist í kvennagröfum telur Jón Steffensen vera læknistæki, notað til að taka í sárbarma og tína beinflísar og aðskotahluti úr sári. Einig þessar tangir hafa verið rangtúlkaðar af frædimönum, sem margir hafa álítið að þær væru „snyrtitæki til að ‘plokka’ augabrunir og annarleg hár“ (185). Sjá einnig greinina, „Hugleiðingar um Eddukvæði“.

<sup>4</sup> Sjá Edwin Ardener, „Belief and the Problem of Women“, en einkum „The Problem Revisited“, 22–25. Kenningar hans eiga við um hvaða menningaátök sem er, en dæmið sem hann tekur varðar menningu

## Máttugar meyjar

kynjanna. Menning karlanna er á hans máli „dominant“, menning kvennanna „muted“. Villta svæðið kallar Ardener „wild zone“. Á líkani sínu merkir Ardener villta svæðið með hornsteinunum ABCD, en þeim er sleppt hér, þar sem ekki verður annað séð en þeir stríði gegn hugmyndinni um algerlega óbundið svæði.

- <sup>5</sup> Um þessa úrvinnslu á kenningum Edwins Ardener, sjá Shirley Ardener, „Introduction“.
- <sup>6</sup> Hugtakið „palimpsest“ um tvíradda einkenni kvennabókmennta er upphaflega komið frá Söndru Gilbert og Susan Gubar, sbr. klassískt rit þeirra, *The Madwoman in the Attic*, einkum 1. kafla. Elaine Showalter tengir það menningarlíkani Ardeners í grein sinni „Feminist Criticism in the Wilderness“.
- <sup>7</sup> Sbr. Jakob Benediktsson, „Uppskafningur“. Uppskafningar þekkjast frá því snemma á miðöldum, og hefur oft tekist að lesa töluvert af upphaflegu textunum með nútíma aðferðum, en rannsóknir á þeim eru þó skammt á veg komnar. Dæmi um uppskafning er handrit með *Ragnars sögu loðbrókar* sem var skafið upp og lögbók skrifuð yfir fornaldarsöguna. Sjá einnig Finn Hödnebo, „Palimpsest“, *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder XIII*.
- <sup>8</sup> Sbr. Else Mundal, „Kvinner og dikting“, einkum 13–16.
- <sup>9</sup> Sbr. Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda II*, 16.
- <sup>10</sup> Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, einkum kaflinn „Menntun kvenna á miðöldum“, 212–236.
- <sup>11</sup> Um orðið *tefla* í merkingunni „vefa“, sjá Jan de Vries, *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*, undir uppsláttarorðinu „tefla“. Einnig Önnu Sigurðardóttur, *Allt hafði annan róm*, 4.
- <sup>12</sup> Um samband gerðanna segir Guðni Jónsson í formála útgáfu sinnar: „Hin latneska frumsaga Gunnlaugs munks hefir glatast, en hún hefir verið þýdd á íslensku líklega á fyrri hluta 13. aldar, og sú þýðing er til enn, lítið eða ekki breytt, og er það *eldri gerð* sögunnar, sem hér er prentuð. Hún ber það mjög með sér að vera þýðing úr latínu. Síðan hefir einhver tekið sig til og lagfært þýðingu þessa, fært hana í betra mál og sleppt úr mesta orðskrúðinu, svo og hinum löngu og ævintýralegu frásögnum af Gísl Illugasyni og Sæmundi fróða og enn fremur breytt tímatali sögunnar [...] Þetta er *yngri gerð* sögunnar“ (viii). Ekki virðist hann sakna kaflans um Ingunni.
- <sup>13</sup> Gróteskt myndmál er líkamsmyndmál. Markmið þess er að aftigna allt vald og það sem háleitt er talið og draga það niður á jarðneskt plan þar

sem allir eru jafnir. Það beinist mjög að líkamshlutum, einkum á neðri hluta líkamans, líffærum og líkamsstarfsemi, en einnig því sem á líkamanum dynur og úr honum vellur. Oft líkir gróteskan mönum við dýr. Um einkenni grótesku og tengsl hennar við „karnival“ og hlátur, sjá klassískt rit Mikhails Bakhtin, *Rabelais and His World*.

- <sup>14</sup> Mansöngvar, eða „Frauenlieder“, voru til í þjóðfélögum um alla Evrópu, „and antededated male lyrics“, þ.e. voru til á undan kvæðum karla. Þessi kvæði eru „marked by reference to nature, [...] enigmatically allusive, usually focused on pain and sorrow, brought about by separation from a male, and explicit in their references to sexual activity“. Patricia Belanoff, „Women’s Songs, Women’s Language“, 193.

- <sup>15</sup> *Eddukvæði*, 514.

- <sup>16</sup> Sagan er einnig í *Heimskringlu* III, 135.

- <sup>17</sup> *Grágás* II, 184.

- <sup>18</sup> Sjá Jón Helgason, „Norges og Islands digtning“, 148.

- <sup>19</sup> Robert Kellogg, „Sex and Vernacular in Medieval Iceland“, 254–255. Anna Sigurðardóttir segir frá því að latínan hafi á miðoldum verið „kölluð föðurmál, lingua patria, en þjóðtungurnar móðurmál, linguae maternae.“ *Allt hafði annan róm*, 214. Í því sambandi vitnar hún í ræðu sem Stefán Einarsson hélt fyrir minni kvenna 1949, þar sem hann segir: „Nú er það kunnugt, að ekkert móðurmálanna dafnaði og óx eins vel og íslenskan á miðoldum, því þar sem annarra þjóða höfundar snöru kerlingabókum sínum á latínu, þá skrifuðu Íslendingar þær á móðurmálinu.“ Skv. Stefáni kemur orðið „móðurmál“ fyrst fyrir á Íslandi í kvæðinu *Lilju* eftir Eystein Ásgrímsson frá miðri 14. öld. Sjá ívitnað rit, 214.

- <sup>20</sup> Sjá *Eddu Snorra Sturlusonar*, ii.

- <sup>21</sup> Hér verður þessi langa og mikla umræða ekki rakin, en greinargott yfirlit yfir hinar ýmsu kenningar má fá hjá Anne Holtsmark undir uppláttarorðinu „Edda“ í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* III. Sjá einnig Einar Ólaf Sveinsson, *Íslenskar bókmenntir í fornöld*, 177–178, Anthony Faulkes, „Edda“, og Else Mundal, „Kvinner og dikting“.

- <sup>22</sup> Um *eddu* sem óðfræði segir Konráð Gíslason: „I betydning må edda forholde sig til óðr, som poetik forholder sig til poesie, dog med den forskel, at edda er deminutivt, medens det samme ikke er tilfældet med poetik.“ Neðanmáls ræðir hann um langömmu-kenninguna og

## Máttugar meyjar

byrjar þar með þá hefð bókmenntastofnunarinnar að ræða neðanmáls um hugsanlega hlutdeild kvenna í bókmenntaþarfum. Hann segir, og bregður fyrir sig frönsku: „Her er overalt kun tale om edda som navn på det bekendte litteraire arbeide, da edda *oldemoder* formentlig har en grundforskellig oprindelse.“ „En bemærkning om Edda“, 155–156.

<sup>23</sup> Undir þessa skoðun tekur Anthony Faulkes. Um nafnið í merkingunni langamma segir hann:

Nowadays it is generally assumed that there is some association with the word *edda* meaning great-grandmother, since it is at least certain that this word existed, though the nature of the association has never been satisfactorily explained; the ancient traditional lore the book contains is hardly such as a great-grandmother might be expected to tell of, since there is no association in Icelandic culture between old women and scaldic verse, unless the reference is to some of the traditional tales in *Gylfaginning*. (35–36)

Hér ruglar hann saman á dæmigerðan hátt tveimur mismunandi hefðum og gerir að einni, þ.e. kvenlegri hefð eddukvæða, sem er munnleg og ónafngreind, og dróttkvæðahefðinni sem tilheyrir bókmenntastofnuninni og körlum.

<sup>24</sup> Sbr. Jón Helgason, „Norges og Islands digtning“, 4. Helga Kress þýddi tilvitnunina.

<sup>25</sup> Sama rit, 4.

<sup>26</sup> Skáldið sem hann nefnir er Jórunn, og vitnar hann til vísuholmings eftir hana, sbr. *Snorra-Eddu*, 255.

<sup>27</sup> Petta á einnig við um ýmsar þýðingar. Pannig voru *Strengeikar* eftir Marie de France, *Lais*, frá um 1100, þýddir á óbundið mál á norrænu á 13. öld.

<sup>28</sup> *Snorra-Eddu*, 21–23.

<sup>29</sup> Hugo Pipping, *Eddastudier*, 74.

<sup>30</sup> Svava Jakobsdóttir telur að „hinn dýri mjöður“ sem svo er nefndur í *Hávamálum* (105. er) sé dreypifórn, „veig lífsins“, sem Gunnlöð gefi af frjálsum vilja í helgiathöfn, en Snorri tengi síðan skáldum og fræðimönnum og láti Óðin ræna. Sjá „Gunnlöð og hinn dýri mjöður“, 241.

## II. Skáldskapur og seiður

- <sup>1</sup> Undirstöðuritið um seið í íslenskum fornþókmenntum er Dag Strömbäck, *Sejd. Textstudier i nordisk religionshistoria* frá 1935.
- <sup>2</sup> Sem dæmi má nefna Þorgrím nef í *Gísla sögu*, en hann „var fullur af gjörningum og fjölkynngi og var seiðskratt, sem mestur mátti verða“ (37). Systir hans er Auðbjörg á Annmarkastöðum. Er hún ramm-göldrött og hleypir skriðu á bæ sem verður tólf manns að bana. Bæði eru þau barin grjóti í hel, fyrst Auðbjörg og síðan Þorgrímur „og er kasaður hjá systur sinni, á hrygnum milli Haukadals og Meðaldals“ (60).
- <sup>3</sup> Sjá t.a.m. E. F. Halvorsen undir uppflettiorðinu „Völva“ í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder XX*.
- <sup>4</sup> Einnig kann orðið að standa í einhverju sambandi við e. *vulva*, sem merkir ytri sköp eða kynfæri kvenna.
- <sup>5</sup> Guðrún P. Helgadóttir tengir sjónarhornið „spurulum augum ungu konunnar“ Guðríðar:

Hún hefur tekið eftir öllum smáatriðum í fari völvunnar og klæðaburði, glertölunum, hnjoskulindanum og tinknöppunum; hún tekur eftir matnum, sem henni er reiddur, hnífnum tannskepta, tvíhólkaða með brotna oddinum. Enga frásögn í fornsögunum, þekki eg, sem líklegra er, að runnin sé frá konu [...] Yfir frásögninni allri hvílir kvenleg nostursemi, kvenlegur áhugi á öllu nýstárlégu og forvitnilegu.

*Skáldkonur fyrri alda I*, 46.

- <sup>6</sup> Fræðimenn hafa verið í vandræðum með merkingu „hjallsins“, eða „seiðhjallsins“ sem hann er nefndur víða í frásögunum, sjá Dag Strömbäck, *Sejd*, 110–118. Engum virðist hafa dottið í hug að tengja hann síninni.
- <sup>7</sup> 22. er., *Eddukvæði*, 79.
- <sup>8</sup> Orðið *læti* merkir rödd eða hljóm, sbr. norska orðið *låt*. Í *Snorra-Eddu* segir: „Læti er tvennt; læti heitir rödd, læti heitir æði“ (264).
- <sup>9</sup> Svið tengsl augnaráðs og galdrar er að finna í *Vatnsdæla sögu* þar sem segir frá kerlingunni Ljót og syni hennar Hrolleifi, en frásögnin sýnir einnig hvernig farið er að tengja galdrar móðurinni. Enginn ræður við Hrolleif fyrir „fjölkynngi móður hans“ (53); „en móðir hans margkunnug“ (54). Ingimundarsynir gera aðför að þeim mæðginum og er móðurinni lýst frá sjónarhorni þeirra: „hún hafði rekið fötin fram yfir höfuð sér og fór öfug og rétti höfuðið aftur milli fótanna; ófagurlegt var

hennar augnabragð, hversu hún gat þeim tröllslega skotið“ (69–70). Sá sterkasti Ingimundarsonanna heggur höfuðið af Hrolleifi. Vegna þess að þeir hafa orðið fyrri til að sjá Ljót en hún þá virkar galdur hennar ekki, en hún „kvaðst hafa ætlað að snúa þar um landslagi öllu, – ‘en þér ærðust allir og yrðuð að gjalti eftir á vegum úti með villidýrum’“ (70). Eftir þetta deyr hún „í móð sínum og trölldómi“ (70).

- <sup>10</sup> Gott dæmi um tengsl konu, gráts, draums, spádóms og frásagnar er að finna í frásögn *Vopnfirðinga sögu* af framvístri fóstru Helga sem grætur eftir draum og segir Helga frá honum. Eitt sinn þegar hann kemur til hennar „sat hún og sá í gaupnir sér og grét. Helgi spyr, hví hún gréti eða hví henni væri svo skapþungt. Hún kvaðst gráta drauma sína“ (48). Siðan segir hún Helga drauminn sem boðar dauða hans. Hann ræður drauminn ekki að öllu leyti rétt og hún leiðréttir hann. Hann hleypur reiður út og fellur í næsta bardaga.
- <sup>11</sup> Fjölkunnug og gömul fóstra kemur einnig fyrir í *Grettis sögu* og er mynstrið það sama og í völvusögunum. Þegar Þorbjörn öngull er orðinn ráðþrota í baráttu sinni við Grettli leitar hann til karlægrar fóstru sinnar. Hún fer með Þorbirni út í Drangey, „lá aftur í skut, og voru borin að henni klæði“ (247). Hún formælir Grettli og hann svarar með því að því upp stein „stundar mikinn“ (248) og kasta á fatahrúguna. „Við það kom upp skrækur mikill; hafði steinninn komið á þjólegg kerlingar, svo að í sundur gekk“ (248). Þegar kerlingin er búin að jafna sig eftir beinbrotið haltrar hún eftir ströndinni og finnur þar rótartré sem hún rístur rúnir á „og rauð í blóði sínu og kvað yfir galdra [...] gekk öfug andsælis um tréið og hafði þar yfir mörg römm ummæli“ (250). Þetta tré verður Grettli að bana. Það er táknrænt að kerlingin ræðst að karlmennsku hans með því að láta sýkinguna koma á miðjan líkamann. Þegar Grettir er veginn „var lærið allt grafið upp að smáþörmum“ (261). Þetta er sama líkamssvæði og Þórdís í *Gísla sögu* reynir að hitta þegar hún leggur til Eyjólfs gráa með sverði. Sjá 37. kafla sögunnar.
- <sup>12</sup> Sjá um þetta yfirlitsrit Wolfgang Krause, *Die Frau in der Sprache der altisländischen Familiengeschichten*, einkum kaflann „Unverletzlichkeit der Frau und Ausnahmen davon“, 10–19.
- <sup>13</sup> „Að sitja úti“ var fast orðasamband yfir að fremja seið, eða leita spásagna, þ.e. úti og utan samfélagsins. Sjá Sigurður Nordal, *Völuspá*, 95.
- <sup>14</sup> Í ritinu *The Revolution of Poetic Language* fjallar Julia Kristeva um orðræðu skortsins eða neikvæðisins sem eitt af megininkennum skáldlegs máls. Sjá einkum kafla II. Í viðtalinnu „Talking about Polylogue“

## Athugasemdir og tilvísanir

tengir hún neikvæðið tungumáli og bókmenntum kvenna. Neikvæði kvenna má tengja valdaleysi þeirra. Í því felst uppreisn þeirra gegn því samfélagi sem þær ráða engu um, þær samþykkja það ekki. Neikvæði *Völuspá* kemur fram í neitandi orðum og einnig því sem ekki er, ekki var, eða verður.

- <sup>15</sup> Bæði handrit *Völuspá*, þ.e. *Konungsbók* og *Hauksbók*, hafa hér lesháttinn *þríar*, þ.e. kvk. flt., en útgefendur hafa talið það ritvillu og breytt í karlkynsmyndina *þrír*. Um þetta segir Einar Ólafur Sveinsson og tengir öðrum svipuðum leshætti: „Villa er í báðum handritum í 17. v. ‘Unz þríar kómu’ fyrir ‘Unz þrír kómu’ [...] Grunsamlegur er leshátturinn *hon* í ‘Nú mun hon sökkvast’ [...] sem oft hefur verið breytt í *hann*.“ *Íslenskar bókmenntir í fornöld*, 322–323. Í *Hauksbók* eru „þrjár þursameyjar“ látnar finna fyrstu mennina. Við leshátt handritsins: *þussameyjar* setur Sigurður Nordal upphrópunarmerkni neðanmáls í *Völuspá*, 69, svo fráleitt finnst honum þetta.
- <sup>16</sup> Um þetta í sambandi við fornensk kvæði ræðir Patricia A. Belanoff í „Women’s Songs, Women’s Language“.
- <sup>17</sup> Ástráður Eysteinsson hefur fjallað um þessa áráttu fræðimanna í greininni „Er Halldór Laxness höfundur Fóstbræðrasögu?“, sjá einkum bls. 171–175.
- <sup>18</sup> Sigurður Nordal, *Völuspá*, 185.
- <sup>19</sup> Björn M. Ólsen, „Til Eddakvadene“, 135 nm. Kveikja umræðunnar um kyn skáldsins er neðanmálgrein Finns Jónssonar í *Völu-Spá*, 47, þar sem hann biður menn að taka eftir innileikanum í vísunni um Óðins barn. Hann nefnir ekki beinlínis konu í þessu sambandi, en hugmyndina um hinn kvenlega þátt má lesa á milli línnanna.
- <sup>20</sup> Sigurður Nordal, „Völu-Steinn“, 88–89.
- <sup>21</sup> Einar Ólafur Sveinsson, *Íslenskar bókmenntir i fornöld*, 81. Hann nefnir ekki hugmyndina um að skáld *Völuspá* kunni að hafa verið kona. Þá hefð að ræða um konur neðanmáls má þó sjá í riti hans. Í neðanmálgrein á bls. 75 hafnar hann kenningum Barða Guðmundssonar um hlut kvenna í fornum kveðskap, en án þess að nefna konur. Þær eru því meira að segja undir yfirborði neðanmálgreinarinnar! Hann segir og kallar öll skáld fornaldar til vitnis með sér: „Barði Guðmundsson [...] hefur reynt að færa rök að tengslum Freysdýrkunar og kveðskapar, en hér er öllum skáldum fornaldar að mæta, sem vitna einum rómi, að íþrótt þeirra sé frá Óðni komin.“ Kemur neðanmálgreinin í framhaldi af umræðu í meginmáli um skáldamjöldinn sem

„Óðinn sótti [...] og gaf goðum og mönnum“. Undanskilið og ónefnt er að Óðinn fékk mjöðinn hjá Gunnlöðu. Þetta bætir Einar Ólafur upp með neðanmálsgrein síðar þar sem hann ræðir samband kveðskapar við fornar særingar: „Fyrsta særing af slíku tagi, skrifuð upp í Noregi, mun sú sem Ragnhildur tregagás í Björgvin viðhafði 1325 til að spilla ást hjóna,“ 79 nm.

### III. Eddukvæði

- <sup>1</sup> Andrew Welsh sér rætur skáldskapar annars vegar í endurtekningunni, eða þulunni, og hins vegar í myndhverfingunni, eða gátunni. Sjá *Roots of Lyric*, einkum kafla II, VI og VII. Á þetta vel við um uppruna íslensks skáldskapar, þuluformið í eddukvæðum kvennanna og kenningarnar í dróttkvæðum karlanna.
- <sup>2</sup> Þetta minni má sjá í alls kyns tilbrigðum í íslenskum fornþókmenntum. Í Íslendingasögum eru það einkum útlendingar og kaupmenn (Austmenn) sem tæla konur, en einnig skáld og synir seiðkvenna. Þessir karlar eru allir á sinn hátt utangarðsmenn í samféluginu.
- <sup>3</sup> Í *Snorra-Eddu* lýsir dvergurinn Brokkur hamrinum um leið og hann afhendir Þór hann nýsmíðaðan: „Þá gaf hann Þór hamarinn og sagði að hann myndi mega ljósta svo stórt sem hann vildi, hvað sem fyrir væri, að eigi myndi hamarinn bila, og ef hann yrpi honum til, þá myndi hann aldrei missa, og aldrei fljúga svo langt, að eigi myndi hann sækja heim hönd og ef það vildi, þá var hann svo lítill, að hafa mátti í serk sér; en það var lýti á, að forskeftið var heldur skammt“ (170).
- <sup>4</sup> *Snorra-Edda*, 81–82.
- <sup>5</sup> Um slúður í *Lokasennu*, sjá grein Helgu Kress, „Staðlausir stafir“.
- <sup>6</sup> Kona í sjónmáli karla er mjög algengt minni í íslenskum fornþókmenntum, og kemur vel heim og saman við kenningar Luce Irigaray um fallískt augnaráð karla sem gerir konur að viðföngum og vörum á markaði. Sjá t.a.m. greinarnar „The Power of Discourse“ og „Women on the Market“. Um konur í sjónmáli Íslendingasagna, sjá grein Helgu Kress, „Gægur er þér í augum“.
- <sup>7</sup> Luce Irigaray kallar þetta að vera „out of circulation“, „The Power of Discourse“, 84.
- <sup>8</sup> Gott yfirlit yfir rannsóknasögu *Skírnismála* má fá í riti Gro Steinsland, *Det hellige bryllup og norrön kongeideologi*. Sjálf túlkar hún kvæðið sem

## Athugasemdir og tilvísanir

sögu um heilagt brúðkaup goðs/konungs og jötunmeyjar. Eins og flestir aðrir fræðimenn gengur hún út frá að atburðarás kvæðisins leiði til brúðkaups. Það er þó ekkert sem bendir til þess í kvæðinu sjálfu. Gerður lofar að hitta Frey úti í skógi, utan samfélags og hjónabands, þar sem hann gerir hana að frillu sinni. Hér hafa fræðimenn blandað saman mismunandi textum goðsagnarinnar, sem sumir kunna að vera yngri og síðsamar túlkunar á kvæðinu. Þannig gerir Snorri Sturluson jötunmeyna Gerði að eiginkonu Freys í *Eddu*.

- <sup>9</sup> Sjá einnig Jan de Vries, *Altnordische Literaturgeschichte*, sem segir um *Skírnismál* „In diesem Gedicht fällt besonders der weiche Ton der Liebessehnsucht auf.“ II, 104.
- <sup>10</sup> Þetta erindi og það síðasta þar sem Freyr kveður um óþreyju sína eftir konunni eru þau erindi kvæðisins sem oftast er vitnað til í bókmenntasögum. Sjá. t.a.m. Peter Hallberg, *Den fornisländska poesien*, 53–54, sem vitnar í bæði erindin. Einnig Jan de Vries, *Altnordische Literaturgeschichte* II, 104, og Ludvig Holm Olsen, *Norges litteraturhistorie* I, 275, sem báðir vitna í síðasta erindið. Vésteinn Ólason vitnar í bæði erindin í *Íslenskri bókmenntasögu* I, 109–110, ásamt erindinu þar sem Gerður lofar að hitta Frey, 110. Hann tekur einnig eftir orðum Gerðar um að hún vilji ekki þola ánaud, og vitnar í þau, 111. Samt sem áður er kvæðið að hans mati „ástarsaga“, 109.
- <sup>11</sup> Um lækningar kvenna í íslenskum fornbókmenntum, sjá Guðrúnu P. Helgadóttur, „Kvinner og legekunst i formsagaene“.
- <sup>12</sup> Nafnið „Oddrúnargrátr“ kemur fyrst fyrir í pappírshandriti frá 17. öld, og er nafnið sótt í kvæðislokin.
- <sup>13</sup> Á öðrum stað segir hann hvernig kenna megi Freyju: „Til allra heita Freyju er rétt að kenna grátinn og kalla svo gullið, og á marga lund er þessum kenningum breytt, kallað hagl eða regn eða él eða dropar eða skúrir eða fossar augna hennar eða kinna eða hlýra eða bráa eða hvarma“ (173).
- <sup>14</sup> Um grátljóð kvenna í grískum fornbókmenntum, sjá Gail Holst-Warhaft, *Dangerous Voices*. Grátljóðin („laments“), segir hún, láta ekki einungis í ljós sorg, heldur einnig reiði. Þau eru því ögrun við hernaðarsamfélag sem vill að dauðinn sé lofsunginn en ekki harmaður. Sjá einkum kafla 4.
- <sup>15</sup> Í *Völsunga sögu* giftir faðir Signýjar hana nauðuga Siggeiri konungi. Hún „grætur sárlega“ (117) og biður föður sinn að leyfa sér að koma aftur heim, um leið og hún varar hann við svikum Siggeirs. Faðirinn

## Máttugar meyjar

tekur ekkert mark á orðum hennar og neitar. Leiðir þetta til dauða hans. Í hefndarskyni lætur Signý drepa syni sína og Siggeirs. Síðan lætur hún brenna hann og höll hans. Þegar hún er beðin að ganga út úr eldinum neitar hún: „Hefi eg og svo mikið til unnið, að fram kæmist hefndin, að mér er með engum kosti líft. Skal eg nú deyja með Siggeiri konungi lostug, er eg átti nauðug“ (128).

- <sup>16</sup> Í *Sigurdrífumálum* leysa bjargrúnir „kind frá konum“ (9. er.). Á síðari tímum var *Margrétar saga* notuð við fæðingarhjálp, og má ef til vill líta svo á að hún hafi tekið við hlutverki rúnanna. Um þessa notkun *Margrétar sögu*, sjá Jón Steffensen, „Margrétar saga og ferill hennar á Íslandi“, og Ásdísi Egilsdóttur, „Handrit Margrétar sögu“.
- <sup>17</sup> Þetta minnir á fleyg orð Ólafar ríku á 15. öld þegar henni er borin fréttin um dráp mannsins hennar: „Eigi skal gráta Björn bónda, heldur safna liði“. Sbr. t.a.m. Björn Þorsteinsson, *Enská öldin í sögu Íslendinga*. Nefnir hann ýmis tilbrigði af sögunni, m.a. þetta: „Hún sagði: ‘Ekki skal gráta Björn, heldur safna liði’, hvað hún gjörði, klæddi sig hringabrynu og þar yfir kvenmannsbúningi, dró svo með útbúið lið, komst með kænsku á Jónsmessu og hennar fólk að Engelskum og drap þar mikinn fjölda utan kokkinn [...]“ (209).
- <sup>18</sup> Í bók sinni *Bodytalk* ræðir E. Jane Burns um hliðstætt minni í *Philomena* sem talin hefur verið eftir Chrétien de Troyes (frá 12. öld). Þar drepur móðir son sinn og matreiðir hann handa föður hans. Með þessu hefnir hún systur sinnar sem karlinn hafði nauðgað og skorið tunguna úr. Minnið túlkar Jane Burns m.a. þannig að með því að gefa föðurnum soninn að éta skili hún holdinu af syninum ofan í hann og geri hann þar með óléttan og að konu, sem þó getur ekki fætt hann af sér lifandi aftur. Sjá kaflann „A Murderer or a Mother?“, 140–147.
- <sup>19</sup> Um samband gráts og hvatar, sjá Carol Clover, „Hildigunnr’s Lament“.
- <sup>20</sup> Skv. *Völsunga sögu*, kafla 40, gerir hann það af afbryðisemi vegna þess að ungu konunni líst betur á son hans en hann sjálfan.
- <sup>21</sup> Hliðstæðan „uppskafning“ má sjá í *Norna-Gests þætti*, en þar nennir Ólafur konungur Tryggason ekki að heyra um tregróf Brynhildar og þaggar niður í sögumanni. „Eigi er nauðsyn að segja fleira frá því líkum hlutum“ (331), segir hann, og vill fá að heyra um Loðbrókar syni.
- <sup>22</sup> Sjá t.a.m. Einar Ólaf Sveinsson, *Íslenskar bókmenntir í fornöld*, 437, Peter Hallberg, *Den fornisländska poesien*, 63, og *Íslenska bókmenntasögu*, 141, sem einnig birtir mynd Jóhannss Briem af dýrkálfinum þar sem hann ber við himin.

- <sup>23</sup> Þöggun kvenraddirinnar heldur áfram í bókmenntasögunni. Í *Sigrúnarljóðum* „drepur“ Bjarni Thorarensen Sigrúnu, en lætur Helga tala: „Þú angraðir mig áðan / með orðum þínum, Sigrún! / Eg bað þig aftur mig hitta, / ef andaðist þú fyrri: / kvaðst þú ei trúá að kalda / eg kyssa þig vildi, / né hjúpaða hvítbleika / þig höndum spenna.“ Sjá *Kvæði*, 144.

#### IV. Máttugar meyjar

- <sup>1</sup> Kvæði í fornaldarsögum hafa verið gefin út sérstaklega undir nafninu *Eddica minora*, þ.e. hin litla minni edda.
- <sup>2</sup> Hér má minna á samtal þeirra Auðar og Ásgerðar í *Gisla sögu* þar sem þær sitja við sauma í dyngju sinni og Þorkell hlerar. Sbr. 9. kafla.
- <sup>3</sup> Sjá *Völsunga sögu*, bls. 177–178.
- <sup>4</sup> Í meginmáli sögunnar er serkurinn „gullsaumaður“ (236), þ.e.a.s. hann er þar gerður dýrmætari en hann er í vísunni. Að karlar klæði upp fátækar eða jafnvel naktar konur kemur víðar fyrir í íslenskum fornþókmenntum. Í *Laxdælu* klæðir Höskuldur ambáttina Melkorku, og gerir hana þar með að samfélagslegri konu. Lýkur hann upp kistu „og tók upp góð kvenmannsklæði og soldi henni; var það og allra manna mál, að henni semdi góð klæði“ (24–25). Í *Svarfdæla sögu* tekur Karl við Yngvildi nakinni af heiðinni, „lætur gera henni laug og fá henni góð klæði“ (204–205).
- <sup>5</sup> Jón Helgason, „Norges og Islands digtning“, 97. Sjá einnig Véstein Ólason, *Íslensk bókmenntasaga*, 180, sem telur þáttinn sýna leifar af fornri frjósemistrú.
- <sup>6</sup> Orðalagið er *Laxdælu*, 185.
- <sup>7</sup> Mjög mörg dæmi eru um það að karlar skipti klæðum við umrenninga eða þræla. Í *Fóstbraðra sögu* skiptir Þormóður á yfirhöfn við Lúsa-Odda, lætur kápu sína en fær verju hans, „saumaða saman af mörgum tötrum; hún var feljótt sem laki og höttur á upp með slíkri gerð; hún var öll lúsug“ (238). Í *Gisla sögu* skiptir Gísli nokkrum sinnum klæðum við þræla og leikur þannig á óvini sína. Þá villir hann um fyrir þeim með því að leika Ingjaldssiflið í bátnum með Bóthildi ambátt: „Þú skalt segja,‘ segir hann, ‘að hér sé fíflíð innan borðs, en eg mun sitja í stafni og herma eftir því og vefja mig í vaðnum og vera stundum utan borðs og láta sem eg má ærilegast“ (82).

## Máttugar meyjar

- <sup>8</sup> Hér er vitnað til útgáfu Guðna Jónssonar á sögunni. Hinn kvenlegi þáttur sögunnar kemur þó betur fram í annarri og lengri gerð hennar, en þar segir að Hervör hafi verið „meybarn mikið og frítt, og bað þess margur, að það væri af dögum ráðið, og kváðu varla kynni kvennaskap í verða.“ Sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda I*, C.C. Rafn, 1829, 430.
- <sup>9</sup> Carol Clover tengir karlgervingu Hervarar í *Hervarar sögu* og Þorbjargar í *Hrólfssögu Gautrekssonar* því að þær eru einbirni og dætur, sjá „Maiden Warriors and Other Sons“.
- <sup>10</sup> Hlutur sverðsins í framhaldi sögunnar er mismunandi eftir gerðum. Í lengri gerðinni drepur Heiðrekur bróður sinn með sverðinu, en í þeirri sem hér er stuðst við gerir hann það með því að kasta í hann steini.
- <sup>11</sup> Um konur í riddarasögum, sjá Else Mundal, „Kvinnebiletet i nokre mellomaldergener“.

## V. Bardaginn við tröllskessurnar

- <sup>1</sup> Um viðurnefni Örvar-Odds, sjá *Örvar-Odds sögu*, 225–226. Auk þess að limesta og drepa nokkrar tröllkonur drepur hann skjaldmey og gyðju. Konungur nokkur gefur honum skjaldmey til að hafa í fylkingarbrjósti, en slík gjöf er mikil storkun við karlmennsku hans: „Par hefi eg hvergi komið, að konur hafi verið brjóst fyrir mér“ (323). Hann losar sig við hana með því að fleygja henni út á fen, sem hún hefur þrisvar reynt að hlaupa yfir. Henni er lýst sem mjög kvenlegri, því að pilsin flækjast fyrir henni á hlaupunum og „hún styttir sig þá upp“ (323). Sjálfur stekkur Oddur þrisvar yfir fenið, en förunautar hans verða að ganga fyrir enda þess, „svo var það breitt og illt yfirferðar“ (323). Í annarri ferð gerir Oddur út af við gyðju sem er að verja heiðinn dóm. Fyrst brennir hann borg hennar og síðan hleypur hann hana uppi með eikarkylfu. Hún stekkur undan og flýr inn í hof sitt, en þangað vill Oddur ekki ganga inn á eftir henni: „Hann fer upp á hofið og sér inn um glugginn, hvar hún liggar. Verður honum fyrir, að hann tekur upp Stein mikinn og keyrir inn í glugginn. Hann kemur á hrygg gýginni og lemur hana þar niður við stöllunum, og dó hún þar“ (332).
- <sup>2</sup> Kanadíski rithöfundurinn Margaret Atwood gefur athyglisvert dæmi um sambandið milli hláturs kvenna og ofbeldis karla. Hún segist eitt sinn hafa spurt vin sinn af karlkynni hvers vegna karlar teldu sér ógnað af konum: „He replied: ‘They are afraid women will laugh at them.’ She

## Athugasemdir og tilvísanir

then asked a group of women why they felt threatened by men. They answered: ‘We’ re afraid of being killed.’“ Sjá Jane Caput og Diana F.H. Russel, „Femicide: Sexist Terrorism against Women“, 13.

Í *Grettis sögu* hlær griðkona að reðursmæð Grettis. Hún og bónadóttir koma að honum þar sem hann sefur eftir heitt bað „og höfðu fötin svarfast af honum ofan á gólfíð“. Þykir griðkonunni það „fádæmi, hversu lítt hann er vaxinn niðri“. Bóndadóttir reynir að þagga niður í henni og biður hana að vera hljóða. „Eigi má eg hljóð vera um þetta, [...] því að þessu hefði eg eigi trúð, þó að nokkur hefði sagt mér.“ Fer hún nokkrum sinnum yfir til hans og gægist, „og skellti upp og hló“. Grettir heyrir þetta, grípur til hennar „svipti henni upp á pallinn“ (240). Hún æpir hástöfum, en áður en lýkur, segir sagan, hættir hún að frýja á Grettí og þagnar. Þöggun og nauðgun eru hér eitt og hið sama.

- <sup>3</sup> Um skálmir sem eldhúsahöld tröllkvenna, sjá bls. 133–134.
- <sup>4</sup> Hér er farið eftir útgáfu C.C. Rafn á sögunni frá 1829. Kaflinn sem fjallað er um er mjög styttur í þeirri gerð sem prentuð er í útgáfu Guðna Jónssonar.
- <sup>5</sup> Sagan er einnig í *Ágripi*. Önnur drottning sem spillir ríki konunga er Gunnhildur konungamóðir. Er hún einnig af Finnum komin og gædd sömu kyntöfrum og Snæfríður.
- <sup>6</sup> Halldór Laxness notar þetta orðalag Gnípu í *Íslandsklukkunni* þar sem segir frá glímu Jóns Hreggviðssonar og tröllkonunnar á Tvídægru. Halldór skerpir særingu tröllkonunnar með skilyrðistengingu og því að láta hana nefna nafn hans: „Njóttu nú fallsins, Jón Hreggviðsson, ef þú ert maður“<sup>7</sup>. *Íslandsklukkan*, 89. Sjá einnig Eirík Jónsson, *Rætur Íslandsklukkunnar*, 101–102.

## VI. Uppreisn kvenna í sagnahefð

- <sup>1</sup> Um *Fóstbraðra sögu* sem paródíu, sjá grein Helgu Kress, „Bróklindi Falgeirs“.
- <sup>2</sup> Sjá t.a.m. Jan de Vries, *Altnordische Literaturgeschichte* II, 363; grein Björns Sigfussonar um söguna í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* X, 368–370; og formála Einars Ólafs Sveinssonar fyrir sögunni í *Íslenskum fornritum*, vi, xi–xii.
- <sup>3</sup> Petta yfirsést Theodore M. Andersson í umfjöllun sinni um söguna í *The Icelandic Family Saga*. Honum finnst frásögnin af draumunum

## Máttugar meyjar

langdregin og villandi og ekki hafa öðru hlutverki að gegna en vera til skrauts. Hann segir:

Guðrún has a succession of four dreams, which are interpreted as adumbrations of her four marriages with details covering three pages. Aside from being overdone, the passage is distracting since only one of her dreams is directly involved in the plot. Unlike most dream passages, which bear directly on the outcome of the story, the effect here is arbitrary and ornamental. (50)

Svipað hefur Peter Foote um söguna að segja í formála að enskri þýðingu hennar, en hann kvartar undan að skrautið skyggi á karlmennskuna: „The *Laxdæla saga* was a deservedly popular and influential work, but to some extent it foreshadows the decline to come, not least in a certain preference its author shows for ornament above substance in the presentation of masculine character“ (vi).

- <sup>4</sup> Leshættinum „Misjöfn verða morginverkin“ í útgáfu sögunnar í *Íslenskum fornritum* hefur hér verið breytt í „Mikil verða hér voðaverkin“ í samræmi við lestur Ólafs Halldórssonar, sbr. grein hans „Morgunverk Guðrúnar Ósvífursdóttur“.
- <sup>5</sup> Í Íslendingasögum eru margar frásagnir af konum sem reyna að ná sverði og jafnvel nota það. Í *Gisla sögu* tekst Þórdísi að ná sverði af banamanni bróður síns um leið og hún ber honum mat. Ætlar hún að leggja „á honum miðjum“ (116), en lagið geigar og eiginmaður hennar tekur af henni sverðið.
- <sup>6</sup> Slík klæðaskipti eru ekki aðeins táknmál í bókmenntum, heldur virðist hafa verið gert ráð fyrir þeim í samfélagini, því að þau eru bönnuð með lögum. Í *Grágás* I, 203–4, segir svo: „Ef kona klæðist karlklæðum eða sker sér skör eða fer með vopn fyrir breytni sakir, það varðar fjörbaugsgard. [...] Sá á sök er vill. Slíkt er mælt um karla, ef þeir klæðast kvenna klæðnaði.“ Það er athyglisvert að hér er konan nefnd á undan karlinum, hún er meginreglan hvað afbrigðilegt kynferði varðar.
- <sup>7</sup> Á þetta bendir Matthías Þórðarson í formála fyrir útgáfu sinni á *Eiriks sögu*. Telur hann að sagan byggi á frásögnum Guðríðar sjálfrar og hafi varðveisit hjá sonum hennar og merkum afkomendum. *Íslensk fornrit* IV, lxxxi. Sjá einnig formála Ólafs Halldórssonar að texta Skálholtsbókar sögunnar, en hann telur augljóst að megingilgangur höfundar *Eiriks sögu rauða* hafi verið að skrifa sögu Guðríðar Þorbjarnardóttur. Viðauki við *Íslensk fornrit* IV, 344. Sjá einnig grein hans „Glataðar þjóðsögur um Guðríði Þorbjarnardóttir“.

## Athugasemdir og tilvísanir

- <sup>8</sup> Þetta minnir á frásögnina af sverði Freys í *Skírnismálum* sem hann fórnar til þess að komast yfir jötunmeyna Gerði. Samkvæmt *Snorra-Eddu* verður þetta Frey að bana í ragnarökum: „Freyr berst móti Surti, og verður harður samgangur, áður Freyr fellur; það verður hans bani, er hann missir þess hins góða sverðs, er hann gaf Skírni“ (100). Sjá einnig *Lokasenu*, 42. er., þar sem Loki brigslar Frey um það sama.
- <sup>9</sup> Um sárið sem móðurlíf karla, sjá Robert Bly, *Iron John*, einkum kaflann „The Wound As Male Womb“.
- <sup>10</sup> Þetta minnir á atvikið þegar Helgi Harðbeinsson þurrkar blóðið af sverði sínu í blæju Guðrúnar Ósvifursdóttur í *Laxdælu*, 168, eftir að hafa vegið Bolla mann hennar. Undir blæjunni felur hún Bolla Bollason ófæddan.
- <sup>11</sup> *Njáls saga*, kafli 77.
- <sup>12</sup> Sigurður Nordal, „Sagalitteraturen“, 269; *Um íslenskar fornsögur*, 169.
- <sup>13</sup> Sama rit, 269; 169.
- <sup>14</sup> Jón Helgason, „Norges og Islands digtning“, 165.
- <sup>15</sup> Ólafur Lárusson telur að frásögnin af Helgu byggi á sagnaþætti sem af henni hafi gengið, sbr. „Undir Jökli“, 164–65.
- <sup>16</sup> Nafnið á landinu er ýmist skrifað Kvænland eða Kvenland. Merking þess hefur mjög verið rædd og ýmsar tilgátur komið fram um það. Nærtækast er að það merki einfaldlega kvennaland. Svo hefur það einnig verið skilið af seinni tíðar mönnum og ýmsar sagnir myndast um það út frá því. Sjá *Bárðar sögu*, *Íslensk fornrit* XIII, 102 nm.
- <sup>17</sup> Sögnin „að morna“ merkir að syrgja, gráta, sbr. e. „mourn“. Ef til vill má skýra sambandið að morna og þorna á þann hátt að Helga hafi grátið svo mikið að engin tár hafi verið eftir og hún þornað upp!
- <sup>18</sup> *Bárðar saga* hefur að geyma fleiri frásagnir af konum sem flýja karveldið út í náttúruna. Um Gróu, konu Skjaldar nokkurs, er það sagt að hún „undi ekki hjá honum sakir skapsmunu sinna, því að hún þóttist honum of góð, og fór í hellisskúta einn og ruddi með bjarghöggum, að þar varð stór hellir, og bjóst þar um með föng sín, svo að hún hafði öngvan bústað annan, meðan Skjöldur lifði, og var hann kallaður Gróuhellir“ (112).
- <sup>19</sup> Síðustu tvær línum vísunnar eru tilfærðar eftir leshætti í elsta handriti *Bárðar sögu*, skinnbókarbrotinu AM 564 4to, en það er talið komast næst frumtexta sögunnar. Þetta handrit hefur verið lagt til grundvallar útgáfu sögunnar svo langt sem það nær að öðru leyti en því að útgáfendur hafa breytt „fóstru“ í „fóstra“ og gert hana þar með að karli. Hvað þetta eina orð varðar hafa þeir valið leshátt úr afskriftum sem þeir

## Máttugar meyjar

sjálfir skilgreina sem óvandaðar. Þannig hefur vísan verið prentuð í úrvöllum og skólabókum, jafnt sem þýðingum sögunnar. Hún er einnig prentuð þannig í nýrri útgáfu sögunnar í *Íslenskum fornritum*, án þess að nokkur rök séu gefin fyrir því önnur en þau að komin sé hefð fyrir þessu. Um leshættina fóstru:fóstra ræðir útgefandi neðanmáls á bls. 116. Um frekari rök fyrir leshættinum „fóstru“, sjá grein Helgu Kress, „Fyrir dyrum fóstru“.

<sup>20</sup> Um yfirgefnar konur sem uppsprettu ljóða í heimsbókmenntunum, sjá Lawrence Lipking, *Abandoned Women and Poetic Tradition*.

<sup>21</sup> Sjá einkum Julia Kristeva, *Tales of Love*.

<sup>22</sup> Theodor W. Adorno, „Rede über Lyrik und Gesellschaft“.

## VII. Konur í karlahefð dróttkvæða

<sup>1</sup> *Skáldatal* er hirðskáldatal. Þar eru talin upp skáld sem lýst hafa afrekum konunga og höfðingja í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Sjá *Eddu Snorra Sturlusonar* III, København 1848–87, 250.

<sup>2</sup> Sama rit, 250, 254, 262, 275.

<sup>3</sup> Sama rit, 248, 269, 286, 653, 751–2. Skv. *Arons sögu* var Gautur á Mel mikill vinur Sturlunga og hafði þegið af Sturlu Sighvatssyni, bróður Steinvarar, góðan hest. *Sturlunga* II, 272.

<sup>4</sup> Í frásögn *Haralds sögu hins hárfagra* er hálft erindi *úr Sendibít*, sbr. *Heimskringlu* I, 142. Í *Snorra-Eddu* er annað hálft, 255. 2 1/2 vísa er í handriti einu af *Ólafs sögu helga*. Allar vísurnar, 2 heilar og 3 hálfar, eru prentaðar hjá Finni Jónssyni í *Den norsk-islandske skjaldedigtning* I A, 60–61.

<sup>5</sup> *Snorra-Edda*, 255.

<sup>6</sup> Í annarri útgáfu bókmenntasögu Fredriks Paasche, „Norges og Islands litteratur“, bætir Anne Holtsmark við umræðu um skáldkonur. Hún segir um Hildi: „En kvinnelig skald, Hild Nefjas-datter, har bare etterlatt seg ett eneste vers som vi vet av; det er så personlig og kraftig at det må nevnes, var vel heller ikke hennes eneste, selv om vi ikke kjenner flere. [...] et vers som flammer av vrede“ (224). Sjá einnig Magnus Olsen, „Hilds Rolvsdatters vise om Gange-Rolv“, sem fjallar um sérstæða notkun Hildar á hljónum, rími og stuðlum. Hann heyrir hvernig hún fnæsir í kvæðinu, hvíslar fram orðunum eða hvæsir þeim gegnum nefið.

<sup>7</sup> Gunnhildur konungamóðir er mikil „femme fatale“ í rannsóknasögu

norrænna fornþókmennta, og telur Magnus Olsen ekki líklegt að Gunnhildur, sem var alin upp í Danmörku, hafi getað ort svo norræna og karlmannlega vísu. Hann segir í grein sinni „Har dronning Gunnhild diktet om Håkon den gode?“:

Meget synes avgjört á tale derimot. Gunnhild var oppvokset i Danmark og der uten tvil kommet lite i beröring med diktning i visens versemål. I Norge kan hun nok ha gitt seg av med norrön diktekunst, men det er lite trolig at hun har kunnet dikte om seilas over Nordsjøen med en slik festivitas, et så sprudlende lune og en slik oppfinnsomhet som vår visedikter har evnet. Visen er maskulin i utpreget grad. (11)

Stingur hann upp á að vísan hafi orðið til meðal manna Hákonar góða sjálfss.

- <sup>8</sup> Sjá t.a.m. grein Helgu Kress, „Gægur er þér í augum“, 90–91; einnig Bergljót Kristjánsdóttur, „Skarðið í vör Skíða“, 136–137.
- <sup>9</sup> Petta er skýring Bergljótar Kristjánsdóttur, sbr. „Skarðið í vör Skíða“, 136.
- <sup>10</sup> Það kemur oftar fyrir í Íslendingasögum að konum eru eignaðar klúrar vísur. Í *Hallfreðar sögu* ber Kolfinna af sér tvær klúrar vísur um samfarir hennar og Gríss sem Hallfreður segir að hún hafi ort: „Hún kvaðst engar kveðið hafa“ (181). Hann segist hafa heyrt vísurnar og Kolfinna biður hann að láta sig heyra „hverninn verki sá er, að mér er kenndur“ (181). Í vísunum er hún látin kvarta undan getuleysi eiginmanns síns, og minnir það á vísur, eignaðar Unni Marðardóttur um getuleysi Hrúts. Sjá *Njálu*, 465–466.
- <sup>11</sup> Sjá umfjöllun á bls. 144.
- <sup>12</sup> Í þessu sambandi má minna á Sæunni kerlingu í *Njálu* sem sér fyrir Njálsbrennu: „hún var fróð að mörgu og framsýn, en þá var hún gömul mjög, og kölluðu Njállssynir hana gamalæra, er hún mælti margt, en þó gekk það margt eftir“ (320). Hún vill láta brenna eða bera vatn á arfasátu við húsið, því að við hana muni kveiktur sá eldur sem brenni inni Bergþóru og Njál. „Eigi munu vér það gera,“ segir Skarphéðinn“ (320). Klifar kerling á þessu allt sumarið, „en þó fórst það ávallt fyrir“ (320). Arfasátan reynist síðan góð íkveikja fyrir brennumenn, en einn þeirra sér arfasátuna þar sem hún stendur fyrir ofan húsin. „Síðan tóku þeir arfasátuna og báru þar í eldinn, og fundu þeir eigi, er inni voru, fyrr en logaði ofan allur skálinn“ (328). Njáll og Bergþóra brenna inni, ásamt sonum sínum og Sæunni kerlingu.

## Máttugar meyjar

- <sup>13</sup> Um draumvísur Sturlungu, sjá Guðrúnu Nordal, „Nú er hin skarpa skálmöld komin“.
- <sup>14</sup> Aðstæður minna á samskipti ungu stúlkunnar Herdísar við völvuna í *Laxdælu*, en völvan sem er heiðin og dauð birtist henni í draumi og biður hana að miðla áfram orðum sínum. Sjá kafla 76.
- <sup>15</sup> Í *Bárðar sögu* segir um vist Helgu á Hjalla í Ölfusi: „Hún þá veturnist að Hjalla í Ölfusi, en ekki Guðrún Gjúkadóttir, þó að það segi nokkrir menn [...]. Var Helga þar með dul og [...] sló hörpu nær allar nætur“ (123).
- <sup>16</sup> Í Sturlunguútgáfunni sem hér er vitnað til er kennингin „Heljar askur“ ranglega skýrð. Útgefendur hafa ekki tekið eftir að konan sem kveður er valkyrja, en tengja hana við húsmóðurstörf og matargerð. Þeir sjá því askinn sem matarílát, en ekki sem hefðbundið heiti í mannkenningu, þ.e. tré. „Heljar ask“ skýra þeir því sem hungur, matarílát sem ekkert er í. Sjá II, 601. Í Sturlunguútgáfu Svarts á hvítu er efast um þessa skýringu, en þar segir: „Askr Heljar: (*hér liklega*) feigur maður“ (I, 412).

## VIII. Uppspretta skáldskapar og verndari skálða

- <sup>1</sup> Um samband slúðurs og bókmennta, sjá Patricia Meyer Spacks, *Gossip*. Um slúður í Íslendingasögum, sjá Helgu Kress, „Staðlausir stafir“.
- <sup>2</sup> Sjá t.a.m. Hélène Cixous, „Castration and Decapitation“ og Luce Irigaray, „The Power of Discourse“.
- <sup>3</sup> Vísur Sigmundar eru til í „apókrýfri“ gerð sögunnar og prentaðar aftanmáls í útgáfu *Íslenskra fornrita*. Þar eru einnig gróteskar vísur eignaðar Unni Marðardóttur um samfarir þeirra Hrúts.
- <sup>4</sup> Jón Helgason, „Norges og Islands digitning“, 137.
- <sup>5</sup> *Hamðismál*, *Eddukvæði*, 472.
- <sup>6</sup> Carol Clover ræðir *Sonatorrek* í grein sinni „Hildigunnr’s Lament“ og bendir á sameiginleg einkenni þess og *Hamðismála*. Öfugt við það sem hér er haldið fram, telur hún að *Hamðismál* séu síðar til komin og þiggi af kvæði Egils.
- <sup>7</sup> Í *Grettis sögu* ristir nafnlaus dóttir Hallmundar kvæði hans á kefli. Hann kemur særður heim í helli þeirra og hún spyr hvað hafi gerst. „Skaltu nú heyra til,“ sagði hann, ‘en eg mun segja frá athöfnum mínum, og mun eg kveða þar um kvæði, en þú skalt rísta eftir á kefli.’ Hún gerði svo. Þá kvað hann Hallmundarkviðu [...] Margra athafna sinna gat

## Athugasemdir og tilvísanir

Hallmundur í kviðunni, því að hann hafði farið um allt landið“ (203). Andstætt Agli sem hressist eftir því sem fram líður að yrkja kvæðið dregur úr mætti Hallmundar „sem fram leið kvæðinu; var það mjög jafnskjótt, að kviðunni var lokið og Hallmundur dó“ (205).

- <sup>8</sup> Í þessu sambandi er vert að benda á athyglisverðar athuganir Barða Guðmundssonar á uppruna íslenskrar skáldmenntar, sem hann sér m.a. í fjölkynngi og kvenréttindum. Bendir hann á að til forna hafi skáld öðrum fremur verið kennd við mæður sínar. Pannig sé nær tíunda hvert skáld kennt við móður sína og fimmti hver maður sem ber móðurnafn skáld. Telur hann að þetta sé mun meir áberandi meðal hirðskálda en tækifærisskálda. Sjá ritgerð hans, „Uppruni íslenskrar skáldmenntar“, einkum kaflann „Skáld, kynngi, kvenréttindi“.
- <sup>9</sup> Sjá Roberta Frank, „Why Skalds Address Women“. Þegar skáld ávarpar karlmann segir hún að annaðhvort sé um níð eða lofkvæði að ræða:  
But when a skald addresses a woman, his „O lady“ apostrophe is not so much a greeting as a kind of shorthand, a mnemonic of masculinity. When he says „O lady“ he really means „Notice me. Admire me, advise me, advertise me. Look lady, how good I am at being a man“. (69)
- <sup>10</sup> Við þetta gera útgefendur *Sturlungu* þá athugasemd í skýringum að af þessu sjáist að Sturla hafi haft Hulðar sögu skrifanda, en bæta svo við: „Þó gæti það eins verið misskilningur drottningar“ (310). Orðalagið „að hafa með sér söguna“ er undarlegt, og gæti bent til þess að skrifari *Sturlu páttar* hafi ekki getað ímyndað sér Sturlu öðruvísi en með bók, jafnvel þótt hann sé búinn að lýsa munnlegri frásögn hans fyrr í þættinum.
- <sup>11</sup> Útgefendum finnst hér ástæða til að taka undir með konunginum. Eins og hann bera þeir brigður á að drottning hafi skilið kvæðið til hlítar, „enda er það ósennilegt, ekki síst þar sem hún var dönsk“ (310). Minnir þetta á orð Magnusar Olsen um skáldskaparhæfni Gunnhildar drottningar.
- <sup>12</sup> Talið er að Sturla hafi lokið við *Hákonar sögu* árið 1265, og hafi síðar átt þátt í samningu *Járnsiðu*, fyrstu lögbókarinnar sem erlendur konungur skipar Íslendingum. Sjá skýringar við *Sturlungu* II, 310–311. Sturla verður lögmaður yfir öllu landinu árið 1272.

Einnig er talið að Sturla hafi samið *Íslendinga sögu* í *Sturlungu*. Í svokölluðum *Formála*, sem ýmist er talinn vera eftir höfund *Sturlungu* eða Sturlu sjálfan, fær hann þessi eftirmæli:

## Máttugar meyjar

Sturla skáld Þórðarson sagði fyrir Íslendinga sögur, og hafði hann þar til vísindi af fróðum mönnum, þeim er voru á öndverðum dögum hans, en sumt eftir bréfum þeim, er þeir rituðu, er þeim voru samtiða, er sögurnar eru frá. Marga hluti mátti hann sjálfur sjá og heyra, þá er á hans dögum gerðust til stórtiðinda. Og treystum vér honum bæði vel til vits og einurðar að segja frá, því að hann vissi eg alvitrastan og hófsamastan. *Sturlunga* I, 115.

<sup>13</sup> Árið 1277 var nafnbótin *skutilsveinn* afnumin, þar sem hún þótti ekki nágu virðuleg. Í staðinn komu nafnbæturnar riddari og herra, og var Sturla herraður sama ár.

<sup>14</sup> *Íslendinga saga*, *Sturlunga* I, 528.

<sup>15</sup> Huld er seiðkonunafn. Frásögnin ruglar því saman tröllkonum og seiðkonum, og gerir þær að einu. Úlfar Bragason telur að Huld í Huldar sögu sé sú sama og völván Huld sem segir frá í *Ynglinga sögu*, en hún seiddi dauða að Uppsalakonungunum Vanlanda og Vísbur og spáði að ættvíg skyldu ávallt vera í ætt Ynglinga síðan. Sbr. *Heimskringlu* I, 29–31. Skv. túlkun Úlfars er Huldar sagan eins konar dæmisaga, sögð konunginum til varnaðar, og engin tröllkonusaga. Sjá grein hans, „Um hvað fjallaði Huldar sagan?“.

## Rit sem vitnað er til

Theodor W. Adorno, „Rede über Lyrik und Gesellschaft“, *Noten zur Literatur I*, Frankfurt am Main 1958.

Theodore M. Andersson, *The Icelandic Family Saga*, Cambridge, Mass., 1967.

Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm. Nunnuklastrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*. Úr veröld kvenna III, Reykjavík 1988.

Edwin Ardener, „Belief and the Problem of Women“, *Perceiving Women*, ed. Shirley Ardener, London 1975,

— „The Problem Revisited“, *Perceiving Women*, ed. Shirley Ardener, London 1975.

Shirley Ardener, „Introduction“, *Defining Females*, ed. Shirley Ardener, London 1977.

*Arons saga*, sjá *Sturlunga II*.

*Ágrip af Noregskonunga sögum, Íslenzk fornrit XXIX*, Bjarni Einarsson gaf út, Reykjavík 1985.

Ásdís Egilsdóttir, „Handrit Margrétar sögu og notkun þeirra við fæðingarhjálp“, *Almanak Félags kapólskra leikmanna*, Reykjavík 1987.

*Ásmundar saga kappabana*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda I*.

Ástráður Eysteinsson, „Er Halldór Laxness höfundur Fóstbræðrasögu“?, *Skáldskaparmál I*, Reykjavík 1990.

Mikhail Bakhtin, *Rabelais and His World*, translated by Helene Iswolsky, Cambridge, Mass. 1968. Upphaflega *Tworchestvo Fransua Rable*, Moskva 1965.

Barði Guðmundsson, „Uppruni íslenzkrar skáldmenntar“, *Uppruni Íslendinga*, Reykjavík 1959. Ritgerðin birtist fyrst í *Helgafelli* 1942–1945 og *Andvara* 1951.

*Bárðar saga, Íslenzk fornrit XIII*, Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út, Reykjavík 1991.

Patricia A. Belanoff, „Women’s Songs, Women’s Language“, *New Readings on Women in Old English Literature*, ed. Helen Damico and Alexandra Hennessey Olsen, Indiana University Press 1990.

Bergljót Kristjánsdóttir, „Skarðið í vör Skiða“, *Skáldskaparmál II*, Reykjavík 1993.

*Biskupa sögur I-II*, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Íslendingasagnaútgáfan 1953. Án útgáfustaðar.

## Máttugar meyjar

- Bjarni Thorarensen, *Kvæði*, Kaupmannahöfn 1847.
- Björn M. Ólsen, „Til Eddakvadene“, *Arkiv för nordisk filologi* XXX, 1914
- Björn Sigfusson, „Laxdæla saga“, *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* X, Reykjavík 1965.
- Björn Þorsteinsson, *Enská öldin i sögu Íslendinga*, Reykjavík 1970.
- Robert Bly, *Iron John. A Book about Men*, Rockport, Mass., 1990.
- Bósa saga ok Herrauðs*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda* III.
- Brennu-Njáls saga*, *Íslenzk fornrit* XII, Einar Ólafur Sveinsson gaf út, Reykjavík 1954.
- E. Jane Burns, *Bodytalk: When Women Speak in Old French Literature*, University of Pennsylvania Press 1992.
- Jane Caput og Diana F. H. Russel, „Femicide: Sexist Terrorism against Women“, *Femicide. The Politics of Woman Killing*, ed. Jill Radford and Diana E.H. Russell, New York 1992.
- Hélène Cixous, „Castration and Decapitation“, *Signs* 1/1981.
- Carol Clover, „Hildigunr’s Lament“, *Structure and Meaning in Old Norse Literature. New Approaches to Textual Analysis and Literary Criticism*, ed. by John Lindow, Lars Lönnroth, Gerd Wolfgang Weber, Odense University Press 1986.
- „Maiden Warriors and Other Sons“, *Journal of English and Germanic Philology* 1/1986.
- Jan de Vries, *Altnordische Literaturgeschichte* II, zweite Auflage, Berlin 1967.
- *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*, Leiden 1957–61.
- Edda Snorra Sturlusonar*, Finnur Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík 1907.
- Edda Snorra Sturlusonar-Edda Snorronis Sturlæi* III, København 1848–87.
- Eddica Minora. Dichtungen eddischer Art aus den Fornaldarsögur und anderen Prosawerken*, Andreas Heusler, Wilhelm Ranisch, Dortmund 1903.
- Egilssaga, Íslenzk fornrit* II, Sigurður Nordal gaf út, Reykjavík 1933
- Einar Ólafur Sveinsson, *Íslenzkar bókmennitir í fornöld* I, Reykjavík 1962.
- Eiríks saga rauða, Íslenzk fornrit* IV, Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Pórðarson gáfu út, Reykjavík 1936.
- Eiríks saga rauða*. Texti Skálholtsbókar. Viðauki við *Íslenzk fornrit* IV, Ólafur Halldórsson gaf út, Reykjavík 1985.
- Eiríkur Jónsson, *Rætur Íslandsklukkunnar*, Reykjavík 1981.
- Eyrbyggja saga, Íslenzk fornrit* IV, Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Pórðarson gáfu út, Reykjavík 1935.

## *Heimildaskrá*

- Fagrskinna, Íslenzk fornrit XXIX*, Bjarni Einarsson gaf út, Reykjavík 1985.
- Anthony Faulkes, „Edda“, *Gripla*, Reykjavík 1977.
- Finnur Jónsson, *Den norsk islandske skjaldedigting*, København 1912–1915.  
— *Völu-Spá*, København 1911.
- Flateyjarbók I-IV*, Flateyjarútgáfan, Reykjavík 1944–1945.
- Peter Foote, „Introduction“, *The Laxdale Saga*, Everyman’s Library, London 1964.
- Formáli*, sjá *Sturlunga II*.
- Fornaldar sögur Norðurlanda I-IV*, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Íslendingasagnaútgáfan 1954. Án útgáfustaðar.
- Fóstbraeðra saga, Íslenzk fornrit VI*, Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út, Reykjavík 1953.
- Roberta Frank, „Why Skalds Address Women“, *Poetry in the Scandinavian Middle Ages*, Spoleto 1990.
- Friðþjófs saga ens frækna, Fornaldar sögur Nordrlanda II*, útg. C.C. Rafn, Kaupmannahöfn 1829.
- Gautreks saga*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda IV*.
- Sandra Gilbert og Susan Gubar, *The Madwoman in the Attic*, Yale University Press 1979.
- Gísla saga Súrssonar, Íslenzk fornrit VI*, Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út, Reykjavík 1943.
- Grágás. Íslændernes lovbog i Fristadens tid I-II*, udg. Vilhjálmur Finsen, København 1852.
- Grettis saga Ásmundarsonar, Íslenzk fornrit VII*, Guðni Jónsson gaf út, Reykjavík 1936.
- Gríms saga loðinkinna*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda II*.
- Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda I-II*, Akureyri 1961–1963.  
— „Kvinner og legekunst i fornsagaene“, *Nordisk Medicinshistorisk Årsbok* 1984.
- Guðrún Nordal, „'Nú er hin skarpa skálmöld komin'“, *Skáldskaparmál I*, Reykjavík 1990.
- Gunnlaugs saga ormstungu, Íslenzk fornrit III*, Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út, Reykjavík 1938.
- Peter Hallberg, *Den fornisländska poesien*, andra upplagan, Stockholm 1965.
- Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, Reykjavík 1945.
- Halldórs þáttr Snorrasonar I, Íslenzk fornrit V*, Einar Ólafur Sveinsson gaf

## Máttugar meyjar

út, Reykjavík 1934.

*Hallfreðar saga, Íslenzk fornrit* VIII, Einar Ólafur Sveinsson gaf út,  
Reykjavík 1939.

Ejvind Fjeld Halvorsen, „Völva“, *Kulturhistorisk leksikon for nordisk  
middelalder* XX, København 1978.

*Haralðs saga ins hárfagra*, sjá Snorri Sturluson, *Heimskringla* I.

*Harðar saga, Íslenzk fornrit* XIII, Þórhallur Vilmundarson og Bjarni  
Vilhjálmsson gáfu út, Reykjavík 1991.

*Heiðarvíga saga, Íslenzk fornrit* III, Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu  
út, Reykjavík 1938.

*Heimskringla*, sjá Snorri Sturluson.

Helga Kress, „Bókmennastofnunin“, *Hugtök og heiti i bókmennatafræði*,  
ritstj. Jakob Benediktsson, Reykjavík 1986.

— „Bróklindi Falgeirs: Fóstbraðrasaga og hláturmenning miðalda“,  
*Skírnir*, haust 1987.

— „Fyrir dyrum fóstru“, *Tímarit Háskóla Íslands*, 1. tbl., 4. árg., 1989.

— „Gægur er þér í augum: Konur í sjónmáli Íslendingasagna“, *Yfir  
Íslandsála*, ritstj. Gunnar Karlsson og Helgi Þorláksson, Reykjavík  
1991.

— „Staðlausir stafir: Um slúður sem uppsprettu frásagnar í Íslendinga-  
sögum“, *Skírnir*, vor 1991.

*Hervarar saga og Heiðreks*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda* II.

— *Fornaldar sögur Norðurlanda* I, urg. C.C. Rafn, Kaupmannahöfn  
1829.

*Hjálmpés saga ok Ölvís*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda* IV.

Ludvig Holm-Olsen, *Norges litteraturhistorie* I, red. Edvard Beyer, Oslo  
1974.

Gail Holst-Warhaft, *Dangerous Voices: Women's Laments and Greek  
literature*, New York 1992.

Anne Holtsmark, „Edda“, *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*  
III, København 1958.

*Hrólfs saga Gautrekssonar*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda* IV.

Finn Hödnebo, „Palimpsest“, *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middel-  
alder* XIII, København 1968.

Luce Irigaray, „The Power of Discourse and the Subordination of the  
Feminine“, sjá *This Sex Which is Not One*.

— „Women on the Market“, sjá *This Sex Which is Not One*.

— *This Sex Which is Not One*, translated by Catherine Porter and

## *Heimildaskrá*

Carolyne Burk, Cornell University Press 1985. Upphaflega: *Le Sexe qui n'est pas un*, Paris 1977.

*Íslendingabók*, *Íslenzk fornrit I*, Jakob Benediktsson gaf út, Reykjavík 1968.  
*Íslendinga saga*, sjá *Sturlunga I*.

*Íslensk bókmenntasaga I*, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík 1992.

Jakob Benediktsson, „Uppskafningur“, *Hugtök og heiti i bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson, Reykjavík 1985.

Jón Helgason, *Handritaspjall*, Reykjavík 1958.

— „Norges og Islands digtning“, *Nordisk kultur VIII:B*, København 1953.

Jón Steffensen, „Hugleiðingar um Eddukvæði“, sjá *Menning og meinsemadir*. Greinin birtist fyrst í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1968.

— „Lækningagyðjan Eir“, sjá *Menning og meinsemadir*. Greinin birtist fyrst í *Skírni* 1960.

— „Margrétar saga og ferill hennar á Íslandi“, sjá *Menning og meinsemadir*. Greinin birtist fyrst í *Læknablaði* 1965.

— *Menning og meinsemadir. Ritgerðasafn um mótnarsögu íslenzkrar þjóðar og baráttu hennar við hungur og sóttir*, Reykjavík 1975.

— „Nokkrir þættir úr menningu hins íslenzka þjóðfélags í heiðni“, sjá *Menning og meinsemadir*. Greinin birtist fyrst í *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1967.

*Jóns saga helga*, sjá *Biskupa sögur II*.

*Jökuls þáttur Búasonar*, *Íslenzk fornrit XIV*, Jóhannes Halldórsson gaf út, Reykjavík 1959.

Robert Kellogg, „Sex and Vernacular in Medieval Iceland“, *Proceedings of the First International Saga Conference*, University of Edinburgh 1971.

*Ketils saga hængs*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda II*.

Konráð Gíslason, „En bemærkning om Edda som navn på et skrift“, *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*, København 1884.

Wolfgang Krause, *Die Frau in der Sprache der altisländischen Familien geschichten*, Göttingen 1926.

Julia Kristeva, *The Revolution of Poetic Language*, translated by Leo S. Roudiez, Columbia University Press 1984. Upphaflega: *La Révolution du langage poétique*, Paris 1974.

— *Tales of Love*, translated by Leo S. Roudiez, Columbia University Press 1987. Upphaflega: *Histoires d'amour*, Paris 1983.

— „Talking about Polylogue“, translated by Sean Hand, *French*

## Máttugar meyjar

- Feminist Thought*, ed. Toril Moi, Basil Blackwell, Oxford 1987.  
Upphaflega: „A partir de Polylogue“, *Revue des sciences humaines* 1977.
- Kristni saga, Íslendinga sögur I*, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Íslendingasagnaútgáfan 1953. Án útgáfustaðar.
- Landnámabók, Íslenzk fornrit I*, Jakob Benediktsson gaf út, Reykjavík 1968.
- Lawrence Lipking, *Abandoned Women and Poetic Tradition*, The University of Chicago Press 1988.
- Laxdæla saga, Íslenzk fornrit V*, Einar Ólafur Sveinsson gaf út, Reykjavík 1934.
- Patricia Meyer Spacks, *Gossip*, The University of Chicago Press 1985.
- Morkinskinna*, udg. Finnur Jónsson, København 1932.
- Else Mundal, „Kvinner og dikting: Overgangen frå munnleg til skriftleg kultur – ei ulukke for kvinnene“, *Förändringar i kvinnors villkor under medeltiden*. Uppsatser framlagda vid ett kvinnohistoriskt symposium i Skálholt, Island, 22. – 25. juni 1981. Red. Silja Aðalsteinsdóttir og Helgi Þorláksson, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 9, Reykjavík 1983.
- „Kvinnebiletet i nokre mellomaldergenerer“, *Edda* 6/1982.
- Njála, Njáls saga*, sjá *Brennu Njáls saga*.
- Norna-Gests þáttr*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda* I.
- Magnus Olsen, „Hilds Rolvsdatter vise om Gange-Rolv“, *Maal og minne* 1942.
- „Har dronning Gunnhild diktet om Håkon den gode?“, *Avhandlinger utgitt av Det Norske Vitenskapsakademie i Oslo*, Oslo 1945.
- Ólafs saga helga*, sjá *Heimskringla* II.
- Ólafur Halldórsson, „Morgunverk Guðrúnar Ósvífursdóttur“, *Skírnir* 1973. Greinin er endurpr. í *Grettisfærsla. Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson*, Reykjavík 1990.
- „Glataðar þjóðsögur um Guðríði Þorbjarnardóttur“, *Grettisfærsla. Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson*, Reykjavík 1990. Upphaflega á ensku í *Studies in Honour of Hermann Pálsson on his 65th birthday 26th May 1986*, Wien 1986.
- Ólafur Lárusson, „Undir Jökli. Ýmislegt um Bárðar sögu Snæfellsáss“, *Byggð og saga*, Reykjavík 1944.
- Fredrik Paasche, *Norges og Islands litteratur indtil utgangen av middelalderen, Norsk litteraturhistorie* I, ny utgave ved Anne Holtsmark, Oslo 1957.

## *Heimildaskrá*

- Hugo Pipping, *Eddastudier II. Studier i nordisk filologi*, utg. Hugo Pipping, Selskap för nordisk filologi, Helsingfors 1926.
- Ragnars saga loðbrókar*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda I*.
- Saga Ólafs konungs Haraldssonar*, sjá *Flateyjarbók II*.
- Elaine Showalter, „Feminist Criticism in the Wilderness“, *Critical Inquiry* 1/1981. Einnig í *Writing and Sexual Difference*, ed. Elizabeth Abel, Chicago 1982.
- Sigurður Nordal, „Sagalitteraturen“, *Nordisk kultur* VIII:B, København 1953. Íslensk þýðing Árni Björnsson, *Um Íslenzkar fornsögur*, Reykjavík 1968.
- *Völuspá*, önnur prentun, Reykjavík 1952. Fyrsta prentun 1922–23.
- „Völu-Steinn“, *Áfangar II*, Reykjavík 1944. Ritgerðin birtist fyrst í *Iðunni* 1924.
- Snorra-Edda*, sjá *Edda Snorra Sturlusonar* (1907).
- Snorri Sturluson, *Heimskringla I-III*, Bjarni Aðalbjarnarson gaf út, *Íslenzk fornrit* XXVI-XXVIII, Reykjavík 1951.
- Gro Steinsland, *Det hellige bryllup og norrön kongeideologi*, Oslo 1991.
- Dag Strömbäck, *Sejd. Textstudier i nordisk religionshistoria*, Lund 1935.
- Sturlu þáttur*, sjá *Sturlunga II*.
- Sturlunga saga I-II*, Jón Jóhannesson, Magnús Finnboagason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna, *Sturlungaútgáfan*, Reykjavík 1946.
- Sturlunga saga I-III*, ritstj. Örnólfur Thorsson, Svart á hvítu, Reykjavík 1988.
- Svarfdæla saga*, *Íslenzk fornrit* IX, Jónas Kristjánsson gaf út, Reykjavík 1956.
- Svava Jakobsdóttir, „Gunnlöð og hinn dýri mjöður“, *Skírnir*, haust 1988.
- Úlfar Bragason, „Um hvað fjallaði Hulðar sagan?“, *Tímarit Máls og menningar* 4/1990.
- Vatnsdæla saga*, *Íslenzk fornrit* VII, Einar Ólafur Sveinsson gaf út, Reykjavík 1939.
- Vésteinn Ólason, „Eddukvæði“, *Íslensk bókmenntasaga I*.
- Viglundar saga*, *Íslenzk fornrit* XIV, Jóhannes Halldórsson gaf út, Reykjavík 1959.
- Vopnfirðinga saga*, *Íslenzk fornrit* XI, Jón Jóhannesson gaf út, Reykjavík 1950.
- Völsa þáttur*, sjá *Flateyjarbók II*.
- Völsunga saga*, sjá *Fornaldar sögur Norðurlanda I*.
- Andrew Welsh, *Roots of Lyric: Primitive Poetry and Modern Poetics*, Princeton University Press 1978.

*Máttugar meyjar*

*Ynglinga saga, sjá Heimskringla I.*

*Porláks saga helga, sjá Biskupa sögur I.*

*Þorsteins þátr uxafóts, Íslenzk fornrit XIII, Þórhallur Vilmundarson og*

Bjarni Vilhjálmsson gáfu út, Reykjavík 1991.

*Örvar-Odds saga, sjá Fornaldar sögur Norðurlanda II.*

## Myndaskrá

- 16 Teikning af Snorra Sturlusyni eftir norska listamanninn Christian Krohg, prentuð í norskri útgáfu *Heimskringlu*, Kristiania 1899-1900. Tilvitnun í myndatexta er úr *Sturlungu* I, 269.
- 27 Skáldskaparguðinn Bragi. Lýsing úr pappírshandriti *Snorra-Eddu* frá 17. öld, AM 738 4to. Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar. Tilvitnun í myndatexta er úr *Snorra-Eddu*, 134.
- 31 Bölverkur, Baugi og nafarinn Rati. Úr kveri með myndum úr norrænni goðafræði frá 18. öld. NKS 1867 4 to. Myndin er fengin úr *Handritaspjalli* Jóns Helgasonar.
- 49 Skalla-Grímur og Brák. Teikning eftir Uno Stallarholm, prentuð í *De isländska sagorna*, Stockholm 1947. Tilvitnun í myndatexta er úr *Egil's sögu*, 101.
- 63 Upphaf *Konungsbókar*, GKS 2365 4to. Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar.
- 67 Bronslíkan frá Eyrarlandi í Eyjafirði, fundið 1817. Ljósmynd Gísli Gestsson. Þjóðminjasafn Íslands.
- 69 Gunnlöð. Lýsing úr pappírshandritinu AM 738 4to frá 17. öld. Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar.
- 129 Ólafur konungur vinnur margýgi. Lýsing úr *Flateyjarbók* frá um 1390. Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar.
- 139 *Möðruvallabók*, AM 132 fol., og handrit af *Margrétar sögu*, AM 433 b 12mo. Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar.
- 177 Blað úr skinnhandritinu *Reykjaffarðarbók*, AM 122 b, fol. Myndin er fengin úr *Handritaspjalli* Jóns Helgasonar. Um tilvitnun í myndatexta, sjá Jón Helgason, *Handritaspjall*, 45.

## Nafna- og atriðisorðaskrá

- Adorno, Theodor, 159  
aðskilnaður, 103–104, 141, 159  
afbrigði, 15, 18, 19, 88, 89,  
203–204; samanburður, 83  
afskekkt byggð, 38, 44, 108, 110,  
183  
afturganga, 47, 91, 93–94, 113–114,  
123  
Alvís, dvergur, 65  
*Alvíssmál*, 65, 71  
ambátt, 11, 46, 48, 70, 84, 86,  
95–97, 108–109, 144, 150, 151  
Andersson, Theodore M., 201–202  
andstæðurím, 44, 179  
Angantýr Heiðreksson, 114  
Angantýr, berserkur, 112, 113–114  
angurljóð, 94; sjá einnig tregróf og  
grátur  
Anna Sigurðardóttir, 190–191  
Ardener, Edwin, 13, 28, 189–190  
Ardener, Shirley, 190  
Ari fróði, 17  
Arinbjörn hersir, 182  
*Arons saga*, 204  
Askur, 56  
*Atlakviða*, 87–88, 89  
*Atlamál*, 88–89  
Atlanautur, sverð, 148  
Atli Húnakonungur, 79, 80, 82, 83,  
86, 87, 88, 89, 90  
Atwood, Margaret, 200  
Auðbjörg á Annmarkastöðum, 193  
Auður Vésteinsdóttir, 178–179, 199  
Auður, Bróka-Auður, 95, 144, 145,  
159, 166–167  
Aurvandill, 39  
*Austurfararvísur*, 181  
*Ágrip af Noregskonunga sögum*, 201  
Ásdís á Bjargi, 164–165  
Ásdís Egilsdóttir, 198  
Ásgarður, 28, 32, 65, 68  
Ásgeir rauðfeldur, 148  
Ásgerður Bjarnardóttir, 179  
Ásgerður Þorbjarnardóttir, 199  
Áslaug Sigurðardóttir, 100–104  
*Ásmundar saga kappabana*, 78  
Ásmundur Ingjaldsson, 41  
ást, 69, 86–87, 92, 105, 120, 131,  
138, 159, 161, 165  
ástarkvæði, 19, 21, 73, 74  
ástarsaga, 120, 123–124, 197  
Ástráður Eysteinsson, 195  
Ástríður af Djúpárbakka, 111  
átök; milli heiðni og kristni, 13, 35,  
37, 38, 43, 44, 47, 108–110, 164,  
172, 200; milli gamalla kvenna og  
ungra karla, 35, 40, 43; milli konu  
og karls, 106, 146, 163, 182; milli  
kvenna, 36–37, 47  
Bakhtin, Mikhail, 191  
Baldr, 30, 59  
*Baldurs draumar*, 53–54  
bandalag karla, 116–117, 117–118,  
147, 148, 152, 153, 182; sjá  
einnig fóstbræður  
Bardi Guðmundsson, 195, 207  
barn; karli líkt við barn, 104–105,  
124; meybarn, 144  
Barnaár, 155  
barnsfaðir, 86, 105  
barnsfæðing, 76, 86–87, 105, 148,  
198; táknræn, 100; barnsnauð,  
86–87  
Baugi, 29  
*Bárðar saga Snæfellsáss*, 153–160,  
164, 165, 167, 173, 203–204, 206  
Bárðardalsmenn, 135  
Bárður Snæfellsás, 154, 156, 157,  
168–169  
Bekkhildur, systir Brynhildar, 77

## Nafna- og atriðisordaskrá

- Bera Yngvarsdóttir, 180  
Bergljót Hákonardóttir, 184–185  
Bergljót Kristjánsdóttir, 205  
Bergþóra, 178, 205  
biðill, 114, 115–117  
biskup, 17, 18–19, 24, 44  
biskupasögur, 12, 17–20  
Bjarni Gullbrárskáld, 21  
Bjarni Thorarensen, 199  
Björgvin, bær í Noregi, 185  
Björn M. Ólsen, 58–59, 195  
Björn Sigfússon, 201  
Björn Þorsteinsson, 198  
Björn, fóstbróðir Friðþjófs frækna, 127  
Bly, Robert, 203  
Bolli Bollason, 138–139, 203  
Bolli Þorleiksson, 140–143, 145  
borðhald, 89, 131, 169  
Borgný, 86–87  
Borssynir, 56  
bók, 12, 24, 25, 131; latínubækur, 17; Ovidius, 19, 115; bókmentahefð, 15, 136–137  
bókmenntasagan, 51, 73, 99, 110, 153, 161, 163, 179  
bókmenntastofnunin, 13, 18, 22, 30, 32, 79, 106, 176, 187, 203; skilgreining, 189  
bóknám, 17  
bónorð, 114, 116  
*Bósa saga*, 106–108  
Bósi, 106–108  
Bóthildur, ambátt, 199  
Bragi gamli, skáld, 25  
Bragi, skáldskaparguð, 25, 26, 27, 44  
Brák, sjá Þorgerður brák  
Brákarsund, 50  
Brokkur, dvergur, 196  
brottrekstur, 45, 47–48, 70, 143, 166  
Bróka-Auður, sjá Auður  
brúðarrán, 65–66, 71  
brúðkaup, 70, 102, 133, 145, 146, 166, 197  
Brynhildur Buðladóttir, 75, 77, 79, 82, 84, 86, 100, 140, 198  
Brynjólfur biskup Sveinsson, 24  
Burns, E. Jane, 198  
Busla, 106–108, 163  
*Buslubæn*, 106–108, 162  
bænir, 17, 47  
Böðvar Egilsson, 179  
bölbaenir, 78, 81, 91–92, 107–108, 163  
Bölverkur, 29  
Caput, Jane, 201  
Chrétien de Troyes, 198  
Cixous, Hélène, 206  
Clover, Carol, 198, 200, 206  
*Codex Regius*, sjá *Konungsþók*  
Dagur, 113  
Danmörk, 24, 82, 150, 204  
*Darraðarljóð*, 97–99  
*Dánaróður Hildibrands*, 78  
*Dánaróður Hjálmars*, 78  
de Vries, Jan, 190, 197, 201  
Dofri í Dofrafjöllum, 154  
Dragvendill, sverð, 120  
Drangey, 194  
draumsýn, sjá útópía  
draumur, draumar, 47, 48, 50, 53, 99, 137–140, 147, 171–174, 194, 201  
dráp; völvu, 56; sona, 46, 87, 88–89, 150, 156, 198; eiginkonu, 90; hunds, 102; tröllkonu, 121, 122, 123, 126, 128, 132, 134; skjaldmeyjar, 200; gyðju, 200; í samfórum, 148; sjá einnig drekking og grýting  
drekking, 45, 46, 48, 100  
dróttkvæðaskáld, 25, 50, 161–174  
dróttkvæði, 12, 15, 24, 25, 26, 44, 60, 110, 161–174

## Máttugar meyjar

- drukknun, 90, 147, 165  
drykkja, 29–31; ölæði, 70, 87, 125  
drykkur; skáldamjöðurinn 28–33;  
valdatæki kvenna, 32, 82, 87,  
88–89; geitahland 73; mjöður 76,  
131, 187; mjólk, 179  
dulargervi, 54, 64–65, 79, 109,  
133; sjá einnig hamskipti og  
klæðaskipti  
Dumbur í Dumbshafi, 154  
dvergur, dvergar, 28, 30, 65–66,  
dyngja, 70, 97, 99, 152, 175, 176,  
184  
dys, 46, 193  
dýr; hestur, 81; burðarjálkur, 109;  
hesthaus, 42; hundur 101–102;  
tík 108, 110; hvalur, 127; naut-  
kálfur, 170; svala, 182; úrgangur  
úr dýrum, 176, 178; körlum líkt  
við dýr, 80, 92, 93, 105, 113,  
163, 165, 194  
Dörruður, 97–99  
Edda, 22  
*Eddica minora*, 199  
eddukvæði, 12, 13, 23, 25, 26, 28,  
61–94, 96–97, 172  
Egill Skalla-Grímsson, 48–50, 59,  
164, 179–181, 206, 207  
*Egil's saga*, 21, 48–50, 97, 182  
eiginmaður, 138; dreppinn 82, 198;  
Einar Ólafur Sveinsson, 60, 73–74,  
191, 195–196, 198, 201  
Einar þambarskelfir, 184, 185  
einsetukona, 147  
*Eiríks saga rauða*, 36–39, 47, 147,  
202  
Eiríkur Jónsson, 201  
Eiríkur konungur blóðöx, 163, 182  
Elaine Showalter, 190  
eldur, 34, 30, 91, 162, 205; land  
brennt, 46; höll brennd, 88, 198;  
konulík brennt, 131  
Elivogar, 39  
Elli, kerling, 68  
elli, 68, 147, 170; gamlir  
eiginmenn, ungar konur,  
117–118  
Elliði, 127–128  
Embla, 56  
Ennisfjall, 167, 168  
ergi, 34, 35, 68, 70, 73, 78, 107, 145  
Erlendur magi, 186, 187  
Eyjafjörður, 148  
Eyjólfur grái, 194  
*Eyrbyggja saga*, 170–171, 181  
Eysteinn Ásgrímsson, 191  
faðir og dóttir, 112–114  
*Fagursskinna*, 163  
fallískt augnaráð, sjá sjónmál  
fallosentrismi, 110  
fantasía, 12, 83, 99  
Faulkes, Anthony, 191, 192  
Fáfnir, dreki, 74  
fámælggi, 14, 15, 36, 184  
Feima, tröllkona, 121–122  
felur, 15, 38, 86, 157, 173, 203;  
undir líni, 179; bak við andlits-  
blæju, 118; bak við tjald, 156;  
falið sverð, 111; felur í  
tungumáli, 118, 139–140  
Fenja, tröllkona, 11, 95–97  
Finn Hödnebo, 190  
Finnmörk, 35, 40, 121  
Finnur Jónsson, 58, 195, 204  
firring, 160  
Fífa, ör, 120  
fjarvist karls, 37, 39, 44, 65, 70,  
152  
fjölkynngi, 40, 45, 48, 62, 64, 144,  
168, 182, 193, 207  
*Fjölsvinnsmál*, 76  
*Flateyjarbók*, 13, 108, 128  
Flaug, ör, 120  
Flaumgerður, 154  
Flosi Þórðarson, 111  
flótti, 48, 82, 116, 126, 154, 159

## Nafna- og atriðisordaskrá

- flæði; í tungumáli 79, 90, 138, 158, 175; tár flæða, 85, 165, 179
- Foote, Peter, 202
- Formáli*, 207
- fornaldarsögur, 12, 78, 82, 100–110, 111–122, 123–128, 164, 167, 173, 188
- Fóstbraðra saga*, 21, 38, 136, 183, 184, 199, 201
- fóstbræður, 35, 40, 68, 71, 119, 126, 127, 136, 145, 182
- fóstra, 36, 38, 48, 84, 100, 106, 158, 170, 194, 203
- fóstri, 100, 114
- Fótþítur, sverð, 143
- Frank, Roberta, 207
- Freyja, 20, 34, 68, 70, 78, 86, 197
- Freyr, 71–74, 149, 158, 197, 203
- Friðgerður, 44, 164
- Friðþjófs saga hins frækna*, 127–128, 168
- Friðþjófur frækni, 127–128
- Frigg, 59, 86, 167
- frilla, 142, 144, 148, 150, 155
- Fróði Friðleifsson, 11, 95
- föðurvald, 41, 66, 73
- föt, 56, 70, 100, 126, 131, 132, 137–138, 144, 145, 146, 150, 151, 156, 199; serkur 102, 103–104, 123; skinnstakkur, 122, 124, 177, 193, 199, 200; skinnfeldur, 168; brækur 111; setgeirabrékur, 145, 166; skyrt með höfuðsmátt, 145; fatahrúga 194; sjá einnig klæðaskipti galdrar, 39, 45, 54, 61, 64, 72, 74, 106–108, 127, 193, 194
- Gamli, 38
- gat; borað í bjarg, 29–31; í virki, 116
- Gautland, 106, 115
- Gautreks saga*, 78
- Gautur á Mel, 161, 185–186, 204
- Geirmundur gnyr, Austmaður, 144–145
- Geirríður Þórólfssdóttir, 181
- Geirröður, konungur, 65
- Geit, tröllkona, 132–133
- gelding, 109, 115, 144; tilraun til, 194, 202
- Gerður Gymisdóttir, 71–74, 76, 82, 149, 158, 197, 203
- Gestur Bárðarson, 157
- Gestur Oddleifsson, 137–138, 147
- getuleysi, 118, 205
- Gilbert, Sandra, 190
- Gísla saga*, 178–179, 193, 194, 199, 202
- Gísli Súrsson, 178–179, 199
- gjöf, 25, 35, 42, 181, 183
- Glæsir, nautkálfur, 170
- Gnípa, tröllkona, 132, 133, 201
- goðakvæði, 12, 39, 61–74
- Goðmundur, risabarn, 105
- Gramur, sverð, 74–77
- Grani, hestur, 81, 83
- Grágás, 191, 202
- grátur; sem líkamsmál 32, 47, 69, 72, 78, 81, 85, 87, 179, 194, 197, 198; grátraust, 78; barnsgrátur, 144; sem skáldskapartegund, 48, 77–94, 165, 173, 174, 178, 179
- Grettir Ásmundarson, 133–135, 164, 194, 201
- Grettis saga*, 133–135, 164, 194, 201, 206
- Grikkland, 185
- Gríma; nafnið, 43; fjölkunnug kona á Grænlandi, 38; fjölkunnug kona frá Suðureyjum, 45–46
- Grímhildur, 81
- Grímnismál*, 64
- Gríms saga loðinkinna*, 121–122, 123–124
- Grímur loðinkinni, 120, 121–122, 123–124

## Máttugar meyjar

- Grís Sæmingsson, 21, 205  
*Grottasöngur*, 11, 20, 95–97  
Grotti, kvörn, 11, 95–97  
Gróa í Gróuhelli, 203  
Gróa, völva, 39  
*Grógaldr*, 54  
gróteska, 18, 30, 32, 39, 61, 66, 68, 70, 81, 88, 98, 104, 107, 108, 136, 163, 164, 170, 172, 176, 178, 206; skilgreining, 190  
grýting, 46, 48, 193, 194, 200  
Grænland, 35, 36–39, 155, 157, 160  
Gubar, Susan, 190  
Guðni Jónsson, 190, 201  
Guðríður Þorbjarnardóttir, 36–39, 47, 147, 193, 202  
Guðrún Gjúkadóttir, 79, 80–85, 86, 87–91, 113, 158, 172–173, 179, 202, 206  
Guðrún P. Helgadóttir, 190, 193, 197  
Guðrún Nordal, 206  
Guðrún Ósvífursdóttir, 47, 137–147, 150, 166, 203  
*Guðrúnarhvöt*, 77, 80, 90–91  
*Guðrúnarkviða forna*, 79, 80, 83, 84, 89  
*Guðrúnarkviða fyrsta*, 79, 84–85, 86, 91, 93  
*Guðrúnarkviða II*, sjá  
    *Guðrúnarkviða forna*  
Gullveig, 56  
Gunnar á Hlíðarenda, 70, 78, 166, 176, 185  
Gunnar Gjúkason, 79, 87, 89, 91  
Gunnar Þiðrandabani, 146  
Gunnhildur konungamóðir, 182, 201, 204–205, 207  
*Gunnlaugs saga ormstungu*, 140, 147  
Gunnlaugur Leifsson, 17, 190  
Gunnlöð, 29–33, 69, 77, 192, 196  
Gutormur sindri, 162  
Hallberg, Peter, 197, 198  
Hallbjörn hálfröll, 120  
Hallbjörn, 152–153  
Hallbjörn, sonur Grímu og Kotkels, 45–46  
Halldís, fóstra, 36  
Halldór Laxness, 201  
Halldór Snorrason, 184–185  
Halldóra Þórðardóttir, 172  
*Halldórs þáttur Snorrasonar*, 184–185  
*Hallfreðar saga*, 21, 205  
Hallfreður vandræðaskáld, 164, 205  
Hallgerður langbrók, 70, 152, 166, 175–178, 184, 185  
Hallgerður Tungu-Oddsdóttir, 152–153  
*Hallmundarkviða*, 206–207  
Hallmundur, tröll, 206–207  
Halvorsen, Ejvind Fjeld, 193  
hamar Þórs, 30, 65, 68, 70; lýsing, 196  
*Hamðismál*, 90, 158, 179, 206  
Hamglöm, seiðkona, 127  
hamskipti, 29–31; 124, 127–128, 182; sjá einnig dulargervi  
handhöggyun, 115, 120, 126, 130, 134  
hannyrðir, 17, 77, 82, 112, 114, 117, 199; sjá einnig spuni og vefur  
*Haralds saga bins hárfagra*, 130–132, 161, 162, 204  
Haraldur konungur hárfagri, 130–132, 162  
Haraldur konungur Sigurðarson, 184, 185  
*Harðar saga*, 164  
harmljóð, sjá tregróf  
harmur, harmar, 30, 84, 85, 147  
arpa, 100, 156  
haugur, 93, 112  
Haukadalur, 46, 193

## Nafna- og atriðisorðaskrá

- Hauksbók*, 13, 195  
háð, 61, 115, 116, 124, 144, 164,  
181, 184, 187  
Hákon galinn, 16  
Hákon góði, 163, 205  
Hákon herðibreiður, 20  
Hákon konungur Hákonarson, 188  
*Hákonar saga Hákonarsonar*, 188,  
207  
Hálfdan svarti, 162  
hálshöggyun, 122, 126, 127, 132,  
150, 153, 171, 172, 194; hótun  
um, 72  
hár, 85, 93, 100–101, 103–104,  
125, 150, 152–153  
*Hárbarðsljóð*, 66  
*Hávamál*, 32, 61–64, 76, 192  
*Heiðarvíga saga*, 169  
heiðni, sjá átok  
Heiðrekur, sonur Hervarar, 114,  
200  
Heiður, 43, 56; völva og seiðkona,  
41–43; seiðkona 127  
heilagra manna sögur, 12, 17  
Heimdallur, 23  
Heimir, fóstri Áslaugar, 100  
heimsendissýn, 51, 53, 88, 97, 99,  
162, 174  
*Heimskringla*, 17, 131, 181–182,  
191, 208  
Helga Bárðardóttir, 153–160, 161,  
162, 164, 165, 173, 206  
Helga Kress, 189, 196, 201, 204,  
205, 206  
*Helga kviða Hjörvarðssonar*, 75  
*Helga kviða Hundingsbana I*, 75, 91  
*Helga kviða Hundingsbana II*, 75,  
80, 91–94, 113  
Helga fagra Þorsteinsdóttir, 147  
Helgi Harðbeinsson, 203  
Helgi Hundingsbani, 91–94, 199  
Helgi Njálsson, 111  
Helgi, Brodd-Helgi, 194  
hellir, 121–122, 124, 154, 157, 203  
*Helreið Brynhildar*, 80, 198  
Herborg, Húnadrottning, 84  
Herdís Bolladóttir, 206  
*Hervarar saga og Heiðreks*, 112–114,  
116, 200  
Hervarður, sjá Hervör  
Hervör yngri, 114  
Hervör, 112–114, 116, 200  
hetjukvæði, 12, 13, 61, 74–75,  
77–94  
Hetta, tröllkona, 153, 164,  
167–169  
Hildigunnur, tröllkona, 104–105  
Hildur Hrólfssdóttir, 162–163, 204  
Hildur, valkyrja, 99  
hirðskáld, 26, 161–163, 181–183  
Hít, tröllkona, 157  
Hjálmpér, 117–118, 125–127  
*Hjálmpés saga og Ölvís*, 117–118,  
125–127  
hjónaband, 75, 80, 112, 114,  
117–118, 124, 130, 140, 145,  
152  
Hjörþrimul, valkyrja, 99  
hlátur, 44, 109, 116, 117, 121, 122,  
176, 178, 201; og ofbeldi, 200  
hlerun, 22, 97–99, 132, 175, 176,  
185  
Hliðskjálf, hásæti, 71  
Hneitir, sverð, 130  
Hnitbjörg, fjall, 29, 31  
Holm-Olsen, Ludvig, 197  
Holst-Warhaft, Gail, 197  
Holtsmark, Anne, 191, 204  
Hólar, 17  
Hremsa, ör, 120  
Hringur, konungur, 106–108  
Hrímnir, jötunn, 121–122  
Hrolleifur, 193–194  
*Hrólfss saga Gautrekssonar*, 115–117,  
200  
Hrólfur Gautreksson, 115–117

## Máttugar meyjar

- Hrólfur, Göngu-Hrólfur, 162  
Hrútur Herjólfsson, 45–46, 206  
Huld; seiðkona, 43, 208; tröllkona, 188, 208  
*Hulðar saga*, 186–188, 207  
hvöt, 78, 90, 103, 127, 146–147, 149, 167, 169, 178  
Hyrja, tröllkona, 122  
*Höfuðlausn*, 182  
Högni Gjúkason, 89, 91  
Hörður, félagi Hjámpés og Ölvis, 125–127  
Höskuldur Dala-Kollsson, 142, 199  
Ingilborg, drottning, 188  
Ingimundarsynir, 193–194  
Ingimundur, 40–41  
Ingjaldur á Hvöli, 167–169  
Ingjaldur, 41–42  
Ingólfur Þorsteinsson, 21  
Ingunn, 17, 115  
innilokun, 29, 74, 141  
Irigaray, Luce, 196, 206  
Ísland, 36, 41, 47, 141, 147, 157  
*Íslandsklukkan*, 201  
*Íslendinga saga*, 16, 161, 171, 207  
*Íslendingabók*, 17  
Íslendingasögur, 12, 21, 38, 97–99, 111, 122–123, 132–135, 136–160, 146, 161, 175–181  
Ívar beinlausi, 103  
Jakob Benediktsson, 190  
jarteikn, 110  
*Járnviða*, 207  
Jóhann Briem, 198  
Jón biskup helgi, 17–19  
Jón Helgason, 24, 153, 177, 191, 199  
Jón Hreggviðsson, 201  
Jón Steffensen, 189  
*Jóns saga helga*, 17–19, 21, 115  
Jóreiður í Miðjumdal, 172  
Jórunn Bjarnardóttir, 142  
Jórunn skáldmær, 161–162, 192  
Jökull Búason, 132–133  
*Jökuls páttur Búasonar*, 132–133  
Jörmunrekkur, 117  
Jötunheimar, 39, 66, 68, 71  
Kali, frændi Einars þambarskelfis, 184–185  
Karl hinn rauði Þorsteinsson, 148–149  
Karl Karlsson, 149–152, 199  
karlkona, 145, 166  
Karlsár, 128  
karlveldi; frá einu annars, 90, 96–97, 155  
Katla í Arnardal, 183  
Kári Hrútsson, 45–46  
Ketill hængur, 120, 121  
Ketilríður, 118, 165  
*Ketils saga hængs*, 120  
kirkja, 38, 47, 133  
Kjartan Ólafsson, 140–142  
Klaufi, 148  
klaustur, 13, 17; nunna, 147  
Kleima, tröllkona, 121–122  
klæðaskipti, 68, 74–75, 100–101, 110–117, 144, 199, 202  
*Kolbrúnarvísur*, 21, 183  
Kolfinna, 21, 205  
kona kennir karli, 17–18, 51, 52, 99; móðir kennir syni, 22, 54, 59–60, 76–77, 138  
kona vakin upp, 53–54, 54–55, 74–76  
Konráð Gíslason, 191–192  
konungasögur, 12, 128–132, 161–163, 163–171  
*Konungsbók*, 12, 24, 51, 61, 63, 77, 97, 195  
Kormákur Ögmundarson, 164  
koss, 85, 93, 124, 126, 199  
Kostbera, 89  
Kotkell, 45–46  
Krause, Wolfgang, 194  
Kraka, sjá Áslaug

## Nafna- og atriðisorðaskrá

- Kristeva, Julia, 194–195, 204  
*Kristni saga*, 43, 164, 182  
kristni, sjá átök  
kristniboð, 43–44, 110  
Kvasir, 28  
kveðandi, 34, 37, 38, 45, 46; sjá einnig söngur  
kvendómsvígsla, 47, 77, 155  
kvengerving, 144, 145  
Kvenland, 154, 203  
kvenleg skáldskaparhefð, 159, 169  
kvenlegar aðferðir, 117  
kvennamenning, 13; þöggud, 13–14; hverfandi 24, 37; sjá einnig þöggun  
kvennaskemma, 115, 117, 184  
kvennasvæði, 38, 84, 86, 99, 146, 147, 148, 176, 183, 185; sjá einnig dyngja og kvennaskemma  
kvörn, kvarnarsöngur, 11, 20, 95–96, 97  
kynferðisleg áreitni, 69, 101–102, 124, 125–126  
kynferðislegt ofbeldi, 28–32, 68, 71–73; sjá einnig nauðgun  
kynjabaráttta, 140–141, 154–155  
landhreinsun, 135  
landnám, 154  
*Landnáma*, 59, 152–153  
landvinnigar, 120, 125, 130  
Laxárdalur, 45, 46  
*Laxdæla saga*, 22, 45–48, 100, 110–111, 137–147, 159, 166, 169, 199, 202, 203, 206  
*Lilja*, 191  
limelesting, 120, 126, 127, 133, 148, 157, 194; hótun um, 72–73, 114, 126; sjá einnig handhöggyun  
Lipking, Lawrence, 204  
Litur, dvergur, 30  
lík; leifar af, 47–48; limelest 81, 85, 171; blóðugt, 93–94; í upplausn, 131  
líkami, 61, 103, 126, 130, 166; vanlíðan, 96; lystugur líkami, 118; nakinn, blóðugur, 151, 194  
líkamlegt ofbeldi gegn konu, 42, 118, 151, 152, 200; kinnhestur, 145; hótun um, 41, 42, 106  
líkamshlutar, 39, 97; afturendi, 32; þjóhnappar, 124, 132; geirvörtur, 145; kynfæri, 108–110, 122, 149, 166, 193, 194, 203  
líkamsmál, 33, 81–84, 91, 97, 138  
Ljót, kerling, 193–194  
Ljótólfur goði, 148–152, 156  
Loðbrókarsynir, 198  
lofkvæði, 25, 161, 165, 183, 207  
*Lokasenna*, 70, 196, 203  
Loki, 32, 68–70, 203  
Lúsa-Oddi, 199  
Lyfjaberg, 76  
lækningar, 13, 38, 39, 76, 86, 124, 189  
Lærir, tík, 108–110  
Magnús konungur lagabætir, 185–188  
man, 11, 19, 95–96,  
mann dómsraun, 43, 46, 47, 71, 77, 149–150, 155  
mannjöfnuður, 80, 93, 138, 140, 182; í hörmum 84, 91  
mansöngur, 18–22, 79, 183, 191  
Margerður, tröllkona, 126  
*Margrétar saga*, 139, 198  
margýgur, 128–130, 168  
Marie de France, 192  
matseld, 87, 88–89, 164, 169  
Matthías Þórðarson, 202  
málleysi, 22, 71, 86, 100, 108, 144; sjá einnig þögli og þögn  
Melkorka, 22, 84, 100, 144, 199  
Menglöð, 76  
Menja, 11, 20, 95–97  
metatexti, 51, 106, 135, 159, 162, 165, 169

## Máttugar meyjar

- meydómur, 126  
Meyer Spacks, Patricia, 206  
Miðgarður, 28, 56, 68  
minning, 78, 80, 81, 83, 85, 91, 96  
Mjöll Snæsdóttir, 154  
Mjölnir, hamar, 30, 65, 196; sjá einnig hamar Þórs  
*Morkinskinna*, 20  
Mornaland, 86  
móðir, 23, 159; og dóttir, 81, 112, 117; og sonur, 17, 22, 54, 138, 162, 164, 180–181, 193; og synir 87, 103, 207  
móðurmál, 22, 191  
Mundal, Else, 190, 191, 200  
munnleg skáldskaparhefð, 12–15, 17–18, 20, 22, 23, 58, 61, 79, 86, 161, 172, 175, 178, 179, 188  
Mýsingur, sækonungur, 96  
*Möðruvallabók*, 13, 139  
nafar, 29–30  
nafnaþulur, 65  
nafngift, 56, 65, 183  
Nanna, 30  
nauðgun; til samfara, 20, 30, 77, 102, 123, 198, 201; til sagna, 46, 53; til söngs, 37; nauðgunar-tilraun, 156–157  
nauðkvon, 115  
nauðungargifting, 82, 91, 117, 118, 145, 148, 197–198  
neikvæði, 55; skilgreining, 194–195  
neitun kvenna, 68, 71–73, 91, 102, 115, 148–150, 152–153  
níð, 78, 166, 178, 184, 207  
Njáll, 176, 178, 205  
*Njáls saga*, 78, 97, 111, 159, 164, 165, 175–178, 184, 185, 205  
Njálssynir, 176, 178, 205  
Noregur, 20, 40, 100, 108, 110, 114, 142, 145, 156, 204  
*Norna-Gests þáttur*, 198  
nærskynjun, 36  
Oddi, bæjarnafn, 23  
Oddrún, 77, 86–87  
*Oddrúnargrátr*, 77, 80, 86–87, 197  
Olsen, Magnus, 204, 205, 207  
orðgífur, 165  
Ovidius, latneskt skáld, 19  
Óðinn, 28–33, 34–35, 51–54, 56, 58, 59, 61–64, 66, 71, 73, 74, 76, 77, 92, 93, 94, 113, 117, 140, 192, 195–196  
Óður, 78  
óhugnaður, 81, 88, 97, 98, 113, 120, 171–174  
*Ólafs saga helga*; í Flateyjarbók, sjá *Saga Ólafs konungs Haraldssonar*; í *Heimskringlu*, 181–182  
Ólafur Halldórsson, 202  
Ólafur helgi, 109–110, 128–130  
Ólafur konungur kyrri, 161  
Ólafur konungur Tryggvason, 123, 198  
Ólafur Lárusson, 203  
Ólafur pá Höskuldsson, 22, 46, 142, 144  
Ólöf geisli Þórisdóttir, 165  
Ólöf ríka, 198  
óp, 120, 125, 126, 130, 170, 194  
óvedur, 45, 127, 168  
Paasche, Fredrik, 204  
paródía, 106–108, 110, 136, 171, 183  
Patricia Belanoff, 191, 195  
*Philomena*, 198  
Pipping, Hugo, 192  
þyntingar, 151  
Rafn, C.C., 200, 201  
Ragnar loðbrók, 25, 100–104  
*Ragnars saga loðbrókar*, 100–104, 190  
*Ragnarsdrápa*, 25  
Ragnhildur tregagás, 196

## Nafna- og atriðisorðaskrá

- rannsóknasagan, 12, 35, 50; nafnið Edda, 23–24; höfundarleit, 58–60, þöggun, 58–60  
Rati, nafar, 29–31, 77  
Rauðfeldur Þorkelsson, 155, 156  
reður, 67, 108–110, 166; reðursmæð, 201; reðurtákn, 30, 31; sjá einnig sverð  
Refur, Skáld-Refur, 164  
reiði, 73, 78, 85, 123, 163, 176  
*Reykjaffjarðarbók*, 177  
riddarasögur, 12, 117  
Risaland, 104  
ritskoðun, 18, 19, 21, 89, 107, 176, 178, 184  
*Rígsþula*, 23  
Robert Kellogg, 191  
Russel, F. H., 201  
rúm, 86, 94, 102, 106, 123, 124, 131, 134, 144, 150, 156, 179; konungur fastur við rúm, 107;  
rúnir, 64, 72, 76, 85, 89, 108, 179, 206; villtar 89  
Rögnvaldur jarl, 181  
Saffó, 160  
*Saga Ólafs konungs Haraldssonar*, 108–110, 128–130, 168  
sagnaritari, 26, 185  
samfarir, 62, 63–64, 66, 94, 103, 105, 107, 118, 124; tæling til, 29–33  
Sandhaugar, 133  
Sanngriður, valkyrja, 99  
Sefafjöll, 92  
seiðhjallur, 37, 38, 45, 127  
seiðkona, 127, 208; sjá einnig völva  
seiður, 13, 23, 34–48, 127, 193, 208  
*Sendibítur*, 162, 204  
senna; milli karls og konu, 40–43, 44, 65, 66, 70, 72–73, 88, 102–103, 141–142, 164, 170; móður og dóttur, 82; föður og dóttur, 113–114; karls og tröllkonu, 26, 121–122, 125–126  
siðfræði, 50, 62, 76  
Sif, ásynja, 70  
Siggeir, konungur, 197  
Sighvatur Þórðarson, 181–182  
Sigmundur, félagi Bárðar, 156  
Sigmundur, skáld, 176, 178, 184, 206  
Signý Valbrandsdóttir, 164  
Signý Völsungsdóttir, 197–198  
Sigrún, valkyrja, 75, 91–94, 113, 199  
*Sigrúnarljóð*, 199  
Sigurdrífa, 74–77  
*Sigurdrífumál*, 74–77, 198  
Sigurður Fáfnisbani, 74–77, 79, 80, 83, 84, 85, 91, 93, 100, 113  
Sigurður konungur Haraldsson, 20  
Sigurður Nordal, 58–60, 153, 195  
sjálfsmorð, 85, 152  
sjálfssævisaga, 78, 80–82, 86–87, 90, 96, 102  
sjónarhorn; kvenlegt 13, 88, 193; breytilegt, 55, 58, 79, 90; færsla, 73, 80, 83, 84  
sjónmál, 71, 72–73, 100–101, 123, 151–152, 166, 173, 181, 183, 193, 196  
sjór, 96–97, 165; hrakningar, 119, 121, 125, 163, 167–169  
Skalla-Grímur, 48–50, 53, 179  
Skammkell, 78  
skarð í vör, 148–151  
Skarphéðinn Njálsson, 205  
skartgripir, 52, 68, 70, 71, 82, 88, 137–138, 147, 189  
skáldamjöðurinn, sjá drykkur  
*Skáldatal*, 161, 204  
skáldmær, 161, 162  
skáldskapargyðja, 178, 179, 181, 182, 184  
skáldskapur; sem starf, 25, 185–188

## Máttugar meyjar

- skálm, 126, 133–134  
Skálmarfjörður, 45  
skegg, 16, 67: skeggbragi, 27; skeggtoppur, 105; skeggleysi, 176, 178  
Skeggi, Miðfjarðar-Skeggi, 155–156, 159  
Skeggi, sveinn, 44  
skip; sem táknumynd karlasamfélags, 96–97, 100, 109, 128, 144, 168; brotnar í spón, 45, 164; tröllkonur rífa í sundur, 119, 121–122, 126, 128; ferst í hafi, 145  
Skiði, 148–152  
skírn, 44, 110  
Skírnir, 71–74, 82, 153  
*Skírnismál*, 71–74, 149, 153, 158, 196, 203  
Skjöldur, 203  
skopstæling, sjá paródía  
Skotland, 143,  
skóli, 13, 17–18  
Skrattavarði, 46  
skrifari, 17, 50, 106–108, 207  
skrift, 13, 15, 61, 107; sem fallískur verknaður, 30;  
slúður, 70, 99, 175–176, 178  
*Snorra-Edda*, 20, 22–32, 39, 44, 56, 59, 61, 67, 68, 73, 78, 97, 161, 189, 193, 196, 197, 203, 204; nafnið Edda, 22–24, 191, 192  
Snorri goði, 17, 146, 169, 184  
Snorri Sturluson, 13, 16, 17, 22–26, 32, 34, 73, 78, 97, 161, 185, 189, 192, 197  
Snæbjörn í Sandvík, 173  
Snæfellsnes, 154  
Snæfríður, dóttir Svása, 131–132, 201  
Sonatorrek, 179–180, 206  
Sólveig hin fagra Atladóttir, 21  
spádomur, 35, 40, 41–42, 43, 61, 103, 113–114, 167, 168, 170, 171–174  
spákona, 36; sjá seiðkona og völva  
spásögur, 41, 43  
spuni, 38, 142  
Stefán Einarsson, 191  
Steinsland, Gro, 196  
Steinunn Refsdóttir, 164  
Steinvör Sighvatssdóttir á Keldum, 161, 171, 204  
Stígandi, sonur Grímu og Kotkels, 45–46  
*Strangleikar*, 192  
Strömbäck, Dag, 193  
strönd, 28, 56, 90, 100, 121–122, 123, 125, 132, 155, 158, 165, 194  
Sturla Sighvatsson, 174, 204  
Sturla Þórðarson, 185–188, 207–208  
*Sturlu páttur*, 185–188, 207  
*Sturlunga*, 12, 161, 171–174, 185–188, 204, 206, 207  
Suðureyjar, 35, 45  
sund, 50, 128  
Suttungur, 29  
Svanhildur, 91, 117  
*Svarfdæla saga*, 147–152, 156, 199  
Svava Bjartmarsdóttir, 112, 113  
Svava Jakobsdóttir, 192  
Svava, valkyrja, 75  
Svási, Finni, 131  
svefn, 45, 46, 68, 74, 75, 106, 113, 123, 125, 128, 132, 144, 156  
sverð, 62, 71, 72, 74–77, 85, 97–99, 112–114, 123, 130, 132, 143, 144, 148, 150–151, 152–153, 202, 203  
svik, 28–33, 66, 78, 101–102  
svipa, 72, 151  
Svipul, valkyrja, 99  
Svíþjóð, 115, 181  
sýn, 35, 50–53, 71, 171–174  
Sæmundur fróði, 24  
særing, 11, 78, 85, 91–92, 97, 107, 167–169, 173  
Sæunn, kerling, 205

## Nafna- og atriðisorðaskrá

- sögumaður, 34, 86, 88, 198; sem skrifari, 106–108  
Sölvi Porkelsson, 155, 156  
söngur, 11, 20, 37, 38, 87, 128  
tal; sem skáldskaparform, 61  
tími, 51, 81, 83  
tortíming ríkis, 11, 57, 87–88, 95–97; bygginga, 107, 134–135, 162; sjá einnig eldur og skip  
tregróf, 11, 77, 78, 80, 91, 96, 159  
tröllkona, 11, 26, 30, 48, 54, 56, 66, 71–73, 104–105, 119–130, 132–135, 153, 155, 157, 167–169, 187; loðin, 123, 130; sjá einnig margýgur  
tungumál; og vald, 13–15, 32, 34, 62; tungumál kvenna 62, 85, 114, 149; karl neitar að trúa orðum konu, 35, 40, 42, 89, 103, 170, 205; kona grípur fram í athafnir eða tal karla, 48, 149, 181  
tvíburar, 86, 148  
tvísæi, 18, 82, 85, 98–99, 115, 128, 142, 143, 157–158; skipti milli 1. og 3. pers., 51, 52, 98, 169, 171; í skilyrðissetningum, 91–92, 158; tvíroddun, 15, 32  
Tyrfingur, sverð, 112  
umbreyting; náttúru í vopn, 56, 57, 62; sjá einnig hamskipti og klæðaskipti  
Unnar djúpúðga, 143  
Unnar Marðardóttir, 205, 206  
uppgjöf kvenna, 73, 117, 151  
Upplönd, 131, 132  
uppreisn kvenna, 11–12, 78, 87, 95–97, 111–117, 143–146  
*Uppsalabók*, 22  
uppskafningur, 18, 91, 141–142, 190, 198; skilgreining, 15, 190  
Úlfar Bragason, 208  
Útgarðar, 68  
útilegumaður, 46  
útlegð, 21, 70, 72, 85, 100, 108, 156  
útópía, 57, 80, 92  
vafurlogi, 71, 74, 76, 79, 116  
Valgerður Óttarsdóttir, 21  
Valhöll, 75, 93–94  
valkyrja, 74, 75, 77, 91, 94, 96, 98–99, 140  
Vanlandi, 208  
*Varðlokur*, 36  
vardveista, 12, 15, 17, 26, 50, 58, 61, 79, 97–99, 140, 141  
Vatnsdalshólar, 148  
*Vatnsdæla saga*, 21, 40–41, 43, 193–194  
vefur, 97–99, 103  
*Vegtamsviða*, sjá *Baldurs draumar*  
Vestfirðir, 44, 45, 183  
Vésteinn Ólason, 197, 199  
Vilborg, skáld, 161  
villt svæði, 28, 43, 47, 57, 77; skilgreining 14; eyðimerkur, 85; fjall, 46; myrkur viður, 75; skógur 26, 81, 163; ystu óbyggðir, 108; ystu útskógar, 110; haf, 155, 167–168  
vinna kvenna, 11, 17–18, 88, 95–97, 100, 148  
vinnusöngur, 11, 61, 95, 97  
virki, 28, 116  
vitfiring, 23, 72, 92, 113, 169, 194, 199  
vitrun, sjá sýn  
*Viglundar saga*, 118, 165  
Víglundur, 118  
*Vikarsbálkur*, 78  
Vísbur, 208  
Vísundur, skip, 164  
vopn, 26, 56 114; kona beitir vopni, 144, 194; sjá einnig sverð  
*Vopnfirðinga saga*, 194  
vögguvísa, 61, 104  
*Völsa þáttur*, 108–110  
Völsi, reður, 108–110

## Máttugar meyjar

- Völsunga saga*, 77, 83, 100, 117, 140, 197–198, 198  
*Völsungakviða forna*, sjá *Helga kviða Hundingsbana II*  
Völu-Steinn, 59–60  
völuleiði, 47, 53–54  
*Völundarkviða*, 75  
Völundur, 75  
*Völuspá hin skamma*, 60  
*Völuspá*, 38, 43, 50–60, 61, 63, 65, 88, 96, 195  
völv, 34–60, 97, 176  
Welsh, Andrew, 196  
yfirgefning; karl yfirgefur konu, 29–33, 77, 78, 94, 141, 144, 159, 165, 166–167; kona yfirgefur karl, 75, 203  
*Ynglinga saga*, 34, 208  
Yngvildur fagurkinn, 147–152, 199  
Þangbrandur, kristniboði, 164  
þjófnaður, 28–33, 45, 68  
Þorbjörð Grímkelsdóttir, 164  
Þorbjörð kolbrún, 183  
Þorbjörð lítilvölv, 36–39, 59  
Þorbjörn Vífilsson, 36–39  
Þorbjörn öngull, 194  
Þorgerður brák, 48–50, 53, 97  
Þorgerður Egilsdóttir, 142, 144, 179–180  
Þorgerður Glúmsdóttir, 166  
Þorgils Hölluson, 169  
Þorgils skarði, 172  
Þorgrímur nef, 193  
Þorkell Geitisson, 146–147  
Þorkell Gellisson, 146–147  
Þorkell Rauðfeldsson, 154  
Þorkell Súrsson, 178–179, 199  
Þorkell, bóndi í Brattahlíð, 36–37  
*Þorlák's saga helga*, 17  
Þorlákur biskup helgi, 17  
Porleifur spaki, 131  
Þorleikur Bollason, 142  
Þorleikur Höskuldsson, 45  
Þormóður Kolbrúnarskáld, 21, 109–110, 164, 183, 199  
Þornbjörg, 115–117, 200  
Þorsteinn Egilsson, 147  
Þorsteinn uxafótur, 122–123  
*Þorsteins þáttur uxafóts*, 122–123  
Þorvaldur Halldórsson, 145  
Þorvaldur víðförli, kristniboði, 44, 164  
Þór, 28, 30, 32, 39, 65–70, 73, 111, 164, 167, 196  
Þóra, 82  
Þórarinn Máhlíðingur, 181  
Þórbergur, sjá Þornbjörg  
Þórdís Súrsdóttir, 194, 202  
Þórður Ingunnarson, 45, 145, 166–167  
Þórður, vinur Egils, 48  
Þórildur Hrafnasdóttir, 111  
Þórildur, skáldkona, 159, 165–166, 167  
Þórir munnur, 186, 187  
Þóroddur Þorbrandsson, 170–171  
Þráinn Sigfússon, 165–166, 167  
Þruðvargar, 39  
*Prymskviða*, 68–70, 71, 111  
Prymur, jötunn, 68, 70  
Þræll, sonur Eddu, 23  
Þuríður Ólafsdóttir, 144–145, 169  
Þuríður Snorradóttir, 17  
Þuríður sundafyllir, 59–60  
þvottur, 100; í blóði, 123; hárþvottur, 125, 158; ræsting, 116; í læk, 143  
þýðingar, 12, 192  
þöggun, 20, 35, 40, 42, 43, 47, 53, 68, 70, 78, 79, 83, 86, 94, 103, 106, 144, 175, 176, 178, 179, 181, 184, 186, 201; skilgreining, 13–14; þögguð menning, 13–15  
þögli, 127, 156  
þögn, 14, 1, 54, 76, 100, 103, 152, 164

*Nafna- og atriðisorðaskrá*

- ættjarðarkvæði, 160  
ævisaga, 100–104, 106, 137–147  
Ölvir hnúfa, 21  
Ölvir, fóstbróðir Hjálmtýs,  
125–127
- Örvar-Odds saga, 40–43, 60, 78,  
104–105, 200  
Örvar-Oddur, 41–43, 104–105,  
120, 200

RETURN TO the circulation desk of any

University of California Library

or to the

NORTHERN REGIONAL LIBRARY FACILITY

Bldg. 400, Richmond Field Station

University of California

Richmond, CA 94804-4698

---

ALL BOOKS MAY BE RECALLED AFTER 7 DAYS

2-month loans may be renewed by calling

(510) 642-6753

1-year loans may be recharged by bringing books  
to NRLF

Renewals and recharges may be made 4 days  
prior to due date

---

DUE AS STAMPED BELOW

---

JAN 03 1996

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

10,000 (4/94)

| :

Úr ritdómum um  
*Nordisk kvindelitteraturhistorie I.*

U. C. BERKELEY LIBRARIES



C052030802

Litteraturhistoriens första långa avsnitt... lysande skrivet av Helga Kress och det intressantaste i hela boken, lyfter i textanalys efter textanalys fram själva brytpunkten mellan en uråldrig kvinnocentrerad hednisk kultur och en monoteistisk kristen kultur med kloster, skriftspråk, skolor.

Maria Bergom Larsson, *Aftonbladet*, 9. júní 1993

Med skicklig hand och imponerande beläsenhet ger hon sig i kast med att analysera de fragmentariska lämningar av kvinnliga diktare... Hon tyder myter, dammsuger sagor på värdefulla detaljer och påvisar en rad bevis på censur av kvinnlig diktning... Jeg vill inte påstå att Kress historieskrivning är ovederhäftig. Snarare handlar det om ett fenomen som litteraturforskare nuförtiden kallar *stark läsning* - alltså en tekniskt oantastlig men tendentiös texttolkning.

Anders Mortensen, *Sydsvenska Dagbladet*, 6. júní 1993

Helga Kress gir et levende bilde av hvordan en kristen patriarkalsk kultur med vold og list tvang en levende kvinnelig fortelletradisjon fra hedensk tid i kne. Dette kapitlet er det mest „spekulative“ i hele boken (og det som må regne med å møte mest motbør fra faglig hold), men samtidig det mest engasjerende og spennende... Hun må argumentere for sine hypoteser ved å vise til de spor av kvinnelige fortellere som finnes i det materiale som ble nedtegnet av menn langt senere. Dette gjør hun med imponerende kunnskap og frapperende argumentasjon.

Øystein Rottem, *Dagbladet*, 6. oktober 1993

Helga Kress lyckas onekligen skaka om en rad invanda föreställningar, och hon har åtskilligt nytt att säga...

Lars Lönnroth, *Svenska Dagbladet*, 17. mai 1993

*Máttugar meyjar* fjalla um  
þátt kvenna í íslenskum  
fornbókmenntum. Um völvur,  
tröllskessur, skáldkonur og aðrar  
sterkar konur. Um tungumál þeirra  
og tal, spádóma, skáldskap,  
drauma, hlátur og grát.

Konur íslenskra fornþókmennta  
eru ekki frjálsar, en þær eru sterkar,  
og styrkur þeirra felst í því að þær  
neita að láta kúga sig. Sú baráttu  
milli karla og kvenna sem af þessu  
skapast er eitt meginviðfangsefni  
íslenskra fornþókmennta og  
drifkraftur í frásögn þeirra.

Bókin veitir nýja sýn inn í heim  
íslenskra fornþókmennta.  
Hún er ögrandi framlag til  
endurskapandi umræðu um þessar  
bókmenntir og vísar á spennandi  
leiðir í túlkun þeirra.

*Helga Kress er prófessor  
í almennri bókmenntafræði  
við Háskóla Íslands*